



# Framtíð Breiðafjarðar

*Samantekt og niðurstöður Breiðafjarðarnefndar*

---



# Framtíð Breiðafjarðar

Samantekt og niðurstöður Breiðafjarðarnefndar eftir upplýsingaöflun og samráð um framtíð Breiðafjarðar.

Þessi skýrsla var unnin af Theódóru Matthíasdóttur, starfsmanni Breiðafjarðarnefndar, í samvinnu við Breiðafjarðarnefnd. Til hennar skal vitnað með eftirfarandi hætti:

Breiðafjarðarnefnd 2021. *Framtíð Breiðafjarðar. Samantekt og niðurstöður upplýsingaöflunar og samráðs.* Ritstj. Theódóra Matthíasdóttir. 119 bls.

Ljósmynd á forsíðu: Daníel Bergmann, <http://www.danielbergmann.com/>.

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Sérstaða Breiðafjarðar .....	4
Núverandi verndarstaða Breiðafjarðar .....	4
Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð.....	5
Framtíð Breiðafjarðar .....	5
Endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar .....	7
Ramsar.....	8
Heimsmínjar UNESCO.....	9
Þjóðgarður.....	10
Samráð .....	11
Niðurstöður nefndarinnar .....	17
<b>VIÐAUKAR</b> .....	18
Viðauki I – fundargerð frá 168. fundi Breiðafjarðarnefndar .....	19
Viðauki II – Ósk um endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar .....	21
Viðauki III – Fundargerð frá málþingi um Framtíð Breiðafjarðar .....	25
Viðauki IV – Samantekt frá fræðslufundum með íbúum við fjörðinn .....	32
Viðauki V – Samantekt frá samráðsfundum með fulltrúum sveitarstjórna við fjörðinn .....	42
Viðauki VI – Spurt og svarað um framtíð Breiðafjarðar .....	56
Viðauki VII – Athugasemdir frá Ásgeiri Gunnari Jónssyni við störf nefndarinnar.....	63
Viðauki VIII – Svör Breiðafjarðarnefndar við athugasemdum Ásgeirs Gunnar Jónssonar .....	68
Viðauki IX – Umsagnir .....	70
Viðauki X – Svar Breiðafjarðarnefndar við erindi Samtaka dragnótaveiðimanna .....	119

## Inngangur

Breiðafjörður er verndaður með sérstökum lögum nr. 64/1995 um vernd Breiðafjarðar. Lögin gera ráð fyrir að Breiðafjarðarnefnd sé ráðherra til ráðgjafar um verndarsvæði Breiðafjarðar.

Innan nefndarinnar hefur lengi verið rætt um þörfina á að endurskoða lög um vernd Breiðafjarðar enda eru lögin orðin 25 ára gömul og aldrei tekið efnislegum breytingum síðan þau voru sett. Skerpa þurfi á lögnum til þess að þau geti þjónað betur markmiðum sínum. Þau þurfi að gera haldbærari, skýrari og áhrifameiri. Auk þessara lagabreytinga hefur reglulega verið ræddur sá möguleiki að skrá verndarsvæði Breiðafjarðar á lista yfir Ramsarsvæði en Ramsarsamningurinn er alþjóðlegur samningur um verndun votlendis, þar á meðal strandsvæða niður á 6 metra dýpi.

Þegar núverandi nefnd var skipuð sumarið 2017 var farið að skoða þá möguleika sem miða að varðveislu náttúru og menningar svæðisins samhliða því að styrkja enn frekar samfélögin umhverfis fjörðinn, þar á meðal atvinnulíf.

Eftir að hafa óskað eftir fundi með sérfræðingum um málefnið í byrjun árs 2019 samþykkti Breiðafjarðarnefnd að hefja ítarlega kynningar- og samráðsvinnu sem hefur síðan gengið undir nafninu „*Framtíð Breiðafjarðar*“. Nefndin einsetti sér strax í upphafi að móta sér ekki endanlega skoðun á því hvaða leiðir henni þættu fýsilegastar, heldur hvetja íbúa, sveitarstjórnir og aðra hagsmunaaðila til málefnalegs samtals og samráðs. Þannig yrðu mestar líkur á því að hægt yrði að finna samhljóm sem tæki tillit til mismunandi sjónarmiða varðandi framtíð Breiðafjarðar.

Nefndin stóð fyrir málþingi í Tjarnarlundi í Dalabyggð í október 2019, þar sem mögulegar leiðir fyrir framtíð Breiðafjarðar voru kynntar og hvaða afleiðingar hver þeirra gæti mögulega haft í för með sér. Í kjölfarið bauð nefndin til opinna fræðslufunda í sveitarfélögum við fjörðinn auk sérstakra funda með hverri og einni sveitarstjórn við fjörðinn. Á þessum fundum fengu nefndarmenn að heyra mismunandi sjónarmið sveitarstjórna, hagsmunaaðila og almennings, sem skýrði betur hvaða leiðir gætu komið til greina fyrir framtíð svæðisins og hvar helstu ágreiningsefnin lægju.

Hér á eftir fylgir samantekt nefndarinnar á framvindu og niðurstöðum verkefnisins árin 2019-2020. Teknar eru saman upplýsingar um þær leiðir sem taldar eru koma til greina fyrir framtíð svæðisins og grein gerð fyrir kynningar- og samráðsvinnu nefndarinnar. Í lokin eru niðurstöður nefndarinnar eftir samráðsvinnuna kynntar og tillögurnar sem hún skilar til ráðherra.

Samantekt þessi var send sveitarfélögum við fjörðinn þann 23. nóvember 2020 til formlegrar umsagnar. Hún var auk þess birt á heimasíðu nefndarinnar, [www.breidafjordur.is](http://www.breidafjordur.is), og íbúum og öðrum áhugasömum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum í gegnum tölvupóst. Að umsagnarfresti liðnum var lokahönd lögð á samantektina með tilliti til þeirra umsagna sem bárust, þá sérstaklega frá sveitarfélögum. Umsagnir sveitarstjórna og íbúa birtast í sérstökum kafla aftast í samantektinni. Samantektinni, ásamt niðurstöðum nefndarinnar, skilar nefndin til umhverfis- og auðlindaráðherra sem svo tekur ákvörðun um næstu skref.

Nefndin er þakklát þeim íbúum, sveitarstjórnafulltrúum og öðrum sem hafa látið sig málið varða, spurt spurninga, viðrað hugmyndir sínar, væntingar, vonir, áhyggjur og afstöðu.

Meginmarkmið vangaveltna nefndarinnar um framtíð Breiðafjarðar er að tryggja verndun og sjálfbæra nýtingu fjarðarins og að umhverfis hann þrífist áfram öflugt samfélag. Sveitarfélög á svæðinu tilnefna meirihluta nefndarmanna og leggur Breiðafjarðarnefnd höfuðáherslu á að heimamenn hafi áfram ríka aðkomu að stjórnun svæðisins og eigi meirihluta í þeim nefndum og ráðum sem mögulega koma að mótun framtíðar Breiðafjarðar og stýringu svæðisins.

## Sérstaða Breiðafjarðar

Eins og fram kemur í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 er Breiðafjörður einstök heild (sjá [http://nytt.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2016/11/vernd\\_2019.pdf](http://nytt.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2016/11/vernd_2019.pdf) og heimildir sem þar er vísað til). Náttúrufer svæðisins er sérlega fjölbreytt og auðugt með tilliti til lífríkis, jarðmyndana og landslags en svæðið er einnig þekkt fyrir sérstæðan og fjölbreyttan hlunnindabúskap og menningarminjar tengdar honum.

Verndargildi svæðisins er hátt með tilliti til fjölmargra viðmiða. Landslagið, sem mótaðist að mestu af rofi jökla á síðustu ísöld, er sérstakt og breytilegt. Víðáttumikið grunnsævi sem kemur að umtalsverðum hluta upp á fjöru er áberandi sérkenni ásamt miklum fjölda eyja, hólma og skerja. Víða má finna jarðhita í sjó eða fjörum Breiðafjarðar. Meðal margra merkilegra jarðmyndana á svæðinu eru bogadregnir keilugangar, basaltinnskot með fallettu stuðlabergi, flikruberger, gabbróinnskot og berg út hvítu anorthósíti.

Breiðafjörður og eyjarnar eru kunnar fyrir óvenjumikið og fjölskrúðugt lífríki, bæði ofan sjávar og neðan. Þetta mikla lífríki er aðallega til komið vegna samspils landslags, mikilla sjávarstrauma næringarríks sjávar og meiri fjölbreytileika búsvæða í fjöru og sjó en annars staðar við Ísland. Á svæðinu má meðal annars finna mikla þörungaskóga, ríkulegt smádýralíf og víðáttumikið grunnsævi og fjörur. Fjörur Breiðafjarðar eru taldar vera um fjórðungur af öllum fjörum landsins, um 65% af klettafjörum og 40% af leirum landsins finnast á svæðinu. Breiðafjörður er mikilvægt hrygningar- og uppeldissvæði fyrir margar tegundir sem þýðingarmiklar eru fyrir íslenskt efnahagslíf. Vistkerfi Breiðafjarðar er mikilvægt bæði á lands- og heimsvísu, til dæmis fyrir fugla. Á svæðinu verpir meðal annars langstærsti hluti allra íslenskra skarfa og um 65% arnarpara landsins. Þá er svæðið einnig gríðarlega mikilvægt fyrir ýmsa aðra fugla, svo sem æðarfugl, hvítmáf, svartbak, ritu, teistu, lunda, grágæs og álf. Fjörðurinn er lífsnauðsynlegur fyrir fargestina margæs, rauðbrysting og tildru á leið þeirra til og frá varpstöðvum.

Breiðafjörður er á norrænum lista yfir strandsvæði á Norðurlöndum sem mikilvægt er að vernda og á evrópskum lista yfir 32 sjávarsvæði þar sem hentugt er og æskilegt að stunda rannsóknir á líffræðilegri fjölbreytni í sjó. Þá er Breiðafjörður stærsta íslenska svæðið sem er á lista yfir mikilvæg fuglasvæði á evrópskan mælikvarða, svokölluð IBA svæði (Important Bird Areas), samkvæmt BirdLife International auk þess sem fjörðurinn er eitt allra mikilvægasta fuglasvæði landsins skv. samantekt Náttúrufræðistofnunar Íslands, jafnvel þótt Látrabjarg, stærsta fuglabjarg við N-Atlantshaf, sé undanskilið.

Á Breiðafirði eru mikilvægar minjar um sögu mannsins á Íslandi en svæðið er þekkt fyrir öflugt menningarlíf í gegnum aldirnar. Í þessu samhengi má nefna bókhlöðuna í Flatey, prentsmiðjuna í Hrapsey og byggðarheildina í Flatey sem nú nýtur hverfisverndar. Á Breiðafirði hafa hlunnindi ávallt verið mikil og almennt vísað til fjarðarins sem matarkistu. Víða um fjörðinn eru minjar um hlunnindabúskap sem auka verndargildi hans.

Þótt talsverðar rannsóknir hafi verið gerðar á náttúru og minjum við Breiðafjörð er ljóst að mikið vantar upp á að nægileg þekking sé fyrir hendi á lífríki sjávar á innanverðum firðinum. Það á m.a. við um uppeldisstöðvar lífvera sem eru mikilvægar í vistfræðilegu og efnahagslegu tilliti. Aukin þekking á náttúru svæðisins er líkleg til að styrkja samfélögin við fjörðinn.

## Núverandi verndarstaða Breiðafjarðar

Breiðafjörður er verndaður samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu.

Umhverfis- og auðlindaráðherra fer með stjórn mála er varða vernd Breiðafjarðar og er Breiðafjarðarnefnd honum til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laganna. Í nefndinni eiga sæti sjö fulltrúar, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Sveitarfélög sem liggja að Breiðafirði tilnefna fjóra fulltrúa, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofa Vesturlands og Náttúrustofa Vestfjarða tilefna einn sameiginlega og einn er tilnefndur af Minjastofnun. Ráðherra skipar formann og varaformann án tilnefningar.

Þó svæðið sé verndað með sérstökum lögum hafa sveitarfélögin skipulagsvaldið innan þess.

Samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar skal Breiðafjarðarnefnd í samvinnu við sveitarfélögin láta gera verndaráætlun fyrir Breiðafjörð og senda ráðherra til staðfestingar. Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 var samþykkt af ráðherra 2014. Í henni er að finna tillögur að fjölda verkefna sem miða að því að tryggja verndun svæðisins og ná markmiðum laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Framkvæmd þeirra verkefna sem sett eru fram í verndaráætluninni hefur aftur á móti gengið hægt vegna takmarkaðra fjárveitinga. Breiðafjarðarnefnd frestaði vinnu við endurnýjun verndaráætlunarinnar þangað til betur liggur fyrir hvaða skref verða stigin varðandi framtíð verndarsvæðisins.

## Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð

Í síðustu verndaráætlun fyrir Breiðafjörð, sem samþykkt var af sveitarfélögunum sjö sem að firðinum liggja og undirrituð af ráðherra árið 2014, stendur eftirfarandi:

*„Stefna Breiðafjarðarnefndar er að kanna möguleika, kosti og galla þess að skrá verndarsvæði Breiðafjarðar sem Ramsarsvæði og/eða á Heimsminjaskrá UNESCO.*

*Mögulegt er að styrkja enn frekar vernd Breiðafjarðar, t.d. með því að tilnefna svæðið á alþjóðlega lista yfir vernduð svæði. Í því sambandi hafa heimsminjaskrá UNESCO og Ramsarskráin helst verið nefnd.*

*Mikilvægt er að tilnefningar sem þessar hindri ekki möguleika sveitarfélaga við Breiðafjörð til að byggja upp innviði sína, sérstaklega hvað varðar nútímaleg samgöngumannvirki“.*

Í verndaráætlun segir einnig:

*„Ýmsar leiðir eru færar til að styrkja vernd svæðisins en sennilega eru þrjár leiðir líklegastar til árangurs:*

- *Stækkun verndarsvæðisins og lögskýring.*
- *Ramsarsamningurinn.*
- *Heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).*

.....

*Til viðbótar við framangreindar þrjár leiðir væri mögulegt að stofna þjóðgarð á svæðinu sem næði yfir eyjar, strandlengju og hafsvæði. Aukin áhersla hefur verið á alþjóðavettvangi undanfarin ár að stofna sjávarþjóðgarða sem hafa sömu markmið og verndun landsvæða, þ.e. almenna náttúruvernd þ.m.t. vernd heilla vistkerfa og sjálfbæra nýtingu auðlinda.“*

## Framtíð Breiðafjarðar

Innan nefndarinnar hefur lengi verið rætt um að kominn sé tími á endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar enda eru lögin orðin 25 ára gömul og aldrei tekið efnislegum breytingum síðan þau voru sett. Skerpa þurfi á lögum til þess að þau geti þjónað betur markmiðum sínum. Þau þurfi að gera haldbærari, skýrari og áhrifameiri. Auk þessara lagabreytinga hefur reglulega verið ræddur sá möguleiki að skrá verndarsvæði Breiðafjarðar á lista yfir Ramsarsvæði en Ramsarsamningurinn er alþjóðlegur samningur um verndun votlendis.

Vorið 2016 sendi Breiðafjarðarnefnd sveitarfélögum við fjörðinn erindi þar sem óskað var eftir viðbrögðum þeirra varðandi hugmyndir nefndarinnar um að leggja það til við umhverfis- og auðlindaráðherra að skrá svæðið á lista yfir Ramsarsvæði. Svar barst frá fjórum sveitarfélögum sem almennt tóku jákvætt í erindið svo fremi sem það hefði ekki áhrif á framkvæmdir eða nýtingu á svæðinu. Sveitarfélögin óskuðu eftir því að fá frekari upplýsingar um það hver áhrif skráningar yrðu.

Þegar ný nefnd tók til starfa árið 2017 setti nefndin sér ákveðna framtíðarsýn með það að markmiði að uppfylla stefnu verndaráætlunarinnar. Eitt þeirra verkefna sem nefndin einsetti sér að vinna að var að skoða kosti og galla skráningar svæðisins á lista yfir Ramsarsvæði. Í ljósi viðbragða sveitarfélaga við erindinu sem sent var árið 2016

ákvað nefndin að kynna þyrfti Ramsarsamninginn og hvað hann felur í sér enn frekar fyrir sveitarfélögum við fjörðinn og leita eftir viðbrögðum þeirra áður en nefndin aðhefðist eitthvað frekar. Þess vegna var ákveðið að halda opna fræðslu- og umræðufundi vegna Ramsarsamningsins.

Árið 2019 átti sér stað umræða innan nefndarinnar um að leggja þyrfti áherslu á endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar, enda eitt af þeim verkefnum sem talin voru upp í verndaráætlun. Á sama tíma vann umhverfis- og auðlindaráðuneytið að undirbúningi að stofnun Þjóðgarðastofnunar. Nefndinni þótti því eðlilegt að einskorða umræðuna ekki við Ramsarsvæði, heldur nýta tækifærið og skoða hvað fælist í helstu kostunum sem koma til greina fyrir framtíð fjarðarins.

Þann 28. janúar 2019 hélt nefndin fund með nokkrum sérfræðingum um málefnið í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu (sjá fundargerð í viðauka I). Þar gafst nefndarmönnum tækifæri til þess að fræðast um hvaða leiðir væru mögulegar til þess að varðveita náttúru og menningu Breiðafjarðar og styrkja enn frekar samfélögin umhverfis fjörðinn. Helst var fjallað um eftirfarandi leiðir: a) endurskoðun á lögum um vernd Breiðafjarðar, b) tilnefning Breiðafjarðar á Ramsarskrá yfir votlendissvæði, c) tilnefning Breiðafjarðar á heimsminjaskrá UNESCO og d) stofnun þjóðgarðs á Breiðafirði.

Í kjölfar fundarins samþykkti Breiðafjarðarnefnd að mikilvægt væri að kynna málið ítarlega fyrir íbúum, sveitarstjórnnum, atvinnulífi og öðrum hagsmunaaðilum og kalla eftir eins nánu samráði og nefndinni væri unnt. Upphafið að samráðsferlinu var málþing í Tjarnarlundi í Dalabyggð þann 23. október 2019. Þangað var sérstaklega boðið fulltrúum sveitarfélaga en það var þó öllum opið og var aðsókn mjög góð. Í kjölfarið á því stóð nefndin fyrir fjórum opnum fræðslufundum auk þess að funda sérstaklega með sveitarstjórnnum við fjörðinn. Nánari grein er gerð fyrir samráðsferlinu hér að neðan en fyrst verður fjallað stuttlega um þá kosti sem kynntir hafa verið á fundunum varðandi framtíð Breiðafjarðar.

#### Vilt þú vita meira?

Í samráðsferlinu komu reglulega upp spurningar, áhyggjur og vangaveltur sem yfirleitt voru af svipuðum toga. Þessi atriði hafa verið tekin saman og þeim gerð sérstök skil samhliða samantektinni í sérstökum textakössum eins og þessum.

Það sem fram kemur hér að neðan eru upplýsingar sem nefndin hefur aflað í vinnu sinni síðastliðið rúmt ár, meðal annars á fundi sérfræðinga um málefnið í janúar 2019, á málþingi um Framtíð Breiðafjarðar í október 2019 og á samráðsfundum með íbúum og sveitarstjórnnum.



## Endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar

### Hvers vegna þarf breytingar ef nýting á firðinum er þegar sjálfbær?

Fyrst og fremst vegna þess að við verðum að undirbúa okkur fyrir framtíðina, þar á meðal fyrir aukinn straum ferðamanna. Það þurfa að vera til úrræði til þess að takast á við áskoranir sem fylgja aukinni ásókn á svæðið, hvort sem um ræðir nýtingu náttúruauðlinda eða umferð ferðamanna. Úrræði þurfa að vera fyrir hendi til að geta stýrt umferð, t.d. að beina mönnum á fyrir fram ákveðin svæði og halda þeim frá öðrum. Heimamenn ættu áfram að hafa ríka aðkomu að stýringu innan svæðisins og mótun þess til framtíðar.

Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar eru orðin 25 ára gömul og hafa aldrei tekið efnislegum breytingum síðan þau voru sett.

Árið 2010 skipaði umhverfisráðherra starfshóp sem falið var að gera úttekt á lögum um vernd Breiðafjarðar og framkvæmd þeirra.<sup>1</sup> Á grundvelli samantektar starfshópsins og þeirrar umræðu sem farið hafði fram innan núverandi nefndar tók Breiðafjarðarnefnd saman greinargerð um þá annmarka sem hún sæi á lögum og þau sjónarmið sem hún teldi að ætti að hafa að leiðarljósi. Nefndin sendi umhverfis- og auðlindaráðherra greinargerðina þann 2. maí 2018 og óskaði eftir því að ráðuneytið tæki lög in til endurskoðunar (sjá viðauka II).

Nefndin átti fund með ráðherra þann 16. ágúst 2018 þar sem hann tók undir að endurskoðun laganna væri tímabær. Í kjölfarið óskaði ráðuneytið, í erindi til nefndarinnar þann 8. október 2018, eftir því að Breiðafjarðarnefnd sendi ráðuneytinu tillögur sínar að endurskoðun laganna við fyrsta tækifæri. Í kjölfarið yrði staðan metin, meðal annars hvort ástæða þætti til að skipa vinnuhóp um endurskoðun laganna. Breiðafjarðarnefnd vann í kjölfarið tillögur að endurbættum lögum um vernd Breiðafjarðar út frá

greinargerðinni sem hún hafði áður sent ráðherra. Nefndinni þótti þó ástæða til að staldra við í þeirri vinnu og kynna sér vilja sveitarstjórna, íbúa og annarra hagsmunaaðila fyrst og hóf þess vegna þá samráðsvinnu um framtíð Breiðafjarðar sem nú stendur yfir.

Breiðafjarðarnefnd leggur áherslu á sex meginatriði sem hafa þarf í huga við endurskoðun laganna:

#### 1) **Gildissvið laganna: mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar**

Breiðafjarðarnefnd leggur til að lögum um vernd Breiðafjarðar verði breytt svo þau kveði skýrt á um mörk verndarsvæðisins til lands og sjávar; hversu langt verndarsvæðið nær upp á land og hvort hafsvæðið innan verndarsvæðisins; þ.m.t. sjórinn sjálfur og hafsbótinn, sé hluti þess. Stjórnun verndarsvæðisins yrði mun markvissari og árangursríkari ef hafsbótin, vatnsbolur, fjörur, eyjar, hólmar og sker nytu verndar enda um að ræða órjúfanlega vistfræðilega heild.

#### 2) **Stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar**

Breiðafjarðarnefnd leggur til að skoðaðir verði möguleikar á stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar til vesturs svo að það nái yfir Breiðafjörð allan. Allt frá árinu 2004 hafa fulltrúar sveitarfélaga við fjörðinn ásamt fulltrúum Breiðafjarðarnefndar verið sammála um að tímabært sé að styrkja vernd Breiðafjarðar með því að vinna að því að allt Breiðafjarðarsvæðið, frá Öndverðarnesi í suðri til Bjargtanga í norðri, verði hluti af verndarsvæðinu. Þar með myndi verndarsvæði Breiðafjarðar tengja saman mikilvægar náttúruperlur Breiðafjarðar, Þjóðgarðinn Snæfellsjökul og stærstu fuglabyggð við N-Atlantshaf, Látrabjarg, um leið og það myndaði eðlilegri landfræðilega heild.

#### 3) **Alþjóðasamningar á sviði náttúruverndar og stefnumörkun íslenskra stjórnvalda í umhverfismálum**

Lög um vernd Breiðafjarðar þurfa að endurspeglar alþjóðasamninga mun betur, t.d. samninginn um líffræðilega fjölbreytni, sem og stefnumörkun íslenskra stjórnvalda í umhverfismálum eins og hún kemur fram t.d. í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd, „Velferð til framtíðar“, stefnumörkun Íslands um framkvæmd samningsins um líffræðilega fjölbreytni og í loftslagsmál.

#### 4) **Fyrirkomulag stjórnar og reksturs verndarsvæðis Breiðafjarðar**

Breiðafjarðarnefnd telur brýnt að komið verði á fastri starfsemi um vernd Breiðafjarðar með starfslíði sem sér um að vinna verkefni á verndaráætlun, sinna eftirliti, sjá um fræðilega og fjárhagslega þætti er varða rekstur svæðisins, sem og að auka fræðslu og önnur samskipti við íbúa og ferðamenn.

<sup>1</sup> Skýrslu starfshópsins má finna á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar ([http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2021/01/uttekkt\\_log\\_um\\_vernd\\_Breidafjardar\\_des\\_2010.pdf](http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2021/01/uttekkt_log_um_vernd_Breidafjardar_des_2010.pdf)):

**5) Skýrar reglur og refsíákvæði**

Breiðafjarðarnefnd telur brýnt að lög um vernd Breiðafjarðar verði styrkt með því að gera þau skýrari og tilgreina þau refsíákvæði sem gilda um brot á lögum og reglum sem um verndarsvæðið gilda. Eins og löggin eru í dag eru þau fremur óskýr og hægt að túlka þau á marga vegu. Mikilvægt er að setja skýran ramma utan um þær reglur sem eiga við á verndarsvæði Breiðafjarðar og tilgreina þau refsíákvæði sem gilda ef brotið er í bága við þær.

**6) Setning reglugerða sem styðja og skýra lög um vernd Breiðafjarðar**

Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að samhliða endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar verði gefnar út reglugerðir um náttúru- og menningarminjar, þar sem meðal annars er fjallað um verndarviðmið og útfærslu verndaraðgerða en öll meginverndarviðmið verði í lögnum sjálfum.

## Ramsar

Ramsarsamningurinn er alþjóðlegur samningur sem var gerður árið 1971 um vernd votlendissvæða, með áherslu á fuglalíf. Samningurinn varð til á þeim tíma sem menn fóru að gera sér grein fyrir mikilli mengun í heiminum og eyðingu búsvæða. Með honum var reynt að bregðast við þeim breytingum sem áttu sér stað í heiminum og stuðla að sjálfbærari nýtingu votlendissvæða.

Í Ramsarsamningnum nær skilgreining votlendis yfir svæði í fersku, ísöltu og söltu vatni niður á 6 metra dýpi. Samningurinn nær til votlendissvæða sem eru alþjóðlega mikilvæg, einkum m.t.t. fuglalífs, og gengur út á að ganga vel um svæðið og nýta auðlindir þess á sjálfbæran máta.

Nú eru 170 þjóðir aðilar að samningnum og svæðin tæplega 2.400. Samningurinn tók gildi á Íslandi árið 1978 og var Mývatn og Laxá fyrsta svæðið sem skráð var á listann. Svo bættust við Þjórsárver, Grunnafjörður, Snæfell og Eyjabakkar, Andakill og Guðlaugstungur. Þegar metið er hvort svæði sé alþjóðlega mikilvægt og gjaldgengt á lista yfir Ramsarsvæði er notast við þar til gerð viðmið samningsins. Þar má nefna votlendi sem er dæmigert eða sjaldgæft, lítt raskað eða búsvæði með mikið magn lífríkis, fjölbreytt lífríki eða búsvæði tegunda (dýra og plantna) sem eru í hættu. Auk þessa er stuðst við ákveðin töluleg viðmið, t.d. hvað varðar fjölda tegunda, farleiðir, hrygningarsvæði, uppeldissvæði, fæðuuppsprettu og svo framvegis. Hvert svæði þarf aðeins að uppfylla eitt af þessum viðmiðum til þess að teljast gjaldgengt á lista yfir Ramsarsvæði. Breiðafjörður uppfyllir nánast öll þau viðmið sem um ræðir og því leikur enginn vafi á að svæðið er mikilvægt á lands- og heimsvísu.

Tilnefning á Ramsarskrá felur í sér að stjórnvöld skuldbinda sig til þess að standa vörð um svæðið, sérstaklega virkni vistkerfa. Það er þó alltaf þannig að lög í viðkomandi landi gilda, svo sem skipulagslöggjöf og lög um náttúruvernd. Engum réttindum á landi er afsalað til erlendra aðila en skrifstofa samningsins veitir stuðning og ráðgjöf varðandi vernd og nýtingu svæðisins. Ef framkvæmdir á svæðinu skerða verulega verndargildi þess getur verið að athugasemdir berist frá samningnum. Það gefur stjórnvöldum tækfæri á að bregðast við eða þá að svæðið verður tekið af skránni. Það þarf þó mikið til að slíkt gerist. Ramsarsvæði eru sérstakt aðdráttarafli fyrir fuglaskoðara.

Er ástæða til að óttast að stjórn svæðisins færist úr höndum heimamanna ef svæðið verður skráð á lista yfir Ramsarsvæði eða á heimsminjaskrá UNESCO.

Tilnefning á Ramsarskrá og heimsminjaskrá UNESCO felur í sér að stjórnvöld skuldbinda sig til þess að standa vörð um svæðið. Það er þó alltaf þannig að lög í viðkomandi landi gilda, svo sem skipulagslöggjöf og lög um náttúruvernd. Ekkert vald færist úr landi og áfram verður heimilt að nýta auðlindir svæðisins á sjálfbæran hátt.

Breiðafjarðarnefnd leggur ríka áherslu á að stjórnun svæðisins haldist áfram hjá heimamönnum og þeir séu ávallt í meirihluta í þeim nefndum og ráðum sem að stýringu svæðisins koma. Skrifstofur Ramsarsamningsins og UNESCO veita svæðum stuðning og ráðgjöf en hafa engin yfirráð yfir svæðinu.

## Breiðafjörður á lista yfir Ramsarsvæði

Missa landeigendur yfirlit lands ef Breiðafjörður verður gerður að þjóðgarði, skráður á lista Ramsar eða á heimsminjaskrá?

Nei, engar breytingar verða á yfirlitum lands þegar svæði eru tilnefnd á lista yfir Ramsarsvæði eða heimsminjar. Samkvæmt lögum er land ekki gert að þjóðgarði nema það sé vilji landeigenda og þá í samvinnu við landeigendur. Þetta þýðir að eignarlönd lenda ekki innan marka þjóðgarðs, nema í þeim tilfellum þar sem landeigendur hafa gefið leyfi til þess.

Langi hefur verið rætt innan nefndarinnar og utan að Breiðafjörður eigi heima á Ramsarskrá um alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði. Umræða um málið hófst á fundi Breiðafjarðarnefndar árið 2005 þegar rætt var hvort skoða ætti kosti þess og galla að skrá Breiðafjörðinn á lista yfir Ramsarsvæði. Málið var í kjölfarið rætt af og til innan nefndarinnar og nefndin kynnti sér málið með aðstoð sérfræðinga frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Þann 22. apríl 2014 voru drög að verndaráætlun fyrir Breiðafjörð send sveisarfélagum við fjörðinn til umsagnar. Stykkishólmsbær, Grundarfjörður og Snæfellsbær gáfu sameiginlega umsögn og gerðu sérstaklega athugasemd vegna „tilnefningar Breiðafjarðar á heimsminjaskrá UNESCO og Ramsarskrá“. Í umsögn sveitarfélaganna segir: „Mikilvægt er að tilnefningar sem þessar hindri ekki möguleika sveitarfélaga við Breiðafjörð til að byggja upp innviði sína, sérstaklega hvað varðar nútímaleg mannvirki“. Í staðfestri verndaráætlun var tekið tillit til þessarar afstöðu

sveitarfélaganna og athugasemdin er því orðrétt hluti af verndaráætluninni.

Ávinningur af skráningu Breiðafjarðar á lista yfir Ramsarsvæði yrði sá að til yrðu nokkurs konar leikreglur sem gætu markvisst stuðlað að góðri umgengni um svæðið. Skráningin gæti auðveldað þeim sem stjórna svæðinu að nýta reynslu annarra sem stýrt hafa sambærilegum svæðum. Skráning gæti einnig falið í sér tækifæri þegar kemur að vottun og markaðssetningu vara sem framleiddar eru á svæðinu, enda væri tilnefningin gæðastimpill fyrir svæðið. Ferðamenn vilja helst heimsækja svæði sem eru á einhvern hátt einstök og vel rekin. Tækifærið felst þó ekki síður í því að stuðla að varðveislu svæðisins til framtíðar.

## Heimsminjar UNESCO

Samningur UNESCO (Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna) um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins var samþykktur árið 1972. Aðildarríki að honum eru nú 193 talsins og heita þau því að standa vörð um menningu heimsins, vernda heimsminjar og sporna gegn eyðingu þeirra. Ísland staðfesti samninginn árið 1995 og er hann vistaður hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Heimsminjanefnd er skipuð fulltrúum frá 12 ríkjum. Hún fundar árlega og hefur aðalákvörðunarvald hvað varðar tilnefningar, innskráningar á listann og ástand heimsminjastaða. Aðildarríki skulu skila inn yfirlitsskrá yfir þau svæði sem gætu átt heima á heimsminjaskrá. Ríki getur svo tilnefnt svæði sem það vill fá á listann en tilnefningarferlið tekur um það bil 3-5 ár. Þá tekur við um það bil 18 mánaða matsferli hjá heimsminjanefnd sem ákveður hvort svæðið kemst á heimsminjaskrá UNESCO eður ei. Þegar svæði hefur verið sett á heimsminjaskrá er ríki ábyrgt fyrir vernd og sjálfbærri nýtingu að forskrift heimsminjanefndar en markmiðið er að stýra og stjórna svæðum þannig að gildi þeirra á heimsvísu viðhaldist. Til þess að komast á skrána verður svæði eða staður að teljast hafa einstakt gildi á heimsvísu og þarf að uppfylla að minnsta kosti eina kröfu samningsins, t.d. kröfu um heilleika og upprunaleika eða kröfu um styrka vernd og stjórnun.

## Breiðafjörður á heimsminjaskrá UNESCO

Breiðafjörður nýtur þegar verndar og hefur skilgreinda stjórn og umsögn, verndaráætlun er til fyrir svæðið og stjórnvöld settu það á yfirlitsskrá um möguleg heimsminjasvæði árið 2011 (sjá t.d. <https://whc.unesco.org/en/statesparties/is>). Svæðið er upprunalegt og heillegt og uppfyllir því margar af kröfum samningsins. Það sem gæti staðið í vegi fyrir því að svæðið teljist gjaldgengt á heimsminjaskrá er að á skránni er þegar svæði sem svipar að mörgu leyti til Breiðafjarðar, að minnsta kosti hvað menningarhlutann varðar, Vega í Noregi. Mögulega þyrfti því að skilgreina menningarlega þáttinn öðruvísi en gert er í Vega auk þess sem mikla áherslu yrði að leggja á náttúruminjar á svæðinu.

Ávinningur af skráningu Breiðafjarðar á heimsminjaskrá UNESCO yrði að sumu leyti sambærilegur þeim ávinningi sem nefndur var hér að ofan í tilfelli Ramsar hvað umgengni og stjórnun varðar. Heimsminjaskrá UNESCO er auk þess mun sterkari viðurkenning og fæli í sér gríðarleg tækifæri fyrir byggðir við fjörðinn hvað markaðssetningu og uppbyggingu varðar, enda eingöngu allra merkilegustu staðir og svæði jarðar sem fá sína sérstöðu viðurkennda af heimsminjanefndinni.

Þrjú íslensk svæði eru á heimsminjaskránni: Þingvellir, Surtsey og Vatnajökulsþjóðgarður.

### Þjóðgarður

Á Íslandi eru þrjú þjóðgarðar, Þingvallabþjóðgarður (frá 1930), Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull (frá 2001) og Vatnajökulsþjóðgarður (frá 2008). Umgjörðin utan um þessa þjóðgarða er mjög mismunandi. Þingvallabþjóðgarður var stofnaður með sérstökum lögum og í stjórn hans sitja þingmenn. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður með stöð í lögum um náttúruvernd og með stjórn hans fara Umhverfisstofnun og Snæfellsbær. Sérstök stofnun er um Vatnajökulsþjóðgarð, sem stofnaður var með sérstökum lögum. Í honum er mikil áhersla lögð á valddreifingu. Garðinum er skipt í fjögur rekstrarsvæði. Innan þeirra eru svæðisráð, þar sem sveitarstjórnarfulltrúar fara með formennsku og skipa meirihluta fulltrúa. Þeir skipa einnig meirihluta í stjórn þjóðgarðsins. Almenn er litið til Vatnajökulsþjóðgarðs sem fyrirmyndar hvað varðar stjórnun friðlýstra svæða í dag.

Þjóðgarðar hafa verið settir á fót vegna merkilegra náttúru- og menningarminja. Markmið þeirra er almennt að tryggja verndun náttúru- og menningarminja, tryggja stýringu og aðgang, auk þess að stuðla að útivist og fræðslu. Að auki leggja lög um Vatnajökulsþjóðgarð áherslu á að styrkja byggð og atvinnustarfsemi.

#### Verður skotveiði bönnuð á Breiðafirði ef þar verður stofnaður þjóðgarður?

Stór hluti af verndargildi Breiðafjarðar eru hlunnindanyttjar, hefðin fyrir því að nýta gæðin og hvernig það er gert. Hluti af því að vernda svæðið er að vernda hefðbundna nýtingu, standa vörð um hana og styrkja.

Þegar stærri svæði eru friðlýst er grundvallarskjalið til stýringar svokölluð stjórnunar- og verndaráætlun. Það skjal er alltaf unnið í samvinnu við sveitarstjórnir og aðra hagaðila á svæðinu. Áætlunin inniheldur m.a. ákvæði um veiðar.

#### Ef Breiðafjörður verður gerður að þjóðgarði, hver mun hafa skipulagsvaldið?

Ábyrgð á skipulagi verður áfram á forræði sveitarfélaganna líkt og hingað til og þau halda til dæmis áfram að gefa út leyfi á borð við framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi innan þjóðgarðsins. Skipulagsáætlanir sveitarfélaga munu þó verða bundnar af því sem fram kemur í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins en sveitarfélögin taka ríkan þátt í að gera þá áætlun með setu sinni í umdæmisráðum og stjórn þjóðgarðsins.

Við vinnslu stjórnunar- og verndaráætlunar er almennt litið til gildandi skipulagsáætlana á viðkomandi svæðum, auk annarra áætlana stjórnvalda eftir því sem við á, svo framarlega sem slíkar áætlanir gangi ekki gegn verndarmarkmiðum þjóðgarðsins.

Í Skotlandi er algengt að byggðalög sé að finna innan þjóðgarða. Markmið með þjóðgöörðum þar er að ýta undir sjálfbæra nýtingu á svæðinu og efla byggðapróun. Í Cairngorms þjóðgarðinum í Skotlandi hefur verið sýnt fram á mikil hagræn áhrif í nærsamfélaginu. Þjóðgarðurinn hefur sérstakt merki sem fyrirtæki á svæðinu nýta sér í sinni markaðssetningu. Í Kosta Ríka er svæði sem hefur hvað mesta líffræðilega fjölbreytni sem fyrirfinnst á jörðinni. Á áttunda áratugnum átti sér þar stað mikil land- og skógareyðing. Þessi eyðing varð til þess að íbúar drógu úr einni gerð nýtingar og hófu annars konar nýtingu á svæðinu. Þeir fjölguðu verndarsvæðum og einblíndu á vistvæna ferðamennsku, náttúruferðamennsku og markaðssetningu á þeim forsendum. Nú er þessi tegund ferðamennsku orðin stærsta atvinnugrein Kosta Ríka.

Það er ljóst að þjóðgarðar draga að sér fólk og margir spyrja sig hvort það sé yfirhöfuð ákjósanlegt. Það verður ekki hjá því komist að ferðamennska fer vaxandi, hvort sem þjóðgarðar eru til staðar eður ei. Þjóðgarðar eru aftur á móti tæki til þess að takast á við

þær áskoranir sem fylgja auknum fjölda ferðamanna og gefa tækifæri til þess að nýta sér þá þróun á jákvæðan hátt. Þjóðgarðar eru umgjörð sem verndar og auðveldar stýringu, ýtir undir fræðslu og styrkir nærsamfélögin.

Þetta hafa ýmsar rannsóknir, m.a. á hagrænum áhrifum þjóðgarða, sýnt fram á. Árið 2019 kom út skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um náttúruvernd og byggðapróun. Þar kemur fram að ef rétt er að málum staðið geti friðlýsing aukið tekjur og skapað ný tækifæri fyrir byggðarlög en lykilatriði sé að virku samráði við íbúa í nærsamfélaginu sé viðhaldið við stjórnun á hinu friðlýsta svæði.

### Breiðafjörður sem þjóðgarður

Sérstaða Breiðafjarðar býður upp á einstakt tækifæri til náttúru- og menningarupplifunar á svæðinu. Ört vaxandi ferðapjónusta kallar á frekari stýringu innan svæðisins, skipulag og fræðslu. Friðlýsing Breiðafjarðar sem þjóðgarðs væri tæki til þess. Eins og fyrirkomulag verndarsvæða er í dag stjórna heimamenn í þjóðgörðum ferðinni og hafa mótandi áhrif þegar lög og reglur um svæðið eru settar.

Þjóðgörðum fylgir formleg vernd auk þess sem þjóðgarður er alþjóðlega þekkt fyrirbæri sem felur í sér öflug tækifæri til markaðssetningar. Um ákveðinn gæðastimpil er að ræða sem gagnast til dæmis þeim sem framleiða afurðir og bjóða upp á þjónustu á svæðinu. Kröfur neytenda fara sífellt vaxandi hvað varðar sjálfbærni og uppruna vöru og með gæðastimpli sem þessum opnast tækifæri inn á nýja markaði.

#### Verður tófan friðuð á Breiðafirði ef þar verður stofnaður þjóðgarður?

Ef frekari skref yrðu stigin varðandi verndun á Breiðafirði yrði það í höndum sveitarstjórna við fjörðinn og annarra hagaðila að setja reglur um slíkt. Það má þó telja ólíklegt að tófan yrði friðuð í eyjunum, þar sem hún hefur neikvæð áhrif á þá hlunnindanýtingu sem tíðkast hefur á firðinum.

#### Verða fiskveiðar bannaðar á Breiðafirði ef þar verður stofnaður þjóðgarður?

Nei.

Engin breyting er fyrirhuguð á fiskveiðistjórnun og fiskveiðum enda felur þjóðgarður ekki endilega í sér boð og bönn. Tilgangur með þjóðgarði væri að beita skynsamlegri stjórnun á fiskveiðum og annarri nýtingu og það er þegar gert samkvæmt íslenskum lögum.

Stjórn fiskveiða byggir á vísindalegri þekkingu og sjónarmiðum um sjálfbærar veiðar, sem fer vel saman við náttúruvernd. Á meðan svo er, þá sér nefndin ekki ástæðu til annars en að stjórnun fiskveiða á Breiðafirði yrði áfram samkvæmt fiskveiðilöggjöf og rannsóknir, nýting og eftirlit einkum í höndum Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu.

Engar hugmyndir eru uppi um að gera breytingar á þessu fyrirkomulagi, sama hvaða leið verður farin hvað varðar vernd Breiðafjarðar.

Þjóðgörðum fylgja tæki til stýringar, meðal annars á ferðafólki, auk landvarða sem geta leiðbeint og frætt. Atvinnutækifærum fjölga almennt, bæði beint tengt starfsemi þjóðgarðsins, auk þess sem afleidd störf bætast við. Umfram allt myndu skref í þessa átt stuðla enn frekar að sjálfbærri nýtingu og viðhalda til framtíðar þeim gæðum sem íbúar við Breiðafjörð búa við.

Það er ljóst að eignarhald lands á svæðinu gerir stofnun þjóðgarðs nokkuð flókna, því skv. núverandi lögum þarf samþykki allra eigenda lands áður en land er skilgreint sem þjóðgarður. Ein leið til að liðka fyrir ferlinu gæti verið að skipta verndarsvæðinu upp í minni svæði með mismunandi áherslum og verndarflokkum, allt eftir verndargildi og afstöðu landeigenda. Einfaldast væri að stofna þjóðgarð í sjó um svæði utan netlaga, enda eru þau alfarið í eigu ríkisins.

#### Samráð

Breiðafjarðarnefnd hefur frá upphafi verkefnisins lagt mikla áherslu á eins náð samráð við íbúa og sveitarstjórnir og unnt hefur verið. Nefndin einsetti sér að móta sér ekki endanlega skoðun á því hvaða leiðir henni þættu fýsilegastar, heldur hvetja hagsmunaaðila til málefnalegs samtals og samráðs. Þannig yrðu mestar líkur á því að hægt yrði að finna samhljóm sem tæki tillit til mismunandi sjónarmiða varðandi framtíð Breiðafjarðar.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir þeim samráðsleiðum sem nefndin fór. Í samráðsferlinu fengu nefndarmenn að heyra mismunandi sjónarmið sveitarstjórna, hagsmunaaðila og almennings, sem skýrði betur hvaða leiðir gætu komið til greina

fyrir framtíð svæðisins og hvar helstu ágreiningsefnin lægju. Í viðaukum þessarar greinargerðar er að finna nokkuð ítarlegar samantektir frá þeim samráðsfundum sem nefndin stóð fyrir.

Nefndin er sérlega þakklát þeim íbúum, sveitarstjórnafulltrúum og öðrum sem hafa látið sig málið varða, sent inn erindi, tekið þátt í umræðum á fræðslufundum, spurt spurninga, viðrað hugmyndir sínar, væntingar, vonir, áhyggjur og afstöðu.

### Málþing í Tjarnarlundi, Dalabyggð

Á þeirri vegferð að móta sér stefnu um framtíð Breiðafjarðar þótti nefndinni viðeigandi að boða til fræðslu- og umræðubings með það að markmiði að uppfræða nefndarmenn, sveitarfélög og almenning um þá möguleika sem eru fyrir hendi. Með hvaða hætti skuli halda áfram að standa vörð um náttúrugæði Breiðafjarðar og nýtingu þeirra.

Miðvikudaginn 23. október 2019 stóð Breiðafjarðarnefnd fyrir málþingi um framtíð Breiðafjarðar í Tjarnarlundi í Dalabyggð. Sátu rúmlega 80 manns þingið, þar á meðal landeigendur og aðrir notendur náttúrugæða. Umhverfis- og auðlindaráðherra mætti á þingið ásamt fylgdarliði úr ráðuneytinu. Á þingið var boðið sérstaklega fulltrúum sveitarfélaga sem liggja að verndarsvæðinu en þingið var auk þess opið hverjum sem mæta vildi. Þingið var auglýst á heimasíðu og Facebook-síðu Breiðafjarðarnefndar, á heimasíðum sveitarfélaga við fjörðinn og í svæðisblöðunum.

Ætlar Breiðafjarðarnefnd að hafa eftirlit með fiskveiðum?

Nei.

Engin áform eru um að Breiðafjarðarnefnd, eða hver sú stjórn sem yfir svæðinu verður í framtíðinni, muni skipta sér af fiskveiðum, nema e.t.v. að því leyti að hvetja til þess að ákvarðanir um veiðar byggist á traustri þekkingu á auðlindunum og mögulegum áhrifum af nýtingu þeirra á annað lífríki fjarðarins. Stjórnun fiskveiða verður áfram á hendi Hafrannsóknastofnunar og eftirlit á vegum Fiskistofu.

**FRAMTÍÐ  
BREIÐAFJARÐAR**

**FRÆÐSLU- OG UMRÆÐUBING  
TJARNARLUNDI, DALABYGGÐ  
23. OKTÓBER, KL. 11-16**

<b>DAGSKRÁ</b> Fundarstjóri: Stefán Gíslason, Environice	<b>13:25 REYNISLAN AF ÞJÓÐGARÐI</b> Björn Ingi Jónsson, svæðisráði auðursvæðis Vatnajökulþjóðgarðs
<b>11:00 SETNING</b> Erla Fríðriksdóttir, formadur Breiðafjarðarnefndar	<b>13:40 SNÆFELLINGAR OG ÞJÓÐGARÐURINN</b> Kristinn Jónsson, Snæfellsbæ
<b>11:10 ÁVARP UMHVÆRFISRÁÐHERRA</b> Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra	<b>13:55 KOSTIR OG GALLAR FRIDLÝSINGAR</b> Jón Björnsson, Þjóðgarðinum Snæfellsjökli
<b>11:25 SÉRSTADA BREIÐAFJARÐAR</b> Robert Arnar Stefánsson, Náttúrustofu Vesturlands	<b>14:10 MAN AND THE BIOSPHERE PROGRAM</b> Martin Price, ráðgjafarnefnd um Man and the Biosphere verkefnið
<b>11:55 BREIÐAFJÖRÐUR SEM RAMSARSVÆÐI</b> Trausti Baldursson, Náttúrufræðistofnun Íslands	<b>14:40 KAFFI</b>
<b>12:10 HEIMSMINJASKRÁ (UNESCO)</b> Sigurður Á. Þráinsson, Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu	<b>15:10 FRAMTÍÐ VERNDAR VÍÐ BREIÐAFJÖRÐ</b> Erla Fríðriksdóttir, formadur Breiðafjarðarnefndar
<b>12:25 HÁDEGISVERÐUR</b> Skráning nauðsynleg á netfanginu breiðafjordur.nsv.is	<b>15:25 UMRÆÐUR</b>
<b>13:10 AF HVERJU AÐ STOFNA ÞJÓÐGARÐ?</b> Steinar Kaldal, Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu	<b>16:00 DAGSKRÁRLÖK</b>

**Aðgangur ókeypis og allir velkomnir,  
skráning nauðsynleg á breiðafjordur@nsv.is**  
Breiðafjarðarnefnd/Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Ljósmynd: Daniel Bergmann

Á fundinum voru flutt áhugaverð og upplýsandi erindi um sérstöðu svæðisins, Ramsarskrá yfir votlendissvæði, heimsminjaskrá UNESCO, kosti og galla friðlýsinga, þjóðgarða og reynsluna af þeim og verkefni á vegum UNESCO sem ber nafnið Man and the Biosphere.

Á meðal þess sem fram kom var að Breiðafjörður er gríðarlega mikilvægt náttúrusvæði á íslenskan og alþjóðlegan mælikvarða, auk þess að geyma mikilvægar minjar um hlunnindanýtingu. Einnig lögðu framsögumenn áherslu á að kjarni náttúruverndar sé ekki boð og bönn, heldur sé hún stjórnþæki til sjálfbærrar nýtingar, hvort sem um er að ræða ferðaþjónustu eða aðra nýtingu. Það að gera svæði að þjóðgarði væri í raun og veru málamiðlun í náttúruvernd, þar sem þjóðgarður felur í sér mun vægari friðun en margir aðrir flokkar friðunar. Við stofnun þjóðgarðs yrðu til ný störf á svæðinu og fræðslustarfsemi myndi stórukast. Nýting svæðisins yrði áfram leyfð svo lengi sem hún væri sjálfbær, sem hlýtur hvort eð er að vera markmið allra þeirra sem nýta fjörðinn. Verndar- og nýtingaráætlun þjóðgarða og starfslið sem þeim fylgir hjálpa

til við að miðla fræðslu og stýra umferð um svæðið.

Í kjölfar erindanna var boðið upp á fyrirspurnir úr sal sem úr spunnust gagnlegar umræður. Þar kom ítrekað upp umræða um mikilvægi þess að verndun svæðisins verði unnin í nánú samráði við heimamenn og að stjórnun

svæðisins verði áfram í höndum þeirra. Það er einmitt sú nálgun sem gefist hefur hvað best við friðlýsingar á Íslandi og annars staðar. Þess vegna er stjórnarfyrikomulag Vatnajökulsþjóðgarðs, þar sem sveitarfélög hafa mjög ríka aðkomu, haft sem fyrirmynd þegar hugmyndir um nýja þjóðgarða eru ræddar. Samantekt frá fundinum, þar sem meðal annars er að finna punkta frá umræðum í lok fundar, er að finna í viðauka III.

### Opnir fræðslufundir

Í kjölfar málþingsins stóð Breiðafjarðarnefnd fyrir fræðslufundum um framtíð Breiðafjarðar í sveitarfélögum við fjörðinn. Fundirnir voru liður í því að kalla eftir viðbrögðum íbúa, atvinnulífs, sveitarstjórna og annarra hagsmunaaðila við vangaveltum Breiðafjarðarnefndar.

#### Parf aukna vernd á Breiðafirði?

Tilgangur nefndarinnar með þessari vinnu við mótun framtíðar Breiðafjarðar er að tryggja góða framtíð svæðisins. Í því felst meðal annars að við fjörðinn þrífist áfram öflugt samfélag sem nýtir auðlindir á sjálfbæran hátt. Aukin ásókn á svæðið er óhjákvæmileg og það er mat Breiðafjarðarnefndar að m.a. sé mikilvægt að koma á skilvirkri stýringu umferðar fólks um svæðið. Núgildandi lög gera það ekki en því markmiði má ná með formfastari vernd á firðinum í samráði við sem flesta hagaðila.

Breiðafjarðarnefnd leggur höfuðáherslu á að heimamenn hafi áfram ríka aðkomu að stjórnun svæðisins og eigi meirihluta í þeim nefndum og ráðum sem mögulega koma að stýringu svæðisins.

Fræðslufundirnir voru auglýstir á heimasíðu og Facebook-síðu nefndarinnar, í bæjarblöðum og á heimasíðum sveitarfélaganna. Fundir voru haldnir við sunnanverðan fjörðinn fyrri hluta árs 2020 en vegna samkomutakmarkana í heimsfaraldri þurfti ítrekað að fresta fundum í Dalabyggð, Reykhólahrepp og Vesturbyggð. Að lokum var ákveðið að halda einn sameiginlegan fjarfund fyrir íbúa þeirra sveitarfélaga í októberlok.

Á fundunum fjallaði Erla Friðriksdóttir, formaður nefndarinnar, um vinnu nefndarinnar og næstu skref. Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands og fulltrúi í Breiðafjarðarnefnd, fjallaði um sérstöðu Breiðafjarðar og framtíð hans. Kristinn Jónasson, bæjarstjóri í Snæfellsbæ, fjallaði um reynslu Snæfellinga af þjóðgarði. Í lok fundanna var opnað fyrir umræður og fyrirspurnir.

Í viðauka IV er að finna samantekt frá fundunum og þeim umræðum sem þar áttu sér stað.

#### Samráðsfundir með sveitarstjórnnum

Á haustmánuðum 2020 óskaði Breiðafjarðarnefnd eftir fundum með sveitarstjórnnum sem að firðinum liggja. Sérstakur fundur var haldinn með fulltrúum hveirrar sveitarstjórnar fyrir sig í gegnum fjarfundabúnað. Á fundinum kynnti Erla Friðriksdóttir, formaður Breiðafjarðarnefndar, nefndina og vinnu hennar síðastliðin

misseri og Róbert Arnar Stefánsson gerði grein fyrir sérstöðu fjarðarins og möguleikum fyrir framtíð hans.

Á fundinum var kallað eftir óformlegum umræðum og athugasemdum frá sveitarstjórnafulltrúum sem nefndin gæti tekið mér sér í veganesti þegar hún legði lokahönd á niðurstöður samráðsvinnu sinnar. Í viðauka V er að finna samantekt frá fundum nefndarinnar með fulltrúum sveitarstjórna.

## Heimasíða

Breiðafjarðarnefnd nýtti sér heimasíðu sína, [www.breidafjordur.is](http://www.breidafjordur.is), til upplýsingagjafar um verkefnið en þar var sett upp sérstök síða tileinkuð Framtíð Breiðafjarðar. Þar geta áhugasamir nálgast upplýsingar um verkefnið, kynnt sér þá kosti sem nefndin telur mögulega fyrir svæðið auk þess sem nefndin tók saman ítarlegan „spurt og svarað“ dálk þar sem algengum spurningum um verkefnið er svarað (sjá viðauka VI).

Á heimasíðunni er hægt að nálgast heimilisfang og netfang nefndarinnar þangað sem hægt er að koma athugasemdum sínum við verkefnið til skila. Í viðauka VII er að finna athugasemdir sem bárust við störf nefndarinnar og í viðauka VIII má finna svör nefndarinnar við þeim.

## Formlegt umsagnarferli

Samantekt nefndarinnar varðandi framtíð Breiðafjarðar, ásamt drögum að tillögum hennar til ráðherra voru sendar sveitarstjórnnum við fjórðinn til formlegrar umsagnar þann 23. nóvember 2020. Hún var auk þess birt á heimasíðu nefndarinnar og íbúum þannig gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum í gegnum tölvupóst. Umsagnarfrestur var gefinn til 18. desember en þeim umsögnum sem bárust nefndinni fram að lokaútgáfu samantektarinnar var þó haldið til haga.

Hér að neðan verður, í stuttu máli, gerð grein fyrir þeim umsögnum og athugasemdum sem bárust. Umsagnir og athugasemdir má finna í heild sinni í viðauka IX og þeim þannig komið áfram til umhverfis- og auðlindaráðherra svo hægt sé að nýta þær í áframhaldandi vinnu.

## Umsagnir sveitarfélaga

Umsagnir bárust frá öllum sjö sveitarfélögum sem að firðinum liggja. Öll sveitarfélögin, fyrir utan Stykkishólm bæ sem ekki fjallar sérstaklega um hugmyndir Breiðafjarðarnefndar um endurskoðun á lögum um vernd Breiðafjarðar í sinni umsögn, taka undir með Breiðafjarðarnefnd um að tímabært væri að endurskoða lög um vernd Breiðafjarðar. Sveitarfélögin eru sammála nefndinni um að sú vinna verði að fara fram í nánú samráði við sveitarfélög á svæðinu og að mikilvægt sé að heimamenn hafi meirihluta í þeim nefndum sem að þeirri vinnu komi. Í umsögn sinni tekur Vesturbyggð undir hugmyndir Breiðafjarðarnefndar um að skoða stækkun verndarsvæðisins frá Öndverðarnesi að Bjargtöngum samhliða endurskoðun á lögum um vernd Breiðafjarðar. Þar er auk þess lagt til að litið verði til samspils þess við fyrirhugaða friðlýsingu Látrabjargs sem ætlað er að nái 2 km út í sjó.

Sveitarstjórnir Vesturbyggðar, Reykhólahrepps, Dalabyggðar og Helgafellssveitar taka jákvætt í hugmyndir nefndarinnar um að skoðaðir verði kostir og gallar þeirra leiða sem nefndin fjallaði um í samantekt sinni um framtíð Breiðafjarðar. Bæjarstjórnir Grundarfjarðarbæjar og Snæfellsbæjar segjast ekki geta tekið afstöðu til annarra hugmynda nefndarinnar en þeirrar að endurskoða þurfi lög um vernd Breiðafjarðar, þar sem ekki liggja fyrir nægilegar upplýsingar. Bæjarstjórnirnar hafna þó ekki hugmyndum nefndarinnar um að skoða kosti og galla þeirra leiða sem eru nefndar. Allar leggja sveitarstjórnirnar áherslu á að frekari tillögur verði unnar í nánú samráði við hagsmunaaðila og að ákvarðanir um framhaldið séu í höndum heimamanna. Bæjarstjórn Snæfellsbæjar leggur auk þess áherslu á að tilgangur og ávinningur þeirra breytinga sem lagðar verða til verði að vera mjög skýr svo samstaða náist um málið.

Hvað með aukinn ferðamannastraum á viðkvæm svæði eins og eyjarnar, ef almenningi verður auðvelduð umferð um svæðið?

Það er ekki hjá því komist að ferðamennska haldi áfram að vaxa, hvort sem þjóðgarðar eru til staðar eður ei. Þjóðgarðar eru aftur á móti tæki til þess að takast á við þær áskoranir sem fylgja auknum fjölda ferðamanna og gefa tækifæri til þess að nýta sér þá þróun á jákvæðan hátt. Þjóðgarðar eru umgjörð sem verndar og auðveldar stýringu, ýtir undir fræðslu og styrkir nærsamfélögin.

Þegar þjóðgarður er stofnaður er grundvallarskjalið stjórnunar- og verndaráætlun sem unnin er í samstarfi við hagaðila og staðfest af sveitarfélögum sem aðild eiga að svæðinu. Þar er til dæmis hægt að tilgreina hvaða svæði heimamenn vilja gera aðgengileg heimamönnum eða ferðamönnum og hver þeirra eiga að vera óaðgengileg.

Í vangaveltum Breiðafjarðarnefndar er ekki lagt til að gera eyjarnar á Breiðafirði aðgengilegri. Hugmyndin snýr að uppbyggingu aðstöðu á svæðinu í kringum fjórðinn.

Í þjóðgörðum starfa landverðir sem geta leiðbeint og frætt auk þess sem þeir geta haft eftirlit með umferð ferðafólks innan svæðisins.



Í umsögn sinni leggur sveitarstjórn Reykhólahrepps áherslu á að, samhliða frekari verndun, verði unnin nýtingaráætlun fyrir haf- og strandsvæði Breiðafjarðar. Sveitarstjórn Dalabyggðar tekur skýrt fram að sú leið sem farin verði megi ekki standa í vegi fyrir nauðsynlegum vegabótum á svæðinu.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar tekur afstöðu gegn tillögum og hugmyndum nefndarinnar um að Breiðafjörður verði tilnefndur á lista Ramsarsvæða, að Breiðafjörður verði skilgreindur sem þjóðgarður og að hafinn verði undirbúningur að tilnefningu fjarðarins á heimsminjaskrá UNESCO. Í umsögn sinni tekur bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar fram að ekkert í núverandi aðstæðum, í samspili manns og náttúru, kalli á stefnubreytingu á þessum tímapunkti. Í umsögn Stykkishólmsbæjar er vísað til þess að varhugavert sé að færa íhlutunarvald til alþjóðlegra stofnana.

Eins og Breiðafjarðarnefnd hefur áður bent á, annars vegar í þessari samantekt (bls. 8) og hins vegar í bréfi til sveitarfélaganna frá 30. mars 2020 (viðauki VIII) að þá gildir það um svæði á heimsminjaskrá UNESCO og Ramsarsvæði að stjórnun þeirra yrði áfram hjá heimafólki en stuðningur og ráðgjöf fylgdi skráningunni frá alþjóðlegum stofnunum.

Af umsögnum sveitarfélaganna við Breiðafjörð má sjá að þau telja langflest mikilvægt að ráðast í endurskoðun á lögum um vernd Breiðafjarðar. Þau eru flest jákvæð fyrir því að halda áfram þeirri vinnu að skoða og kynna kosti og galla annarra leiða sem Breiðafjarðarnefnd hefur lagt til. Það sé mjög mikilvægt að öll áframhaldandi vinna fari fram í miklu samráði við íbúa, sveitarstjórnir, atvinnulíf, landeigendur og aðra hagsmunaaðila. Sérstaklega í ljósi þess að um mikla hagsmuni er að ræða þegar kemur að hlunnindanýtingu og stýringu hennar á svæðinu. Sveitarstjórnirnar ítreka mikilvægi þess að heimamenn verði ávallt í meirihluta í ákvarðanatöku um framtíð Breiðafjarðar.

Athugasemdir íbúa og annarra

Alls bárust fjörutíu umsagnir frá íbúum, landeigendum, ýmsum hagsmunaaðilum sem nýta hlunnindi fjarðarins og öðrum sem létu sig málið varða. Margar umsagnanna voru samhljóða og meirihluti þeirri lýsti skýrri andstöðu við hugmyndir Breiðafjarðarnefndar um að svæðið verði gert að þjóðgarði, Ramsarsvæði eða tilnefnt á heimsminjaskrá UNESCO. Nokkrar umsagnir hvöttu þó til þess að farið yrði að tillögum nefndarinnar og málin skoðuð áfram með framtíð svæðisins í huga.

Í þeim umsögnum sem fjölluðu sérstaklega um endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar hlaut sú hugmynd almennt hljómgrunn. Ekki voru allir á eitt sáttir um hvaða leiðir skyldi fara í þeirri vinnu en flestir voru sammála nefndinni um að mikilvægt væri að heimamenn væru í meirihluta í þeirri vinnu og að ítarlegt samráð færi fram við sveitarstjórnir, íbúa, landeigendur og aðra hagsmunaaðila.

Alls bárust fimm umsagnir vegna ummæla um dragnótaveiðar sem birtust í fundargerð frá íbúafundi í Snæfellsbæ í viðauka IV í samantektinni. Nefndin samþykkti að bregðast strax við þessum athugasemdum þar sem um misskilning var að ræða vegna óskýrrar framsetningar í samantektinni varðandi afstöðu nefndarinnar til dragnótaveiða á Breiðafirði. Svar nefndarinnar er að finna í viðauka X.

Af umsögnum má ráða að útgerðarmenn og sjómenn eru áhyggjufullir yfir hugmyndum nefndarinnar. Margir óttast að tapa þeim réttindum sem þeir hafa í dag, veiðar verði takmarkaðar eða bannaðar á ákveðnum tegundum eða á ákveðnum svæðum, ákveðin veiðarfæri verði bönnuð og að fleiri aðilar muni hafa afskipti af stýringu auðlinda- og hlunnindanýtingar á svæðinu.

Að gefnu tilefni vill nefndin enn ítreka að hún lítur svo á að óháð því hvaða leið verður valin, muni lög um stjórn fiskveiða áfram halda gildi sínu og stjórn og eftirlit með fiskveiðum verða áfram í höndum Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu. Breiðafjarðarnefnd mun leggja áherslu á að ef haldið verður áfram að móta hugmyndir fyrir framtíð Breiðafjarðar, verði fulltrúar sjávarnytja hafðir með í ráðum.

Í umsögnum landeigenda koma fram misjafnar skoðanir. Einhverjir benda á að nefndin hefði átt að ráðfæra sig sérstaklega við landeigendur í samráðsferlinu. Aðrir benda á að landeigendur séu best til þess fallnir að vernda sín svæði. Enn aðrir benda á mikilvægi þess að Breiðafjarðarnefnd beiti sér fyrir því að tryggja hefðbundna hlunnindanýtingu á svæðinu, tryggja stýringu ferðamanna í eyjar, tryggja að fjörðurinn verði laus við hljóð- og

ljósmengun og að tekinn verði af allur vafi um eignarhald til sjávar. Einnig er lögð fram sú tillaga að gerðir verði samningar við landeigendur til þess að tryggja vernd og sjálfbæra nýtingu.

Breiðafjarðarnefnd ítrekar að samtalið um framtíð Breiðafjarðar er rétt að hefjast. Margar þeirra umsagna sem bárust nefndinni bera þess merki að tillögur nefndarinnar eru mistúlkaðar. Breiðafjarðarnefnd telur því mikilvægt að næstu skref í mótun framtíðar Breiðafjarðar feli í sér vel útfærða fræðslu og ítarlegt samráð um málið svo að skoðanir og afstaða byggji á réttum forsendum.

Öllum umsögnum verður komið áfram til umhverfis- og auðlindaráðherra svo hægt verði að nýta þær í áframhaldandi vinnu.

## Niðurstöður nefndarinnar

Breiðafjarðarnefnd leggur til við ráðherra að hefja sem fyrst vinnu við að skoða og kynna ítarlega hvaða kosti og galla þeir möguleikar, sem taldir eru upp hér í skýrslunni, hafa fyrir Breiðafjarðarsvæðið. Þannig geti sveitarstjórnir, íbúar og aðrir hagaðilar myndað sér upplýsta skoðun og tekið þátt í mótun framtíðar Breiðafjarðar.

Breiðafjarðarnefnd er einhuga um að í það minnsta þurfi að endurskoða lög um vernd Breiðafjarðar, gera þau sterkari og skýrari og að það verði gert sem fyrst. Um leið verði horft sérstaklega til þess möguleika að stækka svæðið svo það nái frá Bjargtöngum að Öndverðarnesi.

Samhliða endurskoðun á lögum um vernd Breiðafjarðar leggur nefndin til við ráðherra að hann beiti sér fyrir því að tilnefna Breiðafjörð á lista Ramsarsvæða. Um er að ræða eitt mikilvægasta fuglasvæði landsins og skráningin getur haft jákvæð áhrif á samfélögin við fjörðinn.

Breiðafjarðarnefnd telur að skoða ætti möguleika á því að skilgreina Breiðafjörð, að hluta til eða öllu leyti, sem þjóðgarð. Þar sem eignarhald á svæðinu er flókið er ólíklegt að það takist á næstu árum ef þjóðgarðurinn ætti að ná yfir allan Breiðafjörð. Því væri rétt að skoða möguleika á að skipta svæðinu í undirsvæði þar sem mismunandi reglur gilda. Þjóðgarður í sjó væri mögulegt fyrsta skref þar sem ríkið fer með eignarhald utan netlaga. Það væri auk þess í takt við skuldbindingar Íslands í alþjóðlegum samningum, svo sem OSPAR-samningnum og samningnum um líffræðilega fjölbreytni.

Einnig mætti kanna hvort hluti svæðisins, þar sem landeigendur væru áhugasamir, yrði gerður að þjóðgarði og stefna ef til vill að stækkun hans síðar. Í því samhengi væri fýsilegt að horfa til norðan- og austanverðs fjarðarins og mögulegrar tengingar við fyrirhugaðan þjóðgarð á sunnanverðum Vestfjörðum, sem nær meðal annars til Vatnsfjarðar en hann er friðland og hluti af verndarsvæði Breiðafjarðar.

Undirbúningur þjóðgarðs á Breiðafirði gæti orðið tímafrekt verkefni sem ekki má hægja á endurskoðun laga um verndarsvæði Breiðafjarðar. Nefndin telur þó að stofnun þjóðgarðs megi taka tíma og eigi í raun að taka tíma svo að hægt verði að ná sem víðtækastri sátt um framkvæmdina. Það er skoðun nefndarinnar að þjóðgarður á Breiðafirði væri líklega það skref sem myndi gagnast samfélögum við fjörðinn betur en aðrar leiðir.

Tilnefning Breiðafjarðar á Heimsminjaskrá UNESCO er stórt skref sem þarfnast ítarlegs og vandaðs undirbúnings. Nefndin telur rétt að skoða möguleika á því og ef ákvörðun yrði tekin um slíkt, yrði það gert eftir að lög um svæðið hafa verið endurskoðuð, það tilnefnt á Ramsarskrá og ef til vill gert að þjóðgarði, að hluta eða öllu leyti.

Umsagnir sveitarfélaganna við fjörðinn voru almennt jákvæðar varðandi hugmyndir nefndarinnar um að óska eftir því við umhverfis- og auðlindaráðherra að áfram verði unnið með þá valkosti sem nefndin tíundar í skýrslunni. Einnig kemur fram skýr vilji langflestra sveitarfélaga að ráðast þurfi í endurskoðun á lögum um vernd Breiðafjarðar. Þess ber þó að geta að umsögn Stykkishólmsbæjar var ólík umsögnum hinna sveitarfélaganna og af henni má ráða að sveitarfélagið sé ekki tilbúið í samstarf um frekari verndun.

Breiðafjarðarnefnd leggur, eins og sveitarfélögin, höfuðáherslu á að í áframhaldandi vinnu verði þátttaka sveitarstjórna, íbúa, landeigenda, atvinnulífs og annarra hagsmunaaðila tryggð. Nefndin telur líka miklu máli skipta að fulltrúar svæðisbundinna og landsþekjandi fagstofnana á sviði náttúru- og menningarminja verði hafðir með í mótun framtíðar Breiðafjarðar og að áfram verði lögð rík áhersla á fræðslu, samtal og samráð. Við frekari mótun á framtíð Breiðafjarðar þarf að gæta að samræmingu á vernd og nýtingu og að verndaraðgerðir takmarki ekki sjálfbæra nýtingu á auðlindum sjávar.

Mikilvægur hluti verndargildis svæðisins eru hlunnindanyttjar, hefðin fyrir því að nýta gæðin og hvernig það er gert. Markmiðið með tillögum Breiðafjarðarnefndar er að með aukinni vernd þrífist blómlegt atvinnulíf sem byggir á sjálfbærri auðlindanotkun til framtíðar og að byggðir við fjörðinn eflist og styrkist.

# VIÐAUKAR

## Viðauki I – fundargerð frá 168. fundi Breiðafjarðarnefndar

### 168. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þann 28. janúar 2019

**Mætt:** Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir, Róbert Arnar Stefánsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Magnús A. Sigurðsson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Arnheiður Jóhannsdóttir og Rebekka Eiríksdóttir.

Fundinn sátu líka Steinar Kaldal (yfirgaf fundinn eftir sína kynningu), Sigurður Á. Þráinsson (sat allan fundinn og tók þátt í umræðum), Snorri Baldursson (sat seinni hluta fundarins og tók þátt í umræðum) og Orri Páll Jóhannsson (mætti að loknum kynningum og tók þátt í umræðum).

*Fundarritari:* Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 11:00

#### **Steinar Kaldal, verkefnisstjóri hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, tók til máls.**

Steinar kynnti undirbúning að stofnun þjóðgarðs og sagði almennt frá ferlinu, þeim lögum sem fylgja þarf, verndarflokkum svæða og samráði. Steinar kynnti sérstaklega undirbúning hálandisþjóðgarðs og lagði þar áherslu á mikilvægi samráðs allt frá upphafi. Nú til dags eru svæði ekki vernduð nema fyrst sé haft náðið samráð við hagsmunaaðila.

Í dag er stofnun þjóðgarða eins konar málamiðlun í náttúruvernd þar sem gert er ráð fyrir að náttúruvernd, nýting og útivist fari saman. Hann bendir á að það fyrsta sem þurfi að huga að sé hver markmið friðlýsingarinnar ættu að vera. Mögulegt sé að svæðaskipta þjóðgörðum og setja svæði í mismunandi stranga/væga verndarflokka eftir því hvernig á að vernda eða nýta svæðið. Vatnajökulsþjóðgarður nýtir sér verndarflokka IUCN í sinni svæðaskiptingu. Flest svæðin eru í flokki 2, sem eru þjóðgarðar, þó einnig séu þar svæði sem eru náttúruvé og svæði sem eru skilgreind sem svæði með sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Við undirbúning að stofnun miðhálandisþjóðgarðs var sett á laggirnar þverpólitísk nefnd með fulltrúum allra þingflokka, fulltrúum sveitarfélaga, fulltrúa frá forsætisráðuneyti og fulltrúa frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Sett hefur verið upp tímalína sem vinna skal eftir og ákveðnir þættir settir fram sem nauðsynlegt er að huga að við stofnun þjóðgarðs, s.s. skilgreining á mörkum þjóðgarðsins, skipting landsvæða í verndarflokka, hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar, atvinnustefna, greining tækifæra í byggðaþróun og atvinnulífi, tillögur að áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun, tillögur að lagafrumvarpi um þjóðgarðinn og áætlun um fjármögnun. Við undirbúning miðhálandisþjóðgarðs hefur verið lögð mikil áhersla á samráð og þá helst við sveitarfélög.

#### **Sigurður Á. Þráinsson, deildarstjóri hjá umhverfis- og auðlindaráðuneyti, tók til máls.**

Sigurður kynnti UNESCO samninginn fyrir nefndinni og þá vinnu sem farið hefur fram varðandi UNESCO svæði á Íslandi. Samningur UNESCO snýr að verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins. Markmið samningsins er að standa vörð um menningu heimsins, vernda heimsminjar og sporna gegn eyðingu þeirra. Ísland staðfesti samninginn árið 1995.

Í dag eru 1073 heimsminjar á listanum en mjög strangar kröfur gilda um inntöku svæða á listann og á hann kemst aðeins eitt svæði af hverri gerð. Þegar svæði er skráð á heimsminjalistann þarf að hugsa um það og viðhalda gildi svæðisins svo það haldist inni á skránni. Hvert ríki er ábyrgt fyrir vernd og sjálfbærri nýtingu svæðisins að forskrift heimsminjanefndar. Nauðsynlegt er að tilkynna um breytingar á svæðinu eða breytta nýtingu þess til samningsins og gerir hann þá tillögur að úrbótum ef breytingarnar samræmast ekki þeim kröfum sem samningurinn setur fyrir svæðið.

Í dag eru tvö íslensk svæði á heimsminjaskrá, Surtsey og Þingvellir. Ár er síðan undirrituð var tilnefning Vatnajökulsþjóðgarðs á heimsminjaskrá UNESCO og er tilnefningin nú til meðferðar hjá UNESCO nefndinni. Íslensk stjórnvöld hafa umsjón með svæðunum og þegar þau eru skráð sem UNESCO svæði eru þau ekki framseld til heimsminjasamningsins. Þegar sótt er um þarf að vera til staðar verndar- og stjórnunaráætlun fyrir viðkomandi svæði svo hægt sé að sjá hvernig viðkomandi ríki hugsar um svæðið, hvaða reglur gilda um það og hvernig því er stjórnað. Íslenska ríkið þarf reglulega að skila inn skýrslu um framkvæmd og umsjón UNESCO svæða landsins og er það gert fyrir öll svæðin í einu.

### **Snorri Baldursson tók til máls.**

Snorri vann að tilnefningu Surtseyjar á heimsminjaskrá UNESCO og var ritstjóri tilnefningar Vatnajökulspjóðgarðs á heimsminjaskrá. Hann var einnig þjóðgarðsvörður á vestursvæði Vatnajökulspjóðgarðs.

Vatnajökulspjóðgarður hafði verið á yfirlitsskrá svæða á Íslandi sem þóttu mögulega gjaldgeng á heimsminjaskrá UNESCO. Árið 2016 fór stjórnarformaður Vatnajökulspjóðgarðs að ýta á eftir tilnefningu fyrir svæðið. Í tilnefningunni er lögð áhersla á mótun og þróun jarðarinnar og samspil möttulstróks og flekaskila og jökla.

Þegar sótt er um gerir samningurinn kröfur um að til sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Samningurinn getur gert athugasemdir við áætlunina í umsóknarferlinu. Eftir að svæði hefur verið skráð á heimsminjaskrá gerir samningurinn ekki athugasemdir nema ríki standi ekki við það sem fram kemur í stjórnunar- og verndaráætlun. Við skráningu svæða er ekki gerð krafa um að svæði sé friðað eða að þar fari ekki fram nein önnur landnýting. Landnýting þarf ekki að draga úr möguleikum svæðis að komast á heimsminjaskrá svo fremi sem hún sé samþykkt í umsóknarferlinu. Stjórnvöld ríkjanna geta hætt við í miðju umsóknarferli finnst þeim kröfur samningsins of strangar.

Það er ríkisstjórn Íslands sem tekur ákvörðun um hvaða svæði skal vinna tilnefningu fyrir en tilnefningunni fylgir kostnaður sem greiðist að hluta til af forsætisráðuneyti. Það er æskilegt að leita samþykkis landeigenda enda gerir samningurinn kröfur um samráð við almenning og sveitarfélög.

### **Umræða og afgreiðsla**

Nefndin ræddi efni erindanna og tengd mál sín á milli og við framsögumenn. Samþykkt var að halda vinnufund nefndarinnar í febrúar þar sem teknar yrðu saman hugmyndir að næstu skrefum. Þau yrðu svo kynnt sveitarfélögum við Breiðafjörð í greinargóðu minnisblaði þar sem lagt verður upp með að svara þeim spurningum sem óneitanlega munu vakna. Minnisblað þetta yrði upphafið að frekara samtali við sveitarfélögin en fundað yrði með þeim í kjölfarið.

Næsti fundur: *Vinnufundur vegna framtíðar Breiðafjarðar* - 26. febrúar í Stykkishólmi.

## Viðauki II – Ósk um endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti  
B.t. ráðherra  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

Stykkishólmi, 2. maí 2018

### **Efni: Ósk um endurskoðun laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar**

Breiðafjörður nýtur verndar skv. lögum nr. 54/1995. Tilgangur laganna er eins og fram kemur í 1. gr. „að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja“.

Breiðafjarðarnefnd er umhverfisráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laganna og í henni eiga sæti sjö menn, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn samkvæmt tilnefningum. Ráðherra skipar formann og varaformann án tilnefningar.

Lögin um vernd Breiðafjarðar eru orðin 22 ára gömul og hafa aldrei verið endurskoðuð, þó á þeim hafi verið gerðar lítilsháttar breytingar vegna annarra lagabreytinga. Síðustu misserin hefur verið rætt, bæði innan og utan Breiðafjarðarnefndar, að tími sé kominn til að endurskoða lögin. Er endurskoðun laganna og setning reglugerða, í því skyni að styrkja vernd Breiðafjarðar, meðal annars nefnd sem eitt af forgangsatríðum næstu ára í Verndaráætlun Breiðafjarðar 2014-2019. Skerpa þurfi á lögum til þess að þau geti þjónað markmiðum sínum. Þau þurfi að gera haldbærari, skýrari og áhrifameiri.

Við endurskoðunina vill Breiðafjarðarnefnd leggja áherslu á sex meginatriði:

- 1) Gildissvið laganna: mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar.
- 2) Stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar.
- 3) Að lögin endurspegli í ríkari mæli alþjóðasamninga á sviði náttúruverndar sem Íslendingar hafa fullgilt og stefnumörkun íslenskra stjórnvalda í umhverfismálum.
- 4) Fyrirkomulag stjórnar og reksturs verndarsvæðis Breiðafjarðar.
- 5) Skýrar reglur og refsíákvæði.
- 6) Setning reglugerða sem styðja og skýra lög um vernd Breiðafjarðar.

Breiðafjarðarnefnd hvetur umhverfis- og auðlindaráðherra til þess að beita sér fyrir því að lög um vernd Breiðafjarðar verði endurskoðuð með það að markmiði að efla vernd þessa einstaka svæðis með tilliti til náttúru- og menningarminja.

Virðingarfyllst f.h. Breiðafjarðarnefndar,  
Erla Friðriksdóttir, formaður

Fylgiskjöl:

1. Greinargerð Breiðafjarðarnefndar um endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995.
2. Samantekt starfshóps umhverfisráðherra um úttekt á lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar: [http://www.nsv.is/pdfskjol/uttekkt\\_log\\_um\\_vernd\\_Breidafjardar\\_des\\_2010.pdf](http://www.nsv.is/pdfskjol/uttekkt_log_um_vernd_Breidafjardar_des_2010.pdf).

## Tímabær endurskoðun laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar - Greinargerð Breiðafjarðarnefndar með bréfi til ráðherra, dags. 2. maí 2018

Gildissvið laganna: mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar

Breiðafjarðarnefnd leggur til að lögum um vernd Breiðafjarðar verði breytt svo þau kveði skýrt á um mörk verndarsvæðisins til lands og sjávar; hversu langt verndarsvæðið nær upp á land og hvort hafsvæðið innan verndarsvæðisins; þ.m.t. sjórinn sjálfur og hafsbótinn, sé hluti þess. Stjórnun verndarsvæðisins yrði mun markvissari og árangursríkari ef hafsbotn, vatnsbolur, fjörur, eyjar, hólmar og sker nytu verndar enda um að ræða órjúfanlega vistfræðilega heild.

Allt frá því að lög um vernd Breiðafjarðar voru sett hafa menn ekki verið á eitt sáttir um mörk verndarsvæðisins. Í 2. gr. laganna er kveðið svo á um mörkin: „Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu“. Ekki er með skýrum hætti kveðið á um gildissvið laganna, þ.e. hversu langt út á sjó eða upp á meginlandið þau ná. Mikilvægt er að skýra mörk svæðisins upp á land, en almennt er talið að þau miðist við mörk stórstraumsflóðs eða fjörukamb ofan stórstraumsflóðs. Vegna sjávarþengdra minja og nytja kann hins vegar að vera eðlilegt að draga mörkin fjær sjó. Útfærsla þess yrði þó að vera í samvinnu við og með samþykki sveitarfélaganna. Þá þarf að taka af tvímæli um það að verndin taki til sjávarins sjálfs og sjávarbotnsins þannig að litið sé á hafsvæðið sem órjúfanlega vistfræðilega heild.

Breiðafjarðarnefnd leggur til að skoðaðir verði kostir þess að stofnað verði hafverndarsvæði á Breiðafirði en þau eru skilgreind sem vatnsbolur, fjörur eða hafsvæði ásamt lífríki og menningarminum, sem verndað er með lögum eða öðrum skilvirkum leiðum. Hafverndarsvæðum má í grunninn skipta í tvo flokka; annars vegar þar sem leyfð er sjálfbær nýting, eins og yrði í tilfelli Breiðafjarðar, og hins vegar svæði sem eru alfríðuð. Markmið með verndarsvæðum í hafi er að ná utan um stjórn svæðanna þannig að saman fari nýting og vernd á öllum stigum.

Stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar

Breiðafjarðarnefnd leggur til að skoðaðir verði möguleikar á stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar til vesturs svo að það nái yfir Breiðafjörð allan.

Allt frá árinu 2004 hafa fulltrúar sveitarfélaga við fjörðinn ásamt fulltrúum Breiðafjarðarnefndar verið sammála um að tímabært sé að styrkja vernd Breiðafjarðar með því að vinna að því að allt Breiðafjarðarsvæðið, frá Öndverðarnesi í suðri til Bjargtanga í norðri, verði hluti af verndarsvæðinu. Þar með myndi verndarsvæði Breiðafjarðar tengja saman mikilvægar náttúruperlur Breiðafjarðar, Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og stærstu fuglabyggðar við N-Atlantshaf, Látrabjarg, um leið og það myndaði eðlilegri landfræðilega heild.

Alþjóðasamningar á sviði náttúruverndar og stefnumörkun íslenskra stjórnvalda í umhverfismálum

Lög um vernd Breiðafjarðar þurfa að endurspeglar alþjóðasamninga mun betur, t.d. samninginn um líffræðilega fjölbreytni, sem og stefnumörkun íslenskra stjórnvalda í umhverfismálum eins og hún kemur fram t.d. í „Velferð til framtíðar“ og stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni og í loftslagsmálum.

Frá því að lög um vernd Breiðafjarðar voru sett fyrir 22 árum hefur margt breyst varðandi alþjóðastarf í náttúruvernd og aðild Íslendinga að því. Sömuleiðis hafa stjórnvöld markað sér stefnu á ýmsum sviðum umhverfismála og sett hafa verið ný heildarlög um náttúruvernd. Þetta þurfa lögin um vernd Breiðafjarðar að endurspeglar.



Fyrirkomulag stjórnar og reksturs verndarsvæðis Breiðafjarðar

**Breiðafjarðarnefnd telur brýnt að komið sé á fastri starfsemi um vernd Breiðafjarðar. Að rekstur svæðisins færast í sambærilegt horf og rekstur Vatnajökulsþjóðgarðs, enda heimamenn lengi barist fyrir meiri sjálfsstjórn yfir þjóðgarðinum Snæfellsjökli og öðrum friðlýstum svæðum með Vatnajökulsþjóðgarð að fyrirmynd. Með starfsmanni/starfsmönnum sem sjá um að vinna verkefni á verndaráætlun, sinna eftirliti, sjá um fræðilega og fjárhagslega þætti er varða rekstur svæðisins sem og að auka fræðslu og önnur samskipti við íbúa og ferðamenn.**

Allt frá setningu laga um vernd Breiðafjarðar hefur engin föst starfsemi um daglegan rekstur verndarsvæðisins verið til staðar. Nefndin hefur frá árinu 2001 verið vísuð hjá Náttúrustofu Vesturlands skv. þjónustusamningi um umjón og rekstur nefndarinnar og hefur einn starfsmaður stofunnar sinnt því verki í 25% starfshlutfalli. Að öðru leyti hefur Breiðafjarðarnefnd aldrei haft starfsmann á sínum vegum heldur samið við stofnanir eða einstaklinga um ýmis verkefni. Breiðafjarðarsvæðið er því hvorki rekið sem verndarsvæði líkt og þjóðgarður eða friðland né heldur eins og önnur svæði sem vernduð eru með sérlögum eins og Vatnajökulsþjóðgarður, Þingvallabjóðgarður eða Mývatnssvæðið.

Árið 2014 var ný verndaráætlun fyrir svæðið samþykkt og gefin út. Þó hefur með öllu verið óráðið hvernig framkvæma eigi verkefni í áætluninni með markvissum hætti og framfylgja þannig lögum um vernd Breiðafjarðar. Breiðafjarðarsvæðið er einstakt svæði bæði hvað varðar menningar- og náttúruminjar og er það meðal annars á yfirlitsskrá Íslands á Heimsminjalista. Breiðafjarðarnefnd telur að brýn þörf sé á því að koma á fastri starfsemi um vernd Breiðafjarðar og leggur til að horft verði til skipurits Vatnajökulsþjóðgarðs hvað það varðar. Á svæðinu yrði því starfsmaður/starfsmenn sem ynnu verkefni á verndaráætlun, sinntu eftirliti, sæju um fræðslu og önnur samskipti við íbúa og ferðamenn auk þess að vinna að frekari styrkingu verndarsvæðisins.

**Skýrar reglur og refsíákvæði**

**Breiðafjarðarnefnd telur brýnt að lög um vernd Breiðafjarðar verði styrkt með því að gera þau skýrari og tilgreina þau refsíákvæði sem gilda við brot á lögum og reglum sem um verndarsvæðið gilda.**

Eins og löggin eru í dag eru þau fremur óskýr og hægt að túlka þau á marga vegu. Mikilvægt er að draga upp skýran ramma utan um þær reglur sem eiga við á verndarsvæði Breiðafjarðar og tilgreina þau refsíákvæði sem gilda ef brotið er í bága við þær.

Setning reglugerða sem styðja og skýra lög um vernd Breiðafjarðar

**Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að samhliða endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar verði gefnar út reglugerðir um náttúru- og menningarminjar, þar sem meðal annars er fjallað um verndarviðmið og útfærslu verndaraðgerða en öll meginverndarviðmið verði í lögnum sjálfum.**

Í 5. gr. laga um vernd Breiðafjarðar er gert ráð fyrir að settar séu tvær reglugerðir að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar. Annars vegar setji umhverfis- og auðlindaráðherra reglugerð um ýmsar verndaraðgerðir á grundvelli laganna og hins vegar setji mennta- og menningarmálaráðherra reglugerð um vernd menningarsögulegra minja.

Hvorug framangreindra reglugerða hefur verið sett og hefur það valdið óhagræði fyrir stjórnslu svæðisins þar sem lítil eða engin viðmið er að finna í lögum um hvað teljist verndarvert og hvernig skuli staðið að vernd einstakra náttúru- og menningarminja. Skortur á skýrum viðmiðum um leyfisveitingar eykur líkur á að ósamræmi sé í ákvarðanatöku m.t.t. markmiða laga um vernd Breiðafjarðar.

**Ítarefni:**

Samantekt starfshóps umhverfisráðherra frá 2010 um úttekt á lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar:  
[http://www.nsv.is/pdfskjol/uttek\\_log\\_um\\_vernd\\_Breidafjardar\\_des\\_2010.pdf](http://www.nsv.is/pdfskjol/uttek_log_um_vernd_Breidafjardar_des_2010.pdf)

## Viðauki III – Fundargerð frá málþingi um Framtíð Breiðafjarðar

### Framtíð Breiðafjarðar: fræðslu- og umræðuþing

23. október 2019, Tjarnarlundi, Dalabyggð

#### Formaður Breiðafjarðarnefndar, Erla Friðriksdóttir, setti fundinn.

Erla rifjaði upp fund Breiðafjarðarnefndar með umhverfisráðherra í Flókalundi sumarið 2018. Þar var meðal annars til umræðu fyrirhuguð stofnun svonefndrar þjóðgarðastofnunar og væntanlegt hlutverk Breiðafjarðarnefndar innan hennar. Út frá því kviknaði enn líflegri umræða um framtíð Breiðafjarðar. Breiðafjarðarnefnd taldi að besti kosturinn til að meta hver næstu skref varðandi framtíð Breiðafjarðar, mannlífs, atvinnulífs og lífríkis fjarðarins í heild, væri að hefja umræðuna á meðal íbúa, hagsmunaaðila, sveitarstjórnarfólks og landeigenda. Því hafi nefndin boðað til þessa fræðslu- og umræðuþings.

Erla fól fundarstjóra Stefáni Gíslasyni, umhverfisstjórnunarfræðingi hjá Environice, stjórn fundarins.

#### Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, ávarpaði þingið.

Ráðherra þakkaði nefndinni fyrir að standa fyrir svona fundi og að hafa tekið af skarið við að hefja endurskoðun á lögum um vernd Breiðafjarðar. Hann sagði að mikilvægt væri að hefja samtalið um með hvaða hætti við viljum halda áfram að standa vörð um þau gæði sem við Breiðafjörðinn eru, gæði náttúrunnar og þau gæði sem felast í því að nýta náttúruna. Hann lagði áherslu á að náttúruvernd snúist ekki um að loka á og banna heldur sé um að ræða stjórnæki til að nýta náttúruna með sjálfbærum hætti.

#### Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands, fjallaði um sérstöðu Breiðafjarðar.

Jarðfræði og landslag svæðisins er að mörgu leyti sérstakt. Á Breiðafirði er þriðjungur af grunnsævi Íslands, óteljandi eyjar og sker og mikil sjávarföll og sterkir straumar. Samspil ólífænna þátta sem er einstakt á Íslandi leggur grunninn að miklu og fjölbreyttu lífríki á firðinum. Sterkir straumar, mikið grunnsævi, botngerð, löng strandlengja, næringarríkur sjór, miklar fjörur mynda aðstæður fyrir fjölbreytt búsvæði á sjávarbotni og á fjörum. Mikið grunnsævi veldur því að nægt ljós nær niður á botn og þar þrífast þörungar í miklu magni. Klóþang er ríkjandi í fjörum og mikið af þara er á norðanverðum firðinum. Þörungar mynda mikilvæg búsvæði því þar er skjól. Smádyr sækja inn í gróðurinn og stærri dýr éta þau. Þörungar gegna líka mikilvægu hlutverki í efnahringrás en þeir frumframleiða álíka mikið og regnskóar, binda mikið kolefni og gegna grundvallarhlutverki í efnahringrás kolefnis og niturs. Jákvæð áhrif þessara svæða ná langt út fyrir landfræðileg mörk skóganna, bæði upp á land, á önnur svæði á landgrunninu og út á mun meira dýpi. Breiðafjörður hefur verið skilgreindur sem mikilvægasta fuglasvæði landsins af Náttúrufræðistofnun Íslands, og það er fyrir utan Látrabjarg.

Á Breiðafirði eru mikilvægar minjar um sögu mannsins á Íslandi en svæðið er þekkt fyrir öflugt menningarlíf í gegnum aldirnar. Í þessu samhengi má nefna bókhlöðuna í Flatey, prentsmiðjuna í Hrapsey og byggðarheildina í Flatey sem nú nýtur hverfisverndar. Á Breiðafirði hefur mikilvægi hlunninda alltaf verið sterkt og almennt vísað til fjarðarins sem matarkistu. Víða um fjörðinn eru minjar um hlunnindabúskap.

#### Trausti Baldursson, líffræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, fjallaði um Breiðafjörðinn sem mögulegt Ramsarsvæði.

Ramsar samningurinn um votlendi er kenndur við Ramsar í Íran. Samningurinn er frá árinu 1971 og varð til á þeim tíma sem menn fóru að gera sér grein fyrir mikilli mengun í heiminum og eyðingu búsvæða (sérstaklega fugla til að byrja með). Með samningnum var reynt að bregðast við þeim breytingum sem áttu sér stað í heiminum. Samningurinn fjallar fyrst og fremst um skynsamlega nýtingu, bæði hvað varðar vernd og sjálfbæra nýtingu votlendis og allrar þjónustu sem votlendissvæði veita mönnum og náttúru. Í raun og veru þýðir samningurinn ekki annað en það að ganga almennilega um náttúruna, geyma höfuðstólinn og nýta vextina.

Nú eru 170 þjóðir aðilar að samningnum og svæðin tæplega 2400. Samningurinn var samþykktur á Íslandi árið 1978 og var Mývatn og Laxá fyrsta svæðið sem skráð var á listann. Svo bættust Þjórsárver, Grunnafjörður, Snæfell og Eyjabakkur, Andakíll og Guðlaugstungur við. Með samningnum skuldbindur Ísland sig til þess að fylgja því sem samningurinn fjallar um og er hann bæði innleiddur inn í lög um náttúruvernd og almennar skuldbindingar Íslands. Sem dæmi má nefna að 61. grein náttúruverndalaga um vernd votlendis er byggð á þessum samningi.

Samningurinn tekur til alls votlendis niður á 6 metra dýpi, sem sagt mýra, flóa, fenja, vatna og straumvatna, fersk vatns og salt vatns. Votlendi er lífsnauðsynlegt fyrir afkomu manna og dýra og eru einhver þau lífauðugustu svæði sem um ræðir. Votlendi þjónusta ekki aðeins lífríkið sjálf heldur eru þau vörn gegn flóðum, uppspretta ferskvatns og binding fyrir kolefni.

Þegar metið er hvort svæði er alþjóðlega mikilvægt og gjaldgengt á lista Ramsar er notast við þar til gerð viðmið samningsins. Þar má nefna votlendi sem er dæmigert eða sjaldgæft, lítt raskað eða búsvæði með mikið magn lífríkis, fjölbreytt lífríki eða búsvæði tegunda (dýra og plantna) sem eru í hættu. Auk þessa er stuðst við ákveðin töluleg viðmið, t.d. hvað varðar fjölda tegunda, farleiðir, hrygningasvæði, uppeldissvæði, fæðuuppsprettu og svo framvegis. Hvert svæði þarf aðeins að uppfylla eitt af þessum viðmiðum til þess að teljast gjaldgengt á lista Ramsar. Breiðafjörður uppfyllir nánast öll þau viðmið sem um ræðir og því leikur enginn vafi á að svæðið er mikilvægt á heimsvísu.

Þegar rætt er um tilnefningu Breiðafjarðar á lista Ramsar er mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvort tilnefningin feli í sér hömlur fyrir svæðið og hver tækifærin væru. Trausti taldi að það sem mögulega væri dregið fram sem hömlur væri ótti við afskipti af svæðinu erlendis og innanlands frá. Trausti taldi svona afskipti ekki endilega vera af neikvæðum töga. Svæðið nýtur þegar verndar skv. sérlögum en þó virðist enn vanta kjarnann í þá vernd. Ávinningurinn yrði sá að til yrðu nokkurs konar leikreglur sem gætu markvisst stuðlað að bættari umgengni. Skráning á lista Ramsar myndi auk þess auðvelda þeim sem stjórna svæðinu að nýta reynslu annarra sem hafa stjórnað sambærilegum svæðum. Skráning Breiðafjarðar á lista Ramsar gæti auk þess falið í sér tækifæri þegar kemur að vottun og markasetningu vara framleiddra á svæðinu en úttektir sem gerðar eru í tengslum við Ramsar nýtast til dæmis þegar sækja á um gæðavottun. Ferðmenn vilja auk þess heldur heimsækja svæði sem eru einstök og vel rekin. Tækifærið felst þó fyrst og fremst í því að varðveita svæðið til framtíðar.

### **Sigurður Á Þráinsson, deildarstjóri hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, fjallaði um heimsminjasamning UNESCO**

Samningur UNESCO um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins var samþykktur árið 1972. Aðildarríki að honum eru nú 193 og heita þau því að standa vörð um menningu heimsins, vernda heimsminjar og sporna gegn eyðingu þeirra. Ísland staðfesti samninginn árið 1995. Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna er umsjónaraðili samningsins en á Íslandi er hann vistaður hjá menntamálaráðuneytingu og umhverfisráðuneytinu. Heimsminjanefnd er skipuð fulltrúum frá 12 ríki. Hún fundar árlega og hefur aðalákvörðunarvald hvað varðar tilnefningar, innskráningar á listann og ástand heimsminjastaða. Aðildarríki skulu skila inn yfirlitsskrá yfir þau svæði sem gætu átt heima á heimsminjaskrá. Ríki getur svo tilnefnt svæði sem það vill fá á listann en tilnefning tekur um það bil 3-5 ár. Þá tekur við um það bil 18 mánaða matsferli hjá heimsminjanefnd sem ákveður hvort skrá skuli svæðið eða ekki. Þegar svæði hefur verið sett á heimsminjaskrá er ríki ábyrgt fyrir vernd og sjálfbærri nýtingu að forskrift heimsminjanefndar en markmiðið er að stýra og stjórna svæðum þannig að gildi þeirra á heimsvísu viðhaldist. Til þess að teljast hafa einstakt gildi á heimsvísu þarf staður að uppfylla að minnsta kosti eina kröfu samningsins, t.d. kröfu um heilleika og upprunaleika eða kröfu um vernd og stjórnun.

Hvað Breiðafjörð nýtur svæðið þegar verndar og hefur skilgreinda stjórn og umsjón, verndaráætlun er til fyrir svæðið og það hefur þegar verið sett á yfirlitsskrá Íslands. Svæðið er upprunalegt og heillegt og uppfyllir því margar af kröfum samningsins. Það sem stendur í vegi fyrir að svæðið teljist gjaldgengt á heimsminjaskrá er að á skránni er þegar svæði sem er að mörgu leyti sambærilegt, að minnsta kosti hvað menningarhlutann varðar, Vega í Noregi. Það þyrfti því að skilgreina menningarlega þáttinn öðruvísi en gert er í Vega auk þess sem mikla áherslu yrði að leggja á náttúruminjar á svæðinu.

### **Steinar Kaldal, verkefnisstjóri hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, fjallaði um hvers vegna það ætti að stofna þjóðgarð á svæðum.**

Í dag eru þrír þjóðgarðar á Íslandi, Þingvallarþjóðgarður (frá 1930), Snæfellsjökull (frá 2001) og Vatnajökulsþjóðgarður (frá 2008). Umgjörðin utan um þessa þjóðgarða er mjög mismunandi. Þingvallarþjóðgarður var stofnaður með sérlögum og í stjórn hans sitja þingmenn. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökuls var stofnaður með lögum um náttúruvernd og með stjórn hans fara Umhverfisstofnun og Snæfellsbær. Vatnajökulsþjóðgarður var stofnaður með sérlögum og í honum er mikil áhersla lögð á valddreifingu. Garðinum

er skipt í fjögur rekstarsvæði, innan þeirra eru svæðisráð og formenn þeirra eru sveitarstjórnarfulltrúar. Sveitarstjórnarfulltrúar skipa einni meirihluta í stjórn þjóðgarðsins.

Markmið laga um náttúruvernd er að vernda heilstæða náttúruleg svæði en tryggja aðgang til útivistar og til að kynnast náttúru og sögu. Lög um Vatnajökulsþjóðgarð bæta við þetta markmið þar sem leitast er að við að styrkja byggð og atvinnustarfsemi, vernda náttúru og gefa almenningi kost á að kynnast náttúru og sögu.

Í Skotlandi eru byggðafélög oft innan þjóðgarða. Markmið með þjóðgörðum þar er að ýta undir sjálfbæra nýtingu á svæðinu og efla byggðapróun. Í Cairngorms þjóðgarðinum í Skotlandi hafa mælst mikil hagræn áhrif í nærsamfélaginu. Um það bil 50% gesta geta lýst merki garðsins og fyrirtæki á svæðinu nýta sér þetta merki í sinni markaðssetningu.

Í Kosta ríka átti sér stað mikil land- og skógareyðing á áttunda áratugnum. Um er að ræða svæði sem hefur hvað mestan líffræðilegan fjölbreytileika sem fyrirfinnst. Þessi eyðing varð til þess að íbúar hættu í einni tegund nýtingar og hófu aðra tegund. Fjölgðu verndarsvæðum og einblíndu á vistvæna ferðamennsku, náttúruferðamennsku og markaðssetningu á þeim forsendum. Nú er þessi tegund ferðamennsku orðin stærsta atvinnugrein Kosta ríka.

Það að gera svæði að þjóðgarði eflir sameiginleg gildi svæðisins, lyftir því á ákveðinn stall og gerir það verðmætara í augum samfélagsins. En er ákjósanlegt að svæði laði að sér ferðmenn, eins og þjóðgarðar gera óneitanlega? Þjóðgarðar laða mögulega að sér fleiri gesti en önnur svæði en á sama tíma skapa þeir umgjörð á svæðinu sem gerir það undirbúið undir að taka á móti fólki. Markmið með þjóðgarði er að tryggja aðgang og nýtingu út frá náttúruvernd.

Hvað gerir Breiðafjörðinn verðugan til þess að vera vera gerður að þjóðgarði? Svæðinu tengist mikil saga með tilheyrandi menningarminjum. Á Breiðafirði hafa hlunnindi verið nýtt á sjálfbæran hátt aftur í aldir. Náttúra svæðisins er falleg og einstök og sérstakt lífríki fjarðarins ásamt jarðfræði er þegar verndað með sérlögum. Svæðið býður upp á einstakt tækifæri til náttúruupplifunar. Ört vaxandi ferðaþjónusta kallar á frekari stýringu innan svæðisins, skipulag og fræðslu. Friðlýsing væri einmitt tæki til þess.

### **Björn Ingi Jónsson, formaður svæðisráðs suðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, fjallaði um reynsluna af þjóðgarði.**

Björn Ingi sat í bæjarstjórn á Hornafirði (2006-2018), var bæjarstjóri og varaformaður og svo formaður svæðisráðs frá stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Lög nr. 60/2007 og reglugerð sem þeim fylgir eru lykillinn að stýringu Vatnajökulsþjóðgarðs. Aðalstjórn tækið er stjórnunar- og verndaráætlun auk atvinnustefnu fyrir þjóðgarðinn, sem verður innleidd um áramótin. Í dag eru sjö fulltrúar í stjórn þjóðgarðsins og kemur meiri hluti þeirra úr svæðisráðum, þ.e. eru sveitarstjórnarfulltrúar. Áhersla er lögð á góða tengingu við hagsmunaaðila og nærsamfélag.

Aðdragandi að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er langur. Skaftafellsþjóðgarður var stofnaður árið 1987 en árið 1988 kom fyrst fram hugmynd um fjóra þjóðgarða á svæðinu. Starfshópar unnu við undirbúning en sveitarfélagið Hornafjörður tók málið steklega til sín. Hugmyndin var rædd í bæjarstjórn og tekin fyrir í nefndum auk þess sem sveitarfélagið stóð fyrir íbúafundum, málþingi og bauð upp á umræður um hugmyndina. Þetta var gert til þess að tengja hugmyndina inn í nærsamfélagið og átta sig á því á hvað sveitarstjórn ætti að leggja áherslu í samskiptum sínum við hið opinbera. Í þessum samhengi minnti Björn Ingi á að undirbúningur þjóðgarðs þyrfti tíma.

Það sem fram kom þegar samráð var haft við nærsamfélagið var vilji fyrir að áhersla yrði lögð á náttúruvernd og á passað yrði upp á hver áhrif garðsins yrðu á byggð á svæðinu, hver áhrif yrðu á atvinnulíf (þá helst áhyggjur af landbúnaði á svæðinu) og nytjar (aðallega veiðar). Frá stofnun þjóðgarðsins hefur náttúruvernd verið bætt og garðurinn hefur nýst til þess að heiðra sögu svæðisins og baráttu íbúa við eld og ísa. Garðurinn hefur nýst vel til þess að byggja upp nærsvæðin og snúa fólksfækkun yfir í fólksaukningu. Garðurinn hefur nýst vel til uppbyggingar á ferðaþjónustu og uppbyggingu innviða, bæði af hálfu þjóðgarðarins sjálfs, sveitarfélaga og einkaaðila. Útivist og hreyfing hefur aukist á svæðinu. Garðurinn hefur stutt við uppbyggingu á veitingastöðum, gististöðum, ferðaskipuleggjendum, félags- og hagsmunasamtökum og rannsókn- og fræðsamfélögum. Í

Þjóðgarðinum er um það bil 25 starfsmenn, fyrir utan skrifstofuna í Reykjavík. Af þeim eru 19 mann á suðursvæði. Á sumrin er fjöldi starfsfólks um 80-100 manns. Þjóðgarðurinn hefur því óneitanlega efnahagsleg áhrif inn í samfélagið og sveitarfélögin.

Stofnun þjóðgarðsins hefur þó ekki aðeins haft jákvæð áhrif. Enn finnast áskoranir sem takast þarf á við og snúa þær helst að innviðum svæðisins. Aukinn ferðamannastraumur kallar á fleira starfsfólk og tilheyrandi aðstöðu fyrir það, fleiri leiðir og áningarstaði.

Mikilvægast af öllu er að móta stefnu og hafa skarpa sameiginlega sýn og verkferla allt frá uppafi. Mikilvægt er þessir verkferlar séu unnir samhliða laga- og reglugerðasetningu. Mestu tækifærin felast í því vitað sé að strax frá stofnun hvernig á að afgreiða þær beiðnir sem berast. Stjórnfyrikomulagið í Vatnajökulsþjóðgarði er lykillinn að velgengni, það er að völd og áhrif séu í höndum heimamanna en að hagsmunir ferðaþjónustu og náttúruverndar séu líka hafðir í huga.

Björn Ingi minnir á að umburðarlyndi, þolinmæði og þrautseigja séu lykilorð sem hafa þarf í huga þegar kemur að undirbúningi að stofnun og rekstri þjóðgarðar.

### **Spurningar úr sal.**

Þar sem Björn Ingi þurfti að yfirgefa málþingið eftir erindi sitt var gestum boðið að bera upp spurningar til hans.

*Spurning úr sal: Hvernig hefur þjóðgarðurinn haft áhrif á landbúnað og veiði?*

Ekki er verið að setja höft á hefðbundinn landbúnað á meðan aðstæður og landsvæði þolir. Í stjórnunar- og verndaráætlun er hefðbundin landnýting heimil og með henni fylgir kort þar sem sýnir hvar hún er heimil. Það er mikilvægt að eiga samtalið við alla hlutaðeigandi aðila þegar þetta er teiknað upp. Þó voru dæmi um það að á ákveðnum svæðum hafi verið nokkrir vegslóðar sem allir lágu frá sama stað á sama stað. Í skipulagsvinnu fyrir svæðið var sammælt um að nýta aðeins nokkra þeirra en reyna að leggja aðra af.

*Spurning úr sal: Á Breiðafirði er mikið af landi í einkaeigu, hvernig hefur þess háttar málum verið háttað í Vatnajökulsþjóðgarði?*

Dæmi eru um að aðilar hafi lagt land til þjóðgarðsins en átt það áfram. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið gerði samning við landeigendur og þannig var landið innlimað inn í þjóðgarðinn. Um er að ræða bændur sem töldu landið sitt verðmætt og gæti nýst vel innan þjóðgarðs. Landeigendur hafa verið fengnir til þess að sinna móttöku og viðhaldi en þjóðgarðurinn hefur séð um stíga- og skiltagerð. Frumkvæðið að leggja landið til undir þjóðgarð er spröttið frá landeiganda og ávinningur þeirra er uppbygging og betri aðstaða fyrir ferðamenn sem heimsækja svæðið.

### **Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar, fjallaði um Snæfellinga og þjóðgarðinn Snæfellsjökul.**

Eftir að þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður árið 2001 hefur orðið mikil fjölgun gesta á svæðinu og ferðaþjónusta hefur eflst mikið. Með þjóðgarði fæst verndaráætlun þar sem skipulagt er á hvaða svæði á að beina gestum og göngustígar, bílastæði og klósett eru skipulögð. Þjóðgarður felur í sér skipulagða uppbyggingu, móttöku gesta og formlega leiðsögn. Þjóðgarði fylgja starfsmenn og afleidd störf. Kristinn benti á að verndaráætlun ætti að fylgja framkvæmdaáætlun fyrir uppbyggingu innviða. Ábatinn af þjóðgarði fyrir samfélagið er mikill bæði efnahagslega sem og þjónustulega séð.

### **Jón Björnsson, þjóðgarðsvörður í þjóðgarðinum Snæfellsjökli, fjallaði um kosti og galla friðlýsinga.**

Svæði hafa verið friðuð allt frá örófi alda. Fyrsti þjóðgarðurinn var stofnaður í Bandaríkjunum á grundvelli þess að um sérstakan stað væri að ræða vegna landgæða og arfleifðar. Íslendingar stofnuðu fyrsta þjóðgarðinn árið 1930 en upp úr 1970 átti sér stað flóðalda friðlýsinga með náttúruvættum og friðlöndum.

Allt til dagsins í dag hafa friðlýsingar svæða verið mjög umdeildar en sú sýn er smátt og smátt að breytast með breyttri nálgun. Friðlýsing þýðir ekki að allt sé bannað. Hugmyndir að friðlýsingum ættu að koma frá sveitarfélögum og hafa gert í meira mæli upp á síkastið.

Friðlýsing er ákveðin skuldbinding og sérstakt leyfi þarf til framkvæmda á friðlýstu svæði. Oft er rætt um að friðlýsing feli í sér tapað forræði yfir landinu. Því er ólíkt farið á milli svæða. Friðlýsingum fylgir aftur á móti

fjármagn til svæðisins ekki síst með tilkomu Innviðasjóðs. Friðlýsingum fylgir skipulag og vernd auk þess sem tækifæri svæðisins eru greind og þau gerð aðgengileg almenningi og vernduð um leið. Friðlýst svæði gefa tækifæri til upplifunar og endurnæringar, fræðslu og aukinnar þekkingar á svæðin auk þess að gera heimamenn stolta af heimkynnum sínum.

Ekki er mikil reynsla af því hér á landi hvernig er að búa á friðlýstu svæði þó það sé vel þekkt erlendis. Í Cairngorms þjóðgarðinum í Skotlandi búa 18.000 manns og er stærsti hluti landsins í einkaeigu. Íbúar höfðu mikla aðkomu að stjórnun og skipulagningu á garðinum. Mögulegt var að selja landareignina sína til þjóðgarðsins en ekki nýtingarréttinn og ef land var beitarland var ekki hægt að taka það úr beit. Þetta er hluti af menningu þessa svæðis og reynt að halda fast í hana, hálandameninguna.

### **Martin Price, í verkefnisstjórn fyrir Man and the Biosphere, fjallað um Man and the Biosphere verkefni UNESCO.**

Maðurinn og lífhvolfið (e. Man and the Biosphere) er verkefni á vegum UNESCO. Svæði sem fellur undir verkefnið þarf að vera svæði með sterk sérkenni, alþjóðlega viðurkennt af UNESCO fyrir líffræðilegan fjölbreytileika eða einstakt umhverfi. Á svæðinu þarf að vera til staðar samstarf hagsmunaaðila í átt að sjálfbærri framtíð. Svæðinu er skipt í þrennt, kjarna (e. core area), miðsvæði (e. buffer zone) og nágrenni (e. transition area). Þátttaka hagsmunaaðila í verkefninu er nauðsynleg og til staðar þarf að vera stjórnunaráætlun og stefna svæðisins sem lífhvolfssvæði (e. biosphere reserve).

Innsta svæðið er sérstaklega tileinkað náttúruvernd og verður að vera friðlýst samkvæmt lögum viðkomandi ríkis. Miðsvæðið verður að hafa vel skilgreind mörk. Nágrannasvæðið er stundum kallað samstarfssvæði. Þar er áhersla lögð á sjálfbærni og þar býr flest fólk á svæðinu. Rannsóknir og vöktun er unnin í á miðsvæðinu. Þó þetta sé módelið sem unnið er eftir er ekkert af svæðunum nákvæmlega svona. Reglubundins eftirlits er krafist á 10 ára fresti þar sem skoðað er hvort svæðið uppfylli kröfur Man and biosphere verkefnisins.

### **Erla Friðriksdóttir, formaður Breiðafjarðarnefndar, fjallaði um framtíð Breiðafjarðar og næstu skref nefndarinnar**

Breiðafjarðarnefnd hefur enn ekki myndað sér skoðun á því hver séu næstu skref varðandi framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar. Nefndin telur þó að endurskoða þurfi lögin um vernd Breiðafjarðar. Nefndin hefur lagt áherslu á að stjórn svæðisins verði áfram í höndum heimafólks og á svæðinu verðu starfandi landvörður og starfsemi í kringum verndarsvæðið aukin. Erla minnti á að sveitarfélögin hafi skipulagsvald á svæðinu en eins og staðan sé í dag hefur svæðið ekkert verið skipulagt að Flatey undanskilinni.

Breiðafjarðarnefnd vill fá upplýsingar frá sveitarstjórnnum, íbúum og landeigendum um hvað á að leggja áherslu á varðandi framtíð fjarðarins. Málþing þetta sé sérstaklega ætlað til þess að upplýsa nefndina og aðra um hver viljinn sé og hefja samtalið um framtíð fjarðarins.

#### **Umræður og fyrirspurnir:**

*Í þjóðgarðinum Snæfellsjökli eru veiðar á ref bannaðar. Hefur farið fram rannsókn á því hvort þetta bann hefur áhrif? Refagreni hafa verið vöktuð í þjóðgarðinum frá stofnun hans og upplýsingum safnað frá refaskyttum. Í stuttu máli hefur friðun ekki haft nein áhrif á þéttleika óðala en breytingin virðist hafa verið sú að greni voru ekki unnin og því komust yrðlingar á legg. Engar rannsóknar hafa verið gerðar á því hvernig þeim vegnaði eða hvert þeir fóru. Einhver útflutningur hefur verið úr þjóðgarðinum frá því að hann var stofnaður. Minkaveiðar eru leyfðar á svæðinu af ákveðnum aðilum enda skynsamlegt að halda áfram veiðum á ágengum tegundum.*

*Er ekki möguleiki að Snæfellsnes væri vettvangur fyrir þjóðgarði með íbúabyggð, stækka um leið þjóðgarðinn yfir allt Snæfellsnes og út á Breiðafjörð? Í náttúruverndarlögum skal þjóðgarður að jafnaði vera í eigu ríkisins, er einhver möguleiki að fá þessu breytt?*

Ekki enn fundist eitthvað neikvætt fyrir því að þjóðgarður nái yfir byggð svæði.

Ráðherra tekur undir að vissulega geti sú klausa að land þurfi að vera í eigu ríkisins til að vera hluti af þjóðgarði verið hamlandi. Hann bendir þó á að alltaf þarf að gera samninga við einkaaðila ef land hans á að vera hluti af

þjóðgarðinum. Það þarf ekki endilega að gera lagabreytingu vegna þessa. Við stofnun miðhálandisþjóðgarðs er til dæmis ekki verið að miða við eignalönd nema landeigendur óski eftir því.

*Er verið að stefna á að gera svæðið að þjóðgarði? Hvaða svæði er verið að stefna á að setja undir þjóðgarð? Vert er að hafa í huga að á svæðinu eru að mestu eignarlönd og lítið um þjóðlendur. Mest jarðir þar sem verið er að nytja hlunnindi. Er til greining á því hvort aukning gesta á Snæfellsnesi hefur með þjóðgarðinn að gera eða hvort það fylgir almennt aukningu í ferðaþjónustu.*

Formaður Breiðafjarðarnefndar bendir á að Breiðafjarðarnefnd hefur enn ekki myndað sér skoðun á því hvort stefna ætti á að gera Breiðafjörðinn að þjóðgarði. Málþingið er ætlað til þess að hefja umræðuna um hver næstu skref ættu að vera. Hefur fólk á svæðinu almennt áhuga á því að Breiðafjörðurinn hljóti aukna vernd? Ljóst er að endurskoða þarf lögin og samhliða því hefur nefndin tekið tillit til hugmynda sveitarfélaga við fjörðinn um stækkun á verndarsvæðinu.

Kristinn Jónasson segir ljóst að þjóðgarðurinn Snæfellsjökull hafi aðráttarafi fyrir ferðamenn. Hann bendir líka á mikilvægi þess að vera í stakk búinn til að taka á móti auknum fjölda gesta og það hefur þjóðgarður leyst.

*Er þörf á uppbyggingu á svæðinu og þá helst í eyjum sem eru ekki aðgengilegar gestum. Ramsarsvæði skila engum beinum peningum til svæða þó um sé að ræða viðurkenningu sem hægt sé að nýta í sókn.*

Innviðir eru ekki bara byggðir upp til þess að gera svæði aðgengileg heldur til þess að verja þau og koma í veg fyrir að þau skemmist. Hingað til hefur innviðuppbygging á Íslandi snúist um að koma í veg fyrir skemmdir á svæðum í kjölfar gríðarlegrar aukningar gesta. Hefur almennt ekki snúist um að byggja upp svæði markvisst til þess að fjölga fólki á þeim.

*Ef stofna á þjóðgarð á svæðinu er mikilvægt að hafa í huga hvert markmiðið sé. Fólk þarf að geta haldið áfram að búa á svæðinu. Á að setja takmörk á uppbyggingu í tengslum við ferðaþjónustu, t.d. í eyjum? Hvernig á að stjórna því?*

Þjóðgarðar eru skilgreindir sem stór náttúruleg svæði þar sem almenningi er veittur aðgangur. Þeir séu sérstaklega hannaðir til þess að taka á móti fólki. Það sé ekkert endilega skynsamlegt að setja á stofn þjóðgarð þar sem þyrfti búsvæðavernd.

Það eru líklega þúsundir landeigenda við Breiðafjörð. Mörg svæði sem eru ekki aðgengileg almenningi og margar eyjanna óaðgengilegar yfir varptímann. Það getur verið hættulegt að ferðast um fjörðinn en umferð ferðamanna eykst stöðugt, skemmtiferðaskip og kajakferðir. Umferð um fjörðinn þarf að vera hægt að stýra í sátt og samlyndi við landeigendur.

*Er þörf á aukinni verndun, nema þá mögulega verndun fyrir ferðamönnum? Þegar talað er um friðun niður á aukið dýpi er þá verið að útiloka grásleppuveiðar?*

Friðun er ekki útilokun á neitt. Hefðbundin hlunnindanýting ætti almennt rétt á sér á friðlýstum svæðum ef hún er sjálfbær.

*Umræða um þjóðgarð á Breiðafirði áhugaverð en veltir fyrir sér hvort sveitarfélögin ættu að hafa forgöngu um uppástunguna. Hver myndi fjármagna uppbyggingu innviða? Ræður afstaða landeigenda því hvort svæðið verður gert að þjóðgarði? Lög og reglur geta verið íþyngjandi en á sama tíma leiðbeinandi og oft til þess að auka verðmæti svæðisins.*

Það eru til nokkrir friðlýsingarflokkar sem allir hafa mismunandi reglur. Friðland er til dæmis með mun strangari reglur en þjóðgarður. Þjóðgarðsformið er í raun og veru vægari náttúruvernd en aðrir friðlýsingarflokkar sem eru í boði. Tillaga að þjóðgarði getur komið frá ríki, landeiganda, utan úr bæ eða frá sveitarfélagi. Þegar ákveðið hefur verið að friðlýsa svæði eru stofnaðir samráðshópar þar sem unnið er að friðlýsingarskilmálum fyrir svæðið. Þar er tilgreint hver markmið friðlýsingarinnar séu og hvað íbúar og hagsmunaaðilar vilji sjá gert á svæðinu.

*Breiðafjörður er einstakt svæði svo það er erfitt að bera hann saman við aðra þjóðgarða hérlendis. Ekki eftirsóknarvert að fá straum af ferðamönnum inn á svæðið eins og það er í dag. Aukin siglingaumferð um fjörðinn er staðreynd og fer líklega enn vaxandi. Verndartæki eins og friðlýsingar eru tól til þess að stýra umferð um svæðið. Heimafólk hefur þannig umsjón með hvernig svæðinu er stýrt. Friðlýsing þýðir ekki endilega að sú nýting*



*sem fram fer í dag verði bönnuð, svo lengi sem hún er sjálfbær. Mögulega yrðu gerðar frekari kröfur um að sýna þurfi fram á að nýting innan svæðisins sé sjálfbær.*

*Rannsóknir á lífríki fjarðarins eru mjög mikilvægar og ætti að framkvæma áður en aukin nýting á firðinum er samþykkt. Ekki ana út í neitt hvað varðar nýtingu án þess að athuga fyrst hverjar afleiðingarnar verða fyrir fjörðinn í heild sinni.*

*Ef þjóðgarður er svæði fyrir almenning er þá ekki út úr myndinni við Breiðafjörð þar sem eyjarnar á firðinum eru í einkaeigu og njóta friðunar?*

Þjóðgarður er skilgreindur sem náttúruverndarsvæði sem veitir almenningi aðgang. Þá er ekki endilega verið að tala um allt svæðið. Gæti til dæmis aðeins átt við strandsvæði við Breiðafjörð. Það ákvarðast af stýringu og af því hvernig sveitarfélögin myndu vilja haga verndinni.

Það er yfirvofandi vandamál, hvort sem okkur líkar betur eða ver, að hingað koma fleiri og fleiri gestir. Okkur vantar tækið til þess að stýra og þurfum því að hugsa fram í tímann.

*Þátttakendur eru hvattir til þess að líta á svona samkomur sem samtál. Þökk sé Breiðafjarðarnefnd fyrir að hefja samtalið.*

*Rannsóknir eru af hinu góða en reynsla getur líka komið að gagni. Þeir sem þekkja til þangskurðar á svæðinu vita að 2/3 af því svæði sem þang vex á eru klungur sem ekki er hægt að nýta til þangskurðar.*

Hræðsla við þjóðgarða er alveg skiljanleg. Þjóðgarðar eru aftur á móti millileið í verndun og stýritæki til þess að bjóða fólki upp á nýta náttúruna, bjóða gesti velkomna og stýra þeirri umferð sem því fylgir. Hver hefur forgöngu um friðlýsingu? Ríkið getur ekki mætt á svæðið og friðlýst. Ef eitthvað er á áætlun ríkisins sem hefur verið samþykkt af Alþingi getur ríkið knúið fram slíka friðlýsingu. Ef ekki þarf að koma til vilji landeigenda og sveitarfélags. Það væri ekki hægt að friðlýsa nema vegna þess að landeigendur og sveitarfélög óski eftir því. Mikil bylting hefur átt sér stað við stofnun innviðasjóðs hvað varðar fjármagn til uppbyggingar innviða innan þjóðgarða. Nú er reynt að bregðast við á þeim stöðum sem hafa orðið hvað verst úti vegna álags af ferðamönnum. Oft er spurt hvað verður um veiðar? Hvað verður um nýtingu? Það er misjafnt eftir reglusetningu en almennt á að taka mið af vilja heimamanna. Mikil þróun hefur átt sér stað á þjóðgöörðum og öðrum friðlýstum svæðum á síðustu áratugum. Áður voru þetta lokuð svæði sem ekkert mátti nýta. Nú er nýting víða leyfð ef hún er sjálfbær, enda vildum við varla stunda nýtingu sem ekki er sjálfbær. Ef svæði er gert að þjóðgarði gilda þar líka önnur lög, svo sem lög um fiskveiðistjórnun og fleiri þess háttar sérlög. Þjóðgarður er fyrst og fremst stýritæki sem getur veitt ótrúlegt tækifæri fyrir byggðirnar. Þekking heimamanna er mikilvæg. Stjórn og svæðisráð yfir þjóðgarði sem eru skipuð heimamönnum. Þetta er þróunin í náttúruverndinni nú til dags. Búum til tækifæri fyrir byggðirnar okkar!

Viðauki IV – Samantekt frá fræðslufundum með íbúum við fjörðinn

## **Fræðsluvöld um framtíð Breiðafjarðar, haldið í Klifi, Snæfellsbæ, 20. janúar 2020.**

24 mættir (þar á meðal nefndarmenn, Erla Friðriksdóttir, Róbert A. Stefánsson, Magnús A. Sigurðsson, Ragnhildur Sigurðardóttir og starfsmaður nefndarinnar Theódóra Matthíasdóttir).

### **Erla Friðriksdóttir, formaður Breiðafjarðarnefndar**

Erla setti fundinn og sagði hann haldinn í framhaldi af málþingi sem nefndin stór fyrir í Tjarnarlundi í Dalabyggð í lok október 2019. Nefndin telji að endurskoða þurfi lög um vernd Breiðafjarðar til þess að skýra þau og styrkja. Samhliða þeirri vinnu, sem og vinnu umhverfis- og auðindaráðuneytis við undirbúnings svokallaðrar Þjóðgarðastofnunar, hafi nefndin rætt ýmsa möguleika hvað varðar vernd á svæðinu. Fundurinn er sá fyrsti í fundaröð í sveitarfélögum við fjörðinn. Fundirnir eru liður í því að kalla eftir viðbrögðum íbúa, atvinnulífs, sveitarstjórna og annarra hagnunaaðila við vangaveltum Breiðafjarðarnefndar. Það er einlægur vilji nefndarinnar að vinna að framtíð Breiðafjarðar í sem víðtækustu samráði við þá sem málið varðar, allt frá upphafi. Breiðafjarðarnefnd hefur enga ákvörðun tekið um hvaða valkostir henni þykja heppilegir fyrir fjörðinn. Hún er þó einhuga um að í það minnsta þurfi að endurskoða lög um vernd Breiðafjarðar. Rétt er að áréttta að nefndin sjálf tekur engar ákvarðanir um framhaldið en hún getur lagt fram sínar tillögur um málið til ráðherra.

### **Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands**

Róbert var fenginn til þess að taka saman það sem fram kom á málþinginu í Tjarnarlundi. Róbert fjallaði um sérstöðu Breiðafjarðar og þau tækifæri sem eru til staðar varðandi verndun og nýtingu á firðinum.

Jarðfræði og landslag svæðisins er að mörgu leyti sérstakt. Á Breiðafirði er þriðjungur af grunnsævi Íslands, óteljandi eyjar og sker og mikil sjávarföll og sterkir straumar. Samspil ólífrænna þátta sem er einstakt á Íslandi leggur grunninn að miklu og fjölbreyttu lífríki á firðinum. Sterkir straumar, mikið grunnsævi, botngerð, löng strandlengja, næringarríkur sjór, miklar fjörur mynda aðstæður fyrir fjölbreytt búsvæði á sjávarbotni og á fjörum. Mikið grunnsævi veldur því að nægt ljós nær niður á botn og þar þrífast þörungar í miklu magni. Klóþang er ríkjandi í fjörum og mikið af þara er á norðanverðum firðinum. Þörungar mynda mikilvæg búsvæði því þar er skjól. Smádyr sækja inn í gróðurinn og stærri dýr éta þau. Þörungar gegna líka mikilvægu hlutverki í efnahringrás en þeir frumframleiða álíka mikið og regnskógar, binda mikið kolefni og gegna grundvallarhlutverki í efnahringrás kolefnis og niturs. Jákvæð áhrif þessara svæða ná langt út fyrir landfræðileg mörk skóganna, bæði upp á land, á önnur svæði á landgrunninu og út á mun meira dýpi. Breiðafjörður hefur verið skilgreindur sem mikilvægasta fuglasvæði landsins af Náttúrufræðistofnun Íslands, og það er fyrir utan Látrabjarg.

Á Breiðafirði eru mikilvægar minjar um sögu mannsins á Íslandi en svæðið er þekkt fyrir öflugt menningarlíf í gegnum aldirnar. Á Breiðafirði hefur mikilvægi hlunninda alltaf verið sterkt og almennt vísað til fjarðarins sem matarkistu. Víða um fjörðinn eru minjar um hlunnindabúskap.

Róbert taldi upp nokkrar mögulega ógnanir fyrir svæðið, svo sem ósjálfbæra nýtingu, eyðileggingu búsvæða, hnattrænar breytingar, aðfluttar tegundir, staðbundna og hnattræna mengun.

Róbert velti upp þeirri spurningu hvort ástæða væri til þess að styrkja verndun svæðisins. Ef svo væri fór hann yfir þær leiðir sem nefndin hefur kynnt sér síðustu misserin og var fjallað sérstaklega um á málþinginu í Tjarnarlundi.

Hægt er að breyta núverandi lögum og aðlaga þau að nútímanum, skrá svæðið á lista yfir Ramsarsvæði, tilnefna svæðið á heimsminjaskrá UNESCO eða gera svæðið að þjóðgarði.

Nefndarmenn eru sammála því að kominn sé tími á að endurskoða og breyta lögum um vernd Breiðafjarðar. Skýra þurfi mörk svæðisins betur til lands og sjávar og huga að hugmyndum um stækkun svæðisins frá Bjargtöngum að Öndverðarnesi. Skýra þurfi ákvæði um verndarviðmið og útfærslu verndaraðgerðar. Í dag eru löggin frekar almennt orðuð og ekki tilgreint sérstaklega hvernig standa skal að verndun á svæðinu. Eins og löggin standa í dag er erfitt að beita refsingum ef einhver brýtur þau. Löggin þarf enn fremur að samræma nýrri löggjöf, t.d. lögum um náttúruvernd og alþjóðasamninga sem Íslands er aðili að.

Ramsarssamningurinn er alþjóðlegur samningur sem var gerður árið 1971 um vernd votlendissvæða. Í samningnum er votlendi skilgreint sem svæði í vatni niður á 6 metra dýpi. Samningurinn tekur til sjávar, fersk vatns og ísalts vatns. Samningurinn nær til votlendissvæða sem eru alþjóðlega mikilvæg, einkum m.t.t. fuglalífs. Samningurinn gengur út á að ganga vel um svæðið og nýta auðlindir þess á sjálfbæran máta. Samningurinn tók gildi á Íslandi árið 1978 og eru nú þegar sex Ramsarssvæði á Íslandi. Til þess að svæði séu gjaldgeng á listann þurfa þau að uppfylla að minnsta kosti eitt af nokkrum skilyrðum sem sett eru fram í samningnum. Breiðafjörður virðist uppfylla öll þau skilyrði sem samningurinn setur.

Tilnefning á Ramsarskrá felur í sér að stjórnvöld skuldbinda sig til þess að standa vörð um svæðið, sérstaklega virkni vistkerfa. Það er þó alltaf þannig að lög í viðkomandi landi gilda, svo sem skipulagslöggjöf og lög náttúruvernd. Ekki er verið að afsala sér neinum réttindum á landi en skrifstofa samningsins veitir stuðning og ráðgjöf. Ef framkvæmdir á svæðinu skerða verulega verndargildi þess getur verið að athugasemdir berist frá samningnum. Það gefur stjórnvöldum tækfæri á að bregðast við eða þá að svæðið verður tekið af skránni. Það þarf þó mikið til að slíkt gerist. Ramsarssvæði eru sérstakt aðráttarafi fyrir fuglaskoðunarfólk.

Heimsminjaskrá UNESCO (Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna) fjallar um verndun náttúru- og menningararfleifðar heimsins. Á hana er aðeins hægt að skrá eitt svæði í hverjum flokki. Því verður að finna atriði á svæðinu sem ekkert annað svæði hefur verið viðurkennt fyrir. Ríki hvers lands sér um að tilefna ákveðin svæði á heimsminjaskrá. Breiðafjörður hefur verið settur á yfirlitsskrá fyrir hönd íslenska ríkisins en ríki sem eru aðilar að samningnum þurfa að setja svæði á þá skrá. Hægt er að tilnefna þau svæði sem þar eru og tekur slík tilnefning um það bil 3-5 ár. Heimsminjanefnd tekur sér þá 18 mánuði til þess að ákveða hvort svæði er gjaldgengt á heimsminjaskrá eður ei. Til þess að komast á heimsminjaskrá þarf svæði að uppfylla eitt af viðmiðum samningsins, hafa heilleika og upprunaleika og vera stjórnað á skýran hátt.

Á Íslandi eru þrjú þjóðgarðar, á Þingvallabjórðgarður, Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull og Vatnajökulsþjóðgarður. Þeim er öllum stýrt á mismunandi máta á Þingvöllum er Þingmannanefnd, Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er undir stjórn Umhverfisstofnunar og um Vatnajökulsþjóðgarð gilda sérstök lög, um hann starfar sérstök stofnun og stjórn hans einkennist af mikilli valddreifingu. Sveitarstjórnir koma í miklu mæli að stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs og er oft litið til hans sem fyrirmyndar hvað varðar friðlýst svæði nútímans.

Þjóðgarðar eru ekki endilega mjög sterk vernd. Þeir hafa almennt verið settir á fót vegna merkilegra náttúru- eða menningarminja. Markmið þeirra er almennt að tryggja verndun náttúru- og menningarminja, tryggja stýringu, aðgang og stuðla að útivist og miðla fræðslu. Að auki leggja lög um Vatnajökulsþjóðgarð áherslu á að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í grennd við þjóðgarðinn en sífellt er verið að leggja aukna áherslu á að byggja upp mannlíf umhverfis þjóðgarða.

Það er ljóst að þjóðgarðar draga að sér fólk og margir spyrja sig hvort það er yfirhöfuð ákjósanlegt. Það er ekki hjá því komist að ferðamenska fer vaxandi, hvort sem þjóðgarðar eru til staðar eður ei. Þjóðgarðar eru aftur á móti tæki til þess að takast á við þær áskoranir sem fylgja auknum fjölda ferðamanna og gefa tækifæri til þess að nýta sér þá þróun á jákvæðan hátt. Þjóðgarðar eru umgjörð sem verndar og auðveldar stýringu, ýtir undir fræðslu og styrkir nærsamfélögin.

Róbert minnst á þau tækifæri sem formleg og aukin verndun á svæðinu gæti falið í sér. Um ákveðinn gæðastimpil sé að ræða sem gagnast til dæmis þeim sem framleiða afurðir og bjóða upp á þjónustu á svæðinu. Kröfur neytenda fara sífellt vaxandi hvað varðar sjálfbærni og uppruna vöru og með þessum gæðastimpli opnast tækifæri inn á nýja markaði og gefur tækifæri til forskots á mörkuðum. Þjóðgörðum fylgja tæki til stýringar, meðal annars á ferðafólki auk landvarða sem geta leiðbeint og frætt. Atvinnutækifæri fjölga beint tengt starfseminni en við bætast líka afleidd störf. En umfram allt myndu þessi skref sem talin eru upp að ofan stuðla enn frekar að sjálfbærri nýtingu og viðhalda þeim gæðum sem við höfum við fjórðinn til framtíðar. Eins og fyrirkomulag verndar er í dag stjórna heimamenn í þjóðgörðum ferðinni á það hefur nefndin lagt ríka áherslu.

### **Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar**

Eftir að þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður árið 2001 hefur orðið mikil fjölgun gesta á svæðinu og ferðabjónusta hefur eflst mikið. Kristinn minntist á að í upphafi hafi litlir peningar fylgt þjóðgarðinum og því hafi uppbygging þar farið hægt að stað. Hann telur mjög mikilvægt að þjóðgarði fylgi fjármagn því þá hefjist

nauðsynleg uppbygging. Með þjóðgarði fæst verndaráætlun þar sem skipulagt er á hvaða svæði á að beina gestum og hvert ekki, auk þess sem göngustígar, bílastæði og klósett eru skipulögð. Í verndaráætlun fyrir Þjóðgarðinn Snæfellsjökul var tekin ákvörðun um að banna skotveiðar á svæðinu. Kristinn bendir á að þetta sé eitthvað sem ræða þurfi sérstaklega þegar gerðar eru verndaráætlanir fyrir hvern þjóðgarð fyrir sig. Ekkert endilega þannig að það sem henti fyrir eitt svæði gangist öðru.

Þjóðgarður felur í sér skipulagða uppbyggingu, móttöku gesta og formlega leiðsögn. Þjóðgarði fylgja starfsmenn og afleidd störf. Kristinn benti á að verndaráætlun ætti að fylgja framkvæmdaáætlun fyrir uppbyggingu innviða. Ábatinn af þjóðgarði fyrir samfélagið er mikill bæði efnahagslega sem og þjónustulega séð.

Kristinn vill meina að þeir peningar sem komið hafa í framkvæmdir innan svæðisins á síðustu misserum hefðu ekki komið nema því það er þjóðgarður. Snæfellsbær hefði ekki getað tekið á móti öllum þessum ferðamönnum sem koma á svæðið ef ekki væri fyrir þjóðgarðinn og þá góðu stýringu sem honum fylgir. Ríkið greiðir fyrir uppbygginguna en sveitarfélagið hefur skipulagsvaldið. Ráðgjafanefnd um þjóðgarðinn hefur í raun engin völd, en er umsagnaraðili. Þjóðgarðsvörður sér um verkefnastjórn og umsóknir um fjármagn í verkefni í sjóði.

### **Erla Friðriksdóttir**

Breiðafjarðarnefnd hefur enn ekki myndað sér skoðun á því hver séu næstu skref varðandi framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar. Nefndin telur þó að endurskoða þurfi lögina um vernd Breiðafjarðar. Nefndin hefur lagt áherslu á að stjórn svæðisins verði áfram í höndum heimafólks og á svæðinu verði starfandi landvörður og starfsemi í kringum verndarsvæðið aukin. Erla minnti á að sveitarfélögin hafi skipulagsvald á svæðinu en eins og staðan sé í dag hefur svæðið ekkert verið skipulag að Flatey undanskilinni.

Breiðafjarðarnefnd vill fá upplýsingar frá sveitarstjórnnum, íbúum og landeigendum um hvað á að leggja áherslu á varðandi framtíð fjarðarins. Fræðslufundaröðin sé sérstaklega ætluð til þess að samtalið um framtíð fjarðarins.

### **Umræður og fyrirspurnir (málgreinar sem merktar eru með punkti fyrir framan eru tilvitnanir í fundargesti).**

- Hversu miklum tekjum hefur þjóðgarðurinn skilað Snæfellsbæ?

Kristinn svaraði því að ef ekki væri til staðar þjóðgarður myndi fólk ekki heimsækja svæðið í eins miklu magni. Fyrirtæki og þjónustuaðilar skila útsvarstekjum til sveitarfélagsins en erfitt er að segja til um hversu stór hluti þeirra koma inn vegna þjóðgarðsins.

- Þegar maður ætlar eitthvað er mikilvægt að átta sig fyrst á því hvar maður er. Hvar erum við í dag? Hvernig er stjórnun háttað? Hver er verndun Breiðafjarðar í dag?

Erla svarar að Breiðafjarðarnefnd sé skipuð sjö fulltrúum og þar séu í meirihluta fulltrúar sveitarfélaganna við fjörðinn. Nefndin er ráðgefandi fyrir umhverfisráðherra og hefur í raun og veru ekkert vald. Samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar er ekki allur fjörðurinn undir sérstakri vernd, hafsbolurinn og hafsbotninn eru utan verndarsvæðisins eins og staðan er í dag. Lífríki er ekki verndað nema það sé í fjöru eða uppi á eyju enda er svæðið sem verndað er með sérstökum lögum fjaran, eyjar, hólmar og sker. Fjaran er skilgreind frá stórstraumsfjöruborði að stórstraumsflóðborði. Lögina um vernd Breiðafjarðar segja ekki til um hvernig verndunin er en lögina eru almennt mjög óljóst orðuð. Því telur nefndin að það þurfi að minnsta kosti að endurskoða lögina með það að markmiði að skýra þau og styrkja.

Í því samhengi og í tengslum við frekari hugmyndir um framtíð Breiðafjarðar leggur nefndin áherslu á að heyra í fólki alls staðar að á svæðinu. Nefndin telur miklu máli skipta að vernda mannlífið við fjörðinn, hér þurfi að þrífast atvinna og nauðsynlegt sé að hægt verði að nýta fjörðinn eins og gert hefur verið hingað til.

Í lögnum er talað um að ekki mega skerða verndargildi svæðisins. Ef framkvæma á innan verndarsvæðisins er sótt um leyfi til sveitarfélagsins sem fjaran eða eyjan tilheyrir. Sveitarfélögin senda svo umsögn til Breiðafjarðarnefndar. Sveitarfélögin hafa almennt ekki nýtt sér skipulagsvald sitt út á verndarsvæðið. Eina sveitarfélagið sem hefur nýtt sér skipulagsvald sitt á verndarsvæðinu er Reykhólasveit.

- Hvatt er til þess að hafið, ströndin, landið, fuglar og fiskar verði verndað allt í heild. Stækka eigi svæðið eins og nefndin hefur talað um. Áhyggjur af ofveiði á ströndinni meðfram firðinum með dragnót sem ætti ekki að leyfa.

- Ráðherra hefur valdið og getur friðlýst. Í dag er yfirleitt ekki friðlýst án samráðsferlis. Á grundvelli laga getur ráðherra almennt ekki friðlýst svæði án þess að spyrja kóng né prest, enda er það ekki lengur talið vænlegt til árangurs.
- Ríkið og einkaaðilar eiga landið í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Sveitarfélagið hefur sett það inn í skipulag að þetta skuli vera þjóðgarður og uppbyggingu landeigenda er alltaf hafnað á grundvelli þess að um þjóðgarð sé að ræða.
- Mikið rætt um rannsóknir á lífríkinu, áhyggjur af slóðadrætti, hverjar afleiðingar svoleiðis umgengni séu, sandsílaskortur, hver meðafli sé á snurvoð og hvort hann fari í sjóði Hafró.
- Kynning og upplýsingagjöf nefndarinnar af hinu góða. Í fyrsta lagi hlýtur að þurfa að skilgreina betur í hverju sú vernd sem nú þegar er til staðar er fólgin. Ef aðeins er um að ræða fjöru sem fer á kaf á flóði og kemur í ljós á fjöru, þá er jákvætt að útvíkka verndarsvæðið. Mikilvægt er að fara þá leið sem tryggir okkur hvað mest sjálfræði yfir okkar svæði. Fyrst ætti að skilgreina betur þau lög sem eru í gildi og jafnvel endurskoða, mögulega er þetta tæki til þess að auka okkar sjálfræði.
- Ljóst er að ferðamannastraumur fer vaxandi. Vandamál hafa þegar komið upp varðandi kajakferðamenn sem fara í leyfisleysi í eyju og skemmtiferðaskip á firðinum sem setja út blöðrubáta. Vandamál hafa komið upp varðandi siglingaleiðir m.t.t. arnarvarps. Það vantar tæki til þess að stýra umferðinni. Þurfum að vera á undan straumnum og ákveða strax hvert við viljum vísa fólki og hvert ekki.

Á Hornstrandafriðlandi var til dæmis ákveðið að banna landtöku skemmtiferðaskipa og viðmið sett um hópastærðir sem fengu að fara í land. Landeigendur á svæðinu aðstoðuðu yfirvöld við að setja reglur, kröfur og viðmið. Á svæðinu eru landeigendur inni á svæðinu og þar er auðvelt fyrir landverði að vernda svæðið í samstarfi við landeigendur.

- Fram kom hræðsla við að hleypa ríkinu að. Hverjir munu stjórna fiskveiðum?

Ekki er friðlýst nema í samvinnu og að það sé vilji landeigenda. Óskir um friðlýsingar á svæðum annars staðar hafa stundum hafa borist frá sveitarfélögum þar sem þau sjá sér hag í að friðlýsa ákveðin svæði. Kostir við þjóðgarða er að þeim fylgja fjármunir og þar er einhver í vinnu við að berjast fyrir pening.

- Sál þjóðgarðs er bundin í samfélaginu á svæðinu. Þjóðgarðar eru friðlýstir og verndaðir en eru líka almenningsgarðar. Þeir sem koma í þjóðgarð bera virðingu fyrir svæðinu um leið og þeir koma inn á það. Fólk fer miklu frekar eftir reglum í þjóðgarði en á öðrum friðlýstum svæðum. Mikilvægt er að hafa í huga að regla sem allir eru að brjóta er slæm. Dæmi: vélsleðaumferð á Hornstrandafriðlandi. Þá fór af stað samstarf og samtal um hvernig ætti að hafa vélsleðanotkun á svæðinu í stað þess að banna hana og reyndist það farsælt.

Þjóðgarður gæti orðið tæki til þess að setja kröfur á að hópferðum inn á svæðið þurfi að fylgja staðkunnugur leiðsögumaður.

Stór hluti af verndargildi svæðisins eru hlunnindanyttjar, hefðin fyrir því að nýta gæðin og hvernig það er gert. Hluti af því að vernda svæðið er að vernda nýtinguna og standa vörð um hana og styrkja. Nýtingin þarf þó að sjálfsögðu að vera sjálfbær. Umræðan þarf því að fara fram í samráði við atvinnulífið, íbúa og sveitarfélög.

## **Fræðslukvöld um framtíð Breiðafjarðar, haldið í Amtsbókasafninu Stykkishólmi, 22. janúar 2020, kl. 20:00**

Um það bil 40 mættir (þar á meðal nefndarmenn, Erla Friðriksdóttir, Róbert A. Stefánsson og starfsmaður nefndarinnar Theódóra Matthíasdóttir).

Erla Friðriksdóttir setti fundinn, til máls tóku Róbert A. Stefánsson og Kristinn Jónasson. Erindin voru sambærileg þeim sem flutt voru í Snæfellsbæ og finna má hér að ofan.

## Umræður og fyrirspurnir (málgreinar sem merktar eru með punkti fyrir framan eru tilvitnanir í fundargesti).

Gretar D. Pálsson stjórnaði umræðum og fyrirspurnum.

- Lykilatriði að íbúar og sveitarfélög stjórni ferðinni. Þegar sé búið að gera tilraun til þess að breyta skipun Breiðafjarðarnefndar og minnka vald heimamanna. Sveitarfélögin samþykktu skipan Breiðafjarðarnefndar og setningu laganna í upphafi einmitt á þeim forsendum að þau hafi yfir að ráð meirihluta í nefndinni. Tilnefning svæðisins á Ramsar mun færa völdin af svæðinu og þau geta jafnvel tekið frá okkur lífsframfærið. Það sem Kristinn segir um Þjóðgarðinn Snæfellsjökul á ekki við um Breiðafjörð því hér eru allar eyjar í einkaeign. Þjóðgarður er land sem þjóðin á.
- Sérstaklega áhugavert að Kristinn sagði að ef Snæfellingar yrðu spurðir að því hvort þeir hefðu viljað sleppa þjóðgarðinum myndum um það bil 90% segja nei. Breytingarnar á svæðinu sem Þjóðgarðurinn Snæfellsnes nær yfir eru greinilegar og jákvæðar. Við sem við fjórðinn búum eigum hiklaust að hugsa í þessa átt varðandi svæðið okkar, við eigum að nýta það og getum gert miklu meira í því samhengi. Við værum ekki að afsala okkur nokkrum völdum því fyrst og fremst er um skipulag að ræða sem í felast tækifæri. Eigum að minnsta kosti að þora að skoða málin frá öllum hliðum.
- Hingað til hefur vel gengið með Breiðafjarðarnefnd og það starf sem hún sinnir. Það sem þarf að gera umfram allt er að aðstoða Vestfirðinga við að koma á þjóðgarði á Látrabjargssvæðinu og Breiðafjörðurinn verði rammaður inn með þeim hætti. Hvernig getur þjóðgarður verið rekinn í þágu svæðisins. Lög um vernd Breiðafjarðar hafi verið þrýðilega undirbúin og telur að ekki eigi að gera grundvallarbreytingar á skipulaginu um vernd Breiðafjarðar. Sveitarfélögin eigi að hafa valdið á svæðinu. Væri vanhugsað ef Þjóðgarðastofnun tekur yfir það starf sem verið hefur á Breiðafirði.
- Hræðist því ef bæta á enn einni stofnuninni inn fyrir smábátasjómenn og útgerðina. Hver verða áhrifin? Hefði þjóðgarður verið samþykktur í Snæfellsbæ ef lokað hefði verið fyrir fiskveiðar?

Engin breyting yrði á fiskveiðistjórnun og fiskveiðum enda snýst þjóðgarður ekki um boð og bönn. Snýst um að beita skynsamlegri stjórnun á fiskveiðum og annarri nýtingu og það er þegar gert skv. íslenskum lögum. Það sem helst ætti að óttast er að sú þekking og nýting innan svæðisins glatist frekar nema henni sé gert hátt undir höfði.

- Hverjar verða afleiðingar af Ramsar og UNESCO? Verða tegundir friðaðar (það hefur gerst á UNESCO svæðum)? Af hverju nýtum við ekki bara það fiskveiðistjórnunarkerfi sem við höfum nú þegar?

Ramsar, heimsminjaskrá UNESCO og svo framvegis setja okkur engar skorður en setja ákveðin skilyrði. Þingvellir er á heimsminjaskrá því þeir eru fæðingarstaður þjóðar. Við gætum sprengt svæðið upp en það yrði áfram fæðingarstaður þjóðar. Það eru engar skorður settar varðandi nýtingu en við verðum að verja þær forsendur sem gefa okkur þessa stimpla. Ramsar setur ákveðin skilyrði en við getum alveg sleppt því að fara eftir þeim og þá er svæðið ekki lengur Ramsar svæði. Forsvarsmenn Ramsar og UNESCO fara aldrei að stjórna hvað er gert á svæðinu. Ef sú leið yrði valin að gera svæðið að þjóðgarði þarf samþykki allra landeigenda og þjóðgarðurinn yrði „þjóðgarður í einkaeigu“. Ríkið færi aldrei að þvinga fólk eða stela af því. Þjóðgarðsvörður getur til dæmis ekki gert neitt innan þjóðgarðs nema fá leyfi frá sveitarfélögunum.

- Grásleppusjómenn eru hræddir um að fá ekki að nýta fjórðinn áfram. Er nefndin að leggja til að banna veiðar með plóg og veiðar niður á ákveðið dýpi. Ekki viss um að eyjæigendur hefðu nokkurn áhuga á að fá aukinn ferðamannastraum í eyjarnar.
- Alvarleg staða þegar umhverfisfólk er farið að ráða í þjóðfélaginu. Hvað ætlum við að gera ef við fáum hér þjóðgarð og það bætist við annað holl af gestum eins og heimsækja Snæfellsjökul? Vegurinn á Mýrunum höndlar það ekki. Sér ekki hvernig framkvæma eigi þjóðgarð á Breiðafirði, það væri alveg nóg að hafa hann sitt hvoru megin við fjórðinn. Varar við að breyta Breiðafjarðarnefnd þannig að henni verði stýrt úr Reykjavík.

Breiðafjarðarnefnd hefur ekki myndað sér skýra afstöðu hvað framtíð verndar við fjórðinn varðar. Nefndarmenn eru rétt að hefja samtalið við íbúa við fjórðinn og kynna sér um leið vel hvað felst í þessu öllu saman. Það er þó alveg skýrt að nefndin leggur áherslu á að engin atvinnutækifæri verði tekin af fólki sem hér býr. Það hefur enginn af nefndarmönnum minnst á það að takmarka þá atvinnu sem stunduð er við fjórðinn. Hvað umferð ferðamanna varðar þá vilja eigendur eyja einmitt ekki ferðamenn á sínar eyjar án leyfis, gríðarleg aukning er á

skemmtiferðaskipum á firðinum og erlendar ferðaskrifstofur bjóða upp á kajakferðir um fjörðinn. Slíkt mun bara aukast og verða að vandamáli ef ekkert eftirlit eða stýring er viðhöfð. Það hefur ekkert verið talað um að banna plógveiðar þó þær geti mögulega skemmt búsvæði, en það er ekkert sem nefndin hefur kynnt sér frekar.

- Stórt svæði sem erfitt er að stjórna. Þó ekki sé talað um boð og bönn þá er það undirtónn í þessu öllu saman.

Breiðafjarðarnefnd leggur áherslu á að heimamenn séu í meirihluta í nefndinni, þ.e. sveitarstjórnir. Í frumvarpi um Þjóðgarðastofnun er ekki gert ráð fyrir neinni breytingu á nefndinni en þar er skýrt tekið fram að lögum um vernd Breiðafjarðar haldi.

- Það skiptir máli að Breiðafjarðarnefnd er að halda þessa fræðslufundi núna til þess að kalla eftir samtali. Ef samtalið er ekki tekið er enginn möguleiki að komast að niðurstöðu. Mikilvægt að það sem náttúran gefur sé nýtt, þó þannig að komandi kynslóð geti haldið áfram að njóta góðs af líka. Við náum engri niðurstöðu nema við, hvert með sína reynslu og þekkingu, skiptumst á skoðunum og berum virðingu hvort fyrir öðru. Nýta ætti lífmassann á Breiðafirði á sem bestan hátt eins mikið og hægt er hverju sinni.

Nefndin hefur ekki tekið ákvörðun um neitt af því sem kynnt hefur verið á fundinum. Nefndarmenn eru að velta hlutunum fyrir sér og fá hugmyndir um hvað fólk vill. Er möguleiki á að sjóða þetta niður í eitthvað sem allir gætu við sáttir við? Menn óttast að völdin fari af svæðinu. Það er skiljanlegt því það er ekki langt síðan svæði voru friðlýst og ekkert mátti gera og enginn mátti búa á þeim. Það verður að vera þannig að heimamenn eigi hlut í svæðinu. Dæmi um Vatnajökulsþjóðgarð þar sem heimamenn stjórna því hvað er sett inn í verndaráætlun. Það er ekki verið að leggja til neinar hindranir eða hætta nýtingu sem fram fer í dag. Ef það yrði tekin ákvörðun um þjóðgarð þá þyrfti að nýta auðlindir sjálfbært. Ef það kæmu nýjar upplýsingar um að verið væri að skemma auðlindina þyrfti að gera breytingar. Hluti af verndargildi svæðisins eru hlunnindanyttjar, verkhættir og venjur. Ekki verið að tala um að loka svæðinu heldur byggja það upp, styrkja það og skapa ný störf.

- Helstu áhyggjur eru aukið eftirlit og að berjast við kerfið í útgerð sinni. Af hverju er ekki nóg að segja bara að kajakar séu bannaðir? Áður fyrr var fjörðurinn nýttur að mun fleira fólki. Óttast að ef það bætist enn ein stofnun við verði það smábátasjómönnum ofviða vegna endalausrar baráttu við kerfið. Af hverju á að fara þessa leið núna? Af hverju Ramsar?
- Deilir áhyggjum Erlu yfir eftirlitslausum kajakferðum um svæðið. Kínverskur leiðsögumaður búinn að vara við að Kínverjar eigi eftir að flæða fyrir landið. Nefnir sem dæmi að yfir 100 manns nýta kantinn á leið í Bjarnarhöfn sem klósett. Óreynt fólk sem ekki áttar sig á aðstæðum fer að koma á fjörðinn hvort sem við viljum það eður ei. Vonar að Breiðafjarðarnefnd taki á þeim áskorunum sem þessu fylgja.
- Af hverju þarf að fara í þessar breytingar ef nýtingin er þegar sjálfbær? Hvað gefur nefndin sér langan tíma í þetta?
- Eyjabónði sem telur virkilega þörf á að skýra reglur varðandi ferðamenn á svæðinu og koma þar á skikki. Til dæmis hvað varðar kajakferðir. Á fjörðinn hefur komið erlent fyrirtæki sem nýtt hefur eyjarnar í leyfisleysi. Með aukningu ferðamanna, hvort sem við stofnum hér þjóðgarð eða ekki, er betra að hafa gott skipulag og eftirlit. Ekki langt síðan hér var farið að stunda grásleppuveiðar í því magni sem verið hefur síðastliðin 30 ár. Upphaflega voru þær fyrst og fremst stundaðar til að hafa í soðið í eyjunum. Það er því varla hægt að tala um að fjörðurinn hafi verið nýttur af mun fleira fólki á sama máta. Bendir líka á að þegar hann hefur dregið grásleppunet voru teistur og skarfur í miklu magni í netunum. Grásleppunetin taka því ýmislegt.
- Bendir á þá uppbyggingu sem orðið hefur í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli síðastliðin fimm ár. Væri gaman að fá slíka uppbyggingu í kringum Stykkishólm.

Til þess að svara spurningunni um hvers vegna þarf breytingar ef nýtingin er sjálfbær. Það er fyrst og fremst vegna þess að við verðum að undirbúa okkur fyrir framtíðina. Breiðafjarðarnefnd telur sig vera í liði með heimamönnum og landeigendum. Það þurfa að vera til úrræði til þess að takast á við áskoranir, beina mönnum á fyrir fram ákveðin svæði og halda þeim frá öðrum. Heimamenn verða að eiga aðild og vera sterkir í stjórn. Í þessu samráðsferli langar nefndina til þess að reyna að taka tillit til afstöðu flestra. Loka ákvörðunin verður að vera í höndum miklu stærri hóps.

Nefndin byrjaði samráðsferlið með málþingi í Tjarnarlundi í Dalabyggð í október. Hún ætlar svo að gefa sér árið 2020 í að halda samráðinu áfram svo nefndin geti tekið upplýsta afstöðu í lok árs. Nefndin mun funda í öllum sveitarfélögum og með sveitarstjórnnum áður en hún mótar sér afstöðu. Hvaða stjórn höfum við á firðinum í dag? Stjórnin er hjá Hafró. Ríkið stjórnar öllum fiskveiðum og nýtingu. Það mun ekkert endilega breytast. Ef skrefið yrði stigið í átt að þjóðgarði yrði grundvallaskjalið verndar- og nýtingaráætlun og það skjal yrði ekki unnið öðruvísi en í samvinnu við fólkið á svæðinu.

- Hvernig á að stjórna ferðamönnum á þessu stóra svæði?
- Hefur verið að lesa að með þessu yrðu landfyllingar ekki leyfðar.
- Valdið yrði að minnsta kosti ekki minna á svæðinu en það er nú þegar. Frekar að það verði skýrara og meira hérna heima.
- Ef Ramsar og UNESCO breytir engu, þurfum við þá nokkuð að kalla það yfir okkur? Getur Breiðafjarðarnefnd ekki bara tekið þetta á sig, sett reglur og fylgt eftir?

## **Fræðslukvöld um framtíð Breiðafjarðar, haldið í Sögumiðstöðinni í Grundarfirði, 27. janúar, kl. 20:00.**

Um það bil 33 mættir (þar á meðal nefndarmenn, Erla Friðriksdóttir, Róbert A. Stefánsson og starfsmaður nefndarinnar Theódóra Matthíasdóttir).

Erla Friðriksdóttir setti fundinn, til máls tóku Róbert A. Stefánsson og Kristinn Jónasson. Erindin voru sambærileg þeim sem flutt voru í Snæfellsbæ og finna má hér að ofan.

### **Umræður og fyrirspurnir (málgreinar sem merktar eru með punkti fyrir framan eru tilvitnanir í fundargesti).**

Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri, stýrir umræðum.

- Björg Ágústsdóttir. Þakkar fróðleg innlegg. Var sjálf á fundinum í Tjarnarlundi þangað sem mikill fjöldi fólks mætti. Svæðið hefur gríðarlega sérstöðu og því er um auðlind að ræða sem við eigum og þurfum að stýra.
- Náttúruunnandi og skotveiðimaður bendir á að mikilvægt sé að hugsa um fólkið á svæðinu sem nýtir Breiðafjörðinn á einn eða annan hátt. Ekki útiloka skotveiðimenn af svæðinu. Nefndin ætti að hugsa fyrst og fremst um fólkið sem býr á svæðinu en ekki ferðamennina. Það er þegar verið að stýra þessum hlutum, verið að friða fugla og stytta veiðitíma. Hlutirnir eru í góðum málum og dýralíf þrífst vel. Engin þörf á þjóðgarði eða stórfelldum friðlýsingum.
- Á hlut í eyjum á firðinum og leggur áherslu á að tófan verði ekki friðuð.

Litlar líkur á að tófan yrði friðuð á svona svæði því hún á ekki heima í eyjunum, ekki frekar en minkurinn. Það eru sveitarfélögin sem myndu setja þessi viðmið í verndaráætlun.

- Þarf að virða það að Breiðafjörðurinn og eyjarnar eru í einkaeigu. Hvernig á að stjórna umferð þegar eyjarnar eru í einkaeigu? Ætlar ríkið að kaupa upp eyjar?

Víða erlendis eru þjóðgarðar í löndum sem einkaaðilar eiga. Við Breiðafjörð hafa landeigendur áhyggjur af skemmtiferðaskipum, kajakferðamönnum sem ekki virða eða þekkja reglur, t.d. um æðarvarp og átta sig ekki á að biðja um leyfi. Lögin í dag banna ekki, refsar og þeim fylgir ekkert eftirlit. Þetta kallar á formlega stýringu sem fengist með þjóðgarði. Engin breyting yrði á stjórnun fiskveiða, fiskveiðilöggjöfin myndi gilda, nýtingarréttur haldast og eftirlit yrði áfram í höndum Hafró og Fiskistofu. Hugmyndir um þjóðgarð eru ákveðin skynsemi í framtíðarsýn fyrir svæðið.

- Sakar nefndina um rangfærslur á staðreyndum. Um yrði að ræða þjóðgarð sem væri 90% undir vatni. Hvernig ætlar nefndin að banna fólki að sigla þar um? Í lögum stendur: „atvinnustarfsemi er bönnuð í þjóðgarði (nema ferðamennska)“. Nefndin sendi frá sér greinargerð í samráðsgátt um þjóðgarðastofnun. Þar kemur skýrt fram þegar lesið er á milli línanna að nefndin vill þjóðgarð á Breiðafirði. Tekur dæmi um misheppnaða friðun í Melrakkæy þar sem fuglategundum hefur fækkað mikið í kjölfar friðunar. Spyr svo nefndina hvort einhver hafi hrakist úr nefndinni vegna skoðana sinna.



Nefndin tilnefndir ekki í nefndina. Það geri sveitarfélögin og þær stofnanir sem eigi sæti í henni.

Umsagnir nefndarinnar um Þjóðgarðastofnun leggja til að það ætti að hafa þann möguleika inni að hægt yrði að stofna þjóðgarð í sjó við Ísland. Í frumvarpsdrögum um Þjóðgarðastofnun kemur fram að atvinnustarfsemi sé bönnuð í þjóðgörðum án leyfis þjóðgarðastofnunar. Í umsögn sinni gangrýndi nefndin þetta.

- Við viljum að svæðið verði áfram byggilegt. Hvaða leiðir viljum við fara til þess að gera svæðið eftirsóknarvert til búsetu og nýtingar.
- Bendir á að fyrir Vatnajökulsþjóðgarð er nú farið að tala um stjórnunar- og verndaráætlun í stað bara verndaráætlunar. Það skiptir miklu máli hvernig svæðinu er stjórnað þannig að það sé hægt að nýta það og vernda um leið. Líka á að verið sé að setja atvinnustefnu í Vatnajökulsþjóðgarði.
- Er sjálfbær nýting ekki til staðar? Þar til gerðar stofnanir sjá um slíkt. Treystir nefndin ekki störfum þessara stofnana? Vitnar í umsögn nefndarinnar um Þjóðgarðastofnun og telur að nefndin vilji manna nefndina með fræðingum. Leggur áherslu á mikilvægi þess að meirihluti nefndarmanna séu heimamenn.
- Telur að sjálfbær nýting hafi gengið mjög vel á firðinum hingað til. Útgerð á svæðinu hefur skroppið saman og byggðir minnkað samhliða því. Ekki sannfærður um að ef hér yrði gerður þjóðgarður myndi hver króna koma þreföld til baka, eins og Kristinn ýaði að. Nú getur hver sem er siglt um fjörðinn án nokkurs eftirlits. Hér er fullt af tækifærum og mikið af ógnunum sem við höfum völd og tækifæri til að stoppa. Þangið og þarinn er tækifæri sem við höfum sem hægt er að vinna verðmæti úr og skapa störf og vöru fyrir heiminn. Þörungaverksmiðjan á Reykhólum er með sjálfbærnivottun og á því selja þeir. Það selur enginn vöru í dag nema hennar sé aflað með sjálfbærum hætti. Umsögn nefndarinnar um þjóðgarðastofnun sýnir að þessi kynning er fyrirséttur og nefndin hefur þegar tekið afstöðu.
- Óskar þess að menn gæti varúðar til þess að fara ekki offari í þangslættinum. Það skiptir mestu máli að vernda fiskinn á svæðinu, það er stærsta auðlindin við Breiðafjörðinn. Hann veltir fyrir sér hvort það er eitthvað vit í því að leyfa skemmtiferðaskipum að sigla um fjörðinn án þess að setja reglur. Ein af þessum fjórum leiðum sem talað er um í kynningu nefndarinnar er tækifæri til þess að stýra. Við verðum að finna þá leið sem hentar best til þess að stýra svæðinu.
- Hvaðan koma þær hugmyndir um þjóðgarð sem hér eru ræddar? Hver hefur óskað eftir því? Málið hefur ekki verið rætt á sveitarstjórnarstigi. Fólk er hrætt við þjóðgarð, samanber oddvita Bláskógabyggðar varðandi Hálandisþjóðgarð. Það fólk sem lifir á auðlindunum kann að ganga um þær. Útgerðarmenn hræðast embættismannakerfið. Nú er nauðsynlegt að fá aðra rafmagnslínu inn á Snæfellsnes sem þarf að koma úr Dölnum. Myndi það vera samþykkt þegar þetta svæði er orðið að þjóðgarði? Vill ekki öfgar en segir að það þurfi að ná árangri og draga hægt og rólega úr mengun. Segir að Breiðafjarðarnefnd hafi virkað vel undanfarin ár og telur að engu þurfi að breyta.
- Bendir á að aðalviðfangsefnið eftir 15-20 ár verði umgengni um auðlindir, arðsemi af auðlindum og hvernig við eigum að skipta þeim arði. Þó ástandið sé í lagi núna þurfi að hugsa til framtíðar. Ásælni og þörf í að nýta auðlindir eykst sífellt samhliða frekari kröfum um náttúruvernd. Það er ekki hjá því komist að hugsa um þetta viðfangsefni og hvernig við ætlum að mæta því. Það er ljóst að hagsmunir verða að fara saman. Hér er nefndin að leita hófanna um það hvernig við sjáum fyrir okkur að tækla þessi mál til framtíðar.
- Bendir á að stóru skipunum sem koma inn í Grundarfjörð ætti að vera skylt að hafa lóðs svo ekki verði meiriháttar slys, á fólki eða umhverfi.
- Fólkid við fjörðinn vill fá að lifa á náttúrunni eins og það hefur gert hingað til. Þurfum ekkert Ramsar eða þjóðgarð. Er ekki bara nóg að hliðra aðeins til í lögum um vernd Breiðafjarðar og setja svo punkt? Ef hér yrði þjóðgarður, hver sæi þá um að meta hvort það sem við erum að gera sé sjálfbært?
- Telur að nefndin ætti að einbeita sér að því að bæta lög um vernd Breiðafjarðar. Segir að hann myndi sætta sig við Ramsar. Vill ekki of mikið regluverk. Bendir á að í þangslætti eru það heimamenn sem ráða förinni.
- Veltir því fyrir sér hvort Breiðafjarðarnefnd treysti ekki þeim sem ráðleggja sjálfbæra nýtingu, bæði hvað varðar fiskveiðar og þangöflun. Hvers vegna þarf Breiðafjarðarnefnd og þjóðgarðayfirvöld að hafa puttana í því?

- Býr í Reykjavík en er þriðjung af árinu á Skógarströnd. Finnst áhugavert að velta fyrir sér hugmyndum um þjóðgarð og þá stýringu sem hann fæli í sér. Fólk vill geta nýtt hlutina skynsamlega. Nú eru til staðar tiltölulega ný lög um náttúruvernd þar sem dregið var úr almannarétti. Þeir sem eiga land/jörð eiga ágætis tækifæri til stýringar og geta bannað fólk umferð um gróið land. Hvernig fer það saman hvað varðar nýtingarrétt í þjóðgarði?
- Veltir fyrir sér hvað þessir fjórir þættir sem settir voru fram í kynningunni fela í sér. Hvað þýðir þetta í raun og veru? Hver þessara leiða felur heimafólki meiri völd? Fólk með fjórðinginn vill fá að nýta svæðið og vill fá að stjórna því.

Hvað sem gert verður tekur ekkert annað kerfi við stjórnun fiskveiða en það sem við höfum í dag. Er þjóðgarður endilega leiðin til að takast á við aukinn straum ferðamanna? Það hefði að minnsta kosti verið vanhugsað af nefndinni að skoða ekki alla kosti og leita áhlits. Segist engar áhyggjur hafa af ofnýtingu þangs þar sem það er í höndum landeigenda en þarinn er aftur á móti rifinn upp af botni þar sem enginn landeigandi hefur stjórn. Alveg á hreinu að Breiðafjarðarnefnd muni aldrei tala fyrir því að setja hér á laggirnar aukna vernd ef hún takmarkar það atvinnulíf sem verið er að stunda í dag.

Vilji til að viðhalda svæðinu til langs tíma. Veit að það þýðir ekki að setja boð og bönn. Viljum búa í öflugum samfélagi og áttar sig á því að það gerist ekki með því að banna auðlindanýtingu. Samfélagið þrífst á henni. Stýring fiskveiða yrði aldrei í höndum þjóðgarðsyfirvalda eða Breiðafjarðarnefndar. Nefndin hefur fengið á sig gagnrýni hún setji ekki fram skýra sýn. Ástæða þess er einfaldlega sú að nefndin hefur ekki mótað sér skýra sýn. Nefndin telur það vera allra að ákveða það í sameiningu, reyna að finna samhljóm. Að undanförunu hefur orðið mikil þróun innan náttúruverndargeirans sem Íslendingar eru að fylgja, þá helst að taka upp dreifstjórnun og virkja heimamenn. Það er ljóst að hér verður aldrei neitt gert í óþökk heimafólks.

- Bendir á það merkilega og mikilvæga atriði að honum er boðið á fund með Breiðafjarðarnefnd þar sem verið er að kalla eftir álit heimafólks. Það er nauðsynlegt að taka samtalið og finna sameiginlega niðurstöðu. Það er ekkert sem skiptir meira máli en að við þösum það að ganga vel um náttúruna.
- Hvetur til þess að íbúar hafi frumkvæði að því að smíða sér framtíð.

### **Fræðslukvöld um framtíð Breiðafjarðar, haldið á Teams, 27. október, kl. 17:00.**

Um það bil 27 mættir (þar á meðal nefndarmenn, Erla Friðriksdóttir, Róbert A. Stefánsson, Guðríður Þorvarðardóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir, Arnheiður Jónsdóttir, Magnús A. Sigurðsson og starfsmaður nefndarinnar Theódóra Matthíasdóttir).

Erla Friðriksdóttir setti fundinn, til máls tóku Róbert A. Stefánsson og Kristinn Jónasson. Erindin voru sambærileg þeim sem flutt voru í Snæfellsbæ og finna má hér að ofan.

### **Umræður og fyrirspurnir (málgreinar sem merktar eru með punkti fyrir framan eru tilvitnanir í fundargesti).**

Anna Melsted stýrir umræðum.

- Þær hugmyndir sem hafa verið nefndar um friðun, í hvaða farveg fara þær?

Breiðafjarðarnefnd mun skila af sér skýrslu til ráðherra og það er síðan hans að taka ákvörðun um framhaldið. Hann fer mögulega eftir þeim tillögum sem nefndin ber upp. Mögulega yrði stofnuð nefnd um málið eða nefndin sjálf fengin til að vinna málið áfram.

- Þjóðgarður fæli í sér miklar framkvæmdir og umbætur fyrir ferðamenn og hljómar það sérstaklega vel.
- Áhyggjur af því að lög um vernd Breiðafjarðar og Breiðafjarðarnefnd séu svo veik að ekkert mark sé á þeim tekið. Ef þau eiga að vera til yfirhöfuð þarf að gera þau kröftugri og ákveðnari.

Nefndin telur að þetta sé það sem að lágmarki þarf að gera. Þannig hófst þessi vinna nefndarinnar um framtíð Breiðafjarðar að skoða alla mögulega kosti fyrir fjórðinginn. Það þarf ekki aðeins öflugri lög heldur skýrari.

- Endurskoðun á lögum er sannarlega einn af þeim leiðum sem ætti pottþétt að fara.

Þegar nefndin lagði af stað í þessa vegferð var ekki búið að ákveða endanlega að það ætti að endurskoða lögin en það hefur verið rætt í gegnum tíðina. Nú eru nefndarmenn endanlega orðnir sammála um að það þurfi að

lágmarki að gera. Þessar leiðir sem nefndin er að kynna væri hægt að fara allar samhliða. Tilnefning á UNESCO væri langmesta vinnan. Þjóðgarður er líka mikil vinna sem tekur tíma, nokkur ár. Það flækir málið í Breiðafirði hversu margir landeigendur eru á svæðinu.

- Gætu landeigendur í þjóðgarði nýtt sína jörð eins og þeir hafa gert hingað til?

Svona atriði eru mjög mikið samningsatriði og ef það væri farið út í stofnun þjóðgarðs þá er öll vinnan eftir, að skilgreina hvað er leyft og hvað er ekki. Þjóðgarður er rammi en það er heilmikið svigrúm innan hans. Hægt að setja einstök svæði í mismunandi verndarflokka.

- Væri gerlegt að stofna þjóðgarð á Breiðafirði í ljósi þess hversu margir landeigendur eiga í hlut?

Nefndin er ekki komin þetta langt í vinnunni. Eins og lögin eru í dag þarf samþykki allra landeigenda. Það er illmögulegt að ná til allra og ná samkomulagi við alla. Hins vegar eru í gangi í landbúnaðarráðuneytinu tillögur að breytingum um að það þurfi aukinn meirihluta jarða.

- Þegar nefndin hefur skoðað málið verða teknar saman niðurstöður og sendar sveitarstjórnnum til umsagnar. Mun þetta verða birt almenningi eða verður þetta eingöngu birt sveitarstjórnnum. Mun almenningur geta gert athugasemdir og senda inn umsagnir við niðurstöður nefndarinnar?

Þessi fundarherferð er hugsuð til að hluta á íbúa og taka tillit til þeirra innleggs. Ekki enn rætt innan nefndarinnar hvað samantektina varðar. Eftir að sveitarstjórnir eru búnar að veita umsögn er meiningin að senda þær til ráðherra. Þá er ferlið bara rétt að byrja. Þá fer þetta í samráðsvinnu, ekki síst á meðal íbúa.

Viðauki V – Samantekt frá samráðsfundum með fulltrúum sveitarstjórna við fjörðinn

### **Fundur með fulltrúum sveitarstjórnar Dalabyggðar, haldinn á Teams, 25. ágúst, kl. 12:00**

**Mætt:** Frá Dalabyggð: Sigríður Huld Skúladóttir, Þuríður Jóney Sigurðardóttir, Ragnheiður Pálsdóttir og Kristján Sturluson. Frá Breiðafjarðarnefnd: Erla Friðriksdóttir formaður, Róbert Arnar Stefánsson, Magnús A. Sigurðsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Karl Kristjánsson, Arnheiður Jónsdóttir, Guðríður Þorvarðardóttir og Eyjólfur Bjarnason.

*Fundarritari:* Theódóra Matthíasdóttir (TM)

#### **Erla Friðriksdóttir, formaður Breiðafjarðarnefndar**

Erla setti fundinn og gerði stuttlega grein fyrir hlutverki Breiðafjarðarnefndar og vinnu hennar vegna framtíðar Breiðafjarðar síðastliðna mánuði. Breiðafjörður er verndaður skv. sérstökum lögum nr. 54/1995. Löggin taka til eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjara í innri hluta fjarðarins. Þessi sérstaka verndun tekur ekki til hafsbolsins sjálfs né sjávarbotnsins. Breiðafjarðarnefnd er umhverfisráðherra til ráðgjafar um allt það er snýr að lögum þessum. Það hefur lengi verið rætt innan nefndarinnar að kominn sé tími á endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar, þau þurfi að gera skýrari og haldbærari. Auk þess hefur verið rætt að skrá fjörðinn á lista yfir Ramsarsvæði. Þegar umhverfisráðherra lagði svo fram frumvarp um sameiginlega stofnun friðlýstra svæða, svokallaða Þjóðgarðastofnun, þótti nefndinni eðlilegt að nýta tækifærið og skoða alla mögulega kosti sem fyrir hendi er varðandi framtíð Breiðafjarðar. Nefndin hefur lagt áherslu á eins víðtæka upplýsingagjöf og samráð og hún hefur haft tök á. Upphafið að samráðsferlinu var málþing í Tjarnarlundi Dalabyggð í október 2019. Í kjölfar málþingsins ákvað Breiðafjarðarnefnd að nýta árið 2020 í að leggja höfuðáherslu á kynningu og samráð vegna verkefnisins. Nefndin stóð, í byrjun árs, fyrir opnum íbúafundum við sunnanverðan fjörðinn. Þar gafst íbúum tækifæri á að heyra hvaða kosti nefndin telur mögulega fyrir fjörðinn og nefndinni gafst kostur á að heyra afstöðu íbúa. Nefndin neyddist því miður til þess að fresta fyrirhuguðum fundum við sunnanverðan fjörðinn vegna samkomutakmarkana. Enn hefur ekki gefist tækifæri til þess að halda slíka fundi. Núna standa yfir samráðsfundir með sveitarstjórnarfulltrúum við fjörðinn. Á þessum fundi er ætlunin að kynna stuttlega fyrir ykkur hvernig verkefnið er statt, hvaða hugmyndir hafa kviknað og hver næstu skref eru. Nefndin lítur á þetta sem óformlegan fund þar sem tækifæri gefst til þess að heyra skoðanir sveitarstjórnafélks sem vonandi verður hægt að nýta í áframhaldandi vinnu. Þegar nefndin hefur fundað með sveitarstjórnnum við fjörðinn mun hún taka niðurstöður samráðsvinnunnar allrar saman. Sú samantekt verður send sveitastjórnnum til formlegrar umsagnar. Eftir að umsagnir hafa borist verður niðurstöðum nefndarinnar skilað til umhverfisráðherra.

#### **Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands og fulltrúi í Breiðafjarðarnefnd**

Kynnti sérstöðu Breiðafjarðar og þær leiðir sem nefndin hefur kynnt sér varðandi framtíð hans.

Jarðfræði og landslag svæðisins er að mörgu leyti sérstakt. Á Breiðafirði er þriðjungur af grunnsævi Íslands, óteljandi eyjar og sker og mikil sjávarföll og sterkir straumar. Samspil ólífrænna þátta sem er einstakt á Íslandi leggur grunninn að miklu og fjölbreyttu lífríki á firðinum. Sterkir straumar, mikið grunnsævi, botngerð, löng strandlengja, næringarríkur sjór, miklar fjörur mynda aðstæður fyrir fjölbreytt búsvæði á sjávarbotni og á fjörum. Mikið grunnsævi veldur því að nægt ljós nær niður á botn og þar þrífast þörungur í miklu magni. Klóþang er ríkjandi í fjörum og mikið af þara er á norðanverðum firðinum. Þörungur mynda mikilvæg búsvæði því þar er skjól. Smádyr sækja inn í gróðurinn og stærri dýr éta þau. Þörungur gegna líka mikilvægu hlutverki í efnahringrás en þeir frumframleiða álíka mikið og regnskógar, binda mikið kolefni og gegna grundvallarhlutverki í efnahringrás kolefnis og niturs. Jákvæð áhrif þessara svæða ná langt út fyrir landfræðileg mörk skóganna, bæði upp á land, á önnur svæði á landgrunninu og út á mun meira dýpi. Breiðafjörður hefur verið skilgreindur sem mikilvægasta fuglasvæði landsins af Náttúrufræðistofnun Íslands, og það er fyrir utan Látrabjarg.

Á Breiðafirði eru mikilvægar minjar um sögu mannsins á Íslandi en svæðið er þekkt fyrir öflugt menningarlíf í gegnum aldirnar. Á Breiðafirði hefur mikilvægi hlunninda alltaf verið sterkt og almennt vísað til fjarðarins sem matarkistu. Víða um fjörðinn eru minjar um hlunnindabúskap.

Róbert taldi upp nokkrar mögulega ógnanir fyrir svæðið, svo sem ósjálfbæra nýtingu, eyðileggingu búsvæða, hnattrænar breytingar, aðfluttar tegundir, staðbundna og hnattræna mengun.

Róbert velti upp þeirri spurningu hvort ástæða væri til þess að styrkja verndun svæðisins. Ef svo væri fór hann yfir þær leiðir sem nefndin hefur kynnt sér síðustu misserin og var fjallað sérstaklega um á málþinginu í Tjarnarlundi.

Hægt er að breyta núverandi lögum og aðlaga þau að nútímanum, skrá svæðið á lista yfir Ramsarsvæði, tilnefna svæðið á heimsminjaskrá UNESCO eða gera svæðið að þjóðgarði.

Nefndarmenn eru sammála því að kominn sé tími á að endurskoða og breyta lögum um vernd Breiðafjarðar. Skýra þurfi mörk svæðisins betur til lands og sjávar og huga að hugmyndum um stækkun svæðisins frá Bjargtöngum að Öndverðarnesi. Skýra þurfi ákvæði um verndarviðmið og útfærslu verndaraðgerðar. Í dag eru lögín frekar almennt orðuð og ekki tilgreint sérstaklega hvernig standa skal að verndun á svæðinu. Eins og lögín standa í dag er erfitt að beita refsingum ef einhver brýtur þau. Lögín þarf enn fremur að samræma nýrri löggjöf, t.d. lögum um náttúruvernd og alþjóðasamninga sem Íslands er aðili að.

Ramsarsamningurinn er alþjóðlegur samningur sem var gerður árið 1971 um vernd votlendissvæða. Í samningnum er votlendi skilgreint sem svæði í vatni niður á 6 metra dýpi. Samningurinn tekur til sjávar, fersk vatns og ísalts vatns. Samningurinn nær til votlendissvæða sem eru alþjóðlega mikilvæg, einkum m.t.t. fuglalífs. Samningurinn gengur út á að ganga vel um svæðið og nýta auðlindir þess á sjálfbæran máta. Samningurinn tók gildi á Íslandi árið 1978 og eru nú þegar sex Ramsarsvæði á Íslandi. Til þess að svæði séu gjaldgeng á listann þurfa þau að uppfylla að minnsta kosti eitt af nokkrum skilyrðum sem sett eru fram í samningnum. Breiðafjörður virðist uppfylla öll þau skilyrði sem samningurinn setur.

Tilnefning á Ramsarskrá felur í sér að stjórnvöld skuldbinda sig til þess að standa vörð um svæðið, sérstaklega virkni vistkerfa. Það er þó alltaf þannig að lög í viðkomandi landi gilda, svo sem skipulagslöggjöf og lög náttúruvernd. Ekki er verið að afsala sér neinum réttindum á landi en skrifstofa samningsins veitir stuðning og ráðgjöf. Ef framkvæmdir á svæðinu skerða verulega verndargildi þess getur verið að athugasemdir berist frá samningnum. Það gefur stjórnvöldum tækfæri á að bregðast við eða þá að svæðið verður tekið af skránni. Það þarf þó mikið til að slíkt gerist. Ramsarsvæði eru sérstakt aðdráttarafli fyrir fuglaskoðunarfólk.

Heimsminjaskrá UNESCO (Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna) fjallar um verndun náttúru- og menningararfleifðar heimsins. Á hana er aðeins hægt að skrá eitt svæði í hverjum flokki. Því verður að finna atriði á svæðinu sem ekkert annað svæði hefur verið viðurkennt fyrir. Ríki hvers lands sér um að tilefna ákveðin svæði á heimsminjaskrá. Breiðafjörður hefur verið settur á yfirlitsskrá fyrir hönd íslenska ríkisins en ríki sem eru aðilar að samningnum þurfa að setja svæði á þá skrá. Hægt er að tilnefna þau svæði sem þar eru og tekur slík tilnefning um það bil 3-5 ár. Heimsminjanefnd tekur sér þá 18 mánuði til þess að ákveða hvort svæði er gjaldgengt á heimsminjaskrá eður ei. Til þess að komast á heimsminjaskrá þarf svæði að uppfylla eitt af viðmiðum samningsins, hafa heilleika og upprunaleika og vera stjórnað á skýran hátt.

Á Íslandi eru þrjú þjóðgarðar, á Þingvallabjörggarður, Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull og Vatnajökulsþjóðgarður. Þeim er öllum stýrt á mismunandi máta á Þingvöllum er Þingmannanefnd, Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er undir stjórn Umhverfisstofnunar og um Vatnajökulsþjóðgarð gilda sérstök lög, um hann starfar sérstök stofnun og stjórn hans einkennist af mikilli valddreifingu. Sveitarstjórnir koma í miklu mæli að stjórn Vatnajökulsþjóðgarðar og er oft litið til hans sem fyrirmyndar hvað varðar friðlýst svæði nútímans.

Þjóðgarðar eru ekki endilega mjög sterk vernd. Þeir hafa almennt verið settir á fót vegna merkilegra náttúru- eða menningarminja. Markmið þeirra er almennt að tryggja verndun náttúru- og menningarminja, tryggja stýringu, aðgang og stuðla að útivist og miðla fræðslu. Að auki leggja lög um Vatnajökulsþjóðgarð áherslu á að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í grennd við þjóðgarðinn en sífellt er verið að leggja aukna áherslu á að byggja upp mannlíf umhverfis þjóðgarða.

Það er ljóst að þjóðgarðar draga að sér fólk og margir spyrja sig hvort það er yfirhöfuð ákjósanlegt. Það er ekki hjá því komist að ferðamennska fer vaxandi, hvort sem þjóðgarðar eru til staðar eður ei. Þjóðgarðar eru aftur á móti tæki til þess að takast á við þær áskoranir sem fylgja auknum fjölda ferðamanna og gefa tækifæri til þess

að nýta sér þá þróun á jákvæðan hátt. Þjóðgarðar eru umgjörð sem verndar og auðveldar stýringu, ýtir undir fræðslu og styrkir nærsamfélögin.

Róbert minnst á þau tækifæri sem formleg og aukin verndun á svæðinu gæti falið í sér. Um ákveðinn gæðastimpil sé að ræða sem gagnast til dæmis þeim sem framleiða afurðir og bjóða upp á þjónustu á svæðinu. Kröfur neytenda fara sífellt vaxandi hvað varðar sjálfbærni og uppruna vöru og með þessum gæðastimpli opnast tækifæri inn á nýja markaði og gefur tækifæri til forskots á mörkuðum. Þjóðgörðum fylgja tæki til stýringar, meðal annars á ferðafólki auk landvarða sem geta leiðbeint og frætt. Atvinnutækifæri fjölga beint tengt starfseminni en við bætast líka afleidd störf. En umfram allt myndu þessi skref sem talin eru upp að ofan stuðla enn frekar að sjálfbærri nýtingu og viðhalda þeim gæðum sem við höfum við fjörðinn til framtíðar. Eins og fyrirkomulag verndar er í dag stjórna heimamenn í þjóðgörðum ferðinni á það hefur nefndin lagt ríka áherslu.

#### **Umræður og fyrirspurnir (málgreinar sem merktar eru með punkti fyrir framan eru tilvitnanir í fundargesti).**

- Áhyggjur af því að aukin vernd tefji eða stöðvi nauðsynlegar vegabætur á svæðinu. Samgöngur skipta höfuðmáli fyrir lífsviðurværi við fjörðinn.

Almennt færu slíkar framkvæmdir í formlegan farveg sem er nú þegar til staðar, svo sem skipulagslög. Hvort svæðið er sérstaklega verndað ætti ekki að skipta máli nema að því leyti að umhverfismat leiði í ljós að framkvæmd hafi veruleg áhrif á verndargildi svæðisins. Framkvæmdir myndu þó líklega stöðvast í umhverfismati hvort sem er. Dæmi tekið af Vatnajökulsþjóðgarði, þar liggur Þjóðvegur 1 í gegn. Þar eru gerðar kröfur um að vandað sé til verka og draga sem mest úr skemmdum á náttúrusvæðum. Meiri kröfur gerðar til hönnuða og Vegagerðarinnar.

Aukin vernd felur í sér meiri virðingu fyrir umhverfi og náttúru. Þá fengjum við mögulega betri lausnir.

Í Vatnajökulsþjóðgarði eru heimamenn í meirihluta í öllum ráðum og nefndum og líklegra að þeirra rödd fái að heyrast.

- Við stofnun þjóðgarðs á að gera almenningi auðveldara að komast inn á svæði og að svæðum. Nú eru fá áningarsvæði við Breiðafjörð og aðgengi ekki gott á öllum stöðum.
- Helstu áhyggjur í samfélaginu þegar talað er um þjóðgarð felast í skerðingu á hlunnindum sem jarðir hafa og ekki síður ágang í tengslum við aukna ferðamennsku. Ráðum við við það? Þarf að hafa það mjög skýrt ef farið verður í frekari friðun.

Með aukinni verndun er hægt að koma betri stýringu á umferð gesta um svæðið. Ætti að vera það verkfæri sem við höfum til þess að setja reglur. Hægt væri að skipta Breiðafirðinum í svæði þar sem umferð er bönnuð eða svæði sem eru opin almenningi með tilheyrandi fræðslu. Reglur um aðgengi almennings/ferðamanna er hægt að setja í reglugerðir í tengslum við friðlýsingar/þjóðgarða. Þá ber Umhverfisstofnun að skrifa stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Eins og staðan er í dag er engin stjórn á ferðum fólks um eyjarnar. Eins og almannarétturinn er í dag getur hver sem er ferðast um og farið í land án leyfis. Með einhvers konar friðun væri hægt að stýra umferð. Hægt að setja reglur.

- Sjá aukin tækifæri í þjóðgarði. Þá er búið að markaðssetja svæðið fyrir ferðamennsku og mögulega afurðum (fiskur, þang, salt, eyjalömb, strandlömb og dúnn).

Atvinnutækifæri fyrir þéttbýliskjarna að veita þjónustu, ráðgjöf, fræðslu. Alþjóðlega þekkt hvað þjóðgarður er en líka UNESCO og Ramsar. Miklu öflugra markaðslega séð að fara þær leiðir frekar en þá sem nú er farin með sérlögum. Mörg góð dæmi innanlands og erlendis um hversu jákvæð áhrif þjóðgarðar hafa á efnahag sveitarfélaganna. Mikil aukning á fjármagni í uppbyggingu innviða og aukin landvarsla.

- Kemur fjármagn til þjóðgarða sem eingreiðsla? Kemst þjóðgarður á fjárlög? Hver er stofnkostnaður?
- Mjög skiptar skoðanir hjá almenningi í landinu. Margir hræddir um að þjóðgarður þýði boð og bönn.

Liggur skýrt fyrir að ekkert svæði fer inn í þjóðgarð nema með samþykki landeiganda. Þannig að ef einhver er með svæði sem hann vill ekki hafa inni í þjóðgarði, þá fer það ekki inn í þjóðgarð. Hefur verið rætt að setja ákveðin svæði í ákveðna vernd – svæðisskipta firðinum.

### **Fundur með fulltrúum sveitarstjórnar Reykhóla, haldinn á Teams, 25. ágúst kl. 15:30**

**Mætt:** Frá Reykhólahrepp: Árný Huld Haraldsdóttir, Ingimar Ingimarsson og Jóhanna Ösp Einarsdóttir. Frá Breiðafjarðarnefnd: Erla Friðriksdóttir formaður, Róbert Arnar Stefánsson, Magnús A. Sigurðsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Karl Kristjánsson, Guðríður Þorvarðardóttir og Eyjólfur Bjarnason.

*Fundarritari:* Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Erla Friðriksdóttir setti fundinn og kynnti Breiðafjarðarnefnd og vinnu hennar. Því næst kynnti Róbert A. Stefánsson sérstöðu Breiðafjarðar og framtíð hans. Erindin voru sambærileg þeim sem flutt voru á fundi með fulltrúum Dalabyggðar og finna má hér að ofan.

### **Umráður og fyrirspurnir (málgreinar sem merktar eru með punkti fyrir framan eru tilvitnanir í fundargesti).**

Ferðamönnum mun fjölga á Breiðafirði. Við getum ekki komist hjá því. En getum við verið undir það búin?

- Gott mál að útvíkka vernd á Breiðafirði. Ef gert að þjóðgarði – er þá ekki eðlilegt framhald að svæðið fari á heimsminjaskrá?

Gæti allt fylgst að. Eitt útilokar ekki annað. Einföld leið að byrja á Ramsar, gera svo þjóðgarð og sækja svo um að setja svæðið á heimsminjaskrá. Heimsminjaskrá er þungt ferli og langt og auðveldar mjög málið ef stjórnunin á svæðinu er komið í fastan farveg. Þjóðgarðar er þekkt hugtak sem auðveldar mjög umsókn á UNESCO. Möguleiki væri að velja hluta fjarðarins undir mismunandi verndun. Það er líka stundum gert í þjóðgörðum að hafa mismunandi skilmála innan svæðis.

- Myndi verksmiðjunýting ekki hafa áhrif á þessar hugmyndir, t.d. Ramsar og heimsminjaskrá?

Það ætti ekki að þurfa að vera hindrun svo lengi sem nýtingin er sjálfbær. Það þarf að sýna fram á að það að hún sé sjálfbær, annað hvort með upplýsingum sem þegar eru til eða gera sérstakar rannsóknir. Ekkert skilyrði að það sé engin nýting á svæðinu en hún þarf helst að vera sjálfbær.

Ísland er auðlindaknúið hagkerfi og hér verður ekki hætt að nýta náttúruauðlindir. Þörunganýting á Reykhólum hefur staðið yfir í mjög langan tíma og hefur verið sýnt fram á að hún hefur ekki raskað lífkerfinu mikið hingað til. Hins vegar, ef nýta á mikið meira af þörungum en nú er gert, þá gæti þeim þröskuldi verið náð. Mikilvægt að fara varlega og undirbyggja ákvarðanir með viðeigandi rannsóknum. Hluti af því að stofna þjóðgarð í dag er að styrkja samfélögin og það er auðvitað ekki gert með því að loka aðalvinnustaðnum á svæðinu. Möguleikar eru á að setja á minni/meiri/annarskonar vernd á ákveðin svæði.

- Fyrst þarf að taka ákvörðun um hvert viljum við stefna og svo þarf að útfæra það með heimamönnum. Aukin verndun gæti í sjálfu sér styrkt þörungaverksmiðjuna svo lengi sem hún er sjálfbær. Framleiðendur á svæðinu gætu merkt vöruna sem framleidd er innan þjóðgarðs með þjóðgarðsmerki og þannig aukið gildi hennar.

Land er aldrei sett undir þjóðgarð nema með samþykki landeiganda. Sveitarfélag hefur alltaf skipulagsvaldið á svæðinu.

### **Fundur með fulltrúum sveitarstjórnar Vesturbyggðar, haldinn á Teams, 1. september kl. 15:00**

**Mætt:** Frá Vesturbyggð: María Ósk Óskarsdóttir, Jón Árnason, Iða Marsibil Jónsdóttir, Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, Rebekka Hilmarsdóttir. Frá Breiðafjarðarnefnd: Erla Friðriksdóttir formaður, Róbert Arnar Stefánsson, Magnús A. Sigurðsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Guðríður Þorvarðardóttir, Arnheiður Jónsdóttir.

*Fundarritari:* Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Erla Friðriksdóttir setti fundinn og kynnti Breiðafjarðarnefnd og vinnu hennar. Því næst kynnti Róbert A. Stefánsson sérstöðu Breiðafjarðar og framtíð hans. Erindin voru sambærileg þeim sem flutt voru á fundi með fulltrúum Dalabyggðar og finna má hér að ofan.

### Umræður og fyrirspurnir (málgreinar sem merktar eru með punkti fyrir framan eru tilvitnanir í fundargesti).

- Það vantar uppá innviði svo svæðin séu tilbúin að taka á móti auknum heimsóknum samhliða friðlýsingum. Friðlýsingu fylgir ekki alltaf nægilegt fjármagn til að byggja upp áfangastaði.

Innviðasjóður er tiltölulega nýlega kominn á laggirnar og hefur hann gert gæfumuninn hvað varðar uppbyggingu innviða, t.d. í þjóðgörðum.

- Ramsarsamningur. Fylgja honum engar hömlur umfram það sem verndin á Breiðafirði felur í sér í dag. Mun nefndin skoða ítarlega hvort auðlindanýting verði takmörkuð með einhverjum hætti samhliða þessari viðurkenningu, sem sagt Ramsar.

Eftir því sem þeir sem best vita segja þá er þetta fyrst og fremst skrá yfir mikilvæg og merkileg votlendissvæði. Ramsarsvæði draga að sér fuglaskoðara sem eru almennt góðir ferðamenn, fara hægt yfir og eyða miklu á svæðinu. Setur ekki teljandi hömlur á svæðið. Svæði getur farið á svartan lista vegna eftirlits. Ef það sem verið er að gera á svæðinu uppfyllir ekki kröfur Ramsarsamningsins þá er svæði tekið út af listanum.

- Hvernig viðbrögð hafa komið sunnan fjarðar varðandi stækkun á verndarsvæðinu.

Stækkunin á svæðinu varðar tvö sveitarfélög, annars vegar Snæfellsbæ og hins vegar Vesturbyggð. Nefndin sendi sveitarfélögunum erindi vegna þessara hugmynda og fékk nokkuð jákvæð viðbrögð.

- Dæmi nefnt um þegar Baldur bilaði/strandaði. Er hægt að nýta verndina til þess að gera kröfur á þá sem sjá um siglingar yfir fjörðinn vegna t.d. mengunarhættu?

Þetta er einmitt það sem nefndin hefur meðal annars gagnrýnt varðandi núverandi lög. Þau eru veik og lítið haldbær.

- Áhyggjur flestra tengjast nýtingu og að það verði lokað á hana, t.d. þangslátt og grásleppuveiðar.

Ekki hugmynd nefndarinnar að takmarka nýtingu. Frekar að verja þá hefðbundnu hlunnindanýtingu sem stunduð hefur verið á firðinum. Viðhalda því atvinnulífi sem hér þrífst. Viljum öll að fjörðurinn sé nýttur á sjálfbæran hátt.

- Nokkrar mismunandi leiðir ræddar. Hefur Breiðafjarðarnefnd ákveðið sérstaklega hvað á að gera? Hvað vill Breiðafjarðarnefnd?

Nefndin hefur ekki myndað sér skoðun ennþá. Vill fyrst eiga þetta samtal og samráð með íbúum og sveitarstjórnnum. Nefndin telur þó að að lágmarki þurfi að endurskoða þau lög sem nú gilda um svæðið. Ekkert sem útilokar það að svæðisskipta firðinum og setja mismunandi vernd á ákveðin svæði. Hingað til hefur verið nokkuð breið samstaða um Breiðafjarðarnefnd og skipun hennar. Þetta samráðsferli sem nú er á ferðinni er í alvörunni samráðsferli. Ef það er ekki almennur vilji til að fara einhverja leið þá mun nefndin ekki leggja hana til.

### Fundur með fulltrúum bæjarstjórnar Stykkishólms, haldinn á Teams, 16. september kl. 18:00

**Mætt:** Frá Stykkishólmi: Árni Ásgeirsson, Ásmundur Guðmundsson, Lárus Ástmar Hannesson, Gunnlaugur Smárason, Steinunn Magnúsdóttir, Þóra Stefánsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Haukur Garðarsson og Jakob Björgvin Jakobsson. Frá Breiðafjarðarnefnd: Róbert Arnar Stefánsson, Magnús A. Sigurðsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Guðríður Þorvarðardóttir, Karl Kristjánsson og Erla Friðriksdóttir.

*Fundarritari:* Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Erla Friðriksdóttir setti fundinn. Þar sem Erla er fulltrúi í bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar gaf Guðríði Þorvarðardóttur, varaformanni Breiðafjarðarnefndar, orðið og fól henni stjórn fundarins. Guðríður kynnti Breiðafjarðarnefnd og vinnu hennar. Því næst kynnti Róbert A. Stefánsson sérstöðu Breiðafjarðar og framtíð hans. Erindin voru sambærileg þeim sem flutt voru á fundi með fulltrúum Dalabyggðar og finna má hér að ofan.

Ragnhildur Sigurðardóttir kynnti reynslu Snæfellsbæjar af þjóðgarði.



## Umræður og fyrirspurnir (málgreinar sem merktar eru með punkti fyrir framan eru tilvitnanir í fundargesti).

- Verndarsvæðið liggur ekki niður á hafbotn. Er það ekki eitthvað sem væri ráð að stefna á? Hvers vegna liggur það ekki niður á hafsbotn?

Í nýjum náttúruverndarlögum er í fyrsta skipti tekið fram að þegar er verið að vernda svæði í hafi þá skuli taka til vatnsbols, botns og lífríkis.

- Íbúar á svæðinu óttast umræðu um Ramsar og UNESCO og hafa áhyggjur af því hvaða áhrif það hefur á svæðið, s.s. atvinnulíf, nýtingu o.s.frv. Hverjir eru kostir og gallar Ramsar og UNESCO.

Þetta eru gæðastimplar, staðfesta gæði og að stjórnun auðlinda sé ásættanleg. Viðurkenningar sem hægt er að nota sér til framdráttar. Svæði sem draga að sér „góða ferðamenn“ sem stoppa lengi, gefa sér tíma og eiga peninga. UNESCO er enn meiri gæðastimpill en Ramsar. Ekki skynsamlegt að byrja á UNESCO en það gæti mögulega komið í kjölfarið á einhverjum öðrum skrefum.

Þetta er ferli og áfangastaðurinn er skilgreindur á leiðinni, hvað við viljum sjá til framtíðar og hvernig það verður skipulagt, skilgreint og stjórnað. Skútustaðahreppur er verndaður með sérlögum og er á Ramsarsvæði. Sveitarfélagið ræður og landslög ráða.

- Búið að gera rosalega mikið fyrir svæðið í Snæfellsbæ með þjóðgarði.
- Hvar kemur fram að valdið sé hjá heimamönnum í lögum um þjóðgarðastofnun og í lögum um þjóðgarða?

Best að kynna sér lög um Vatnajökulsþjóðgarð þar sem stofnuð voru svæðisráð og stjórn. Í stjórn eru formenn allra svæðisráða. Svipað fyrirkomulag er hugsað fyrir Miðhálandisþjóðgarð. Þarf alltaf leyfi sveitarfélaganna til þess að fara í framkvæmdir. Sveitarfélög með meirihluta í öllum ráðum og nefndum. Hlýtur að tryggja það að vilji heimamanna sé virtur.

- Nefndin segist vera að leita samráðs. En nú er búið að senda inn umsögn um frumvarp um Þjóðgarðastofnun. Á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar stendur „nýting svæðisins verði áfram leyfð svo lengi sem hún er sjálfbær“. Þegar íbúafundur var haldinn þann 28. janúar í Stykkishólmi var ekkert sagt frá umsögn Breiðafjarðarnefndar um Þjóðgarðastofnun. Er verið að vinna á bak við tjöldin?
- Nú hefur bæjarstjórn ekki verið send drög að nýjum reglum um lög á verndun Breiðafjarðar.

Þegar reglur eru unnar fyrir náttúruverndarsvæði á grundvelli náttúruverndarlaga þá er það gert í nánu samráði við sveitarfélög og aðra hlutaðeigandi.

- Varðandi þjóðgarð. Yrðu sett takmörk á atvinnustarfsemi ef horft yrði til sambærilegrar reglugerðar og varðandi Vatnajökulsþjóðgarð?

Ekki veri að horfa til reglugerðar strax. Vinnan er ekki komin á þann stað. Nú er verið að vinna atvinnustefnu fyrir Vatnajökulsþjóðgarð.

- Ráðgefandi nefnd fyrir ráðherra. Hver er afstaða nefndarinnar til þörungaverksmiðju sem hefur verið talað um að reisa hér í Stykkishólmi?

Nefndin er hlynnt atvinnustarfsemi svo lengi sem hún er sjálfbær.

- Vilja Snæfellingar stækkun á þjóðgarðinum?

Viðbrögð sveitarstjórnar Snæfellsbæjar við erindi nefndarinnar um málefnið voru að minnsta kosti jákvæð. Sama má segja um Vesturbyggð.

- Er stefnubreyting á störfum nefndarinnar?

Breytingarnar eru bara tíðarandinn, breytingar sem eru að eiga sér stað allt í kringum okkur. Á hverjum tíma vinnur fólk eins vel og það getur og okkur rennur blóðið til skyldunnar að bregðast við þeim áskorunum sem okkur berast. Sorglegt ef menn læsast inni í ótta, hann á örugglega rétt á sér en þá er gott að ræða mál og finna niðurstöðu.

Lægsti samnefningarinn væri að breyta lögnum í samræmi við OSPAR samninginn. Ramsar stimpillinn gæti átt við hluta Breiðafjarðar ekki endilega fjörðinn allan. Það er eitthvað sem þarf að ræða. Nefndin er ekki búin að taka þessa umræðu.

- Þarf alla þessa kosti til að tryggja framtíð Breiðafjarðar?

Það er að minnsta kosti mjög brýnt að endurskoða lög um vernd Breiðafjarðar.

- Mikil tækifæri, takk fyrir samráðið og faglega vinnu. Ekkert gagn í þessu nema menn sjái ljósið en það gerist bara með samtali. Ekki eins og hér komi her af útendingum sem banna hitt og þetta. Fyrst og fremst tækifæri.
- Ótti við regluverk! Að ætla að fara að bæta einu batteríi við í að leiðbeina og stýra. Bara verið að þyngra rekstur.
- Greina kosti og galla. Eru engir ókostir?

Ef það er ókostur að það sé fylgst með okkur. Almenn myndu þeir sem við fjörðinn búa taka þátt í setja reglurnar.

Þegar stofnaður er þjóðgarður þá þarf ríkið að útvega þjóðgarðsvörð og leggja til fjármagn í uppbyggingu innviða. Allt fjárhagslegt umhverfi verndarsvæða hefur gjörbreyst á síðustu árum. Mikið fjármagn sem rennur til friðlýstra svæða. Hundruð milljóna á hverju svæði sem fara í uppbyggingu innviða auk þess að skapa þó nokkur störf í sveitarfélaginu.

Það þarf samþykki sveitarfélagsins og samþykki verndarsvæðisins til framkvæmda. Þjóðgarður einn og sér gæti ekki farið af stað og leyft eitthvað sem sveitarfélagið er á móti. Sveitarfélagið hefur alltaf skipulagsvaldið og þarf að samþykkja allar framkvæmdir.

Þjóðgarðshugmynd er flókin í framkvæmd því allir landeigendur þurfa að gefa samþykki til að setja land inn í þjóðgarð. Gæti verið galli. Ef það er einhver sem ekki vill vera með þá er það ekki friðlýst. Þá gilda bara lög um vernd Breiðafjarðar þar.

Þarf að skrifa inn í reglur, t.d. hvort það eigi að leyfa veiðar, hvort það eigi að eyða ágengum tegundum, hvort að það eigi að leyfa veiðar á ákveðnum hluta svæðisins. Allt slíkt er skrifað inn í friðlýsingarskilmála. Þeim er svo hægt að breyta.

- Er Breiðafjarðarnefnd eingöngur orðið náttúruverndarbatterí. Menning og sögulegt gildi var í hávegum haft. Nefndin er eingöngu að tala um landvernd og náttúruvernd. Er fjármagni beint í menningaráttina?

Nefndin hefur sinnt menningarminjum meira hingað til og sett meira fjármagn í það.

- Helstu áhyggjurnar eru hugsanlegar takmarkanir á atvinnulífi. Hefðu þessar hugmyndir áhrif á t.d. sjávarfallavirkjun, skelveiði, þangtekju, grásleppu?
- Hvaðan eiga fjármunir til innviðauppbyggingar að koma?

Þessir punktar eru ekki eitthvað sem Breiðafjarðarnefnd á að ákveða. Ekki verið að leggja til uppbyggingu í eyjum. Frekar uppbyggingu í samfélögum í kring um fjörðinn og í þéttbýliskjörnum. Þar yrði mögulega fræðslustarfsemi, gestastofur, leiðsögn og fleira. Það yrði hlið að svæðinu.

Skilgreina þyrfti hvers kyns takmarkanir í stjórnunar- og verndaráætlun. Sú umræða hefur ekki veið tekin enda þyrfti hún að fara fram með sveitarstjórnnum og heimafólki þegar skilgreint hefur verið hvert stefna skuli. Hvað hörpudisk, grásleppu og aðra atvinnustarfsemi varðar þá fer krafa um sjálfbærni sívaxandi. Íslensk fiskveiðistjórnun byggir á sjálfbærni og ávallt er reynt að byggja á bestu gögnum sem til eru.

Vandamálið er hvernig svæðið verður á næstu árum. Ekki hvernig það er í dag. Þess vegna er gott að vera á undan.

**Fundur með fulltrúum sveitarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn á Teams, 22. september, kl. 10:00**

**Mætt:** Frá Snæfellsbæ: Júníana Björg Óttarsdóttir, Auður Kjartansdóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Fríða Sveinsdóttir, Svandís Jóna Sigurðardóttir, Björn Haraldur Hilmarsson, Kristinn Jónasson. Frá Breiðafjarðarnefnd: Erla Friðriksdóttir formaður, Róbert Arnar Stefánsson, Magnús A. Sigurðsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Guðríður Þorvarðardóttir, Karl Kristjánsson.

*Fundarritari:* Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Erla Friðriksdóttir setti fundinn og kynnti Breiðafjarðarnefnd og vinnu hennar. Því næst kynnti Róbert A. Stefánsson sérstöðu Breiðafjarðar og framtíð hans. Erindin voru sambærileg þeim sem flutt voru á fundi með fulltrúum Dalabyggðar og finna má hér að ofan.

**Umræður og fyrirspurnir (málgreinar sem merktar eru með punkti fyrir framan eru tilvitnanir í fundargesti).**

- Þjóðgarður áhugaverðast. Friðun má ekki hafa áhrif á nýtingu matarkistunnar á Breiðafirði.
- Hver af þeim fjórum kostum sem nefndin varpar upp hugnast nefndinni best?

Einn kostur útilokar ekki annan. Alveg möguleiki að fara allar þessa leiðir eða enga. Möguleiki að svæðisskipta firðinum og velja mismunandi kosti fyrir hvert svæði. Nefndin hefur ekki myndað sér sameiginlega skoðun og mun ekki gera það fyrr en samráði hefur verið lokið.

- Það þarf samþykki landeigenda til að stofna þjóðgarð skv. náttúruverndarlögum. Þarna eru mjög margir landeigendur og því gæti það vafist fyrir. Líka svæði þarna utan netlaga, ætti þá ekki að vera vandamál að stofna þjóðgarð þar.

Nefndin hefur vísitandi ekki rætt málin og tekið afstöðu en smám saman hlýtur hver og einn nefndarmaður að hafa myndað sér einhverja skoðun. Einfaldast væri að velja Ramsar fyrst, breytir ekki miklu. Pungt ferli að fara á heimsminjaskrá. Þjóðgarður væri snúið ferli en til mikils að vinna. Lágmarksskref sem nefndin myndi leggja til væri að endurskoða lög. Þau eru mjög máttlaus eins og þau standa og virkilega þarfnast uppfærslu.

Það er þó grundvallaratriði að fjörðurinn verði áfram nýttur og nefndin hefur ekki hug á að loka fyrir nýtingu svo lengi sem nýtingin er sjálfbær. Nefndin mun ekki standa í vegi fyrir atvinnuuppbyggingu.

- Það sem nefndin leggur til er skynsamlegt. Velja fyrst Ramsar og halda svo áfram í litlum skrefum. Passa upp á að við, íbúar við fjörðinn, höfum sjálfræði á firðinum og nýtingu á honum.
- Allt mjög flottar leiðir og þau gildi sem talin eru upp að sjálfstæði og sjábær nýting sé áfram tryggð. Sjávarútvegurinn er mikilvægur.

Inni í þessum hugmyndum er stækkun á verndarsvæðinu. Frá Öndverðarnesi og út á Látrabjarg. Nefndin sendi sveitarstjórnnum í Snæfellsbæ og Vesturbyggð erindi um hvort enn væri áhugi fyrir þessari stækkun og fékk jákvæð viðbrögð.

- Nefndin þarf að meta það hvað er auðveldasta leiðin til að ná þeim markmiðum sem sett eru fyrir svæðið. Kostur að gera þetta í skrefum. Það sem margir óttast er aukin nýting á þara. Vantar ennþá rannsóknir á hvaða áhrif aukin nýting á þara hefur á fiskstofn á Breiðafirði. Hvaða afleiðingar hefur aukinn þangsláttur á annað lífríki í firðinum. Við viljum að minnsta kosti hafa það þannig að stjórnkerfi yfir firðinum sé skilvirkt þannig að ef einhver fær góða hugmynd að nýta eitthvað þá viljum við að passað verði upp á að það hafi ekki áhrif á það sem við erum að gera í dag.
- Hverjar eru bestu leiðirnar til að vernda framtíð Breiðafjarðar og að við getum áfram nýtt þær auðlindir sem við höfum gert undanfarin ár, áratugi og aldir? Vernd og nýting fara vel saman. Skynsemin þarf að ráða þar eins og annars staðar.
- Skynsamlegt að byggja upp ferðaþjónustu á grundvelli verndarstefnu.
- Mætti drepa seli og yrði hægt að veiða skarf?

Ef þjóðgarður yrði settur á stofn þarf að ákveða hvað má og hvað má ekki? Það sem við viljum vernda er söguleg hlunnindanýting, þó auðvitað alltaf innan skynsamlegra marka. Nú er selur kominn á valista og bannað að skjóta sel. Nefndin eða verndarsvæðið sem slíkt mun aldrei stýra hvað verður veitt. Þau lög sem gilda í dag varðandi veiðar gilda áfram. Allt skilgreint út í þaula, hvað má á hvaða svæðum. Eins og þetta er gert í dag eru skrifuð sérstök lög um hvern þjóðgarð fyrir sig. Minkur yrði aldrei verndaður. Íslendingar hafa ákveðnar skyldur

varðandi ágengar tegundir. Villidýralögin gilda og ekki hægt að fara gegn þeim. En það mætti skilgreina ítarlegri reglur sem heimamenn hefðu aðkomu að.

- Margir hræddir við þjóðgarð, að við missum sjálfstæði og stýringu til Reykjavíkur. Þetta er skynsamleg vinna hjá nefndinni. Taka lítil skref til að bæta vernd og nýtingu við Breiðafjörð. Byrja á Ramsar og skoða svo hitt í framtíðinni. Öll viljum við gera betur.

Hvaða takmarkanir hafa sveitarstjórnarfulltrúar upplifað í tengslum við þjóðgarðinn Snæfellsjökul?

- Almennt litlar, allt gert í samráði við sveitarfélagið og íbúa þess. Aukin atvinnutækifæri og skipulagsvaldið hjá heimamönnum. Í dag eru allir á því að náttúruvernd er inn. Tryggja þarf þó áfram atvinnuvegi svæðisins, sjávarútveginn.
- Þjóðgarður er tækifæri fyrir samfélag. Þú sníðir þjóðgarðinn fyrir hvert svæði fyrir sig þó skv. grunnstoðum þeirra laga sem til staðar eru.

### **Fundur með fulltrúum sveitarstjórnar Helgafellssveitar, haldinn 25. nóvember, kl. 20:30 í Æðarsetri Íslands Stykkishólmi og á Teams.**

**Mætt:** Frá Helgafellssveit: Guðrún Reynisdóttir, Guðlaug Sigurðardóttir, Karin Rut Bæringsdóttir, Sif Matthíasdóttir, Guðmundur Helgi Hjartarson og Harpa Eiríksdóttir. Frá Breiðafjarðarnefnd: Erla Friðriksdóttir, Róbert Arnar Stefánsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Karl Kristjánsson og Guðríður Þorvarðardóttir.

*Fundarritari:* Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður Breiðafjarðarnefndar, Erla Friðriksdóttir, kynnti Breiðafjarðarnefnd, hlutverk hennar og vinnu síðastliðin misseri. Róbert Arnar Stefánsson, fulltrúi í nefndinni og forstöðumaður NSV, fjallaði um sérstöðu Breiðafjarðar og framtíð fjarðarins. Erla kynnti samantekt nefndarinnar um framtíð Breiðafjarðar og niðurstöður nefndarinnar sem sendar hafa verið sveitarstjórnnum og íbúum til umsagnar.

### **Umræður og fyrirspurnir (málgreinar sem merktar eru með punkti fyrir framan eru tilvitnanir í fundargesti).**

- Lýsir yfir ánægju með þennan fund og þessa áætlun nefndarinnar og tekur undir áætlanir nefndarinnar. Vonar að gangi hratt og vel og að allir séu sáttir í framhaldinu.
- Þakkar kynninguna. Veltir fyrir sér hvernig Ramsarsvæðum hefur almennt gengið. Hefur gengið vel?

Ramsarsvæði sem er við Mývatn og Laxá komast á svartan lista en svo var það tekið af listanum eftir að kísilvinnslu var hætt þar. Styrkt verndina í þjórsárverum en svæðið það hefur ekki stækkað. Önnur svæði teljast ekki hafa átt við vandamál. Kom sérfræðingur og heimsótti þessi svæði, s.s. Grunnafjörð og Andakil og hvorugt þeirra var komið á vandræðalista.

Það sem snýr að heimamönnum á Ramsarsvæðum þá hafa þessi svæði ekki verið nýtt nægilega vel af heimamönnum til þess að búa til tækifæri. Um er að ræða alþjóðlega mikilvæg svæði, sérstaklega fyrir fugla. Væri hægt að gera svæðin aðgengileg og eftirsóknarverðari fyrir fuglaskoðara. Þetta er það sem heimamenn gætu nýtt sér – að gera tækifæri úr þessum svæðum. Fuglaskoðaðar eru ágætis ferðamenn, bera virðingu fyrir umhverfi og náttúru, stoppa lengi og kaupa sér þjónustu. Sum Ramsarsvæði eru ekki mjög aðgengileg fyrir ferðamenn, s.s. Guðlaugstungur og Eyjabakkar.

Reynsla Snæfellsbæjar af þjóðgarði er sú að hann felur í sér atvinnutækifæri og möguleika. Lykilatriðið er verndar- og stjórnunaráætlun. Tilgreina hvað það er sem verið er að vernda og smíða svo reglur í kringum það. Mikilvægt að heimamenn komi ríkulega að því plaggi. Það er lykilplagg þar sem útfært er hvað má og hvað ekki og hvernig hlutirnir eru gerðir. Það er byggt á afstöðu heimamanna.

- Ef hér yrði Ramsarsvæði, yrðu allir fuglar friðaðir? Til dæmis hrafninn?

Það eru settar sérstakar reglur fyrir hvert og eitt svæði. Þegar Ramsarsvæði eru undirbúin er sett á laggjarnar sérstök nefnd sem ákveður reglurnar í samstarfi við Umhverfisstofnun. Almennt er þó ekki farið á skjön við villidýralögin og önnur gildandi lög. Friðlýsingartilagan er svo kynnt almenningi í því skyni að íbúar og almenningur komi með athugasemdir og láti sig varða það sem um er rætt. Á þeim grunni eru svo reglurnar settar. Reglurnar sjálfar eru líka settar í langa opna kynningu.

- Væri möguleiki að refurinn yrði friðaður?

Það er möguleiki ef það væri ríkur vilji heimamanna, annars líklega ekki.

- Hver er skoðun Breiðafjarðarnefndar á grásleppuveiðum.

Skoðun nefndarinnar eru fyrst og fremst sú að allar veiðar vereði heimilar svo lengi sem þær eru sjálfbærar og Hafró stýri því eins og verið hefur. Það er vilji nefndarinnar að fjörðurinn verði nýttur eins og hann hefur verið nýttur hingað til. Að nýting sé þó sjálfbær. Grásleppuveiðar hafa verið undir þrýstingi annars staðar frá, þá helst frá neytendum sem krefjast sjálfbærnivottunar grásleppunnar. Samfélagið gerir sífellt meiri kröfur um sjálfbærni. Ef veiðar á einni tegund ógna annarri þarf mögulega að gera breytingar. Nefndin hefur ekki lagst gegn grásleppuveiðum, helst vildi hún treysta á það að veiðum sé stjórnað á grundvelli góðra rannsókna og að fiskveiðiráðgjöf byggi á gögnum.

Það kemur líka reglulega upp sú spurning hvort Breiðafjarðarnefnd leggist gegn aukinni nýtingu þörunga á Breiðafirði. Nefndin fagnar því að nýting á náttúrunni sé aukin svo lengi sem það er gert á sjálfbæran máta. Nefndin vill sjá blómlega byggð við fjörðinn og fjölga hér atvinnutækifærum.

- Hefur nóg verið rannsakað varðandi nýtingu á þangi og þara til þess að hægt sé að fara í frekari nýtingu á því hráefni?

Vantar rannsóknir á lífríkinu sem nýtir þangið og þarann. Nýtingin virðist hafa verið sjálfbær hingað til.

- Í sambandi við Ramsarsvæði, væri framræsing á landi óheimil?

Fer eftir þeim reglum sem á landinu er. Þegar reglur fyrir svæðið eru settar mun væntarlega vera lögð áhersla á að endurheimta votlendi innan Ramsarsvæðisins. Þegar verið er að tala um Ramsarsvæði á Breiðafirði er þá aðallega verið að miða við Breiðafjarðareyjjar og fjörur. Framræslan ætti þá kannski helst við í Brokey, Flatey, Skáleyjum og mögulega víðar. Reglur um þetta kæmu að öllum líkindum fram í stjórnaráætlun sem yrði unnin í samráði við sveitarstjórnir, landeigendur, heimamenn o.fl. Það væri mjög óeðlilegt ef hefðbundin nýting og nýting sem fyrir er (til dæmis skilgreint landbúnaðarsvæði) yrði ekki leyfð.

- Ef þjóðgarður, hvernig sæi nefndin það fyrir sér? Nokkrar þjónustumiðstöðvar?

Þegar er til staðar þjónustumiðstöð fyrir vestan, á Patreksfirði og í Flókalundi. Þegar hugmyndir eru ræddar og útfærðar þyrfti að huga að því hvort og hvar slíkar stöðvar eigi að vera. Nefndin hefur ekki rætt þetta atriði því þetta er útfærsluatriði á seinni stigum ef haldið verður áfram með málið. Um er að ræða gríðarlega stórt svæði. Ekki væri æskilegt að beina fólki mikið út fyrir það svæði sem gert er í dag. Það væri til dæmis möguleiki að umsjón og fræðsla yrðu umhverfis fjörðinn, Stykkishólmur, Búðardalur og Reykhólar til dæmis.

**Fundur með fulltrúum sveitarstjórnar Grundarfjarðar, haldinn 30. nóvember, kl. 16:00 á Teams.**

**Mætt:** Frá Grundarfjarðarbæ: Vignir Mariasson, Sævör Þorvarðardóttir, Bjarni Sigurbörnsson, Jósef Kjartansson, Hinrik Konráðsson, Rósa Guðmundsdóttir og Björg Ágústsdóttir. Frá Breiðafjarðarnefnd: Erla Friðriksdóttir formaður, Róbert Arnar Stefánsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Karl Kristjánsson, Magnús A. Sigurðsson og Guðríður Þorvarðardóttir.

*Fundarritari:* Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður Breiðafjarðarnefndar, Erla Friðriksdóttir, kynnti Breiðafjarðarnefnd, hlutverk hennar og vinnu síðastliðin misseri. Róbert Arnar Stefánsson, fulltrúi í nefndinni og forstöðumaður NSV, fjallaði um sérstöðu Breiðafjarðar og framtíð fjarðarins. Erla kynnti samantekt nefndarinnar um framtíð Breiðafjarðar og niðurstöður nefndarinnar sem sendar hafa verið sveitarstjórnnum og íbúum til umsagnar.

**Umræður og fyrirspurnir (málgreinar sem merktar eru með punkti fyrir framan eru tilvitnanir í fundargesti).**

- Er nefndin hrifnust af því að við gerum þetta allt saman? Er hugmyndin sú að þetta verði allt gert?

Nefndin leggur til við ráðherra að allir þessir möguleikar verði skoðaðir en ekki endilega allir framkvæmdir. Nefndin vísar þessum leiðum áfram til áframhaldandi vinnu á vegum ráðherra sem vonandi þá greinir betur kosti og galla hverrar leiðar.

- Það sem vantar í þessari umfjöllun er: hvað er það sem nefndinni finnst vanta í lögnum núna? Hvað er það sem liggur mest á að endurskoða?

Lögin eru barn síns tíma og ekki nægilega skýr. Til dæmis hefur bæst við í lög um náttúruvernd að þegar um friðlýsingu á sjó er að ræða þá þarf að koma fram hvort friðlýsigin nái til hafbotns, -bols og lífríkis. Mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar eru óskýr og nefndin lent í vandræðum varðandi erindi sem hafa borist vegna þess. Lögin eru auk þess hálfgerð olnbogabarn þar sem nefndin heyrir beint undir umhverfisráðherra og það er engin stofnun sem tryggir að farið sé með málefni svæðisins. Lögin eru auk þess mjög veik. Þau tilgreina að vernda eigi lífríki og jarðfræði en ekki skýrt frekar hvernig lögin eru brotin eða hvaða refsing ætti að vera við því. Þau eru því haldlítill eins og þau standa í dag. Að sumu leyti eru þau falskt öryggi. Ef það á yfirhöfuð að vera með verndarsvæði þarf að vera skýrt hvað er bannað, hvernig því sé framfylgt og svo framvegis.

- Ef ekkert yrði gert myndi nefndin færast undir Þjóðgarðastofnun og yfirráð færast úr höndum heimamanna?

Þjóðgarðastofnun gerir ráð fyrir því að á svæðinu yrði eins konar svæðisráð. Þannig yrðu aukin völd færð til heimamanna verndarsvæða almennt. Eins og nefndin hefur skilið ráðherra og ráðuneyti þá yrði fyrst um sinn ekki mikil breyting á, a.m.k. ekki hvað varðar Breiðafjörð. Breiðafjarðarnefnd yrði þannig einhvers konar svæðisráð fyrir fjórðinn.

- Í hvaða hremmingum höfum við verið að lenda með verndina eins og hún er í dag? Höfum við verið að lenda í vandræðum þar sem við ráðum ekki nógu miklu skv. þessum lögum? Við þurfum að hafa alveg á hreinu hvað við fáum í staðinn ef við ætlum að breyta einhverju. Það er erfitt fyrir sveitarstjórnafólk að vita ekki hvað verður, hvort það verður svæðisráð eða eitthvað allt annað.

Leyfisveitingavaldið var tekið frá nefndinni og nefndin núna orðin ráðgefandi nefnd og Umhverfisstofnun fer með leyfisveitingar. Nefndin hefur ekki verið í miklum ógöngum hingað til og þar vegur kannski helst að verndarsvæði Breiðafjarðar ver sig að sumu leyti sjálft með því að vera óaðgengilegt. Á svæðinu eru ekki nema örfáir staðir fyrir almenning fyrir utan fjörurnar. Það mun þó breytast og er þegar farið að breytast með auknum ferðamannastraumi, aukinni afþreyingu og ferðum um svæðið. Það er þekkt að erlend ferðaskrifstofa hefur selt í skipulagðar kajakferðir um svæðið þar sem farið er með hóp af ferðamönnum í eyjar þar sem þeir gista án leyfis. Ferðamannastraumur mun halda áfram að vaxa eftir Covid og mun valda álagi. Þá er mikilvægt að vera tilbúinn að taka við þeim gestum sem koma og vera með innviði sem beina þeim um svæðið og fræða þá hvernig á að ganga um það. Þetta er hluti af því að búa sig undir framtíðina. Það er alveg eðlilegt að velta því fyrir sér hvað við höfum og hvað við fáum. Ef ákveðið væri að undirbúa þjóðgarð eða endurskoða lögin þá hæfist enn nákvæmari vinna við að skilgreina hvað má og hvað ekki og það er áhersla nefndarinnar að þar verði íbúar og sveitarstjórnir í meirihluta. Hluti af verndargildi Breiðafjarðar er hlunnindanýting á firðinum og hana viljum við standa vörð um og styrkja.

- Nú er nefndin búin að taka saman niðurstöður samráðsvinnunnar. Þar eru nokkrir kostir nefndir. Það er enn óljóst hvað gerist næst! Er einhver tímalína? Verða allir kostir skoðaðir? Hvaða kostur verður þá skoðaður fyrst? Breiðafjörður myndi mögulega uppfylla alla þessa möguleika, Ramsar, UNESCO og þjóðgarð en hver væri ávinningurinn? Hvaða áhrif hafa þessar hugmyndir á fiskveiðar, sjávarútveg, hver kostur fyrir sig? Eitthvað af þessu kemur fram í samantektinni en þó er það ansi óljóst ennþá. Það er ljóst að ekki nokkur stjórnámálamaður á Íslandi myndi tilnefna Breiðafjörð á heimsminjaskrá UNESCO ef það mætti ekki veiða fisk. Í dag hafa sveitarfélög og Breiðafjarðarnefnd ekkert yfir fiskveiðum að segja, verður breyting á því?
- Nú er verið að nota mismunandi veiðiaðferðir á svæðinu, t.d. plóg, dragnót o.fl. Það þarf að vera alveg skýrt hvaða veiðar verða leyfðar? Eitthvað sem verður bannað?
- Í Grundarfirði hefur farið fram mikil uppbygging vegna skemmtiferðaskipa. Því er ekki að neita að þau eru oft mengandi en það má ekki gleyma mikilvægi þeirra á ákveðnum svæðum. Það er aftur á móti ljóst að setja þarf reglur um hvert þau mega sigla og beina þeim frá svæðum þar sem hætt er við slysum.
- Hver eru rökin fyrir því að vilja mögulega fara allar þessar leiðir? Af hverju ekki fara eina?

Nefndin hefur verið á þeirri skoðun að fiskveiðistjórnun verði óbreytt. Fiskveiðistjórnun byggir á sjálfbærri nýtingu auðlinda og hjá Hafró og Fiskistofu er mesta þekkingin í fiskveiðiráðgjöf og stjórnun. Nefndin sér alls ekki fyrir sér að hún eða arftaki hennar myndi taka að sér að stýra fiskveiðum á neinn hátt. Við leggjum þó áherslu á að útfærsla allra þessara leiða sem taldar eru upp í samantektinni og nefndin hefur velt upp síðastliðin misseri er alveg eftir. Nefndin hefur í vinnu síðastliðins árs ekki verið að velta fyrir sér einstökum þáttum og hvernig eiga að framkvæma hlutina, heldur bara verið að kanna meginstefnuna.

Hvort það eigi að fara allar þessar leiðir þá er nefndin alveg á því að það er ekkert sem myndi gerast strax. Nefndin telur að í það minnsta þurfi að endurskoða lögin því þau eru alveg haldlaus. Hvort hinar leiðirnar komi einhvern tíma seinna er eitthvað sem nefndin telur að skoða þurfi til hlítar og gefa sér góðan tíma í það. Það væri jafnvel möguleiki að svæðisskipta verndarsvæðinu og hafa mjög sterka vernd á ákveðnum svæðum og mjög veika á öðrum svæðum. Það er mjög mikilvægt að heimamenn taki virkan þátt í þeirri vinnu að skipuleggja svona svæði og vend samhliða því.

- Það er mikilvægt að halda til streitu sérstöðu Breiðafjarðar. Við eigum að halda henni á lofti og hampa henni. Það er þó ljóst að um er að ræða hagmuni sem oft geta verið andstæðir. Það eru klárir kostir við flestar eða allar þessar leiða. Við erum oft fullhrædd við að takast á við framtíðina en vitum þó að við stöndum frammi fyrir stórum áskorunum til framtíðar. Þjóðgarður í framtíðinni er alls ekki það sama og þjóðgarður í fortíðinni. Í gamla daga var þjóðgarður stíf vernd og gengur út á gamaldags náttúruvernd. Þjóðgarður er ekki bara eitt ófrávíkjanlegt hugtak en sporin hræða svolítið. Sjávarbyggðir óttast það sem þær vita ekki hvað er og finnst oft ganga fullhægt að breyta hlutunum. Lengi hefur verið reynt að ná fram samspili verndar og nýtingar en það hefur oft gengið hægt. Við viljum vera tilbúin til þess að setjast vera framsækin en við getum samt ekki kastið öllu frá okkur. Viljum setja fyrirvara á að við ráðum því hvað gerist til þess að þyngja ekki stjórnsýslu. Við höfum vanrækt rannsóknir á lífríki sjávar sem er skammarlegt fyrir þjóð sem nýtir gæði sjávarins.

Hvers vegna allar þessar fjórar leiðir? Þær eru allar mjög ólíkar. Ramsar snýr fyrst og fremst að grunnsævi en ekki firðinum öllum. Það er alls ekki víst að það sé möguleiki á að gera allan fjórðinn að þjóðgarði. UNESCO er fjarlægur draumur til þess þyrfti mjög mikið til en ef svæðið kemst þangað væri það gríðarleg viðurkenning. Lögin eru líka óskýr að því leitinu til að svæðið sem slíkt er ekki nægilega vel skilgreint.

Skipulagsvaldið verður áfram hjá sveitarfélögunum. Ef til dæmis yrði gerður hér þjóðgarður þá er það sett inn í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarð og það yrði unnið í samstarfi við sveitarfélögin. Nefndin er að leggja til að þetta verði skoðað áfram og sett í greiningarvinnu. Þá fer af stað löng og mikil vinna þar sem ákvörðun verður tekin um hvernig þetta eigi allt að virka.

- Það sem hræðir almennt er það að um leið og eitthvað er friðað þá virðist aldrei verið hægt að bakka út úr því. Okkur finnst kannski mjög sniðugt að friða núna. Svo kannski snýst okkur hugur þá er svo erfitt að hætta við eða draga úr friðuninni. Þannig sjáum við fyrir okkur að við náum aldrei neinu til baka. Þess vegna vilja allir passa sig. Það er til skammar að svæðið hefur verið verndað frá 1995 vegna sérstöðu og sem hefur lítið sem ekkert verið rannsakað hér, þá sérstaklega lífríkið og búsvæði fiska í tengslum við hugmyndir um frekari þaranýtingu. Nefndin hefði mátt ýta meira á eftir því að hér væri rannsakað meira.
- Það þarf að koma einhverri betri áætlun í gegn varðandi Breiðafjörðinn. Snýst um að finna bestu leiðina til að koma einhverju regluverki á hvað varðar verndun. Mikilvægt að koma upp kerfi svo hægt sé að framfylgja lögunum almennilega, hvernig á að passa upp á hlutina. Væntir þess að sú leið sem verður farin tryggi frekari rannsóknir á lífríki fjarðarins. Ef ekkert er gert fljótlega hvað varðar vernd og stjórnun á firðinum gæti það orðið of seint þegar búið er að skemma og eyðileggja. Því er jákvætt að bregðast við núna. Fólk oft að óttast breytingar og það er eðlilegt. Hefur þó enga trú á því að fulltrúar nefndarinnar eða umhverfisráðherra vinni á móti þeim sem starfa við fjórðinn.
- Yrðu skemmtiferðaskip bönnuð?

Það er rétt að það hefur skort á rannsóknir á lífríkinu í þanginu þó rannsóknir á þanginu sjálfu hafi farið fram. Hvað skemmtiferðaskip varðar er erfitt að setja til um það fyrir fram. Það er í raun og veru ekkert í þessum hugmyndum sem útilokar skemmtiferðaskip það er í raun útfærsluatriði í samstarfi við íbúa og sveitarstjórnir

þegar fram í sækir ef af þessum hugmyndum yrði. Það væri kannski möguleiki að setja inn í stjórnunaráætlun að draga úr mengun skemmtiferðaskipa og þá kannski falast helst eftir rafknúnum skipum á svæðið. Það er aftur á móti ekkert sem segir að hingað megi ekki koma mengandi skemmtiferðaskip.

- Landeigendur hugsa strax um að þeir megi mögulega ekki nýta sitt svæði. Samráð og fræðsla nefndarinnar er því af hinu góða og mikilvægt að nefndin er að reyna að finna leiðir sem miða að því að nýta sem best og sem mest. Það er allra hagur að það verði blómleg byggð við fjörðinn.

Varðandi skemmtiferðaskipin þá er umhverfis- og auðlindaráðuneytið að vinna með einhverjum sveitarfélögum að það verði settar hömlur á skemmtiferðaskip, ekki að þau komi ekki heldur að þau megi ekki flauta eða vera með hávaða og að setja léttabáta á flot og fara í land á ákveðnum svæðum.

Það er ekki rétt að þegar búið sé að friðlýsa þá sé ekki hægt að fara til baka. Landeigendur geta óskað eftir að breyta mörkum friðlýsingar til að þar sé hægt að nýta landið á annan hátt. Í nýju lögunum um náttúruvernd, sem tóku gildi 2015, er komin sérstök grein sem fjallar um afnám friðlýsingar að hluta til eða að öllu leyti.

- Maður hefur áhyggjur af því að þjóðgarðastofnun taki valdið af heimamönnum. Best væri að lögin yrðu endurskoðuð áður en nokkuð annað verður skoðað.

Nefndin hefur lagt áherslu á það að ef stjórnun breytist og ný ráð eða nefndir komi til muni þau ávallt skipuð heimamönnum í meirihluta. Það sem er gert núna, eins og til dæmis í Vatnajökulsþjóðgarði, þá eru heimamenn í meirihluta. Höfum horft til þess hvernig honum er stýrt.

Það mætti búast við því að með aukinni vernd yrði farið í frekari rannsóknir á svæðinu það er þó mjög erfitt að segja til um það. Það er þó kannski hægt að segja að það myndi liðka eitthvað fyrir. Nefndin hefur í gegnum tíðina hvatt til aukinna rannsókna en það hefur haft takmörkuð áhrif. Hvað þjóðgarðastofnun og mögulega færslu valds til hennar þá hljómar frumvarpið þannig að heimamenn hafi lykilstöðu til að hafa áhrif. Breiðafjarðarnefnd er ekki að tala fyrir því að færa vald úr héraði, nema síður sé.

- Nú er verið að takmarka fjölda ferðamanna í þjóðgarða er það ekki eitthvað sem er varhugavert?

Yfirleitt verið að tala um mjög viðkvæm svæði innan þjóðgarða, t.d. íshella. Í því tilfelli er verið að tala um verkfæri til að koma í veg fyrir að fólk fari sér að voða eða skemmi upplifun hvert fyrir öðru. Almennt ekki verið að tala um að skammta inn í þjóðgarða heldur ákveðin viðkvæm svæði innan þeirra og þá í samræmi við stjórnar- og verndaráætlun. Því er mjög mikilvægt að allir séu mjög virkir í þeirri vinnu að útbúa stjórnar- og verndaráætlun, þar eru öll lykilatriði skrifuð inn.

- Hafa fylgst mikið með því hvernig þróun hefur farið fram í umhverfisvænni skemmtiferðaskipum. Alþjóðleg lög sem segja að ekki megi nota svartolíu í höfnum og Ísland hefur sett sérstök lög um notkun svartolíu í íslenskri landhelgi. Skemmtiferðaskip þurfa ekki endilega að vera slæmur kostur. Þau eiga aftur á móti ekki að vera að þvælast á stöðum á Breiðafirði þar sem þau eiga ekki erindi. Á svæðinu eru hafnir sem henta mjög vel til að taka á móti þeim og því á að taka þau inn á þeim stöðum sem það er öruggast. Galið að taka á móti skemmtiferðaskipum innan um eyjar og sker á Breiðafirði þar slys gætu haft mjög slæm áhrif. Við viljum stjórna því hvar við viljum taka á móti þessum skipum og hvar þau eiga alls ekki að vera. Við eigum einmitt að stýra þar sem stýringar er þörf. Lög um Vatnajökulsþjóðgarð eru sterkari og „bissnessvænni“ en hjá öðrum þjóðgöörðum. Þarf að gera mjög skýrt grein fyrir því gagnvart íbúum hvað það er sem við þurfum að ná tökum á.

Það þarf stjórnþæki sem segir til um hvort eða hvernig fólk fer um svæðið. Eins og staðan er í dag stýrum við ekki neinu. Skemmtiferðaskip koma í Flatey og í Stykkishólm og það eru engin tól og tæki til að stýra umferð. Erlendar ferðaskrifstofur með kajakferðir í eyjarnar í leyfisleysi. Eins og staðan er í dag geta landeigendur ekki hindrað að ferðamenn komi í eyjarnar og gisti þar. Erum ekki með neitt stjórnþæki til þess að stýra framtíðinni. Staðan er ágæt í dag en hvernig verður hún til framtíðar? Friðlandið á Arnarstapa og Hellnum hefur farið ágætlega saman með fiskveiðum.

- Mjög jákvætt að taka þátt í þessum fundi. Gott að fá að hafa áhrif á það sem nefndin er að gera.



- Fulltrúar bæjarins verða tryggja ákveðna hagnun en það er líka þeirra hlutverk að sjá tækifærin í því sem kemur fram og því sem er nýtt af nálinni. Snæfellingar hafa oft verið mjög framsýnir svo það eru tækifæri í breytingum og við eigum ekki að vera hrædd við að stýra því. Það þarf þó að passa upp á að við séum þátttakendur í því. Tortryggni sveitarstjórna oft ríkjandi í samskiptum við ríkið og oft ekki sátt um það sem sveitarstjórnun er rétt. Því eru sveitarfélög oft íhaldssöm þegar kemur að breytingum.
- Sama hvað verður gert þá má það ekki hafa áhrif á lífsviðurværi okkar. Sjávarútvegurinn er stærsta lífsviðurværi í Grundarfirði.

Formaður Breiðafjarðarnefnd þakkaði góðan og málefnalegan fund.

## Viðauki VI – Spurt og svarað um framtíð Breiðafjarðar

### **SVÖR VIÐ ALGENGUM SPURNINGUM BIRT Á HEIMASÍÐU BREIÐAFJARÐARNEFNDAR.**

#### **Um hvað er verið að tala þegar rætt er um „framtíð Breiðafjarðar“?**

Það hefur lengi verið rætt innan nefndarinnar að kominn sé tími á endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar, enda eru lögin orðin 25 ára gömul og aldrei tekið efnislegum breytingum síðan þau voru sett. Nefndin telur að skerpa þurfi að lögunum til þess að þau þjóni betur markmiðum sínum. Þau þurfi að gera haldbærari, skýrari og áhrifameiri.

Auk lagabreytinga hefur reglulega verið ræddur sá möguleiki að skrá verndarsvæði Breiðafjarðar á lista yfir Ramsarsvæði en Ramsarsamningurinn er alþjóðlegur samningur um verndun votlendis.

Þegar umhverfisráðherra lagði fram frumvarp um sameiginlega stofnun friðlýstra svæða, svokallaða Þjóðgarðastofnun, þótti nefndinni eðlilegt að nýta tækifærið og skoða alla mögulega kosti sem fyrir hendi eru varðandi framtíð Breiðafjarðar.

Nefndin hefur frá upphafi lagt áherslu á eins víðtæka upplýsingagjöf og samráð og hún hefur haft tök á.

Upphafið að samráðsferlinu var málþing í Tjarnarlundi í Dalabyggð í október 2019. Þangað var sérstaklega boðið fulltrúum sveitarfélaganna sjö sem að firðinum liggja, en það var þó opið öllum áhugasömum. Þingið var mjög vel sótt en þangað mættu um það bil 90 manns. Á málþinginu gafst þátttakendum kostur á að fræðast um sérstöðu Breiðafjarðar og hvaða tækifæri framtíðin geti falið í sér. Þau helstu eru að: a) endurskoða núverandi lög, b) tilnefna svæðið á Ramsarskrá, c) tilnefna svæðið á heimsminjaskrá UNESCO eða d) gera svæðið að þjóðgarði. Þá var einnig fjallað um Man and the Biosphere Programme.

Í kjölfar málþingsins ákvað Breiðafjarðarnefnd að nýta árið 2020 í að leggja höfuðáherslu á kynningu og samráð vegna verkefnisins.

Nefndin stóð, í byrjun ársins 2020, fyrir opnum íbúafundum í sveitarfélögunum við sunnanverðan fjörðinn. Þar gafst íbúum tækifæri á að heyra hvaða kosti nefndin telur mögulega fyrir framtíð fjarðarins og nefndinni gafst kostur á að heyra afstöðu íbúa. Nefndin hafði áætlað að halda sambærilega fundi í þeim sveitarfélögum sem eftir voru á vordögum en neyddist til þess að fresta þeim vegna samkomutakmarkana. Stefnt er á að halda þá fundi á haustdögum 2020.

Í loks sumars og fram á haust stefnir nefndin á að funda með fulltrúum sveitarfélaganna við fjörðinn til þess að kanna afstöðu þeirra gagnvart hugmyndum nefndarinnar. Þegar íbúafundir hafa verið haldnir í öllum sveitarfélögum og nefndin fundað með öllum sveitarstjórnnum við fjörðinn verða niðurstöður samráðsvinnunnar teknar saman. Þær verða svo sendar sveitarstjórnnum við fjörðinn til formlegrar umsagnar. Þegar umsagnir hafa borist mun nefndin skila niðurstöðum sínum til umhverfisráðherra.

Að gefnu tilefni skal tekið fram að nefndin tekur engar ákvarðanir um framhaldið en hún leggur sínar tillögur fram til ráðherra, í samræmi við hlutverk nefndarinnar skv. lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995.

Nefndin mun í tillögum sínum leggja höfuðáherslu á, sama hvaða leið verður farin, að heimamenn hafi ávallt ríka aðkomu að stjórnun svæðisins og þróun framtíðar þess og eigi meirihluta í þeim nefndum og ráðum sem mögulega koma í stýringu þess.

#### **Hvernig er verndun Breiðafjarðar háttað í dag?**

Breiðafjörður er verndaður með sérstökum lögum nr. 54/1995. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun svæðisins, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja.

Lögin taka til eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjara í innri hluta fjarðarins sem markast frá línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápsker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallarbjarg að sunnanverðu.

Samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar er ekki allur fjörðurinn undir sérstakri vernd, hafsbolurinn og hafsbotninn eru utan verndarsvæðisins eins og lögin eru skilgreind í dag.

Þannig er lífríki ekki verndað nema það sé í fjöru eða uppi á eyju. Fjaran er skilgreind frá stórstraumsfjöruborði að stórstraumsflóðborði.

### **Hver fer með stjórn á verndarsvæði Breiðafjarðar í dag?**

Sveitarfélögin við fjörðinn hafa skipulagsvald innan svæðisins.

Stjórnun fiskveiða á Breiðafirði er í samræmi við fiskveiðilöggjöf og er nýting og eftirlit á höndum Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu.

Engar hugmyndir eru uppi innan nefndarinnar um að gerðar verði breytingar á þessu fyrirkomulagi, sama hvaða leið verður farin varðandi framtíð Breiðafjarðar.

### **Hvaða valkostir eru til staðar varðandi framtíð Breiðafjarðar?**

Eftir að hafa fengið fræðslu og upplýsingar frá þeim sem til þekkja telur Breiðafjarðarnefnd helstu kostina fyrir framtíð Breiðafjarðar vera a) endurskoðun á núverandi lögum, b) tilnefning svæðisins á Ramsarskrá, c) tilnefning svæðisins á heimsminjaskrá UNESCO eða d) að gera svæðið að þjóðgarði.

Auk ofangreinds kæmi til greina að viðhafast ekkert frekar varðandi vernd Breiðafjarðar, ef í ljós kæmi að það væri einskær vilji sveitarstjórna við fjörðinn. Nefndin telur þó að mikilvægt sé að lög um vernd Breiðafjarðar verði endurskoðuð, í það minnsta.

### **Hvers vegna telur nefndin að endurskoða þurfi lög um vernd Breiðafjarðar?**

Nefndarmenn eru sammála því að kominn sé tími á að endurskoða lögum vernd Breiðafjarðar. Skýra þurfi mörk svæðisins betur til lands og sjávar og huga að hugmyndum sveitarfélaga við fjörðinn um stækkun svæðisins frá Bjargtöngum að Öndverðarnesi. Samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar er ekki allur fjörðurinn undir sérstakri vernd, hafsbolurinn og hafsbotninn eru utan verndarsvæðisins eins og staðan er í dag. Lífríki er ekki verndað nema það sé í fjöru eða uppi á eyju enda er svæðið sem verndað er með sérstökum lögum fjaran, eyjar, hólmar og sker.

Skýra þarf ákvæði um verndarviðmið og útfærslu verndaraðgerðar. Í dag eru löginn frekar almennt orðuð og ekki tilgreint sérstaklega hvernig standa skal að verndun á svæðinu. Eins og löginn standa í dag er erfitt að beita refsingum ef einhver brýtur þau. Löginn þarf enn fremur að samræma nýrri löggjöf, t.d. lögum um náttúruvernd og alþjóðasamninga sem Íslands er aðili að.

### **Hvað þýðingu hefur það að skrá Breiðafjörðinn á lista yfir Ramsarsvæði?**

Ramsarsamningurinn er alþjóðlegur samningur sem var gerður árið 1971 um vernd votlendissvæða. Þar er votlendi skilgreint sem svæði í vatni niður á 6 metra dýpi. Samningurinn tekur til sjávar, fersk vatns og ísalts vatns. Hann nær til votlendissvæða sem eru alþjóðlega mikilvæg, einkum m.t.t. fuglalífs. Samningurinn gengur út á að ganga vel um svæðið og nýta auðlindir þess á sjálfbæran máta. Samningurinn tók gildi á Íslandi árið 1978 og eru nú þegar sex Ramsarsvæði á Íslandi. Til þess að svæði séu gjaldgeng á listann þurfa þau að uppfylla að minnsta kosti eitt af nokkrum skilyrðum sem sett eru fram í samningnum. Breiðafjörður virðist uppfylla öll þau skilyrði sem samningurinn setur.

Tilnefning á Ramsarskrá felur í sér að stjórnvöld skuldbinda sig til þess að standa vörð um svæðið, sérstaklega virkni vistkerfa. Það er þó alltaf þannig að lög í viðkomandi landi gilda, svo sem skipulagslöggjöf og lög náttúruvernd. Ekki er verið að afsala sér neinum réttindum á landi en skrifstofa samningsins veitir stuðning og ráðgjöf. Ef framkvæmdir á svæðinu skerða verulega verndargildi þess getur verið að athugasemdir berist frá samningnum. Það gefur stjórnvöldum tækfæri á að bregðast við eða þá að svæðið er tekið af skránni. Ramsarsvæði eru sérstakt aðráttarafl fyrir fuglaskoðunarfólk.

### **Hvað felur skráning á Heimsminjaskrá UNESCO í sér?**

Heimsminjaskrá UNESCO (Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna) fjallar um verndun náttúru- og menningararfleifðar heimsins. Á hana er aðeins hægt að skrá eitt svæði í hverjum flokki. Því verður að skilgreina eiginleika svæðisins sem ekkert annað svæði á skránni hefur verið viðurkennt fyrir. Ríki hvers lands sér um að tilefna ákveðin svæði á heimsminjaskrá. Breiðafjörður hefur verið settur á yfirlitsskrá fyrir hönd íslenska ríkisins

en ríki sem eru aðilar að samningnum þurfa að hafa slíka yfirlitsskrá. Hægt er að tilnefna þau svæði sem eru á yfirlitsskrá og tekur slík tilnefning um það bil 3-5 ár. Heimsminjanefnd metur svo hvort svæði er gjaldgengt á heimsminjaskrá eður ei. Til þess að komast á heimsminjaskrá þarf svæði að uppfylla eitt af viðmiðum samningsins, hafa heilleika og upprunaleika og vera stjórnað á skýran hátt. Með því að fá svæði skráð á heimsminjaskrá skuldbinda stjórnvöld sig til þess að viðhalda sérstöðu svæðisins.

### **Hvað fæli þjóðgarður á Breiðafirði í sér?**

Segja má að þjóðgarðar séu ekki endilega mjög sterk tegund af vernd. Markmið þjóðgarða er að tryggja verndun náttúru- og menningarminja, tryggja stýringu, aðgang og stuðla að útivist og miðla fræðslu. Lög um Vatnajökulsþjóðgarð bæta þó við þessi ofangreindu markmið, en þar er lög áhersla á að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í grennd við þjóðgarðinn. Í dag er sífellt meiri áhersla lög á að byggja upp mannlíf umhverfis þjóðgarða og eru þeir orðnir mikilvægir í byggðapróun.

Það er ljóst að þjóðgarðar draga að sér fólk og margir spyrja sig hvort það er yfirhöfuð ákjósanlegt. Það er ekki hjá því komist að ferðamennska fer vaxandi, hvort sem þjóðgarðar eru til staðar eður ei. Þjóðgarðar eru aftur á móti tæki til þess að takast á við þær áskoranir sem fylgja auknum fjölda ferðamanna og gefa tækifæri til þess að nýta sér þá þróun á jákvæðan hátt. Þjóðgarðar eru umgjörð sem verndar og auðveldar stýringu, ýtir undir fræðslu og styrkir nærsamfélögin.

Þegar þjóðgarður er stofnaður er grundvallaskjalið stjórnunar- og verndaráætlun sem heimamenn sjá um að móta og er samþykkt af sveitarfélögum innan svæðisins. Þessi áætlun er notuð til þess að stýra umferð um svæðið, ákveða hvar og hvers konar nýting skuli fara fram, tilgreina hvaða svæði verða aðgengileg almenningi og hvaða svæði ekki. Að auki má benda á að í Vatnajökulsþjóðgarði hefur einnig verið unnin atvinnustefna fyrir svæðið þar sem lögð er áhersla á styrkingu byggðar.

### **Hvernig er samráði um framtíð Breiðafjarðar háttað?**

Þegar Breiðafjarðarnefnd samþykkti að hefja þá vegferð að kanna hvaða kostir væru til staðar fyrir framtíð Breiðafjarðar lagði nefndin áherslu á eins víðtæka kynningu og samráð við íbúa, sveitarstjórnir, landeigendur, atvinnulíf og aðra hagsmunaaðila og unnt væri.

Nefndin hóf samráðið með ítarlegri kynningu og fræðslu á þeim kostum sem til staðar eru fyrir framtíð fjarðarins á málþingi í Tjarnarlundi í Dalabyggð í október 2019. Þangað var sérstaklega boðið kjörnum fulltrúum sveitarfélaganna sjö við fjörðinn en málþingið var þó öllum opið.

Í kjölfar málþingsins var boðað til opinna íbúafunda í sveitarfélögunum við fjörðinn í byrjun árs 2020. Þegar hafa verið haldnir þrír íbúafundir við sunnanverðan fjörðinn. Þar kynnti Erla Friðriksdóttir, formaður Breiðafjarðarnefndar, nefndina og vinnu hennar; Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands og fulltrúi í nefndinni, kynnti sérstöðu Breiðafjarðar og mögulega kosti fyrir framtíð hans og Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar, fjallaði um reynslu sveitarfélags af sambúð með þjóðgarði. Á fundunum var þátttakendum gefinn kostur á að spyrja spurninga og viðra hugmyndir sínar, væntingar, vonir, áhyggjur og afstöðu.

Fresta þurfti opnum íbúafundum við norðanverðan fjörðinn vegna samkomutakmarkana en stefnt er að því að halda þá haustið 2020.

Í lok sumars og fram á haust 2020 mun Breiðafjarðarnefnd óska eftir fundum með kjörnum fulltrúum sveitarfélaganna við fjörðinn. Á þeim fundum verður afstaða þeirra til hugmynda nefndarinnar könnuð.

Að loknum íbúafundum og fundum með sveitarstjórnnum mun nefndin taka saman niðurstöður vinnu sinnar. Þær niðurstöður verða senda sveitarstjórnnum við fjörðinn til formlegrar umsagnar áður en þær verða kynntar umhverfisráðherra.

### **Hver er afstaða Breiðafjarðarnefndar hvað varðar framtíð Breiðafjarðar?**

Breiðafjarðarnefnd hefur enga ákvörðun tekið um hvaða valkostir henni þykja heppilegir fyrir fjörðinn. Nefndin telur það vera allra, sem við fjörðinn búa og starfa, að ákveða það í sameiningu. Að finna samhljóm. Nefndin er

þó einhuga um að í það minnsta þurfi að endurskoða lög um vernd Breiðafjarðar enda eru þau orðin 25 ára gömul og aldrei tekið efnislegum breytingum.

Rétt er að áréttu að nefndin sjálf tekur engar ákvarðanir um framhaldið en hún mun leggja fram sínar tillögur um málið til ráðherra. Það er þó alveg skýrt að nefndin leggur áherslu á að ekkert verði aðhafst nema í samráði við sveitarstjórnir, íbúa, landeigendur og atvinnulíf. Breiðafjarðarnefnd leggur áherslu á að heimamenn séu ávallt í meirihluta í stjórn svæðisins, hvað sem verður.

#### **Hvers vegna þarf breytingar ef nýtingin á firðinum er nú þegar sjálfbær?**

Það er fyrst og fremst vegna þess að við verðum að undirbúa okkur fyrir framtíðina. Það þurfa að vera til úrræði til þess að takast á við áskoranir sem fylgja aukinni ásókn á svæðið hvort sem um ræðir nýtingu náttúruauðlinda eða umferð ferðamanna, beina mönnum á fyrir fram ákveðin svæði og halda þeim frá öðrum. Heimamenn þurfa að hafa ríka aðkomu að stýringu innan svæðisins og mótun þess til framtíðar og vera sterkir í stjórn þess.

#### **Hvers vegna að stíga ný skref hvað varðar verndun Breiðafjarðar?**

Það sem skiptir þá sem við fjörðinn búa fyrst og fremst máli er að áfram sé að hægt að nýta fjörðinn um ókomna tíð og að það atvinnulíf sem hér þrífst verði áfram til staðar. Hluti af verndargildi svæðisins eru hlunnindanyttjar, verkhattir og venjur. Þessu verður ekki viðhaldið nema með skynsamlegri nýtingu og góðri stjórn. Það er ljóst að framtíðin ber í skauti sér aukna ásókn á svæðið. Þá skiptir máli að búið sé að móta skýra framtíðarsýn varðandi svæðið.

Að undanförunu hefur orðið mikil þróun innan náttúruverndargeirans sem Íslendingar eru að fylgja, þá helst að taka upp dreifstjórnun og virkja heimamenn í stjórnun náttúruverndarsvæða. Með friðlýsingu landsvæðis er sérstaða þess og náttúruverndargildi dregið fram og settar reglur um hvernig fara skuli með svæðið. Fyrir stærri svæði eru settar stjórnunar- og verndaráætlanir í samráði við sveitarstjórnir og hagaðila. Þannig myndast markviss umgjörð utan um vernd svæðisins og starfsemi innan þess.

Nefndin telur að ekki sé seinna vænna en að hefja samtalið á milli hagsmunaaðila um það hvernig þeir vilja sjá fjörðinn til framtíðar þannig að hér þrífist áfram blómlegt atvinnulíf í sátt við náttúru og mannlíf. Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að kanna hvaða tækifæri og ógnanir felast í frekari verndun Breiðafjarðar og að loka ákvörðun um framtíð Breiðafjarðar verði að vera í höndum miklu stærri hóps en nefndarinnar.

#### **Verður skotveiði bönnuð á Breiðafirði ef þar verður stofnaður þjóðgarður?**

Stór hluti af verndargildi Breiðafjarðar eru hlunnindanyttjar, hefðin fyrir því að nýta gæðin og hvernig það er gert. Hluti af því að vernda svæðið er að vernda nýtinguna, standa vörð um hana og styrkja.

Þegar stærri svæði eru friðlýst er grundvallarskjalið til stýringar svokölluð stjórnunar- og verndaráætlun. Það skjal er ekki unnið öðruvísi en í samvinnu við sveitarstjórnir og aðra hagaðila á svæðinu.

Það mætti teljast ólíklegt að skotveiði yrði bönnuð á Breiðafirði þara sem það hefði mikil áhrif á hefðbundnar hlunnindanyttjar á svæðinu. Skotveiði yrði líklega áfram leyfð í samræmi við viðeigandi löggjöf.

#### **Verður tófan friðuð á Breiðafirði ef þar verður stofnaður þjóðgarður?**

Ef frekari skref yrðu stigin varðandi verndun á Breiðafirði yrði það í höndum sveitarstjórna við fjörðinn að setja reglur um slíkt. Það má þó telja ólíklegt að tófan yrði friðuð þar sem hún hefur neikvæð áhrif á þá hlunnindanýtingu sem tíðkast hefur á firðinum.

#### **Verða fiskveiðar bannaðar á Breiðafirði ef þar verður stofnaður þjóðgarður?**

Nei.

Engin breyting yrði á fiskveiðistjórnun og fiskveiðum enda felur þjóðgarður ekki í sér boð og bönn. Tilgangur með þjóðgarði væri að beita skynsamlegri stjórnun á fiskveiðum og annarri nýtingu og það er þegar gert samkvæmt íslenskum lögum.

Stjórn fiskveiða byggir á vísindalegri þekkingu og sjónarmiðum um sjálfbærar veiðar, sem fer vel saman við náttúruvernd. Á meðan svo er, þá sér nefndin ekki ástæðu til annars en að stjórnun fiskveiða á Breiðafirði yrði áfram samkvæmt fiskveiðilöggjöf og nýting og eftirlit á höndum Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu.

Engar hugmyndir eru uppi um að gera breytingar á þessu fyrirkomulagi, sama hvaða leið verður farin hvað varðar vernd Breiðafjarðar.

#### **Hvert er markmiðið með formfastari vernd, til dæmis þjóðgarði?**

Markmið með stofnun þjóðgarðs eru margþætt, svo sem að vernda náttúru og sögu svæðisins og skapa umgjörð um svæðið sem gefur almenningi kost á að kynnst og njóta náttúru þess, menningu og sögu. Þjóðgarðinum er einnig ætlað að efla samfélög og styrkja byggð og atvinnustarfsemi, ekki síst heima í héraði.

Enn fremur yrðu það markmið þjóðgarðsins að stuðla að rannsóknum og fræðslu um svæðið og stuðla að því að almenningur geti stundað heilnæma útivist innan þjóðgarðsins í sátt við náttúruna. Með þjóðgarði gefst tækifæri til þess að stuðla að samvinnu og samstarfi heimafólks og tryggja skýra aðkomu hagaðila að stefnumótun svæðisins og nýtingu þess.

Í þjóðgörðum starfa landverðir sem geta leiðbeint og frætt auk þess sem þeir geta haft eftirlit með umferð ferðafólks innan svæðisins.

#### **Verður Breiðafirði lokað ef hann verður gerður að þjóðgarði?**

Nei, þjóðgarður á Breiðafirði hefur ekki í för með sér að svæðinu yrði lokað. Eitt af markmiðum þjóðgarða er einmitt að skapa umgjörð um svæði sem auðveldar almenningi að kynnst og njóta náttúru svæðisins, menningu og sögu.

Hefðbundnar sjálfbærar nýttjar verði áfram leyfðar innan þjóðgarðsins, svo sem veiðar og beit og fer nýting þeirra eftir þeim lögum sem þegar gilda í dag.

#### **Hvað með aukinn ferðamannastraum á viðkvæm svæði eins og eyjarnar, ef almenningi verður auðvelduð umferð um svæðið?**

Það er ekki hjá því komist að ferðamennska fer vaxandi, hvort sem þjóðgarðar eru til staðar eður ei. Þjóðgarðar eru aftur á móti tæki til þess að takast á við þær áskoranir sem fylgja auknum fjölda ferðamanna og gefa tækifæri til þess að nýta sér þá þróun á jákvæðan hátt. Þjóðgarðar eru umgjörð sem verndar og auðveldar stýringu, ýtir undir fræðslu og styrkir nærsamfélögin.

Þegar þjóðgarður er stofnaður er grundvallarskjalið stjórnunar- og verndaráætlun sem unnin er í samstarfi við hagaðila og staðfest af sveitarfélögum sem aðild eiga að svæðinu. Þar er til dæmis hægt að tilgreina hvaða svæði heimamenn vilja gera aðgengileg heimamönnum og hver þeirra eiga að vera óaðgengileg.

Í vangaveltum Breiðafjarðarnefndar er ekki verið að leggja til að gera eyjarnar á Breiðafirði aðgengilegri. Hugmyndin snýr að uppbyggingu á svæðinu í kringum fjörðinn.

Í þjóðgörðum starfa landverðir sem geta leiðbeint og frætt auk þess sem þeir geta haft eftirlit með umferð ferðafólks innan svæðisins.

#### **Missa landeigendur land ef Breiðafjörður yrði gerður að þjóðgarði, skráður á lista Ramsar eða heimsminjaskrá?**

Nei, samkvæmt lögum er land ekki friðlýst nema það sé vilji landeigenda og þá í samvinnu við landeigendur. Þetta þýðir að eignarlönd lenda ekki innan marka þjóðgarðs, nema í þeim tilfellum þar sem landeigendur hafa gefið leyfi til þess.

#### **Hvernig verður stjórnfyrirkomulagi háttað á Breiðafirði í framtíðinni?**

Breiðafjarðarnefnd tekur enga ákvörðun um framtíð Breiðafjarðar. Nefndin skilar niðurstöðum samráðsvinnu sinnar um framtíð Breiðafjarðar til umhverfisráðherra skv. lögum um vernd Breiðafjarðar. Breiðafjarðarnefnd mun í tillögum sínum til ráðherra leggja höfuðáherslu á að heimamenn stjórni ávallt ferðinni hvað varðar áframhaldandi vinnu um framtíð fjarðarins.

## **Ég óttast að stjórn svæðisins færist úr höndum heimamanna ef svæðið er skráð á lista yfir Ramsarsvæði eða heimsminjaskrá UNESCO.**

Tilnefning á Ramsarskrá og heimsminjaskrá UNESCO felur í sér að stjórnvöld skuldbinda sig til þess að standa vörð um svæðið, sérstaklega virkni vistkerfa. Það er þó alltaf þannig að lög í viðkomandi landi gilda, svo sem skipulagslöggjöf og lög náttúruvernd.

Breiðafjarðarnefnd leggur ríka áherslu á að stjórnun svæðisins haldist áfram hjá heimamönnum og þeir séu ávallt í meirihluta í þeim nefndum og ráðum sem að stýringu svæðisins koma. Skrifstofur Ramsarsamningsins og UNESCO veita svæðum stuðning og ráðgjöf. Ef framkvæmdir á svæðinu skerða verulega verndargildi þess getur verið að athugasemdir berist frá samningnum. Það gefur stjórnvöldum tækfæri á að bregðast við eða þá að svæðið verður tekið af skránni. Það þarf þó almennt mikið til að slíkt gerist.

### **Hver yrðu næstu skref?**

Breiðafjarðarnefnd hefur þegar haldið opna íbúafundi í sveitarfélögum við sunnanverðan fjörðinn. Nefndin stefnir á að halda íbúafundi á Reykhólum, í Dalabyggð og í Vesturbyggð í október 2020. Á íbúafundunum kynnrir nefndin þá möguleika sem til staðar eru fyrir framtíð Breiðafjarðar. Þar kallar hún einnig eftir athugasemdum, ábendingum og skoðunum þátttakenda.

Nefndin hóf að funda með sveitarstjórnnum við fjörðinn haustið 2020 og stefnir á að ljúka þeim fundum í október 2020.

Þegar þessum samráðsfundum er lokið mun nefndin taka niðurstöður samráðsvinnunnar saman og senda til formlegrar umsagnar sveitarfélaganna sjö sem við fjörðinn liggja. Þegar umsagnir þeirra hafa borist mun Breiðafjarðarnefnd skila skýrslu til umhverfisráðherra þar sem niðurstöður eru kynntar. Ráðherra tekur síðan ákvörðun um framhaldið.

Breiðafjarðarnefnd leggur höfuðáherslu á að í áframhaldandi vinnu, sama hvaða leið verður farin, stjórnir heimamenn ávallt ferðinni.

### **Hvers vegna ætti að íhuga aukna vernd á Breiðfirði?**

Tilgangur nefndarinnar með þessari vinnu við mótun framtíðar Breiðafjarðar er að tryggja góða framtíð svæðisins. Í því felst meðal annars að við fjörðinn þrífist áfram öflugt samfélag sem nýtir auðlindir á sjálfbæran hátt. Aukin ásókn á svæðið er óhjákvæmileg og það er mat Breiðafjarðarnefnd að mikilvægt sé að koma á skilvirkri stýringu á nýtingu og umferð fólks um svæðið. Það fæst meðal annars með formfastari vernd á firðinum í samráði við sem flesta hagaðila.

Breiðafjarðarnefnd leggur höfuðáherslu á að heimamenn hafi áfram ríka aðkomu að stjórnun svæðisins og eigi meirihluta í þeim nefndum og ráðum sem mögulega koma að stýringu svæðisins.

### **Ætlar Breiðafjarðarnefnd að hafa eftirlit með fiskveiðum?**

Breiðafjarðarnefnd, eða hver sú stjórn sem yfir svæðinu verður í framtíðinni, mun ekki skipta sér af fiskveiðum. Stjórnun fiskveiða verður alltaf á hendi Hafrannsóknastofnunar og eftirlit á vegum Fiskistofu.

### **Ef Breiðafjörður verður gerður að þjóðgarði, hver mun hafa skipulagsábyrgðina?**

Skipulagsábyrgðin verður áfram á forræði sveitarfélaganna líkt og hingað til og þau halda til dæmis áfram að gefa út leyfi á borð við framkvæmdaleyfi og byggingaleyfi innan þjóðgarðsins. Skipulagsáætlanir sveitarfélöga munu þó verða bundnar af því sem fram kemur í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins en sveitarfélögin taka ríkan þátt í að gera þá áætlun með setu sinni í umdæmisráðum og stjórn þjóðgarðsins.

Við vinnslu stjórnunar- og verndaráætlunar er almennt litið til gildandi skipulagsáætlana á viðkomandi svæðum, auk annarra áætlana stjórnvalda eftir því sem við á, svo framarlega sem slíkar áætlanir gangi ekki gegn verndarmarkmiðum þjóðgarðsins.

### **Hver tekur ákvörðun um hvaða leið verður farin?**

Breiðafjarðarnefnd skilar niðurstöðum samráðsvinnu sinnar til umhverfisráðherra. Ráðherra sér um að taka ákvörðun um hvort og þá hvaða leiðir verða skoðaðar, í samráði við sveitarfélögin.



**Breiðafjarðarnefnd**  
**Hafnargötu 3**  
**340 Stykkishólmi**

Stykkishólmi, 28. janúar 2020

**Efni: Athugasemdir við kynningarfundir Breiðafjarðarnefndar um framtíð Breiðafjarðar og framgöngu, yfirlýsingar og stefnu nefndarinnar**

Miðvikudaginn 22. janúar 2020 var haldinn fundur í Stykkishólmi sem var liður í fræðslufundaröð um framtíð Breiðafjarðar í sveitarfélögum við fjörðinn á vegum Breiðafjarðarnefndar. Um var að ræða kynningu á hugmyndum Breiðafjarðarnefndar um framtíð Breiðafjarðar, ásamt því að gefa „svigrúm fyrir umræður og fyrirspurnir“.<sup>1</sup>

Þann fund sótti undirritaður og eftir þann fund þótti undirrituðum tilefni til þess að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við Breiðafjarðarnefnd og bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar.

**A. Athugasemdir á fræðslufundi um framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar í Stykkishólmi**

Á fundinum gerði undirritaður athugasemdir við þær hugmyndir Breiðafjarðarnefndar, eftir að umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskaði eftir því að nefndin leggi línurnar í þeim efnum,<sup>2</sup> um hvaða möguleikar standi í boða til að standa um verndarsvæði Breiðafjarðar þegar til framtíðar er litið, en um var að ræða þær fjórar hugmyndir Breiðafjarðarnefndar um vernd og stýringu í Breiðafirði til framtíðar, ásamt því að til greina komið að skilgreina svæðið undir merkjum UNESCO Man and Biosphere (ekki sérstök umfjöllun hér, vegna líttillrar umræðu á kynningarfundinum).

Eftirtaldir umfjöllunarefni voru því til kynningar um framtíðarsýn fyrir Breiðfjörð:

1. Breytingar á núverandi lögum um vernd Breiðafjarðar
2. Tilnefning svæðisins á Ramsarskrána
3. Tilnefning svæðisins á Heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna
4. Þjóðgarður Breiðafjarðar (þjóðgarður í sjó)

Til að hnykkja á þeim athugasemdum sem undirritaður gerði á fundinum um fyrirbyggjandi hugmyndir þá eru þær í stuttu máli eftirfarandi:

**1. Breytingar á núverandi lögum um vernd Breiðafjarðar**

Undirritaður tók undir með Breiðafjarðarnefnd að rýna mætti lögin með það að markmiði að taka þau til endurskoðunar. Það voru hins vegar takmarkaðar upplýsingar á fundinum um hvaða þættir laganna gætu þar verið til skoðunar, aðrir en stækkun verndarsvæðis, og vegna þess hversu mikla athygli og tíma aðrar hugmyndir nefndarinnar fengu á fundinum fór umræðan út um víðan völl. Undirritaður telur að heppilegra hefði verið ef fundurinn hefðu einungis snúist um lög um vernd Breiðafjarðar og þær breytingar sem gætu komið til greina á þeim lögum.

<sup>1</sup> Fundargerð 175. fundar Breiðafjarðarnefndar, þann 10. desember 2019: „Stefnt að fræðsluvöldum um framtíð Breiðafjarðar, í samstarfi við Náttúrustofu Vesturlands, í janúar. Um væri að ræða nokkurs konar útdrátt frá málþinginu sem haldið var í Tjarnarlundi í Dalabyggð í október. Gefið verður svigrúm fyrir umræður og fyrirspurnir.“

<sup>2</sup> Sjá fundargerð 170. fundar Breiðafjarðarnefndar.

Í því sambandi vill undirritaður minna á að við vinnu á upphaflegum lögum um vernd Breiðafjarðar þá var sú lagasetning afrakstur samstarfsverkefnis sveitarfélaga við Breiðafjörð, íbúa við fjörðinn og umhverfisráðherra. Haldnir voru nokkrir fundir, bæði með fulltrúum sveitarfélaga og íbúum, og samráð og samvinna höfð um hvert væri verið að stefna við gerð þeirra laga. Sama ætti að eiga við þegar löggin eru tekin til endurskoðunar.

**Vill undirritaður því leggja áherslu á að í vinnu við breytingar á lögum um vernd Breiðafjarðar verði að eiga sér stað ítarlegt og víðtækt samráð og samtal við íbúa Breiðafjarðar sem og sveitarfélög við fjörðinn, líkt og gert var þegar upphafleg lög voru sett árið 1995, þá eftir um tveggja ára vinnu og samráð við heimamenn um löggin. Fundurinn sem slíkur og skipulag hans var ekki til þess fallinn að taka nauðsynlega umræðu um þær breytingar sem hugsanlega koma til greina við endurskoðun laganna og því hefur ekki enn átt sér stað samráð eða samtals við íbúa um endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar.**

Vill undirritaður því hvetja Breiðafjarðarnefnd til þess að vinna að endurskoðun laganna í sátt við heimamenn og þá að tileinka sér gagnsæ og opin vinnubrögð í því sambandi. Það liggur t.d. fyrir að á 169. fundi Breiðafjarðarnefndar, 26. febrúar 2019, var á dagskrá nefndarinnar „*Drög að frumvarpi að nýjum lögum um vernd Breiðafjarðar ásamt greinargerð*“ og var afgreiðsla nefndarinnar með þeim hætti að ritara Breiðafjarðarnefndar var „*falið að ganga frá drögum m.t.t. athugasemda og senda á nefndina til yfirlestrar*“. Ekkert var hins vegar minnst á fyrirliggjandi drög að frumvarpi að nýjum lögum um vernd Breiðafjarðar á fundinum eða athugasemdir nefndarinnar við drögin. Nefndin hélt, að því er virðist, þessum upplýsingum frá fundarmönnum. Nærækast hefði verið fyrir nefndina að fjalla um fyrirliggjandi drög á fundinum og þær athugasemdir sem nefndin gerði við drögin og fá viðbrögð fundarmanna á þeirri stefnumótun sem þar er verið að vinna að.

Varðandi nauðsyn þess að stýra ferðamönnum um Breiðafjörð, sem var mikið til umræðu á kynningarfundinum í Stykkishólmi, vill undirritaður benda Breiðafjarðarnefnd á frumvarp um breyting á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013,<sup>3</sup> þar sem lagt er til að landeigendur hafi meiri rétt til að ákveða hvort land þeirra í byggð sé nýtt undir endurteknar skipulegar hópferðir í atvinnuskyni, en þá er gert ráð fyrir beinu samþykki hlutaðeigandi landeiganda fyrir slíkri nýtingu þriðja aðila á landi hans sé hætt á spjöllum á náttúru eða ónæði. Þessar breytingar á náttúruverndarlögum gætu haft þýðingu í þessu sambandi.

## **2. Tilnefning svæðisins á Ramsarskrána**

Undirritaður tók skýrt fram á fundinum að hann væri mótfallinn þeim hugmyndum Breiðafjarðarnefndar að vinna að því að tilnefna Breiðafjörðinn á Ramsaskrá, en Ramsarsamningurinn fjallar um vernd votlendissvæða sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf, og nær votlendi samkvæmt skilgreiningu samningsins einnig til grunnsævis, a.m.k. niður á 6 m dýpi., votlendi eru svæði s.s. mýrar, flóar, fen, og vötn (straum- og stöðuvötn) með fersku, ísöltu eða söltu vatni.

Með því að skrá Breiðafjörð sem Ramsarsvæði fylgir að fara þarf eftir þeim leikreglum sem gilda í reglum um Ramsarsamningnum, sem eru alþjóðleg samtök með sína eigin skrifstofu og starfsmenn til þess að tryggja að skyldum samningsins sé fylgt eftir af aðildarríkjum, en eins og kemur fram í Verndaráætlun Breiðafjarðar þá fylgja Ramsarsamningnum ákveðnar skyldur, m.a. í tengslum við

<sup>3</sup> [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1333](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1333)

vernd svæðis og nýtingu náttúruauðlinda. Í *Verndaráætlun Breiðafjarðar: 2014-2019* kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Bæði heimsminjaskrá UNESCO og Ramsarsamningurinn veita íslenskum stjórnvöldum aðhald en eru jafnframt viðurkenning á sérstöðu þess svæðis sem um ræðir. Ákveðnar skyldur fylgja því að svæði eru á heimsminjaskrá eða eru Ramsarsvæði en því fylgja einnig mikil tækifæri, sérstaklega í tengslum við markaðssetningu í ferðaþjónustu. Skyldurnar felast fyrst og fremst í því að viðhalda verndargildi viðkomandi svæðis þ.m.t. að nýtingu náttúruauðlinda sé stjórnað á sjálfbæran hátt.“

**Með öðrum orðum munu afskipti erlendis frá aukast í tengslum við umgengni um Breiðafjörð sem felur í sér þyngjandi og óþarfa inngrip aðþjóðlegs valds yfir umgjörð og nýtingu Breiðafjarðar. Það er ekkert í núverandi aðstæðum sem kallar á slíka vernd þannig að bregðast þurfi við með því að leita leiða til þess að tryggja vernd svæðisins með alþjóðlegum inngripum.**

Íbúar við Breiðafjörð hafa sterk tengsl við fjörðin og náttúru hans og viðhorf fólks til náttúruverndar eru grundvölluð á þessum tengslum. Undirritaður er því þeirrar skoðunar að heimamenn séu þannig best til þess fallnir að taka ákvarðanir í tengslum við vernd og umgengni á svæðinu, sem og íslenskum stofnunum líkt og Hafrannsóknarstofnun sem hefur það hlutverk að veita stjórnvöldum og hagsmunaaðilum ráðgjöf varðandi sjálfbæra nýtingu á lifandi auðlindum í sjó og ferskvatni á grundvelli sjálfbærni og nýtingarstefnu stjórnvalda.

### **3. Tilnefning svæðisins á Heimsminjaskrá Menninqarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna**

Undirritaður tók jafnframt skýrt fram á fundinum hann væri mótfallinn þeim hugmyndum Breiðafjarðarnefndar að vinna að því að tilnefnda Breiðafjörðinn á Heimsminjaskrá Menninqarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, með sömu rökum og fjallað er um hér að framan varðandi Ramsarsamninginn.<sup>4 5</sup>

Vísað er til sömu sjónarmiða og fjallað er um í tengslum við Ramsar samninginn, sér í lagi um auknar kröfur frá aðþjóðlegum stofnunum sem fylgir alþjóðlegt aðhald og skyldur, verður ekki séð að nokkur rök mæli með því að haldið verði áfram á þessari braut.

### **4. Þjóðgarður í Breiðafirði (þjóðgarður í sjó)**

Á fundinum lýsti undirritaður efasemdum um ágæti þess að taka til frekari umfjöllunar þjóðgarð í Breiðafirði. Engar upplýsingar lægu t.d. fyrir um hvað þjóðgarður í sjó væri og hvernig hann myndi starfa, hvert myndi fjárfesting í innviðum renna, hlutverk þjóðgarðsvarða o.s.frv. Ekkert af þessu var til umfjöllunar á kynningunni. Allt bendir til þess að verið væri að nota umgjörð þá sem í kringum þjóðgarða eru til þess að koma á aukinni vernd og eftirlit á nýtingu á lifandi auðlinda í sjó, þrátt fyrir að til staðar séu stofnarnir eins og Hafrannsóknarstofnun og Fiskistofa. Ef um væri að ræða þjóðgarð í sjó og á landi, t.a.m. með eyjum Breiðafjarðar, þá væri væntanlega fyrsta skrefið áður en legna er

<sup>4</sup> Þá er ekki þörf á því að á 6 ára fresti komi úttektaáðilar til þess að kanna hvort verðmæti hafi skerst.

<sup>5</sup> Á 168. fundi Breiðafjarðarnefndar, með sérfræðingi um heimsminjaskrá UNESCO, kemur eftirfarandi fram: „Hvert ríki er ábyrgt fyrir vernd og sjálfbærri nýtingu svæðisins að forskrift heimsminjanefndar. Nauðsynlegt er að tilkynna um breytingar á svæðinu eða breytta nýtingu þess til samningsins og gerir hann þá tillögur að úrbótum ef breytingarnar samræmast ekki þeim kröfum sem samningurinn setur fyrir svæðið.“ Á sama fundi er jafnframt nefnt að æskilegt sé að leita samþykkis landeigenda.

haldið að kanna áhuga breiðfirskra eyjabænda á slíkum ráðstöfunum með þeim takmörkunum á eignarétti sem því gæti fylgt.

Á fundinum í Stykkishólmi kom fram í máli framsögumanna, vegna athugasemda sem íbúar settu fram á fundinum, að ekki væri verið að fjalla um vernd eða stýringu á fiskveiðum í Breiðafirði enda heyrir slíkt undir verksvið Hafrannsóknarstofnunar. Var þessi umræða í tengslum við stofnun Þóðgarðs í Breiðafirði (Þjóðgarðs í sjó). Vill undirritaður vekja athygli á að þessi fullyrðing sem sett var fram á fundinum er bæði í ósamræmi við það sem fram kemur í umsögn Breiðafjarðarnefndar um fyrirhugaða stofnun Þjóðgarðastofnunar og einnig frétt sem fram kemur á vef Breiðafjarðarnefndar:

*„Mikilvægt er að frumvarp um Þjóðgarða Þjóði upp á þann möguleika að stofna Þjóðgarð í sjó og/eða utan um þéttbýli. Í slíkum tilfellum gæti þurft að aðlaga leikreglur í samræmi við hversu frábrugðin slík svæði eru dreifbýli á landi. Tengist það m.a. ólíku eignarhaldi og nýtingu lífrænna auðlinda. Í 29. grein er til að mynda sagt að óheimilt sé að reka atvinnutengda starfsemi í Þjóðgarði, nema með sérstöku leyfi Þjóðgarðastofnunar. Þarna virðist einkum horft til einhvers konar þjónustustarfsemi en ef um er að ræða nýtingu auðlinda hafsins, sem þegar er undir ýmiss konar stjórn og eftirliti, gæti þurft að finna leið sem yrði ekki of þung í vöfum, án þess að slegið væri af kröfum um sjálfbærni og að Þjóðgarðsyrivöld gætu gripið inn í ef vísbendingar væru um annað.“<sup>6</sup>*

*„Við stofnun Þjóðgarðs yrðu til ný störf á svæðinu og fræðslustarfsemi myndi stóruaukast. Nýting svæðisins yrði áfram leyfð svo lengi sem hún væri sjálfbær, sem hlýtur hvort eð er að vera markmið allra þeirra sem nýta fjörðinn. Verndar- og nýtingaráætlun Þjóðgarða og starfslið sem þeim fylgir hjálpa til við að miðla fræðslu og stýra nýtingu, hvort sem um ræðir fiskveiðar, ferðaþjónustu, útivist eða eitthvað allt annað.“<sup>7</sup>*

Af framangreindu er ljóst að Breiðafjarðarnefnd telur að finna þurfi leið sem ekki yrði of þung í vöfum (sem sagt ekki of þyngjandi frá því sem nú er), til þess að Þjóðgarðsyrivöld gætu gripið inn í ef vísbendingar væru um ósjálfbærni við nýtingu auðlinda hafsins. Þá er ljóst að Breiðafjarðarnefnd telur að að hlutverk starfsliðs Þjóðgarðs sé m.a. að stýra nýtingu auðlinda hafsins í Breiðafirði, m.a. fiskveiðum. **Þessum sjónarmiðum hafnar undirritaður alfarið.**

Undirritaður vill áréttta að það er hlutverk Hafrannsóknarstofnunar að veita stjórnvöldum og hagsmunaaðilum ráðgjöf varðandi sjálfbæra nýtingu á lifandi auðlindum í sjó og ferskvatni á grundvelli sjálfbærni og nýtingarstefnu stjórnvalda<sup>8</sup>, en ekki Þjóðgarðsyrivalda eða starfsmanna Þjóðgarða. Þá er það á sama hátt hlutverk Fiskistofu að gæta hagsmuna Þjóðarinnar við ábyrga nýtingu auðlinda hafsins.

<sup>6</sup> Sjá umsögn Breiðafjarðarnefndar um drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun og Þjóðgarða: <https://samradsgatt.island.is/Skrar/SCases/GetAdviceFile/?id=81c5c24e-903b-ee11-945b-005056850474>

<sup>7</sup> Frétta á vefsíðu Breiðafjarðarnefndar: <http://www.breidafjordur.is/framtid-breidafjardar/malthing-um-framtid-breidafjardar/>

<sup>8</sup> Ástand nýttastofna sjávar og ráðgjöf 2019, Hafrannsóknastofnun 13. júní 2019: [https://www.hafogvatn.is/static/files/b00-inngradgi\\_2019.pdf](https://www.hafogvatn.is/static/files/b00-inngradgi_2019.pdf)

Vill undirritaður því mótmæla þeim áformum og hugmyndum Breiðafjarðarnefndar, í tengslum við umræðu um þjóðgarð í Breiðafirði, að þörf sé á inngripum í starfsemi Hafrannsóknarstofnunar<sup>9</sup> eða Fiskistofu og telur það í raun fráleitt að færa nokkur völd yfir auðlindum Breiðafjarðar til þjóðgarðsyfirvalda og starfslíðs hans eins og málflutningur Breiðafjarðarnefndar ber með sér.

### **B. Ítrekun á mikilvægi samráðs við íbúa og sveitarfélög á svæðinu**

Undirritaður vill að lokum minna Breiðafjarðarnefnd á að lög um vernd Breiðafjarðar á sér aðdraganda allt frá árinu 1978 þegar Alþingi ályktaði, að tillögu Friðjóns Þórðarsonar alþingismanns (sem jafnframt varð fyrsti formaður Breiðafjarðarnefndar), „að skora á ríkisstjórn að stuðla hið fyrsta að því, að hið fjölþætta lífríki Breiðafjarðar verði kannað og verndað, eftir því sem þurfa þykir, í samráði við heimamenn og náttúruverndarsamtök“. Á árunum 1993-1995 var svo unnið út frá þessu í samstarfi sveitarfélaga við Breiðafjörð, íbúa og þáverandi umhverfisráðherra. Mikilvægur þáttur í þeirri vegferð var fullyrðing ráðherrans á fundi í Stykkishólmi 12. janúar 1994 um að „atvinnuhættir á Breiðafirði skyldu í engu skerðast með tilkomu laganna“. Annar mikilvægur þáttur í þeirri vegferð var að tryggja aðkomu sveitarfélaganna, heimamanna, að starfi nefndarinnar, sem og að samráð yrði haft við sveitarfélögin í störfum nefndarinnar og var þannig tryggt að sveitarfélögin tilnefndu meirihluta nefndarmanna enda var gengið út frá því þegar hugmyndirnar komu fyrst fram, þ.e. að fulltrúar sveitarfélaganna væru með meirihluta í nefndinni til að gæta hagsmuna íbúa og svæðisins enda best til þess fallnir. Þessir þættir eru grunnstefið í núgildandi lögum um vernd Breiðafjarðar.

Þær leiðir sem nefndin lagði upp með á þessum kynningarfundum voru ekki í samræmi við grunnstef laganna. Í tengslum við aukna vernd Breiðafjarðar voru m.a. hugmyndir um Ramsar og/eða Heimsminjaskrá, með tilheyrandi færslu á yfirlitum yfir vernd Breiðafjarðar undir alþjóðlegar skuldbindingar. Þær hugmyndir eru í andstöðu við þá grunnforsendu laganna um aðkomu heimamanna að stjórnun svæðisins sem og að þá forsendu laganna að atvinnuhættir á Breiðafirði skyldu í engu skerðast. Varðandi hugmyndir um þjóðgarð í Breiðafirði er ljóst að ótækt er að þjóðgarðsyfirvöld starfi á sama sviði og aðrar stofnunum stjórnvalda sem fara með auðlindanýtingu í hafi, þ.e. Hafrannsóknarstofnun, Fiskistofu og sjávarútvegsráðherra. Þetta skapar skapar m.a. óvissu um valdmörk stjórnvalda sem í dag er skýr.

Undirritaður telur ljóst að í starfi nefndarinnar þarf að eiga sér stað samráð við íbúa, sveitarstjórnir og landeigendur um framtíð Breiðafjarðar í samræmi við það grunnstef sem löggin byggðu á og var upphaflegur grundvöllur þeirra og að í því samráði verði einungis til umfjöllunar mögulegar breytingar á núverandi lögum um vernd Breiðafjarðar.<sup>10</sup>



Ásgeir Gunnar Jónsson,  
fyrrum nefndarmaður í Breiðafjarðarnefnd,  
formaður æðarbænda í sunnanverðum Breiðafirði og íbúi í Stykkishólmi

<sup>9</sup> Stofnunar sem byggir sína vistkerfisnálgun á því að tryggja að ekki sé gengið það mikið á vistkerfið þannig að gæði þess raskist varanlega í nútíð og framtíð, þ.e. leiði til sjálfbærrar nýtingar vistkerfisins, þ.m.t. fiskveiða.

<sup>10</sup> Þurfum við fleiri stofnanir til að fjalla um sama málefni?

# Viðauki VIII – Svör Breiðafjarðarnefndar við athugasemdum Ásgeirs Gunnar Jónssonar um störf nefndarinnar

Ásgeir Gunnar Jónsson,  
Sundabakka 10a  
340 Stykkishólmur

Stykkishólmi, 30. mars 2020

## **Efni: Athugasemdir við kynningarfundir Breiðafjarðarnefndar um framtíð Breiðafjarðar og framgöngu, yfirlýsingar og stefnu nefndarinnar.**

Á 177. fundi Breiðafjarðarnefndar þann 27. febrúar 2020 var tekin fyrir bókun Stykkishólmsbæjar vegna erindis Ásgeirs Gunnars Jónssonar þar sem hann kemur á framfæri athugasemdum varðandi framgöngu, yfirlýsingar og stefnu Breiðafjarðarnefndar, m.a. á kynningarfundum um framtíð Breiðafjarðar í Stykkishólmi þann 22. janúar sl.

*Breiðafjarðarnefnd þakkar Stykkishólmsbæ erindið og tekur heilshugar undir afgreiðslu bæjarstjórnar um mikilvægi viðtæks samráðs og að tryggja áframhaldandi meirihluta heimamanna við stjórn svæðisins.*

### **Vegna bréfs Ásgeirs Gunnars vill nefndin koma eftirfarandi á framfæri við sveitarfélagið:**

Breiðafjarðarnefnd er að meirihluta skipuð fulltrúum sveitarfélaga við fjórðinn. Hún telur mikilvægt að hafa náð samráð við sveitarfélög, íbúa, atvinnulíf, landeigendur og aðra hagsmunaaðila við Breiðafjörð um mótun framtíðar svæðisins. Nefndin hefur samþykkt að á árinu 2020 verði lögð áhersla á samantekt efnis um valkosti fyrir framtíð Breiðafjarðar. Fræðslufundir í sveitarfélögum við fjórðinn eru hluti af þeirri vinnu en samráð og samtal heldur svo áfram. Afrakstur vinnunnar verður tekinn saman í greinargerð sem send verður sveitarfélögum til umsagnar. Að lokum verður niðurstöðu vinnunnar skilað til umhverfis- og auðlindaráðherra. Rétt er að áréttu að nefndin tekur engar ákvarðanir um framhaldið en hún leggur fram sínar tillögur til ráðherra, í samræmi við hlutverk nefndarinnar skv. lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

### **Framtíð Breiðafjarðar**

Markmið nefndarinnar er að tryggja góða framtíð Breiðafjarðar. Í því felst m.a. að við fjórðinn þrífist áfram öflugt samfélag sem byggir á fjölbreyttum stoðum og nýtir auðlindir á sem sjálfbærastan máta. Breiðafjarðarnefnd leggur höfuðáherslu á að heimamenn hafi áfram ríka aðkomu að stjórnun svæðisins og eigi meirihluta í þeim nefndum og ráðum sem mögulega koma að stýringu svæðisins.

Fræðslufundirnir sem nefndin hefur staðið fyrir í sveitarfélögum við fjórðinn, og er vísað til í erindi Ásgeirs Gunnars, voru hugsaðir sem almenn kynning á þeim kostum sem til staðar eru fyrir svæðið. Þeir helstu eru að: a) endurskoða núverandi lög, b) tilnefna svæðið á Ramsarskrá, c) tilnefna svæðið á heimsminjaskrá UNESCO eða d) gera svæðið að þjóðgarði. Á fundunum hefur nefndin hvatt til umræðna og fyrirspurna til þess sem flest sjónarmið kæmust til skila til nefndarinnar. Það er ljóst, óháð því hvaða leið verður í endanlegum tillögum nefndarinnar, að lagt verður í enn frekari kynningu og samráð um hana þegar þar að kemur.

### **Endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar**

Ef niðurstaðan verður að hafa svæðið áfram undir sérstökum lögum um vernd Breiðafjarðar, þá er Breiðafjarðarnefnd þó á einu máli um mikilvægi þess að endurskoða og uppfæra lög til nútímalegs horfs. Nefndin hefur þegar sent umhverfisráðherra greinargerð þar sem að hún útlistar áhersluatriði nefndarinnar hvað þetta varðar. Greinargerðin hefur verið birt á heimasíðu nefndarinnar undir liðnum „Framtíð Breiðafjarðar“.

### **Þjóðgarður við Breiðafjörð**

Verði niðurstaða nefndarinnar að leggja til við ráðherra að stofna þjóðgarð í Breiðafirði og ráðherra héldi áfram með málið er óvíst að Breiðafjarðarnefnd kæmi að þeirri vinnu. Við stofnun þjóðgarða nú á tímum er lögð

áhersla á að útfærsla, skipulag og uppbygging þjóðgarða sé unnin í nánu samráði við sveitarfélög, íbúa, atvinnulíf, landeigendur og aðra hagsmunaaðila á svæðinu. Um þjóðgarða eru smíðaðar verndar- og nýtingaráætlanir þar sem lögð er áhersla á að finna samhljóm allra hagsmunaaðila. Nokkuð víst er að stuðst yrði við svipað stjórnskipulag og er í Vatnajökulsþjóðgarði, þar sem heimamenn eiga meirihluta í nefndum og ráðum sem taka stefnumótandi ákvarðanir um svæðið.

Þjóðgarður er fyrirkomulag sem veitir meðal annars tæki til þess að stýra umferð ferðamanna um Breiðafjarðarsvæðið en sú breyting á náttúruverndarlögum nr. 60/2013, þar sem lagt er til að landeigendur hafi meiri rétt til að ákveða hvort land þeirra í byggð sé nýtt undir endurteknar skipulegar hópferðir í atvinnuskyni, dugar ekki til skilvirkar stýringar.

#### **Breiðafjörður á Ramsarskrá**

Ramsarsamningurinn var upphaflega gerður til þess að tryggja sjálfbæra nýtingu auðlinda á votlendissvæðum. Það er því ljóst að skráning á lista yfir Ramsarsvæði hefði ekki þau áhrif að lokað yrði fyrir nýtingu. Skráning felur aftur á móti í sér að stjórnvöld skuldbinda sig til þess að standa vörð um svæðið, sérstaklega virkni og þjónustu vistkerfa. Lög viðkomandi ríkis gilda þó ávallt, svo sem skipulagslöggjöf og lög um náttúruvernd. Svæðið myndi ekki afsala sér réttindum á landi og stjórnun þess en skrifstofa samningsins gæti veitt stuðning og ráðgjöf varðandi stýringu svæðisins. Ef til þess kæmi að framkvæmdir á svæðinu myndu skerða verulega verndargildi þess gætu athugasemdir borist frá samningnum. Það gæfi stjórnvöldum tækfæri til að bregðast við eða þá að svæðið yrði tekið af skránni.

#### **Breiðafjörður á heimsminjaskrá**

Til þess að svæði sé gjaldgengt á heimsminjaskrá UNESCO þarf því að vera stýrt á skilvirkan hátt og um það þarf að gilda formleg verndar- og nýtingaráætlun. Slíka áætlun er ekki hægt að vinna öðruvísi en í nánu samráði við sveitarfélög, íbúa, landeigendur, atvinnulíf og aðra hagsmunaaðila. Skráning svæða á heimsminjaskrá er alþjóðlega viðurkennd aðferðafræði sem þekkt er um allan heim og setur svæðið á ákveðinn stall með merkilegustu náttúru- og menningarminjum heimsins, sem sérstök heimasníðuð lög um verndun gætu aldrei gert. Um svæði á heimsminjaskrá UNESCO gildir það sama og um Ramsar að stjórnun svæðisins yrði áfram hjá heimafólki en stuðningur og ráðgjöf fylgdi skráningunni.

Að gefnu tilefni vill nefndin árétta að hún lítur svo á að óháð því hvaða leið verður valin, muni lög um stjórn fiskveiða áfram halda gildi sínu og stjórn og eftirlit með fiskveiðum verða áfram í höndum Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu.

Breiðafjarðarnefnd telur að það hefði verið vanhugsað af nefndinni að einblína aðeins á endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar. Nefndin kaus heldur að nýta tækifærið og skoða alla kosti sem til staðar eru og leita áhlits um þá áður en lengra er haldið.

Virðingarfyllt,

f.h. Breiðafjarðarnefndar,

Samrit sent til bæjarstjóra Stykkishólms, bæjarstjóra Snæfellsbæjar, bæjarstjóra Grundarfjarðarbæjar, oddvita Helgafellssveitar, sveitarstjóra Dalabyggðar, sveitarstjóra Reykhólahrepps og bæjarstjóra Vesturbyggðar.

# Viðauki IX – Umsagnir

## Umsagnir sveitarfélaga

### Dalabyggð



Jóhanna María Sigmundsdóttir <johanna@dalir.is>

To Breiðafjarðarnefnd  
Cc Sveitarstjóri Dalabyggð

Reply Reply All Forward

Thu 17/12/2020 12:04

You replied to this message on 18/12/2020 10:05.

Góðan daginn.

Ísað er til pósts frá 23. nóvember 2020 um Samantekt um framtíð Breiðafjarðarnefndar - ósk um umsögn.

Beiðnin var tekin fyrir á 200. fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar, meðfylgjandi er afgreiðsla og bókun sveitarstjórnar, dagskrárliður 10:

#### 10. 2011032 - Framtíð Breiðafjarðar - umsögn

Úr fundargerð 110. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar 4.12.2020, dagskrárliður 7:

2011032 - Framtíð Breiðafjarðar - umsögn

Úr fundargerð 259. fundar byggðarráðs 26.11.2020, dagskrárliður 5:

2011032 - Framtíð Breiðafjarðar - umsögn

Tillögur Breiðafjarðarnefndar til umsagnar.

Byggðarráð vísar erindinu til umhverfis- og skipulagsnefndar.

Samþykkt samhljóða.

Nefndin tekur undir mikilvægi þess að endurskoða lögina um vernd Breiðafjarðar og tekur undir að skýra og efla þurfi hlutverk Breiðafjarðarnefndar og svæði sem verndunin nær yfir.

Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að Breiðafjörður og hans málefni verði áfram stýrt af heimamönnum. Einnig að skipulagsvald sveitarfélaganna við fjörðinn verði ekki skert frekar á svæðinu, eins og gerast mundi við stofnun þjóðgarðs.

Til máls tók: Eyjólfur

#### 2011032 - Framtíð Breiðafjarðar - umsögn



Jóhanna María Sigmundsdóttir <johanna@dalir.is>

To Breiðafjarðarnefnd  
Cc Sveitarstjóri Dalabyggð

Reply Reply All Forward

Thu 17/12/2020 12:04

You replied to this message on 18/12/2020 10:05.

Sveitarstjórn Dalabyggðar tekur heilshugar undir tillögur Breiðafjarðarnefndar og hvetur nefndina til þess að leggja til við umhverfisráðherra að hefja vinnu við að greina og kynna kosti og galla þeirra hugmynda sem nefndin hefur sett fram.

Sveitarstjórn Dalabyggðar telur að styrkja þurfi vernd Breiðafjarðar og fagnar hugmyndum um frekari vernd í þágu byggðapróunar og atvinnulífs í sátt við samfélag og náttúru.

Sveitarstjórn Dalabyggðar fagnar möguleikum á frekari móttöku gesta á svæðinu en jafnframt stýringu þeirra á viðeigandi staði. Sveitarstjórn sér einnig tækifæri í að hlunnindanyttar við fjörðinn verði verndaðar og þannig tryggðar til framtíðar.

Jafnframt leggur sveitarstjórn áherslu á að aukin vernd teffi hvorki né stöðvi nauðsynlegar vegabætur á svæðinu enda skipta samgöngur höfuðmáli fyrir lífsviðurværi við fjörðinn. Sveitarstjórn sér jafnvel fyrir sér að samgöngubætur samhliða aukinni vernd geti verið möguleiki fyrir frekara samstarfi sveitarfélaga við Breiðafjörð.

Sveitarstjórn Dalabyggðar þakkar Breiðafjarðarnefnd fyrir það ítarlega samráð sem fram hefur farið við sveitarstjórnir og íbúa við fjörðinn. Hún tekur undir það sem fram kemur í samantekt Breiðafjarðarnefndar að áframhaldandi samráðs verði gætt og að sveitarfélagið verði með í ráðum hvað framhaldið varðar.

Samþykkt samhljóða.

Þetta tilkynnist hér með.

Jóhanna María Sigmundsdóttir

Verkefnastjóri atvinnu-, markaðs- og ferðamála hjá Dalabyggð

[johanna@dalir.is](mailto:johanna@dalir.is)

+354 845 1859

Sveitarfélagið Dalabyggð

Miðbraut 11, 370 Búðardal



## Grundarfjarðarbær



Björg Ágústsdóttir <bjorg@grundarfjordur.is>

To ● Theódóra Matthíasdóttir, ○ Erla Fríðriksdóttir

Cc ○ Sígurlaug R. Sævarsdóttir

You forwarded this message on 11/12/2020 09:27.

### Breiðafjarðarnefnd

Erla Fríðriksdóttir formaður

Theódóra Matthíasdóttir starfsmaður nefndarinnar

Reply Reply All Forward

Fri 11/12/2020 09:23

Vegna umsagnar bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar um skýrslu Breiðafjarðarnefndar, um framtíð Breiðafjarðar (tillaga til ráðherra) sem send var bæjarstjórn til umsagnar.

Eftirfarandi er bókun bæjarstjórnar frá í gær, á 244. fundi hennar, þar sem skýrslan var tekin fyrir:

### Breiðafjarðarnefnd - Samantekt um framtíð Breiðafjarðar - ósk um umsögn

Málsnúmer [2011047](#)

Allir tóku til máls.

*Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar tekur undir það að tímabært sé að lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995, verði endurskoðuð. Bæjarstjórn leggur áherslu á að endurskoðun á lögnum fari fram í samráði við sveitarfélög og hagsmunaaðila við Breiðafjörð.*

*Hvað aðrar tillögur Breiðafjarðarnefndar varðar, getur bæjarstjórn ekki veitt jákvæða umsögn að svo stöddu, þar sem of mörgum spurningum er enn ósvarað. Breiðafjörður er einstök heild, með fjölbreytt og auðugt náttúrufar. Auðlindir svæðisins eru einstakar. Þær eru undirstaða menningar og mannlífs við Breiðafjörð. Því er mikilvægt að hverjar þær tillögur sem teknar verða til skoðunar séu unnar í samráði við sveitarfélög og hagsmunaaðila við Breiðafjörð.*

Samþykkt samhljóða.

## Helgafellssveit

Re: Samantekt um framtíð Breiðafjarðar - ósk um umsögn



Helgafellssveit Hreppsnefnd <helgafellssveit341@gmail.com>

To ○ Breiðafjarðarnefnd

You forwarded this message on 16/12/2020 15:16.

Góðan dag.

Sveitarstjórn Helgafellssveitar tekur jákvætt undir tillögur Breiðafjarðarnefndar um "framtíð Breiðafjarðar", en vill jafnframt undirstrika að stjórn og stýringar verði í höndum heimamanna og leitast verði við að hafa sem fjölbreyttast atvinnulíf á svæðinu.

F.h. Helgafellssveitar  
Guðrún Reynisdóttir  
oddviti

Reply Reply All Forward

Mon 14/12/2020 14:29

# Reykhólahreppur

Breiðafjarðarnefnd  
Hafnargötu 3  
340 Stykkishólmur



19. desember 2020

1801010 IBE

s. 1/2

## Framtíð Breiðafjarðar umsögn

Sveitarstjórn Reykhólahrepps hefur farið yfir niðurstöður Breiðafjarðarnefndar um „Framtíð Breiðafjarðar“ og erindi frá nefndinni þar sem hún óskar umsagnar sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkti neðangreinda umsögn.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps er sammála niðurstöðu Breiðafjarðarnefndar um að leggja til við ráðherra að hefja sem fyrst vinnu við að skoða ítarlega kosti og galla þeirra möguleika sem fjallað er um í skýrslunni og áhrif þeirra á Breiðafjarðarsvæðið og leggur til að gerð verði valkostagreining með ítarlegri umfjöllun um áhrif friðunar á mismunandi þætti.

Sveitarstjórn er sammála því að endurskoða þurfi lög um vernd Breiðafjarðar sem eru að stofni til frá árinu 1995. Gera þau sterkari og skýrari og samræma þau nýjum náttúruverndarlögum og alþjóðlegum sáttmálum eftir því sem við á.

Sveitarstjórn er jákvæð fyrir því að skoðaðir verði möguleikar á að gera Breiðafjörð að Ramsarsvæði og/eða skilgreina Breiðafjörð sem þjóðgarð að hluta til eða öllu leyti. Sú vinna þarfnast vandaðs undirbúnings og ítarlegs samráðs við alla hlutaðeigandi.

Sveitarstjórn minnir á mikilvægi hefðbundinna hlunnindanytja og vinnslu sjávarróðurs fyrir íbúa Reykhólahrepps og að öll atvinnustarfsemi sé stunduð á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Jafnframt er bent á að aukin vernd sem uppfyllir alþjóðleg viðmið og byggir á rannsóknum á lífríki svæðisins og sjálfbær og ábyrg nýting auðlinda, styrkir stöðu framleiðenda á markaði og styður við uppbyggingu ferðaþjónustu við fjórðinn.

Sveitastjórn vill leggja áherslu á stöðu Þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum í byggðarlegu samhengi fyrir samfélagið á Reykhólum. Sveitarstjórn leggur brýna áherslu á að litið verði til þeirrar þekkingar sem fyrirtækið býr yfir og varðar sjálfbæra nýtingu í firðinum.

---

Reykhólahreppur | Merittröð 5a - Reykhólum | 380 Reykhólahreppur  
sími: 4303200 | vefsíða: [www.reykholar.is](http://www.reykholar.is)  
tölvupóstur: [skrifstofa@reykholar.is](mailto:skrifstofa@reykholar.is) | [sveitarstjori@reykholar.is](mailto:sveitarstjori@reykholar.is)

s.2/2



Sveitarstjórn leggur einnig áherslu á, að samhlíða frekari verndun verði unnin nýtingaráætlunar fyrir haf- og strandsvæði Breiðafjarðar.

Sveitarstjórn vill þakka Breiðafjarðarnefnd fyrir skýrsluna og telur að vel hafi verið staðið að gerð samantektarinnar. Gott samráð hefur verið haft við sveitarstjórn og íbúa.

Sveitarstjórn tekur undir áherslur nefndarinnar á mikilvægi fræðslu og samráðs við sveitarstjórnir og íbúa svæðisins í áframhaldandi vinnu sem og áherslur á styrkingu byggðar við allan fjórðinn. Einnig þau markmið að með aukinni vernd þrífist blómlegt atvinnulíf sem byggi á sjálfbærri auðlindanotkun.

Með kveðju

Ingibjörg D. Erlingsdóttir  
sveitarstjóri

[sveitarstjori@reykholar.is](mailto:sveitarstjori@reykholar.is)



**Breiðafjarðarnefnd  
Hafnargötu 3  
340 Stykkishólmur**

**Snæfellsbær, 21. desember 2020**

Tilv. bréfs 34006

Á fundi bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, þann 17. desember 2020, var tekið fyrir erindi Breiðafjarðarnefndar, dags. 23. nóvember 2020, ósk um umsögn bæjarstjórnar um samantekt og niðurstöður Breiðafjarðarnefndar um framtíð Breiðafjarðar.

Neðangreind bókun var samþykkt samhljóða.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar tekur undir með Breiðafjarðarnefnd að það sé tímabært að lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995 verði endurskoðuð. Bæjarstjórn leggur áherslu á að endurskoðun á lögnum fari fram í ítarlegu samráði við sveitarfélög, íbúa og hagsmunaaðila við Breiðafjörð. Því er mikilvægt að í nefndinni sem falið verði það hlutverk verði fulltrúar af svæðinu strax í upphafi þeirrar vinnu. Þannig geti sveitarstjórnir og íbúar myndað sér upplýsta skoðun og tekið þátt í mótun framtíðar Breiðafjarðar.

Hvað varðar aðrar tillögur Breiðafjarðarnefndar, þá tekur bæjarstjórn ekki afstöðu til þeirra tillagna að svo stöddu. Bæjarstjórn telur mikilvægt að skoðað verði ítarlega hverjir kostir og gallar þeirra eru svo íbúar, hagsmunaaðilar og sveitarfélög við Breiðafjörð geti myndað sér upplýsta skoðun. Mikilvægt er að tilgangur og ávinningur þess að fara í slíkar breytingar sé mjög skýr, þannig ætti að nást góð samstaða um breytingar ef af verður. Breiðafjörður er einstök heild með fjölbreytt og auðugt náttúrufar. Auðlindir svæðisins eru einstakar og eru þær undirstaða menningar, atvinnu og mannlífs við Breiðafjörð. Því er mikilvægt að allar þær tillögur sem teknar verða til skoðunar séu unnar í fullu samráði við sveitarfélögin, íbúa og hagsmunaaðila við Breiðafjörð.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt  
f.h. bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari





Breiðafjarðarnefnd  
Hafnargötu 3  
340 Stykkishólmur

Stykkishólmi, 14. desember 2020  
nr. erindis 2011035

Á 394. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar 10. desember 2020 var tekið fyrir neðangreint erindi:

**Framtíð Breiðafjarðar, samantekt og niðurstöður**

Lagt fram erindi frá Breiðafjarðarnefnd þar sem óskað er eftir umsögn bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar vegna greinargerðar sem jafnframt er lögð fram, Framtíð Breiðafjarðar, samantekt og niðurstöður. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd Stykkishólmsbæjar fjallaði um málið á 5. fundi sínum og er lögð er fram bókun nefndarinnar.

Bæjarráð tók á síðasta fundi sínum undir umsögn atvinnu- og nýsköpunarnefndar og vísaði umsögninni til staðfestingar í bæjarstjórn.

**Afgreiðsla 5. fundar atvinnu- og nýsköpunarnefndar:**

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd lýsir megnri andstöðu við tillögur og hugmyndir Breiðafjarðarnefndar um að Breiðafjörður verði tilnefndur á lista Ramsarsvæða, að Breiðafjörður verði skilgreindur, að hluta til eða öllu leyti, sem þjóðgarður í sjó og að hafinn verði undirbúningur að tilnefningu Breiðafjarðar á Heimsminjaskrá UNESCO. Varhugavert er að færa íhlutunarvald til alþjóðlegra stofnana. Nefndin tekur undir röksemdir Ásgeirs Gunnars Jónssonar sem koma fram í athugasemdum hans til Breiðafjarðarnefndar, dags. 28. janúar 2020, en bréf hans birtist á bls. 56 í skýrslu Breiðafjarðarnefndar.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd telur að heimamenn séu best til þess fallnir að taka ákvarðanir í tengslum við vernd og umgengni á svæðinu sem og íslenskum stofnunum sem hafa það hlutverk að veita stjórnvöldum og hagsmunaaðilum ráðgjöf varðandi sjálfbæra nýtingu á lifandi auðlindum Breiðafjarðar á grundvelli nýtingarstefnu stjórnvalda á hverjum tíma.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd leggur því áherslu á að Hafrannsóknarstofnun verði gert kleift í samráði við hagsmunaaðila í heimabyggð, að efla rannsóknir á fjölbreyttu lífríki Breiðafjarðar og þeim möguleikum sem kunna að vera til staðar til að auka sjálfbæra nýtingu sjávarfangs til atvinnu- og verðmætasköpunar.

**Afgreiðsla 394. fundar bæjarstjórnar:**

*Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar er sammála Breiðafjarðarnefnd um að Breiðafjörður er einstakt svæði. Breiðafjörður er sannkölluð auðlind, hvort sem litið er til nytja, sérstæðrar náttúru eða fegurðar. Fjörðurinn hefur verið undirstaða mannlífs í gegnum aldirnar og mun verða það áfram um ókomna tíð.*

*Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar leggur áherslu á mikilvægi þess og í raun nauðsyn að vandað sé til verka þegar um jafn stórt og mikilvægt mál er að ræða*



sem framtíðarsýn fyrir Breiðafförð er og hugsanlegar takmarkanir á frelsi íbúa og fyrirtækja til athafna og nýtingar þeirra auðlinda sem Breiðafförður býr yfir, með sjálfbærni að leiðarljósi, umfram þær takmarkanir sem gildandi lög og reglur kveða á um. Breiðafförður hefur gengt mikilvægu hlutverki í gegnum aldirnar sem fjöregg okkar heimamanna og gullkista þjóðarinnar, ein af undirstöðum atvinnulífs á svæðinu og þar með grunnþáttur samfélagsins, velmegunar þess og afkomu. Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar telur að það sé ekkert í núverandi aðstæðum, í samspili manns og náttúru, sem kalli á stefnubreytingu á þessum tímavarki, líkt og nefndin telur þörf á og hefur stefnt að frá árinu 2014, hvorki með stofnun þjóðgarðs, skráning svæðisins sem Ramsarsvæði og/eða á Heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

Með vísan til framanritaðs tekur bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar heilshugar undir ályktun atvinnu- og nýsköpunarnefndar Stykkishólmsbæjar.

Bæjarstjórn felur bæjarstjóra, í samráði við bæjarfulltrúa, að senda viðbótarumsögn ef tilefni er til.

**Þetta tilkynnist hér með.**

Virðingarfyllst,

*Jakob Björgvin Jakobsson*

Jakob Björgvin Jakobsson,  
bæjarstjóri.





Breiðafjarðarnefnd

Hafnargötu 3  
340 Stykkishólmur

Vesturbyggð, 10. desember 2020  
2011075 RH

**Efni: Umsögn Vesturbyggðar um framtíð Breiðafjarðar - samantekt og niðurstöður**

Vísað er til beiðni Breiðafjarðarnefndar dags. 23. nóvember 2020 um umsögn bæjarstjórnar Vesturbyggðar um Framtíð Breiðafjarðarnefndar. Samantekt og niðurstöður upplýsingaöflunar og samráðs. Samantektin var lögð fyrir hafna- og atvinnumálaráð á 26. fundi ráðsins 2. desember sl. og bæjarráð á 910. fundi ráðsins 3. desember sl. Þá var eftirfarandi umsögn staðfest af hálfu bæjarstjórnar Vesturbyggðar á 355. fundi bæjarstjórnar þann 9. desember 2020.

Vesturbyggð þakkar fyrir greinagóða og ítarlega vinnu af hálfu Breiðafjarðarnefndar, varðandi framtíð Breiðafjarðar.

**Endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar**

Vesturbyggð tekur undir þau sjónarmið sem Breiðafjarðarnefnd tilgreinir í samantekt sinni um að hefja beri vinnu við endurskoðun laganna frá 1995. Mikilvægt er að styrkja lögin og skýra óljós ákvæði þeirra. Leggur Vesturbyggð áherslu á ríkt samráð við hagsmunaaðila, landeigendur og aðra sem nýta Breiðafjörðinn svo sem til auðlindanýtingar við undirbúning endurskoðunarinnar. Þá leggur Vesturbyggð áherslu á að við endurskoðun laganna verði litið til þeirra öryggiskrafna sem gerðar eru til þeirra báta sem sigla um fjörðinn, en sem dæmi má nefna er ferjan Baldur sem sinnir almenningsamgöngum yfir Breiðafjörð er ekki búin varaafsvél og hefur ríkið ekki gert kröfu um slíkt.

**Stækkun verndarsvæðis**

Vesturbyggð hefur tekið jákvætt í þær hugmyndir sem uppi hafa verið um stækkun verndarsvæðisins frá Öndverðarnesi að Bjargtöngum og bókaði sérstaklega um það á 865. fundi bæjarráðs þann 12. mars 2019. Vesturbyggð tekur undir með Breiðafjarðarnefnd um að æskilegt sé að skoða slíkt samhlíða endurskoðun laganna. Einnig verði litið til samspil þess við fyrirhugaða friðlýsingu Látrabjargs sem ætlað er að ná 2 km út í sjó.

**Ramsarsvæði**

Vesturbyggð gerir ekki athugasemdir við tillögu til ráðherra að hann beiti sér fyrir því að Breiðafjörður verði tilnefndur á lista Ramsarsvæða og þannig skuldbindi ríkið sig til að standa vörð um svæðið, sérstaklega virkni vistkerfa. Mikilvægt er þó að áhrif slíkrar skráningar verði skýrð og kynnt hagsmunaaðilum. Þá verði einnig litið til þess að þrátt fyrir slíka vernd geti eðlileg uppbygging innviða enn farið fram innan svæðisins.



## Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

### Þjóðgarður

Vesturbyggð tekur undir að skoða mætti möguleikann á að skilgreina Breiðafjörð sem þjóðgarð, en slíkt yrði að undirbúa vel og í góðu samráði við landeigendur, hagsmunaaðila og aðra sem nýta Breiðafjörðinn. Vesturbyggð telur að ef vilji sé fyrir því að svæðið sé skilgreint sem þjóðgarður að það geti tengst fyrirhuguðum þjóðgarði á samnanverðum Vestfjörðum, sem áætlað er að verði stofnaður á árinu 2021.

Að lokum tekur Vesturbyggð undir ítrekun nefndarinnar sem snúa að því að sveitarfélög á svæðinu hafi ríka aðkomu að stjórn svæðisins og eigi meirihluta í þeim nefndum og ráðum sem mögulega koma að mótun framtíðar Breiðafjarðar og stýringu svæðisins til framtíðar. Þá leggur Vesturbyggð sérstaka áherslu á að við endurskoðun laganna sjálfra, sé þess gætt að sveitarfélögin á svæðinu hafi sína fulltrúa í starfshópum eða öðrum nefndum sem koma að undirbúningi og endurskoðuninni.

Fyrir hönd Vesturbyggðar,

  
Rebekka Hjálmsdóttir,  
bæjarstjóri





Í nóvember 2020.

#### Til Breiðafjarðarnefndar.

Breiðafjarðarnefnd hefur óskað eftir athugasemdum og tillögum vegna umræðu um framtíð Breiðafjarðar, hugsanlegar breytingar á lögum um friðun Breiðafjarðar og hlutverk nefndarinnar.

Undirritaður vill nota tækifærið og koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

1. Á svæði undirritaðs eru verkefni hlunnindanýting. Búskapurinn þessi, hlunnindanýting hverskonar er þar sjálfbær. Til að tryggja framtíð nýtingar væri æskilegt að Breiðafjarðarnefnd lýsti því yfir að hún standi með þeim aðilum sem stunda sjálfbæra nýtingu hlunninda og einnig að hún sé tilbúin að standa með þeim í þeirri vinnu sem hlýst af því að verja hlunnindanýtinguna sem arf búskaparhátta fyrrum kynslóða sem byggðu Breiðafjarðareyjar.
2. Þeir sem stunda hlunnindanýtingu eru margir hverjir afkomendur þeirra sem byggðu eyjarnar og eiga lögheimili annarsstaðar en í sveitarfélaginu þar sem hlunnindanýtingin fer fram. Gott væri að vita að Breiðafjarðarnefnd standi með þessum aðilum í því verkefni að viðhalda hlunnindanýtingunni og gera hana mögulega. Sveitarstjórnir viðkomandi svæðis eiga ekki alltaf beinna hagsmuna að gæta þegar menn búsettir í öðrum sveitarfélögum stunda hlunnindabúskap í þeirra sveit. Hlunnindabændur sem ekki eru búsettir í sveitarfélagi hlunnindafjarðar eiga erfitt með að treysta á skilning viðkomandi sveitarfélags og því væri gott að hafa Breiðafjarðarnefnd sem bakhjarl við varðveislu réttinda og aðstöðu hverskonar.
3. Breiðafjarðarnefnd gæti haft þau verkefni að koma í veg fyrir slys sem hljótast af ákvörðunum stjórnvalda. Dæmi um slíkt verkefni er þegar stjórnvöld heimiluðu Hringormanefnd að greiða skotmönnum fyrir dráp á sel til varnar hringormi í þorski. Sú ákvörðun gerði það að verkum að útsel var útrýmt á nokkrum svæðum við Breiðafjörð og hafa nokkur þau látur ekki enn borið sitt barr þrátt fyrir að liðin séu 20 ár frá því að morðæðinu lauk.
4. Eigendur jarða við Breiðafjörð hafa sumir haft tekjur af bangslætti, - ýmist hafa þeir sjálfir stundað bangskurð eða leigt fjörur til skurðar. Gott væri að Breiðafjarðarnefnd stæði með eigendum jarða við það verkefni að nýting bangs megi fara fram. Stjórnvöld hafa nú gert bangskurðinn óarðbæran fyrir landeigendur með gjaldi sem er í ætt við veiðigjöld sjávarútvegs. Bangskurður er ekki veiðiskapur heldur landbúnaður líkur engjastöngu. Hlunnindabændur vita best hvar er gott að slá bang, hversu þétt það er með tilliti til landslags og affalla vegna lagnaðariss og sjávargangs og hversu mikið það er sprottið. Þeir vita hvar það sprettur best og hraðast, en sjávarstraumur er afgerandi þáttur í vaxtarhraða bangs og þeir vita með hvaða árabili viðkomandi fjara þolir bangskurð. Óskað er eftir að Breiðafjarðarnefnd geti sett sig í spor þessara hlunnindabænda og hjálpi þeim að verja sig gagnvart svokölluðum "vísindamönnum" stofnana höfuðborgarsvæðisins sem allt þykjast vita og öllu vilja stjórna og jafnvel féfletta hlunnindabændur, þó þeir bera enga ábyrgð á afleiðingum ákvarðana stofnana þeirra sem haf nú fengið leyfi stjórnvalda til að skipta sér af þessar hlunnindanýtingu.
5. Margar jarðir við Breiðafjörð hafa skipt um eigendur undanfarna áratugi. Misjafnt er hversu mikið eða vel nýir eigendur hafa tileinkað sér nýtingu hlunninda eða markmið með lögum um friðun Breiðafjarðar. Lög um friðun Breiðafjarðar grundvallast m.a. á þeirri hugmynd að við Breiðafjörð þurfi að vera aðstaða fyrir sjófarendur. Nefndar eru hafnir og lendingabætur. Borið hefur á því að nýir eigendur jarða við Breiðafjörð reyni að afmá lendingabætur og farleiðir til að koma í veg fyrir för eyjabænda. Gott væri að Breiðafjarðarnefnd stæði með

eyjabændum í viðleitni þeirra til að viðhalda réttindum sínum um farleiðir, bæði á landi og sjó.

- Þrátt fyrir sérstöðu Breiðafjarðar þá er enginn tilgangur með friðun hans ef hún hindrar búsetu, hlunnindanýtingu eða ný tækifæri til sjálfbærar starfsemi svo sem frekari nýtingar eða ræktunar. Um leið og ný starfsemi hverskonar hefst væri gott að Breiðafjarðarnefnd kæmi að málum til að tryggja þau markmið sem í lögunum um vernd Breiðafjarðar felst. Einhver mesta hættu sem steðjar að Breiðafirði er mengun hvers konar. T.d. er hljóðmengun afar mikill fylgifyrkur ferðapjónustu sem byggð er á siglingum ferðapjónustubáta um fjörðinn. Setja þarf viðmið um hljóstyrk þeirra báta sem sigla um fjörðinn, því hann hefur rofið þann frið sem eyjafólk bjó við og er hluti af hugmyndinni um friðun Breiðafjarðar og að hann beri að varðveita. Víða um land er ljósmengun að verða skaðvaldur þar sem fólk hefur áður notið náttmyrkurs. Gott væri að Breiðafjarðarnefnd hefði þuttana á þessum þáttum við það verkefni að halda friðinn og varðveita á Breiðafirði.
- Borið hefur á því að ferðamenn taki land í eyjum á Breiðafirði þar sem áður var eingöngu umferð ábúenda. Jarðeigendur hafa almennt ekki á móti því að ferðafólk fari um land þeirra utan friðunartíma æðarvarps. Þó hefur vaknað sú spurning hvort koma ferðamanna í tiltölulega lítinn hólma sé háð einhverjum fjöldatakmarkunum. Með auknum ferðamannastraumi og nýjum ferðamáta, svo sem kajaksiglingum, sportabátasiglingum eða stórum ferðapjónustubátum þarf að fá svör við svona spurningum. Gott væri að Breiðafjarðarnefnd tæki þessi mál upp þannig að jarðeigendur, hlunnindabændur geti stundað sinn búskap af öryggi vitandi um varðstöðu nefndarinnar og einnig haft eitthvað um þessi mál að segja.

Kjartan Eggertsson, Fiskakvísl 1, 110 Reykjavík.

## Gunnar Sveinsson Framtíð Breiðafjarðar



Gunnar Sveinsson <gunnarflatey@gmail.com>  
To Breiðafjarðarnefnd

Reply Reply All Forward

Sat 19/12/2020 23:12

You replied to this message on 20/12/2020 20:23.

Ég, Gunnar Sveinsson, Eyjólshúsi í Flatey geri alvarlega athugasemdir við þær tillögur og hugmyndir Breiðafjarðarnefndar varðandi framtíð Breiðafjarðar að setja svæðið á lista yfir Ramsarsvæði og tilnefna Breiðafjörð á heimsminjaskrá UNESCO. Ég hef ekki séð að þessar fyrirætlanir hafa verið kynntar Flateyngum og Inneyingum sérstaklega eða leitað eftir álitni félagsamtaka þeirra eða annara ábúenda. Fjöldmargir aðilar í Flatey sem og Inneyjum (Skáleyjar, Sviðnur, Svefneyjar, Hvallátrum og öðrum eyjum sem Flateyngar nýta) eiga hér hagsmuna að gæta enda hefur nýting allra þeirra hlunninda sem undir þessar eyjar falla verið nýttar svo öldum skiptir og eru enn. Að gera þetta svæði að "þjóðgarði að sjó" með öllum þeim skyldum og kvöðum sem því fylgir er mikill ábyrgðarhlutur. Breiðafjarðarnefnd verður og ber skylda til að halda sérstakan fund með öllum hluthafandi eigendum þessara eyja og landeigendum þeim er nýta hlunnindi þeirra en ekki aðeins auglýsa það einhliða á þeim stað sem tiltölulega fái sjái. Ég legg til að áður en lengra verður haldið og ráðist verður í frekari framkvæmdir og teknar afdrifaríkar ákvarðanir í þessa veru að þessi fundur verði haldinn sem fyrst. Í ljósi núverandi stöðu um fundarhöld væri rétt að halda fjarfund (TEAMS) sem allir núverandi landeigendur og umráðamenn þessara eyja og hlunninda væri gefin kostur að viðra skoðanir sínar sérstaklega. Ég er reiðubúinn til að veita allar þeir upplýsingar sem ég veit um eigendur, landeigendur og nýtingaraðila hlunninda af þessum eyjum öllum.

Ég vil minna á að Flateyjarkirkja á hlutdeild í Hergilsey varðandi nýtingu hlunninda og kirkjan hefur svo sannarlega skoðun á þessu máli. Rétt væri að leita eftir skoðunum hlutaðeiganda áður en lengra verður haldið. Ég fer fram á það og ítreka að áður en lengra verður haldið að Breiðafjarðarnefnd setjist niður með landeigendum í Breiðafirði og leiti beint eftir skoðunum þeirra. Ég treysti á skilning þeirra ágætu aðila sem valist hafa til starfa í Breiðafjarðarnefnd.

Með Flateyjarkveðjum  
Gunnar Sveinsson  
Eyjólshúsi - Flatey

Ágæta Breiðafjarðarnefnd,

Ég setja viðbót við athugasemdir mínar frá því í gær, 19/12 2020 um Framtíð Breiðafjarðar.

Í tölvupósti mínum lagði ég til að haldinn yrði fljótlega fundur með öllum landeigendum og hlunnindabændum við Breiðafjörð. Beindi ég sjónum mínum aðallega að Flatey og Inneyjum en landeigendur að eyjum og hlunnindabændur við Breiðafjörð eru auðvitað miklu mun fleiri.

Vil ég bæta við eyjar eins og Hergilseyjum, Bjarneyjm og Staggley og hlunnindaeyjum ábúenda í Flatey s.s. Sýrey, Feitsey, Langey, Skeley, Sandey, Stikkiseyjar, Hrauneyjar, Oddbjarnarsker, Oddleifseyjar o.s.frv. o.s.fv. Einnig eyjar undan Reykhólaströnd og Barðaströnd, eyjar út af og innarlega við Snæfellsnes, eyjar nálægt Stykkishólm og á því stóra svæði öllu. Hér er auðvitað mikill fjöldi eyja og þegar litið er yfir sviðið sem þessi ákvörðun Breiðafjarðarnefndar mun ná til þá er þetta mikill fjöldi landeiganda og hlunnindabænda. Við alla þessa aðilar verður að hafa fullt samráð við enda hafa hlunnindi á öllu þessu svæði verið nýtt um aldir og kjörnir fulltrúar í Breiðafjarðarnefnd verða og ber lagaleg skylda til þess að slíkt samráð sé í einu og öllu. Það þýðir ekki að semja miklar og langar skýrslur um þetta viðamikla mál og nánast drekkja umfjöllun af ykkar hálfu um framtíð Breiðafjörð með skýrslufjölda sem fáir eða engir leikmenn komast yfir að lesa eða tileinka sér. Tillaga mín er því eftirfarandi sem undanfari almenns fundar með landeigendum og hlunnindabændum;

Dregnar verða saman staðreyndir þessa máls sem og kostir og gallar við þessa friðlýsingu í stutt mál, helst eina eða tvær blaðsíður. Þar verður málið reifað "á mannamáli" sem almenningur skilur. Embættismannamálið getur bæði verið ógnarlangt, tyrfið og torskilið. Þessi "örskýrsla" yrði síðan send öllum landeigendum og hlunnindabændum sem eru aðilar þessa máls annað hvort í tölvupósti eða bréfleiðis. Það er vitað mál að skýrslur um þetta mál inn á vef Breiðafjarðarnefndar eru ekki lesnar því er þetta beinskeytt og fljótlega aðferð að upplýsa hlutaðkomandi um þetta mikilvæga mál.

Eftir ákveðinn umbóttunartíma væri síðan rétt að halda stóran fund um þetta mál og reifa málið og hlusta á rök aðila í þessu máli með eða á móti.

Með von um að háttvirt Breiðafjarðarnefnd taki mark á þessum eindregnu tillögum og verði við þeim sem fljótast.

Með vinsemd og virðingu

Gunnar Sveinsson  
Eyjólfs húsi - Flatey  
sími; 824-5651

Halldór Ólafsson

Athugasemd vegna framtíðar breiðafjarðar



Halldór Ólafsson <halldorolafs@gmail.com>  
To Breiðafjarðarnefnd

 You replied to this message on 20/12/2020 21:28.

 Reply  Reply All  Forward 

Sun 20/12/2020 20:30

Góðan dag

Ég undirritaður Halldór Ólafsson, landeigandi að Kirkjubóli á Bæjarnesi Reykhólahreppi vegna framtíðar Breiðafjarðar. Ég sótti fund Breiðafjarðarnefndar í Tjarnalundi, þann 23. október 2019 og hef reynt að fylgjast með framvindu tillagna er varða Breiðafjörð og hvort stofna eigi til þjóðgarðs.

Eftir fundin í Tjarnalundi taldi ég að haldin yrði fundur með landeigendum og sveitarstjórn til að kynna málefnið og gefa landeigendum kost á að koma sínum skoðunum á framfæri, en slíkur fundur með landeigendum hefur ekki enn farið fram.

Eins og fram kom á fundinum í Tjarnalundi hafa engin tófu greni verið unnin í þjóðgarði Snæfellsbæjar og er því hlunnindi bænda og landeiganda við dúntekju í hættu.

Ég hef engar athugasemdir við endurskoðun laga um Breiðafjarðarnefnd en tel að það sé ekki hlutverk nefndarinnar að leggja til stofnun þjóðgarðs, þar sem völd um framtíð svæðisins færast yfir í hendur fárra manna stjórn þjóðgarðs.

Kveðja

Halldór Ólafsson

--

Halldór Ólafsson  
Rafverktaki  
Funafold 77 112 Rvk  
Sími: 898-5789

Sævar Benediktsson



Sævar Ingi Benediktsson <saevar@bbogsynir.is>  
To Breiðafjarðarnefnd

Reply Reply All Forward

Sat 19/12/2020 21:53

You replied to this message on 20/12/2020 20:21.  
We removed extra line breaks from this message.

Þetta er nú einfaldlega orðið þannig að helmingur landsmanna er vinnandi.

50 % eru aldraðir, börn, öryrkjar, atvinnulausir og fl Hin 50 %...

25% af þeim vinna hjá hinu openbera ok, allt gott með það. Við þurfum á allskonar þjónustu að halda frá hinu openbera.

En nú er svo komið að allt of stór hluti af þessum 25 % hópi af opinberu starfsmönnum eru í sinni vinnu að reyna að útrýma þeim fáu sem eru í raun og veru að búa og huga að verðmætasköpun til að halda uppi öllu batteríinu.

Auk þess þá hefur alltaf verið sagt að við sem á þessu landi lifum ættum að skila landinu til næstu kynnslóðar í því sem næst sama ástandi eins og við tókum við því.

Það að breyta landinu í þjóðgarð er ekki eitt af því að skila því eins og við tókum við því.

Það ætti frekar kalla það landráð á komandi kynslóðir.

Það að við ætlum að fara að ráðskast með landið og fólkið okkar í komandi framtíðinni er náttúrulega ekki neitt annað en frelsisskerðing, yfirgangur og frekja.

Ættum við ekki frekar að treysta fólkinu okkar í framtíðinni til að hugsa um landið okkar eins og okkur var treyst til á tímum forfeðra okkar.

Eitt að lokum þá eru prósenturnar í byrjun ekki vísindalega reiknaðar heldur dæmi um hvernig staðan er að verða hjá þeim fáu sem sjá um að halda uppi landi og þjóð.

Munum það svo að við munum ekki lifa á landi sem búið er að al-fríða.

Þar eru ekki einu sinni mófuglar lengur.

Friðuðu vargarnir eru búnir að klára þá!

Kveðja Sævar Benediktsson

Landeigandi og grásleppusjómaður.



Sævar Ingi Benediktsson <saevar@bbogsynir.is>  
To Breiðafjarðarnefnd

Reply Reply All Forward

Sat 19/12/2020 22:02

Smá meiri pæling frá mér.

Hvað verður eftir hér við Breiðafjörð ef þetta bull yrði samþykkt.

Það alla vega færi strax út allur þang skurður Reykhólar yrðu enn minni sveitabær en það er nú þegar orðið.

Simon yrði að færa sína starfsemi yfir í Faxaflóann.

Æðardúntekja myndi leggjast af.

Grásleppa yrði friðuð.

Öll veiði á igulkerjum yrðu bönnuð, eggjataka bönnuð, allar fiskveiðar banaðar allt yrði bannað og friðað.

Hvernig heldur þetta fólk að Breiðfirðingar hefðu komist af ef þeir hefðu verið uppi fyrir 100 árum og friðað hér allt.

Það er t.d alveg magnað að í dag er örnin meira að segja orðin réttþærri en heil kynslóð af landeigendum ef hann verpir í landi bænda.

Ég held að lækkan útsvars sveitarfélaga við Breiðafjörð yrði til þess að ekki væri lengur hægt að borga laun allra þessar blíantsnagandi umhverfisverndarsinna sem halda að allir þeir peningar sem þau hafa fengið upp í hendurnar séu bara frá silfurskeiðinni sem það fékk í vöggugjöf.

Ég segi nei og vona að við ætlum að halda áfram að lifa hér við Breiðafjörð í sátt við lífríki og náttúruna án afskipta frá fólki sem er sama um okkur.

Bara til að sýna dæmi um hvað þetta landráða fólk er búið að gera okkur þá bendi ég á þann fíflagang að keyra öllu rusli yfir hreppamörk bara til að við hér við Breiðarfjörð vitum ekki hvað rusl er vegna þess að við bara hendum því áður en við komum yfir Hítará já eða keyrum það yfir hana aftur og gröfum þar.

Til að bæta í og koma á framfæri hvað þessir blíantsnagandi náttúruverndar sinnar eru búnir að gera okkur t.d hvað rusla mál varðar þá eru að verða fleiri rusla bílar á ferð um Ísland en frakt flutningabílar, ég hvet nágarna til að mæta á afleggjari að Fíflholti skrá niður hvað margir bílar kom þangað til losunar, skrá niður hvaðan þeir koma og hvað ruslið okkar er að ferðast marga km á ári bara svo við getum verið umhverfisvæn.

Nei við skulum frekar borga fólki fyrir að telja sama fuglinn aftur og aftur.

Ég vona að landræningjarnir sem standa á bakvið svona friðanir viti að silfurskeiðin sem það er að naga af endist ekki endalaust.

Kveðja Sævar Benediktsson

Atvinnurekandi. Landeigandi og Grásleppusjómaður.

Bjarni Svanur Kristjánsson

Góðan dag.

Athugasemd við skýrslu: Samantekt og niðurstöður Breiðafjarðarnefndar eftir upplýsingaöflun og samráð um framtíð Breiðafjarðar.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 54 8. Mars 1995 um vernd Breiðafjarðar er tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja.

2. gr. tekur til gildissviðs þessara laga þar sem segir „Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu.“

Ljóst er því að Breiðafjarðarnefnd er hér komin út fyrir starfsvið sitt sem henni er heimilt með lögum, þegar hún fjallar um landsvæði utan við fjörur í Breiðafirði í skýrslu sinni, samanber þegar hún talar um þjóðgarð í sjó.

Það er því ástæðulaust að fjölyrða frekar um skýrslu þessa sem er á köflum fjandsamleg fólki sem býr við og nýtir auðlindir Breiðafjarðar, í þessari samantekt er fólk sem þarna býr málað upp sem aðskotadýri í umhverfinu en ekki talið hluti af lífríki fjarðarins.

Það virðist vera megin markmið varðandi verndun Breiðafjarðar að vernda Breiðafjörð frá fólki sem þar býr.

Auðshaugi 18.12.2020

Bjarni Svanur Kristjánsson

Breiðafjarðarnefnd  
breidafjordur@nsv.is  
Hafnargötu 3  
340 Stykkishólmi

Ági 002066

**Efni: Mótmeili við stofnanavæðingu og óþörfum, kostnaðarsömum og íþyngjandi áformum Breiðafjarðarnefndar – Umsögn um niðurstöður Breiðafjarðarnefndar um Framtíð Breiðafjarðar – Tillögur að breytingu á niðurstöðu.**

Undirritaður lýsir fullri andstöðu við tillögur og hugmyndir sem fram koma í samantekt og niðurstöðum Breiðafjarðarnefndar um „Framtíð Breiðafjarðar“, að því undanskildu að undirritaður tekur jákvætt í þær hugmyndir um að tímabært sé að endurskoða lög um vernd Breiðafjarðar og gerir undirritaður tillögu að breytingu á niðurstöðum nefndarinnar í því sambandi í bréfi þessu.

**Tillögur Breiðafjarðarnefndar í skýrslunni um framtíð Breiðafjarðar eru m.a.:**

- Ríkisstjórnin/umhverfisráðherra tilnefni Breiðafjörð á lista yfir Ramsarsvæði.
- Að Breiðafjörður verði skilgreindur, að hluta til eða öllu leyti, sem þjóðgarður þar sem þjóðgerður í sjó væri fyrsta skrefið (jafnframt í niðurstöðum vísað til þess að Breiðafjarðarnefnd vilji uppfylla enn frekar afþjódlegar skuldbindingar og er OPSAR-samninginn nefndur sérstaklega sem dæmi).
- Hafinn verði undirbúningur að tilnefningu Breiðafjarðar á Heimsminjaskrá UNESCO og að stefnt væri að skráningu hans á UNESCO eftir að lög um svæðið hafa verið endurskoðuð, það tilnefnt á Ramsarskrá og eftir vill gert að þjóðgerði, að hluta eða öllu leyti.

**1. Íþyngjandi og óþarfa inngrip alþjóðlegs valds yfir umgjörð og nýtingu Breiðafjarðar**

Gangi framangreindar tillögur eftir er verið færa stjórnslu frá heimamönnum til stofnana á höfuðborgarsvæðinu og það sem enn verra er út fyrir landsteinana til fjölþjóðlegra stofnana og samtaka. Undirritaður hefur ávallt verið skýr í sinni afstöðu og bent á að með Ramsar og UNESCO sé verið að innleiða hér með beinum hætti kröfur og skyldur frá alþjóðastofnunum eða samtökum sem hafa enga tengingu við fjörðinn. Það felur í sér að afskipti erlendis frá munu aukast í tengslum við umgengi um Breiðafjörð sem felur í sér íþyngjandi og óþarfa inngrip alþjóðlegs valds yfir umgjörð og nýtingu Breiðafjarðar með tilheyrandi takmörkunum á athafna- og atvinnufrelsi frá því sem nú er. Það er ábyrgðarhluti að mál, sem er jafnt stórt og framtíðarsýn fyrir Breiðafjörð er, sé vel undirbúið og þeim spurningum sé svarað sem skipta íbúana máli. Ekki skilja eftir eyður eins og niðurstaða skýrslunnar ber með sér. Á það sérstaklega við um takmarkanir á frelsi íbúa og fyrirtækja til athafna og nýtingar umfram þær takmarkanir sem núgildandi laga- og regluverk gera ráð fyrir. Það er til að mynda

grundvallaratriði varðandi hugsanlegan Þjóðgarð hvað verndar- og stjórnunaráætlun felur í sér, hvaða skilyrði og hömlur atvinnustefna muni setja og hvort allir atvinnurekendur þurfi að semja sérstaklega við þjóðgarðinn ef þeir vilja stunda atvinnustarfsemi í Þjóðgarðinum (eins og er skylda í öðrum þjóðgörðum, t.d. í Vatnajökulsþjóðgarði, og gert ráð fyrir því í frumvarpi um Hálandisþjóðgarð). Að frátöldu hlutverki umhverfisráðuneytisins. Undirritaður telur þörf að minna Breiðafjarðarnefnd á að „*refurinn bitur ekki við grenið*“ og eins og dæmin sanna mun allur kostnaður vaxa, óþarfa stjórnsýsla mun aukast og færast til stofnunar í Reykjavík (grenið).

## **2. Skortir rök fyrir niðurstöðum og engir gallar finnast**

Undirritaður telur að skýrsla nefndarinnar sé einhæf og beri öll þess merki um að verið sé að selja þeim sem hana les akveðna niðurstöðu eða hugmyndafræði. Jákvæða hugmyndafræði með engum göllum, enda er í skýrslunni er ekki umfjöllun um hugsanlega galla eða takmarkanir sem fylgja þeim leiðum sem lagt er upp með í niðurstöðum nefndarinnar – í raun má skilja sem svo að það fylgi þessum niðurstöðum engar neikvæðar hliðar á almennt líf og starf íbúa við fjörðinn. Þessari framsetningu er alfarið hafnað af undirrituðum – hún er óraunhæf og ekki í samræmi við raunveruleikann. .

Eftir lestur skýrslu Breiðafjarðarnefndar standa eftir fjölmargar spurningar og á mörgum stöðum má finna mótsagnir. En til að draga einhverja þætti fram þá hefur tveimur lykilsurningum aldrei verið svarað:

1. Hver er þörfin fyrir Ramsar, UNESCO og Þjóðgarð?
2. Hverjar verða hugsanlegar takmarkanir á frelsi íbúa og fyrirtækja til athafna í leik og starfi vegna þeirra leiða sem nefndin leggur til?

Telur undirritaður að þessar spurningar og að fá svör við þeim hefðu getað verið útgangspunktur í vinnu Breiðafjarðarnefndar frá upphafi og út frá þessum sjónarmiðum hefði verið hægt að hefja samtalið við íbúa.

Að mati undirritaðs skortir einfaldlega öll rök fyrir því, í ljósi mikilvægi Breiðafjarðar hvað atvinnulíf og almenn lífsgæði og frelsi íbúa svæðisins varðar, hvers vegna þörf sé á stefnumörkun fyrir Breiðafjörð í þá átt sem stefnt er að í niðurstöðum Breiðafjarðarnefndar. Engin brýn þörf er á aukinni stýringu og stjórnun svæðisins, sérstaklega ekki erlenda, enda er ekkert aðkallandi sem kallar á slíkt inngrip.

## **3. Áskorun til Breiðafjarðarnefndar -**

### **Samráð um breytingar á lögum um vernd Breiðafjarðar og skipun starfshóps**

Varðandi breytingar á lögum um vernd Breiðafjarðar, sem undirritaður telur þörf á að endurskoða, vill undirritaður þó taka skýrt fram að með því er hann ekki að samþykkja þær tillögur sem liggja fyrir og samþykktar voru í Breiðafjarðarnefnd árið 2018 (sjá bréf Breiðafjarðarnefndar á bls. 19: „*Osk um endurskoðun á lögum um vernd Breiðafjarðar*“), sem nefndin telur að leggja eigi til grundvallar breytingar á lögum um vernd Breiðafjarðar (sjá bls.



7). Þá telur undirritaður að örökstutt er í niðurstöðum nefndarinnar hvað sé átt við að gera löginn „sterkari og skýrari“. Undirritaður leggur áherslu á að öll skref sem snúa að vernd og stýringu þarfnastráttarinnar og nauðsynlegt er að skapa sátt um það jafnvægi sem þarf til að farsæl niðurstaða náist um endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar.

#### **Askorun um að breyta niðurstöðum nefndarinnar á bls. 16:**

- Skorar undirritaður því á Breiðafjarðarnefnd að breyta niðurstöðum sínum þannig að leggja til hliðar allar niðurstöður sínar, að fátaldri niðurstöðu nefndarinnar sem snýr að skoðun á breytingu á lögum um vernd Breiðafjarðar, og að nefndin hefji á árinu 2021 samráð við íbúa svæðisins til þess að ræða sérstaklega hugmyndir sínar að breytingum á lögum um vernd Breiðafjarðar og kynna á þeim fundum sérstaklega þær sex áherslur sem nefndin hefur um endurskoðun laganna fyrir íbúum svæðisins.
- Samhliða leggur undirritaður til við Breiðafjarðarnefnd að leggja til við umhverfisráðherra að skipa sjálfstæðan starfshóp skipaðan af annars vegar umhverfisráðherra og hins vegar mennta- og menningarmálaráðherra sem hefur það hlutverk að gera tillögu um endurskoðun á lögum um vernd Breiðafjarðar. Í þeim hópi væru m.a. skipaðir fulltrúar sveitarfélaga við fjörðinn í meirihluta og fulltrúi hagaðila, t.a.m. sjómanna og bænda við fjörðinn.
- Ef Breiðafjarðarnefnd myndi ljúka yfirferð sinni með íbúum um hugmyndir sínar að endurskoðun laganna gæti framangreindur starfshópur horft til þeirra sjónarmiða Breiðafjarðarnefndar við tillögugerð sína.

#### **4. Samráð grunnur núgildandi laga – Meint samráð í skýrslunni**

Að lokum kemst undirritaður ekki hjá því nefna, þó svo að Breiðafjarðarnefnd hafi brugðist við í kjölfar erindis frá undirritaðum og sett fram viðbótarupplýsingar á heimasiðu nefndarinnar, og að benda á þá staðreynd að marklaust er að halda því fram að samráðsfundur hafi farið fram í Stykkishólmi líkt og kom fram í athugasemdum undirritaðs til nefndarinnar 28. janúar 2020. Þar kemur jafnframt fram að samráð var náð við setningu núverandi laga um vernd Breiðafjarðar. Sjá nánar bls. 60 í skýrslunni (bls. 5 í erindi undirritaðs).

Þrátt fyrir athugasemdir undirritaðs þá virðist nefndin hafa haldið uppteknum hætti og frekar bætt við fullyrðingar sínar um samráð, þar sem í skýrslunni er útskýrt meint samráðsferli. **Vill undirritaður taka fram að samráð verður ekki samráð, einungis með því að einhver haldi því fram í lokaniðurstöðum skýrslu að samráð hafi farið fram.**

Til einföldunar er hægt að setja fram eftirfarandi spurningar og ef svarið við þessum spurningum er JÁ væri hægt að halda því fram að samráð hafi farið fram:

1. Var fundarmönnum kynnt fyrir fræðslufundina í þéttbýliskjörmunum að fjalla ætti um um Ramsar, UNESCO eða Þjóðgarð (m.a. í sjó) þannig að fundarmenn gætu undirbúið sig fyrir fundinn og tekið þátt í umræðum?
2. Var á fundinum farið yfir og það nefnt að Breiðafjarðarnefnd hafði sett fram sex áherslur við endurskoðun á lögnum sem nefndin hafi þegar sent umhverfisráðherra í beiðni

nefndarinnar til ráðherra um endurskoðun á lögunum á árinu 2018 (sjá áherslur nefndarinnar í niðurstöðum á bls. 7 og bréf bls. 19)?

3. Sé tekið mið af niðurstöðum nefndarinnar, gátu fundarmenn áttað sig á því hvað var ætlast til af þeim á fundinum með lestur fundarboðsins sem kynntur var sem **fræðslufundur** (í fundarboði kom fram að flytja ætti tvö erindi um sérstöðu Breiðafjarðar og ávinning á Þjóðgarðinum Snæfellsjökull)?
4. Var tekið tillit til allra þeirra athugasemda og mótmæla sem fram komu á fundinum í Stykkishólmi og víðar um fjórðinn varðandi Ramsar, UNESCO eða Þjóðgarð (þessar hugmyndir voru nefndar stuttlega á fundinum í kynningu Náttúrustofu Vesturlands í erindinu „*Sérstaða Breiðafjarðar*“)?
5. Kom fram á fræðslufundinum (eða í fundarboði) afstaða Breiðafjarðarnefndar og hennar framtíðarsýn fyrir Breiðarfjörð (sem sagt þær leiðir sem Breiðafjarðarnefnd hefur stefnt að frá árinu 2014 sem fram koma í verndaráætlun og framkvæmdaáætlun nefndarinnar) þannig að fundarmenn gætu haft tækifæri til þess að ræða þá framtíðarsýn Breiðafjarðarnefndar?

Svör við öllum þessum spurningum er NEI. Það er öllum ljóst að um var að ræða sýndarsamráð og er öll notkun orðsins samráð er því rangnefni í fyrirliggjandi skýrslu nefndarinnar.

Þá er allt hjál um samráð við heimamenn að mati undirritaðs marklaust í ljósi þess að ráðherra getur sett geðþóttareglugerðir hvenær sem er – en undirritaður vill láta það liggja á milli hluta.

### **5. Ítrekun fyrri athugasemda og áskorun á sveitarstjórnarmenn**

Undirritaður vill að lokum ítreka fyrri athugasemdir sem senda voru Breiðafjarðarnefnd þann 28. janúar ~~janúar~~ 2020 í kjölfar kynningar nefndarinnar í Stykkishólmi. **Þær athugasemdir standa enn fyrir sínu og eru með öllu óhraktar.**

**Að lokum skorar undirritaður á sveitarstjórnarmenn á Breiðafjarðarsvæðinu að kynna sér málefnið og standa vörð um hagsmuni okkar íbúanna, ekki sist bænda og sjómanna.**

Stykkishólmi 17.12.2020

---

Ásgeir Gunnar Jónsson  
Eyjabóndi og landeigandi við Breiðarfjörð

*Samrit sent: Bænablaði og Skýrsluborði – ásamt fyrri athugasemdum mínum, dags. 28. janúar 2020, sem sendar voru Breiðafjarðarnefnd eftir kynningarfund/fræðslufund Breiðafjarðarnefndar í Stykkishólmi í janúar 2020.*

## TIL UNDIRSTRIKUNAR – VIÐHENGI VIÐ BRÉFIÐ/UMSÖGN

Til að undirstrika það sem fram kemur um flutning stjórnsýslu frá svæðinu ef tillögur Breiðafjarðarnefndar ná fram að ganga, þá blasa þessar staðreyndir við:

- ÞINGVALLAÞJÓÐGARÐUR Á HEIMA Í **AUSTURSTRÆTI 12**, 101 REYKJAVÍK.
- VATNAJÖKULL ÞJÓÐGARÐUR Á **LÖGHEIMILI Í GARÐABÆ** —
- SNÆFELLSNES ÞJÓÐGARÐUR **Á HEIMA Í REYKJAVÍK** ---

Ákvarðanataka fer fram að meginsteftnu fram í Reykjavík og tekur langan tíma og kostar mikið.

**Lykilspurning: VILJUM VIÐ FÆRA ÁKVARÐANATÖKU FYRIR OKKUR Í STYSTA LAGI TIL REYKJAVÍKUR OG AÐ LÍKINDUM ÚT FYRIR LANDSTEINANA (UNESCO OG RAMSAR)!?!?**

Ági

Símon Sturluson og Gestur Hólm Kristinsson

Stykkishólmi 18. desember 2020

Breiðafjarðarnefnd

Við undirritaðir erum stoltir eigendur Hvítabjarnareyjar við Stykkishólm síðan árið 2000 þegar við keyptum hana af Stykkishólmsbæ.

Þegar við eignuðumst eyrna hafði hún ekkert verið nýtt í langan tíma og var hún erfið yfirferðar vegna sinu. Við settum strax nokkrar kindur í sumarbeit og strax árið eftir hafði hún lagast.

Á þessum 20 árum í okkar eigu hafa ávallt verið nokkrar kindur yfir sauðburðinn í eyrni. Þá höfum við nýttjað rituegg þegar ástandið á varpinu hefur boðið uppá það.

Hvítabjarnarey er ein af náttúruverjum Breiðafjarða og hefur mikið aðdráttarafl vegna nálægðar við Stykkishólm, fegurðar og ekki síst vegna sögu.

Okkur finnst verndun og umgegni um Hvítabjarnarey vera best í okkar höndum og teljum að eigendur eyja við Breiðafjörðinn séu bestir til þess fallnir að sjá til þess að eignir þeirra séu í sem bestu ástandi.

Þess vegna mótmælum við fyrirhuguðum hugmyndum Breiðafjarðarnefndar um aukna friðum og frábiðjum okkur afskipti opinberra aðila af nýtingu og umgegni okkar við þessa perlu Breiðafjarðar.

Símon Sturluson

Gestur Hólm Kristinsson

Gunnar Ásgeirsson

Breiðafjarðarnefnd [breidafjordur@nsv.is](mailto:breidafjordur@nsv.is)  
Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi

Samrit: margir

**Mótmæli við furðuleg og íþyngjandi áformum Breiðafjarðarnefndar.**

Ég undirritaður geri alvarlegar athugasemdir við tillögur Breiðafjarðarnefndar, um „framtið Breiðafjarðar“. Ma. ~~neðantalda þrjá liði.~~

Um tilnefni Breiðafjarðar á lista yfir Ramsar svæði.

Sömuleiðis um tilnefningu Breiðafjarðar á Heimsminjaskrá UNESCO.

Að Breiðafjörður verði skilgreindur, að hluta til eða öllu leyti, sem þjóðgarður í sjó.

Eigendur og ábúendur Breiðafjarðareyja hafa ~~nyttjað~~ hlunnindi þeirra um aldir í sátt við umhverfið. Ég sé engin rök fyrir því að kalla yfir okkur stofnanna Vald „að sunnan“ eða jafnvel utan úr heimi -- og **refsingar**.

Framtið Breiðafjarðar, Viðauki II bls. 19. Fjallar um:  
„Ósk Breiðafjarðarnefndar endurskoðun laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar“. Það er 6 liðum og vekur liður 5 sérstaka athygli.

Liður 5) „Skýrar reglur og **refsiákvæði**“ (Liðurinn er ekki lengri)

Það vekur einnig athygli að nefndin óskar einungis eftir endurskoðun 6 liða. Hver og einn liður vegur því þyngra. Eitt aðalatriðið er því að koma á refsingum.

Refsingar hefur ekki þurft hingað til !!

Breiðafjarðarnefnd er meðal annars skipuð einum þrem sveitarstjórnarmönnum.

Sé það eitt af aðal atriðum i huga nefndarmanna að refsa íbúum við Breiðafjörð – þá bið ég Guð að hjálpa þeim.

Stykkishólmi 16.12.2020

Gunnar Ásgeirsson einn eigenda Breiðafjarðareyja

## Stefán Skafti Steinólfsson



Stefán Skafti Steinólfsson <skafti3s@gmail.com>

To Breiðafjarðarnefnd

You replied to this message on 19/12/2020 15:00.

Reply

Reply All

Forward



Sat 19/12/2020 01:17

Góðan daginn. Ég heiti Stefán Skafti Steinólfsson til heimilis að Ytri-Fagradal Dalasýslu. Vil koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

1.

Koma þarf í veg fyrir í eitt skifti fyrir öll að grjóþveranir séu settar í firði Breiðafjarðar. Spörin hræða í Kolgrafarfirði og Gilsfirði.

Líkja má Breiðafirði við lungu og ef firðirnir eru skertir, er hættu á ferðum. Búið er að skerða nú þegar 10-12 % af fjörðum og vatnasviði Breiðafjarðar. Jarðgöng og brýr skulu alltaf vera fyrsti kostur.

2.

Stíga þarf til baka og viðurkenna mistök. Breyta þarf mannvirkjum sem víðast, þó helst í Gilsfirði og Kolgrafarfirði. Byggja þarf brýr, fjölga þeim eða breikka.

Að minnsta kosti tryggja eðlileg vatnaskil og sjávarföll. ( hringrennsli fjarða)

3.

Vernda þarf enn betur fugla og dýralíf við Breiðafjörð. Yfir viðkvæman tíma þarf aukna gæslu og vernd ( apríl, maí, júní)

. Hugmyndin um þjóðgarð er vel athugandi og styður við verndun innan núverandi verndarlínu.

4. Tvímælaust sækja um að Breiðfjörður verði Ramsarsvæði.

Virðingarfyllt

Stefán Skafti Steinólfsson

Ytri-Fagradal

Skarðsströnd

Kristján Kári Jakobsson

Eigendur Rifgirðinga  
c/o Jón Jakobsson  
Skúlagata 4  
340 Stykkishólmur

### **Breiðafjarðarnefnd**

[breidafiordur@nsv.is](mailto:breidafiordur@nsv.is)

### **Athugasemdir við skýrslu Breiðafjarðarnefndar um framtíð Breiðafjarðar.**

Við systkinin, eigendur Rifgirðinga við mynni Hvammsfjarðar viljum koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri vegna skýrslu nefndarinnar.

1. Við tökum undir vangaveltur um að endurskoda þurfi lög um vernd Breiðafjarðar.

Okkar helstu hugðarefni í þessu sambandi eru e-f:

- a. Endurskoda þarf stórgallaða reglugerð um frilðýsingu varplanda. Setja þarf inn skýr ákvæði um umferð alla, þar með farþega- og útsýnisbáta, flugvéla, dróna og annarrar hugsanlegrar truflunar. Einnig þarf að setja inn ákvæði um sönnunarbyrði, meðferð kæru og refsingar. Tilgangur þessa þer að auðvelda okkur sem eigum land á svæðinu að vernda það sem best.
  - b. Endurskoða og taka af öll tvímæli um að Landhelgi Eyjajarða séu netlög skv. skilningi Jónsbókar. Mikilvægt er að öll veiði og veiðiréttur innan netalaga, bæði á spendýrum, fuglum, fiskum botndýrum og botngróðri sé algjörlega ótvírætt eign landeiganda. Jafn mikilvægt er að það sé alveg skýrt að almennar reglur um stjórnun fiskveiða, söfnun á thara og öðrum náttúruauðlindum sjávar gildi ekki innan netalaga.
2. Við höfum skoðað Ramsar-sambýktina, og getum ekki séð að Íslenska ríkið geti lýst landareign okkar Ramsar votlendissvæði, án þess að ganga gróflaga á friðhelgi eignarréttar okkar sem lýst er í Stjórnarskrá. Við viljum hins vegar minna á að eigendur Rifgirðinga hafa tekið þátt í verndun sjaldgæfra og friðaðra fuglategunda frá 1953. Svipada sögu er að segja um flesta nágranna okkar. Við höfum hlúð að varpi, fóðrad arnarunga og veitt seli og hrognkelsi á sjálfbæran hátt án þess að ganga á stofnana. Við höfum líka friðlýst varpland, eigin fjörur og grunnsævi. Það skýtur skökku við að Breiðafjarðarnefnd skuli í þakkarskyni leggja á ráðin um að taka af okkur stjórnina, en vafasamt er að náttúruvernd geti farið hinu opinbera betur úr hendi en verið hefur í okkar umsjón. Nær væri að styðja okkur með því að bæta reglugerdir um friðlýsingar á vegum landeiganda.

3. Við höfum einnig kynnt okkur stuttlega fyrirkomulag varðandi skráningu á heimsminjaskrá UNESCO. Sérstaklega höfum við kynnt okkur ástand mála á norska svæðinu sem kallað er Vegaøyene. Greinilegt er að það þarf meira til að stofna til atvinnurekstrar, ræktunar eða annara framkvæmda á slíku svæði. Þetta hefur í för með sér að stofnun smáfyrirtækja á svæðinu verður erfiðari, en stór fyrirtæki skráð á hlutabréfamarkaði ná sínu fram sem áður. Ekki verður séð að þetta myndi verða íbúum við Breiðafjörð í hag, og ekki heldur stuðla að aukinni náttúruvernd.
  
4. Við höfum ekki trú að hægt sé að stofna þjóðgarð á landi í Breidafirði án þess að ganga verulega á friðhelgi eignarréttar okkar, sem myndi kosta ríkið stórar fjálgur í formi skaðabóta, og sennilega ekki skila neinu í formi náttúruverndar. Önnur leið og vænlegri sem Breiðafjarðarnefnd ætti að skoða er að gera samning við landeigendur hvern fyrir sig um vakandi, sífellda vernd yfir varpstöðvum og náttúruvættum. En þá er mikilvægt að aðrar deildir löggjafans vinni ekki í aðra átt, eins og t.d. sjávarútvegsráðuneyti, hringormanefnd o.fl.

Við viljum endurtaka að við og foreldrar okkar hafa eins og flestir eigendur og fyrrum ábúendur eyjaráða í Breidafirði staðið að sífelldri náttúruvernd og stundað sjálfbæra notkun dýrastofna frá því á miðöldum. Helstu umhverfisslys sem orðið hafa á síðustu öldum í firðinum eru vegna aðgerða stjórnvalda. Má þar t.d. nefna seinagang í löggjöf um skotveiðar á 19-öld, innflutning á mink á 20 öld, og fækkun á sel á vegum hringormanefndar um 1980.

Okkur finnst að tími sé kominn til að ríkið bæti upp ordinn skaða. Ein leið til af gera þetta er að greiða landeigendum fyrir að vernda land, menningarminjar og náttúru á hverri landareign fyrir sig.

Stykkishólmi, 16.12.2020

f.h. eiganda Rifgirðinga



Kristján Kári Jakobsson

Guðbrandur Björgvinsson

Framtíð Breiðafjarðar



Útgerð Arnars ehf <utarnars@simnet.is>  
To Breiðafjarðarnefnd

You replied to this message on 20/12/2020 20:19.

Reply Reply All Forward

Sat 19/12/2020 18:31

Sælt veri fólkið.

Við Mótæmulum óparfa áformum Breiðafjarðarnefndar, kallaðar framtíð Breiðafjarðar.

Um að ríkisstjórnin tilnefni Breiðafjörð á lista yfir Ramsarsvæði. Og að hafinn verði undirbúningur að tilnefningu Breiðafjarðar á Heimsminjaskrá UNESCO.

Við sjáum ekki að það bæti eða breyti okkar fagra umhverfi að fá erlendan stimpil á svæðið og óttumst að með því komi aukin stýring að utan hvernig við megum nýttja okkar eignir.

Í dag er umhverfi fjarðarins stjórnað af Hafransóknarstofnun og Breiðafjarðarnefnd sem okkur þykir hafa virkað vel hingað til og ekki þörf á meiri stjórnun.

Með jólakveðju.

Fyrir hönd eigenda Arneyjar  
Stykkishólmi 19.des.2020  
Guðbrandur Björgvinsson

Lárus Franz Hallfreðsson

Mótæmli við óþörfum og íþyngjandi áformum Breiðafjarðarnefndar



Guðrún Hauksdóttir <ogur340@outlook.com>  
To Breiðafjarðarnefnd

Reply Reply All Forward

Sat 19/12/2020 20:27

Ég undirritaður lýsi hér með andstöðu við óþurftar tillögur og hugmyndir Breiðafjarðarnefndar, kallaðar framtíð Breiðafjarðar. Um að ríkisstjórnin tilnefni Breiðafjörð á lista yfir Ramsarsvæði. Og að hafinn verði undirbúningur að tilnefningu Breiðafjarðar á Heimsminjaskrá UNESCO. Að Breiðafjörður verði skilgreindur, að hluta til eða öllu leyti, sem þjóðgarður í sjó. Vont er að Reykjavíkurstofnanna-væða Breiðafjörð og því verra að fara með það vald til stofnana í fjarlægum álfum. „vont er þeirra ranglæti verra þeirra réttlæti“ Bað einhver um þetta? Ég veit ekki til að bændur og landeigendur hafa beðið um þessa forræðissviftingu !!

Ögri við Stykkiskólmi 19/12 2020

Lárus Franz Hallfreðsson



Hörður Gunnarsson

Mótmæli við óþörfum og íþyngjandi áformum Breiðafjarðarnefndar.



Hörður Gunnarsson <hordur@munck.is>  
To Breiðafjarðarnefnd

Reply Reply All Forward

Fri 18/12/2020 21:41

Follow up. Start by 19 December 2020. Due by 19 December 2020.  
You replied to this message on 19/12/2020 14:57.

Breiðafjarðarnefnd  
Hafnargötu 3  
340 Stykkishólmi  
[breidafjordur@nsv.is](mailto:breidafjordur@nsv.is)

Undirritaður vill koma á framfæri mótmælum og algerri andstöðu við óþörfum og íþyngjandi áformum Breiðafjarðarnefndar, kallaðar framtíð Breiðafjarðar.  
Um að ríkisstjórnin tilnefni Breiðafjörð á lista yfir Ramsarsvæði.  
Og að hafinn verði undirbúningur að tilnefningu Breiðafjarðar á Heimsminjaskrá UNESCO.  
Að Breiðafjörður verði skilgreindur, að hluta til eða öllu leyti, sem þjóðgarður í sjó.  
Vont er að Reykjavíkur-stofnanna-væða Breiðafjörð og því verra að fara með það vald til stofnana í fjarlægum álfum.

„vont er þeirra ranglæti verra þeirra réttlæti“

Bað einhver um þetta? Ég veit ekki til að bændur og landeigendur hafa beðið um þessa forræðissviftingu !!  
Reykjavík 18.12.2020

---

Hörður Gunnarsson  
Básbryggju 13 Reykjavík  
Kt. 1110615489  
einn eiganda Hergilseyjar

Valgeir Gunnarsson



Valgeir Gunnarsson <valgeirgunn@gmail.com>  
To Breiðafjarðarnefnd

Reply Reply All Forward

Sat 19/12/2020 02:34

You replied to this message on 19/12/2020 15:01.

Mótmæli við óþörfum og íþyngjandi áformum Breiðafjarðarnefndar.

Ég undirritaður lýsi hér með andstöðu við óþurftar tillögur og hugmyndir Breiðafjarðarnefndar, kallaðar framtíð Breiðafjarðar.

Um að ríkisstjórnin tilnefni Breiðafjörð á lista yfir Ramsarsvæði.

Og að hafinn verði undirbúningur að tilnefningu Breiðafjarðar á Heimsminjaskrá UNESCO.

Að Breiðafjörður verði skilgreindur, að hluta til eða öllu leyti, sem þjóðgarður í sjó.

Vont er að Reykjavíkur-stofnanna-væða Breiðafjörð og því verra að fara með það vald til stofnana í fjarlægum álfum.

„vont er þeirra ranglæti verra þeirra réttlæti“

Bað einhver um þetta? Ég veit ekki til að bændur og landeigendur hafa beðið um þessa forræðissviftingu !!

Búðardal 19.12.2020

Valgeir Gunnarsson  
Formaður Hergils ehf.  
Miðbraut 1  
370 Búðardal

Einar Lárusson

Mótmæli við óþörfum og íþyngjandi áformum Breiðafjarðarnefndar.



Einar Larusson <einsipeinsi@gmail.com>  
To: Breiðafjarðarnefnd

Reply Reply All Forward

Fri 18/12/2020 21:45

Follow up. Start by 19 December 2020. Due by 19 December 2020.  
You replied to this message on 19/12/2020 14:58.

Ég undirritaður lýsi hér með andstöðu við óþurftar tillögur og hugmyndir Breiðafjarðarnefndar, kallaðar framtíð Breiðafjarðar. Um að ríkisstjórnin tilnefni Breiðafjörð á lista yfir Ramsarsvæði. Og að hafinn verði undirbúningur að tilnefningu Breiðafjarðar á Heimsminjaskrá UNESCO. Að Breiðafjörður verði skilgreindur, að hluta til eða öllu leyti, sem þjóðgarður í sjó. Vont er að Reykjavíkur-stofnanna-væða Breiðafjörð og því verra að fara með það vald til stofnana í fjarlægum álfum. „vont er þeirra ranglæti verra þeirra réttlæti“  
Bað einhver um þetta? Ég veit ekki til að bændur og landeigendur hafa beðið um þessa forræðissviftingu !!  
Stykkishólmur 18/12 2020

Einar Jóhann Lárusson ein eigandi í Ögri (340 Stykkishólmur)

Kristinn Nikulásson

Breiðafjarðarnefnd  
Hafnargötu 3  
340 Stykkishólmi  
breidafjordur@nsv.is

**Mótmæli við óþörfum og íþyngjandi áformum Breiðafjarðarnefndar.**

Ég undirritaður lýsi hér með andstöðu við óþurftar tillögur og hugmyndir Breiðafjarðarnefndar, kallaðar framtíð Breiðafjarðar.

Um að ríkisstjórnin tilnefni Breiðafjörð á lista yfir Ramsarsvæði.

Og að hafinn verði undirbúningur að tilnefningu Breiðafjarðar á Heimsminjaskrá UNESCO.

Að Breiðafjörður verði skilgreindur, að hluta til eða öllu leyti, sem þjóðgarður í sjó.

Vont er að Reykjavíkur-stofnanna-væða Breiðafjörð og því verra að fara með það vald til stofnana í fjarlægum álfum.

„vont er þeirra ranglæti verra þeirra réttlæti“

Bað einver um þetta? Ég veit ekki til að bændur og landeigendur beðið um þessa forræðissviftingu !!

Kópavogi 16.12.2020

Kristinn Nikulásson einn eiganda Sviðna

**Athugasemdir við skýrslu Breiðafjarðarnefndar um vilja hennar á að gera allan Breiðafjörð að þjóðgarði.**

Stjórnir útgerðarfélagsins Sæfells hf. og útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækis Þórsnes ehf bæð í Stykkishólmi mótmæla tillögum og hugmyndum Breiðafjarðarnefndar um að Breiðafjörður verði tilnefndur á lista Ramsarsvæða, að Breiðafjörður verði skilgreindur, að hluta til eða öllu leyti, sem þjóðgarður í sjó og að hafinn verði undirbúningur að tilnefningu Breiðafjarðar á Heimsminjaskrá UNESCO. Skýrsla Breiðafjarðarnefndar um framtíð Breiðafjarðar er einhliða plagg sem gerir lítið með framkomna andstöðu við tillögur og hugmyndir nefndarinnar.


Það er ekkert í núverandi aðstæðum sem kallar á alþjóðlega vernd. Varhugavert er að færa íhlutunarvald yfir umgjörð og nýtingu Breiðafjarðar til alþjóðlegra stofnana.

Íbúar við Breiðafjörð hafa sterk tengsl við fjörðinn og náttúru hans og viðhorf fólks til náttúruverndar eru grundvölluð á þessum tengslum. Heimamenn eru því best til þess fallnir að taka ákvarðanir í tengslum við vernd og umgengni á svæðinu sem og íslenskum stofnunum sem hafa það hlutverk að veita stjórnvöldum og hagsmunaaðilum ráðgjöf varðandi sjálfbæra nýtingu á lifandi auðlindum Breiðafjarðar á grundvelli nýtingarstefnu stjórnvalda á hverjum tíma.

Stjórnir félaganna telur mun brýnna að Hafrannsóknarstofnun verði gert kleift í samráði við hagsmunaaðila í heimabyggð, að efla rannsóknir á fjölbreyttu lífríki Breiðafjarðar og þeim möguleikum sem kunna að vera til staðar til að auka sjálfbæra nýtingu sjávarfangs til atvinnu- og verðmætasköpunar.

Stykkishólmi 02.12.2000

fh. stjórnar Sæfells hf



F.h. stjórnar Þórsnes ehf



Útvegsmannafélag Snæfellsness

Breiðafjörður.

Um alla Íslands tíð hefur Breiðafjörður verið matarkista. Íbúar byggðanna er við Breiðafjörð liggja hafa ekki liðið skort. Breiðfirðingar hafa alla tíð gengið sómasamlega um auðlindir fjarðarins. Breiðfiskir útgerðarmenn hafa verið í forustu í langan tíma þeirra sem vilja nýta fjörðinn um aldur og ævi. Það er ganga aldrei á gæði Breiðarfjarða.

Hugmyndir dagsins í dag sem Breiðafjarðarnefnd talar fyrir er ekki í þágu þeirra sem hér búa og ætla sér að nýta og vernda Breiðafjörð.

Fh.

Útvegsmannafélag Snæfellsness.

Ólafur Rögnvaldsson

Bátafélagið Ægir

**Breiðafjarðarnefnd**  
**Hafnargötu 3**  
**340 Stykkishólmi**

Stykkishólmi 17. desember 2020

**Efni: Athugasemdir Bátafélagsins Ægis í Stykkishólmi við hugmyndir Breiðafjarðarnefndar um framtíð Breiðafjarðar.**

**Skráning Breiðafjarðar á Ramsarskrá.**

**Tilnefning á Heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu Þjóðanna.**

Bátafélagið Ægir leggst gegn því að Breiðafjarður verði skráður á lista yfir Ramsarsvæði og tilnefndur á Heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu Þjóðanna.

Það er engin þörf á að sækja regluverk til alþjóðlegra samtaka til að stjórna verndun á náttúru Breiðafjarðar. Eigendur lands og íbúar við fjörðinn, sem nýta auðlindir hans, eru best til þess fallnir í samvinnu við sveitastjórnir, löggjafann og stofnanir landsins. Nú þegar hafa verið settar ýmsar reglur, bönn og takmarkanir til verndar lífríkinu í firðinum án þess að alþjóðleg afskiptasemi hafi komið þar nærri, t.d.:

Friðun amarinns.

Bann við veiðum með þorskanetum og dragnot í innri hluta fjarðarins.

Bann við beinum selveiðum.

Bann við beinum veiðum á lúðu.

Lokun svæða fyrir hrognkelsveiðum til verndunar sela.

Bann við hrognkelsveiðum fyrir 20. maí í innri hluta fjarðarins til verndar æðarfugli.

**Þjóðgarður í Breiðafirði.**

Bátafélagið Ægir telur ekki tímabært að Breiðafjarður verði gerður að þjóðgarði.

Það fylgir þjóðgöörðum ýmsar hindranir í aðgengi og þar sem Breiðafjarður, til lands og sjávar, er lífibráud íbúanna á svæðinu ásamt fleirum, er nýting auðlinda hans nauðsynleg. Þjóðgarðar draga að sér ferðamenn sem nóg er af nú þegar, ( fyrir covid ). Það hlýtur að vera hægt að stjórna umferð ferðamanna þó að svæðið sé ekki þjóðgarður.

Bátafélagið Ægir styður endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar svo framarlega sem allir sem hafa hagsmuna að gæta komi að þeirri vinnu. Skal þar haft að leiðarljósi nýting auðlinda og vernd náttúru. Skal þar lögð áhersla á matvælaframleiðslu og aðra starfsemi sem skapar verðmæti öðru fremur.

Það er tími til kominn að við Íslendingar stöndum í lappinnar gagnvart regluverki alþjóða-samtaka og stofnanna, nóg er komið af slíku. Nýtum auðlindir Breiðafjarðar (og landsins alls) á sjálfbærán hátt, og setjum reglurnar sjálf.

Stjórn Bátafélagsins Ægis.

Próstur Auðunsson  
Valentínus Guðnason  
Páll Aðalsteinsson

## Smábátafélagið Snæfell



Runólfur Kristjánsson <runolfur.k@gmail.com>  
To Breiðafjarðarnefnd

You replied to this message on 21/12/2020 08:28.

Reply Reply All Forward

Mon 21/12/2020 00:10

### Athugasemdir Smábátafélagsins Snæfells við verkefninu „Framtíð Breiðafjarðar“

Við gerum alvarlega athugasemd við megin markmið Breiðafjarðarnefndar sem er að ná yfirráðum yfir stærra svæði og hafa frekara vald á Breiðafirði. Einkum beinast áhyggjur okkar að því að með auknu valdi Breiðafjarðarnefndar og öfgum í náttúruvernd sem einkenna störf nefndarinnar hingað til geti það haft þau áhrif að bannað verði með einhverjum hætti notkun veiðarfæra og nýting svæða til fiskveiða sem og önnur nýting á Breiðafirði.

Einnig gerum við athugasemd við það að nefndarmaður Breiðafjarðarnefndar sé einnig í daglegri vinnu fyrir nefndina og hefur þar af leiðandi fjárhagslegra hagsmuna að gæta þegar kemur að ákvarðanatöku í nefndinni. Þetta fyrirkomulag getur ekki talist eðlilegt og er þess valdandi að ákvarðanir og störf nefndarinnar njóta ekki þess trausts sem skildi.

Það er augljóst að það þarf að endurskoða lög um verndun Breiðafjarðar og skýra þau betur. Það er ekki eðlilegt að Breiðafjarðarnefnd reyni að standa í vegi fyrir eða tefji verkefni eins og vegagerð og hafnarframkvæmdir sem eru lífs nauðsynlegar fyrir þá sem búa og starfa við Breiðafjörð.

### Athugasemdir við verkefnið framtíð Breiðafjarðar



Runólfur Kristjánsson <runolfur.k@gmail.com>  
To Breiðafjarðarnefnd

You replied to this message on 21/12/2020 08:28.

Reply Reply All Forward

Mon 21/12/2020 00:10

Einnig gerum við athugasemd við fundargerðir funda sem haldnir voru á flest öllum þéttbýlisstöðum við Breiðafjörð undir heitinu „fræðslukvöld um framtíð Breiðafjarðar“. Það sem kemur ekki nógu vel fram í fundargerðum og ekki útilokað að það sé með ráðum gert er að á all flestum fundunum var fólk á einu máli um að þessi aukna vernd sem Breiðafjarðarnefnd vill koma á sé óþörf og í óþökk við íbúa við Breiðafjörð.

Það eru sennilega fáir ef einhverjir sem eru í betri tengslum við náttúru Breiðafjarðar en við sjómenn. Það er okkar upplifun sem og margra annarra að umgengni um Breiðafjörð sé almennt mjög góð og er það okkar hagur og vilji að svo sé áfram, til þess að svo megi áfram vera þurfi ekki aukna vermdun til eins og Breiðafjarðarnefnd boðar með tilheirandi bákni. Það eru nú þegar stofnanir sem sjá um að nýting fiskistofna og nýting þara og fleiri tegunda séu með sjálfbærum hætti og treystum við þeim stofnunum til þess að framfylgja því áfram á Breiðafirði.

Stjórn Smábátafélagsins Snæfells

Magnús Kristinsson

Breiðafjarðarnefnd - breidafjordur@nsv.is

Hafnargata 3, 340 Stykkishólmi

19. desember 2020

**Efni: Umsögn um niðurstöðu Breiðafjarðarnefndar um framtíð Breiðafjarðar**

Ég verð að viðurkenna það að ég átta mig engan veginn á því hvaða vegferð Breiðafjarðarnefnd er á. Og hvernig nefndin kemst að þessari niðurstöðu eftir þá kynningarfundir sem voru haldnir, að ekki sé nefndir þeir hagsmunir sem við eigum undir atvinnulífi í Breiðafirði og að leyfa sér að skapa slíkan glundroða um framtíð atvinnusvæðisins hér við Breiðafjörð eins og raun ber vitni. Ég er í raun gáttaður á að verið sé að leggja þetta til.

**Ég tek skýrt fram: Ég er hafna alfarið öllum þeim leiðum sem lagðar eru til í niðurstöðum Breiðafjarðarnefndar.**

**Einnig hafna ég áherslum Breiðafjarðarnefndar um breytingar á lögum um vernd Breiðafjarðar og treysti ég ekki nefndinni til þess að gera tillögu til ráðherra um breytingar á lögum um vernd Breiðafjarðar.**

Formaður nefndarinnar og fulltrúi nefndarinnar komu hér á fund hér í Stykkishólmi vegna málsins í janúar 2020 og fullyrtu að nefndin væri ekki búinn að mynda sér skoðun. Ég sjálfur hafði ekki hugmynd um hvað átti að ræða á þessum fundi. Hélt að þetta væri kynningarfundur. Síðan er látið líta út fyrir að þetta hafi verið einhver mikilvægur samráðsfundur um framtíð Breiðafjarðar eða svo segir skýrslan.

Eftir lestur fundargerða Breiðafjarðarnefndar, verndaráætlun Breiðafjarðar og framkvæmdaáætlun nefndarinnar þá er ljóst að það er ósatt að nefndin hafi ekki verið búinn að mynda sér skoðun. Niðurstöður skýrslunnar er stefna Breiðafjarðarnefndar frá 2014 sem á fundi í Stykkishólmi var fullyrt að hefði ekki myndað sér neina afstöðu. Framkvæmdaáætlun Breiðafjarðarnefndar er með Ramsar o.fl. Af hverju var fundarmönnum ekki sagt satt og rétt frá á íbúafundinum í janúar 2020?

Síðan, hvernig átti ég að taka þátt í „samtali“ um framtíð Breiðafjarðar þegar kynningarfundurinn og fundarboðið var með þeim hætti að ég hafði ekki hugmynd um hvað var að fara að gerast á þessum fundi?

Ég fer í rauninni að sannfærast meira og meira um það að nefndin eða ákveðnir ráðandi nefndarmenn hafi vísvitandi verið að blekkja almenning og íbúa svæðisins. Það er að minnsta kosti ljóst að upplýsingum var leynt fyrir íbúum. Væntanlega til þess að reyna kasta allri ábyrgð frá sér opinberlega meðan unnið er að því hörðum höndum að innleiða hugmyndafræði með tilheyrandi skerðingum á frelsi! Já, hugmyndafræði, og það inn á gríðarlega mikilvægt atvinnusvæði, og ekkert haldbært kemur fram í þessari skýrslu Breiðafjarðarnefndar um hver sé þörfin á meiri vernd eða stýringu eða hvað sem það nú heitir. Allar leiðirnar eru til þess að auka vernd og því skerða frelsi, hver svo sem lendir fyrir þessari skerðingu á frelsi.

**ÉG HAFNA ÞVÍ AÐ HÉR VERÐI HALDIÐ ÁFRAM Á ÞEIRRI VEGFERÐ BREIÐAFJARÐARNEFNDAR AÐ INNLEIÐA HUGMYNDAFRÆÐI EINHVERRA NEFNDARMANNA Í BREIÐAFJARÐARNEFND SEM FELUR Í SÉR SKERÐINGU Á FRELSI ÍBÚA OG STEFNIR ATVINNULÍFI Í VOÐA**

**ÉG HAFNA ÞEIM TILBURÐUM NEFNARINNAR SEM BEST MÁ LÝSA SEM VALDARÁNI**

Ég skora á Breiðafjarðarnefnd að stoppa þessa vinnu, kasta öllum niðurstöðum sínum í ruslið og einbeita sér næstu misserin að ná aftur trausti íbúa og fyrirtækja svæðisins.

Stykkishólmi

  
Magnús Þór Kristinsson

Ásmundur Guðmundsson

Breiðafjarðarnefnd

breidafjordur@nsv.is

Hafnargata 3, 340 Stykkisholmur

19. desember 2020

**Efni: Umsögn um samantekt og niðurstöðu Breiðafjarðarnefndar - Framtíð Breiðafjarðar**

Undirritaður telur að skoða megi breytingar á lögum en lýsir skýrri andstöðu sinni við þeim tillögur sem liggja fyrir og samþykktar voru í Breiðafjarðarnefnd árið 2018 sem nefndin telur að legja eigi til grundvallar breytingum á lögum um vernd Breiðafjarðar.

Undirritaður hafnar öðrum niðurstöðum Breiðafjarðarnefndar.

Undirritaður gerir alvarlegar athugasemdir við að ekki virðist hafa verið leitað áhlits hjá hagsmunasamtökum eða atvinnulífi við vinnu skýrslunnar. Vert er að minna á í því sambandi að tekið var sérstakt tillit til umsagnar Félags smábátæigenda í Stykkishólmi þegar lög um vernd Breiðafjarðar voru lögfest á sínum tíma sem og frá fyrirtækjum í Stykkishólmi. Þá hafnar undirritaður að eithvað samráð hafi átt sér stað hér við íbúa í Stykkishólmi.



Í því sambandi vill undirritaður taka fram að það að Breiðafjarðarnefnd hafi brugðist við í kjölfar erindis frá Ásgeiri Gunnari Jónssyni og sett fram ítarlegri upplýsingar á heimasíðu nefndarinnar, þá breytir það ekki þeirri staðreynd að marklaust er að halda því fram að samráðsfundur hafi farið fram í Stykkishólmi. Í því sambandi má nefna að samráðsferillinn var ekki skýr hjá nefndinni, ekki var í upphafi ferilsins skilgreind skýr markmið, íbúum var ekki gerð grein fyrir að hvaða leyti þeir gætu haft áhrif og íbúar fengu ekki tímanlegar og aðgengilegar upplýsingar um úrlausnarefnið. Alvarlegast er sú staðreynd að skort hafi gögn fyrir fundi nefndarinnar með íbúum um þau málefni sem fjalla átti um og á fundunum var ekki efnisleg kynning á þeim möguleikum sem nefndin sá fyrir sér að kynna fyrir íbúum né var skýrt hvers var áætlast af íbúum, en þessi atriði hljóta að vera forsenda þess að hægt sé að notast við hugtakið "samráð". Við upphaf samráðsmálsmeðferðar þarf einnig ávallt að vera ljóst að full alvara þarf að vera að baki samráðsferli og vilji til þess að veita íbúum áhrif, en sé tekið mið af þeim umræðum sem fram fóru á íbúafundi í Stykkishólmi má fullyrða að niðurstöður nefndarinnar bera ekki með sér að full alvara hafi í raun legið að baki ferlinu hjá nefndinni sem er einnig forsenda þess að hægt sé að notast við hugtakið samráð. Samráð er

ekki það sama og samtal um óljósar hugmyndir nefndarinnar eða framtíðarsýn hennar. Í svari nefndarinnar til Ásgeirs Gunnars Jónssonar, kemur skýrt fram að um hafi verið að ræða fræðslufundi um framtíð Breiðafjarðar og að þeir hafi verið hugsaðir sem almenn kynning á þeim kostum sem til staðar eru fyrir svæðið, þ.e ekki samráðsfundir, og að þeir helstu kostir væru a) endurskoðun núverandi laga, b) tilnefning á Ramsaskrá, c) tilnefna svæðið á heimsminjaskrá UNESCO eða d) gera svæðið að þjóðgarði. **Í stuttu máli þá var um að ræða sýndarsamráð í besta falli!**

Ásmundur Sigurjón Guðmundsson, sjómaður og íbúi við Breiðarfjörð

Klemens Sigurðsson

Til Breiðafjarðarnefndar

Umsógn um stofnun þjóðgarðs í Breiðafirði

Ég undirritaður vil byrja á því að taka undir athugasemdir Ásgeir Gunnars Jónssonar en þar að auki bæta neðangreindu við.

Eftir að hafa lesið skýrslu Breiðafjarðarnefndar finnst mér það helst standa upp úr að nefndin sé eiginlega að segja við okkur. Að hún viti eiginlega lítið sem ekkert hvernig framkvæmdin á eftir að verða. Því það sé ekki í hennar höndum en við eigum ekki að hafa áhyggjur því þetta mun verða einhvernvegin. ??????

Þarna finnst mér Breiðafjarðarnefnd ætla að bjóða svæðinu og íbúum þess upp í óvissuferð sem ekki verður séð fyrir endan á.

Mér persónulega finnst þetta vera algjörlega galin hugmynd hjá nefndinni að ætlast til þess að heimamenn afsali sér svona miklum völdum yfir svæðinu með svona litlum undirbúningi. Jafnframt að geta ekki svarað mörgum spurningum sem í framhaldi vakna. T.d. hvernig nýtingu á að vera stýrt nema með frösum á borð við „Breiðafjarðarnefnd telur“ og „Það mætti teljast ólíklegt“ síðan í framhaldi af mjög loðnum svörum er bætt enn um betur með „Sorglegt ef menn læsast inni í ótta, hann á örugglega rétt á sér en þá er gott að ræða málin og finna niðurstöðu.“ eða „Ekkert gagn í þessu nema menn sjái ljósið en það gerist bara með samtali.“

Þetta eru enginn svör. Með svona frösum sem sum hver daðra við yfirlæti, er ekki hægt að ætlast til viðtökurnar verði góðar hjá okkur sem erum svo illa upplýst og fáfróð að fatta ekki strax hversu æðislegt þetta verður.


Í fyrsta lagi finnst mér að það sé engin þörf á að stíga svona stór skref í átt til verndunar. Flest þau vandamál innan svæðis sem upp koma ætti hér eftir sem áður fyrr, að vera hægt að leysa með skýrum reglum með hjálp löggjafans án þess að til stofnunar enn eins miðstýrðs batterís, þurfi að koma til.

Í öðru lagi sé ég ekki hvers vegna það liggur svona á að keyra þetta í gegn. Þetta er allt of stórt mál sem snertir of marga til þess að hægt sé að gera það á einhverju hundavaði. Þegar mál eins og þetta, eru keyrð áfram af offorsi getur óhjákvæmilega komið upp sú tilfinning hjá fólki að þetta snúast meira um hver eða hverjir að fái stjórnunar og umsagnarvald yfir svæðinu heldur en að þetta snúist alfarið og eingöngu um náttúruvernd. En ég vona svo sannarlega að þar hafi ég rangt fyrir mér.

Undirritaður er trillukarl sem er fæddur og uppalinn á svæðinu og hefur haft af því nytjar með einum eða öðrum hætti mest alla ævi.

Virðingarfyllt

Klemens Sigurðsson





Reykhólum 18. desember 2020

Orð í belg vegna „Framtíðar Breiðafjarðar“, samantektar og niðurstaðna hjá Breiðafjarðarnefnd á árinu 2020.

Ég vil þakka fyrir fundi og umræður sem Breiðafjarðarnefnd hefur staðlð fyrir og svo samantekt nefndarinnar. Það er full ástæða til að ræða og skoða þá hluti sem nefndin tekur til umfjöllunar.

Ég vil benda á tvennt; veik lög um vernd Breiðafjarðar og veika löggjöf varðandi stjórnun á nýtingu á sjávargróðri.

Lög um vernd Breiðafjarðar eru óljós og allt of veik að því marki að í þeim er ekki mælt fyrir um neina skyldu fyrir stjórnvöld að taka mark á ráðleggingum nefndarinnar auk þess sem haldbærar skilgreiningar vantar á fjölmörgum lyklatriðum sem fjallað er um. Á þetta hefur oft verið bent og til dæmis er fjallað um lög in í ýtarlegri samantekt nefndar frá árinu 2010 sem fylgir niðurstöðum Breiðafjarðarnefndar. Ekki er að sjá að farið hafi verið eftir tillögum þeirrar nefndar. Ekki er hægt er að búast við að alþjóðlegar viðurkenningar eða stimplar fái stöð með vísan til hlutverks eða starfa nefndarinnar á meðan lagaramminn er þessi.

Spyrja má hvort lög in hafi gert gagn eða hafi þýðingu óbreytt. Skemmst er að minnast nýlegra hugmynda frá Sjávarútvegsráðuneytinu um breytingar á lögum sem varða nýtingu á þangi og þara. Þar voru hugmyndir um að fella út ákvæði laga um stjórn fiskveiða sem kveða á um að taka tillit til laga um vernd Breiðafjarðar og jafnframt að leggja af þá varúðarnálgun sem lagabreyting frá árinu 2017 mælti fyrir um varðandi aukna nýtingu sjávargróðurs. Þessi áform um breytingar hafa reyndar verið lögð til hliðar í bili vegna mótmæla.

Nýverið heimilaði ráðherra verulegan skurð á stórþara fyrir Norðurlandi í rannsóknaskyni; 800 tonn á árinu 2020, 6.000 tonn á árinu 2021 og 12.000 tonn á árinu 2022. Þetta vekur vangaveltur um hvort skynsamlegt sé að fara út í slíka nýja nýtingu á sjávargróðri án að þess að verulegar rannsóknir séu gerðar og án strandskipulags eða nokkurs konar umhverfismats. Sýnist þetta benda til þess að stjórnsýsla og/eða löggjöfin sé of veik til þess að standa á móti þrýstingi þeirra sem hefja vilja stórtæka nýtingu án þess að fyrirbyggjandi sé nægur vísindalegur grundvöllur.

Duttlungar eða óundirbúnað ákvarðanir í sama dúr gætu haft mikil áhrif í og við Breiðafjörð en sama ráðuneyti hefur fengið umdeilt mat frá Hafrannsóknastofnun um að óhætt sé að tvöfalda þangtekju í fjörum Breiðafjarðar. Þörungaverksmiðjan hefur bent á veikleika í ráðgjöfinni og mælt með að aukning á skurði verði í litlum skrefum og fylgst sé með mögulegum áhrifum með rannsóknum. Komi til fyrirvaralausrar og stóraukinnar nýtingar er ekki bara byggðaröskun yfirvofandi heldur líka rányrkja þar sem vistkefi gæti verið stefnt í voða. Það eru ekki fyrirvarar á mögulegri ákvörðun af þessum toga.

Til fróðleiks vil ég bæta við að Þörungaverksmiðjan hefur um árabíl nýtt þang í fjörum Breiðafjarðar og þara í botni fjarðarins. Nýtingunni er vandlega stýrt og sýnt hefur verið fram á að þrátt fyrir að tekið sé af þessari náttúruauðlind hefur áætlaður lífmassi frekar aukist en hitt. Þetta er sjálfbær nýting samkvæmt skilgreiningu; það er ekki meira tekið en vex aftur áður en meira er sótt. Þessi nýting örvar nýjan gróður til vaxtar og hvetur til aukinnar kolefnisbindingar. Starfsemi verksmiðjunnar er mikilvægur þáttur í atvinnusköpun í fámennu byggðarlagi og skapar tekjur af útflutningi. Það er starfsmönnum og eigendum kappsmál að halda áfram góðu starfi í sátt við náttúru, lög og menn.

Virðingarfyllst

Finnur Árnason

framkvæmdastjóri

Asco Harvester

### Breiðafjarðarnefnd

[breidafjordur@nsv.is](mailto:breidafjordur@nsv.is)

Hafnargata 3,  
340 Stykkishólmi

19. desember 2020

### Efni: Umsögn um samantekt og niðurstöðu Breiðafjarðarnefndar

Allt frá upphafi byggðar á Íslandi og til dagsins í dag hefur hafið leikið stórt hlutverk, ýmist gefið eða tekið. Íslendingar hafa sótt þar björg í bú, bæði til útflutnings og fæðuöflunar. Breiðafjörður hefur þar gengt mikilvægu hlutverki. Flest höfum við horft til sjávar og skynjað þar óaðskiljanlegan hluta af íslenski náttúru. Fiskimiðin eru mikil auðlind og ber okkur að hagnýta þau af fyrirhyggju og ráðdeild, á þann veg að komandi kynslóðir njóti.

Hver sá sem hefur fengið það tækifæri að njóta fegurðar, kyrrðar og kraftsins í Breiðafirði getur borið vitni um það hversu stórbrotinn fjörðurinn er. Ef farið er á milli eyja má sjá merki um virðingu, verndun og nærgætni þeirra forfeðra okkar sem stunduðu þar veiðar, þangslátt og búskap. Kyrrðin og fegurðin heltekur mann á sama tíma og krafturinn og ósérhlífin náttúran minnir mann á að við mannfólkið erum hér sem gestir á þessari jörð.

Asco Harvester ehf. hefur á undanförunum árum lagt alla sína fjárfestingu í að koma af stað atvinnustarfsemi í Stykkishólmi með það að leiðarljósi að nálgun við samfélagið, landeigendur, hráefnið og fjörðinn sé unnin af virðingu og nærgætni. Um þessar mundir er fyrirtækið að koma sér vel fyrir í góðu húsnæði í Stykkishólmi með fallegu útsýni yfir fjörðinn. Þann 15. janúar s.l. var fræðslukvöld í Grundafirði um framtíð Breiðafjarðar. Á þeim fundi mátti heyra að þeir sem tjáðu sig höfðu áhyggjur af hugmynd Breiðafjarðarnefndar um fyrirkomulag á verndun Breiðafjarðar. Ekki virðist hafa verið sótt í þá miklu þekkingu sem hefur farið á milli kynslóða þeirra sem þar hafa helst notið við fjörðinn, til öflunar fæðu, vermdar svæða, búskapar og annarar atvinnustarfsemi. Má segja að þarna hafi farið fram kynning á því hvernig ákveðinn hópur fólks sér fyrir sér hvernig náttúran sé best vernduð, með umgengni en þó helst sem minnstri nýtingu. Var það einnig tilfinning okkar á þeim fundi að niðurstaða þeirra sem kynntu þessa framtíðarsýn hafi verið mótuð fyrirfram og ekki hafi tilgangur fræðslufundarins verið að óska eftir tillögum eða athugasemdum. Spurningar sem komu fram t.d. út frá hvernig ákveðnar kröfur um þjóðgarð yrðu uppfylltar út á sjó, var ósvarað. Talað var um atvinnumöguleika í ferðaþjónustu og vitnað í þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Erfitt er að sjá fyrir sér ferðamanninn í kröftugum, straumhörðum Breiðafirðinum. Það er því áhyggjuefni okkar að hér sé ekki verið að vanda til verka við undirbúning þessarar vinnu. Ákvörðun um þjóðgarð á ekki að vera tekin innan fárra aðila heldur þurfa ólíkir hópar að koma að þeirri vinnu og fyrst og fremst af frumkvæði íbúa við Breiðafjörð.

Forsenda byggðar er atvinna. Við skorum því á Breiðafjarðarnefnd að leggja ekki fram fyrirframákveðnar niðurstöður frá þröngum hópi fólks. Einnig skorum við á nefndina að leita til þeirra sem hafa dýrmæta reynslu og þekkingu úr ýmsum áttum sem nýtist í umræðu um verndun Breiðafjarðar, með nýtingu og virðingu við náttúruna að leiðarljósi, því þeir aðilar hafa svo sannarlega lagt sitt af mörkum til að við hin fáum að njóta þess stórfenglega sem Breiðafjörður er fyrir okkur öll.

### Virðingarfyllt,

f.h. Asco Harvester ehf  
Anna Ólóf Kristjánsdóttir  
Ómar Armdal Kristjánsson  
Ingvar Armdal Kristjánsson

Breiðafjarðarnefnd

Við hjá Íslenskri Bláskel og Sjávargróðri ehf mótmælum harðlega öllum hugmyndum Breiðafjarðarnefndar um aukna friðun Breiðafjarðar.

Breiðifjörður er auðlind sem á að nýta og að sjálfsögðu á sjálfbæran máta eins og gert er í dag.

Okkar fyrirtæki hefur verið með bláskeljarækt og nýttar á sjávargróðri síðan 2007

Til að geta nýtt þessar tegundir þarf vinnslu og ræktunarleyfi frá MAST og starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirlitinu, þá höfum við fengið lífræna vottun á sjávargróðurinn hjá Tún vottunarstofu. Ofan á þetta hefur eftirlitsstofnun Evrópusambandsins eftirlit með að þessir aðilar eftrilíti okkur rétt.

Það sem þarf að varast er að halda sig innan við ákveðnar magntölur í uppskeru, því ef að farið er yfir þær þá þarf umhverfismat frá Umhverfisstofnun. Aðkoma Umhverfisstofnunar er algjör martröð, kvaðir og skyldur sem ekkert lítið frumkvölafyrirtæki hefur getu eða bolmagn til að taka þátt í.

Gæðahandbókin er komin í 155 blaðsíður og í ár hefur ekki farið minni tími í að sinna eftirlitsskyldum en að uppskera.

Af framangreindu er ljóst að hugmyndir Breiðafjarðarnefndar um aukna friðun verður ein hindrunin í viðbót fyrir frumkvöðla og nýsköpunartækifæri úr auðlindinni Breiðifjörður og nokkuð ljóst að það munu fáir leggja í þá vegferð.

Símon Sturluson

Alex Páll Ólafsson

Sara Hjörleifsdóttir

Undirrituð rekur Svansvottaðan veitingastað í Stykkishólmi þar sem sérstök áhersla er lögð á svæðisbundið hráefni og einstaka upplifun gesta. Ég tel að regluverk tengt vottunum og viðurkenningum geti haft jákvæð áhrif á rekstur, bæti upplifun gesta og auki verðgildi þess sem verið er að bjóða uppá, ef rétt er með farið. Ég fagna hugmyndum Breiðafjarðarnefndar um að skoða og greina vel þau tækifæri sem felast í frekari verndun og stjórnun Breiðafjarðarsvæðisins, þá sérstaklega í þágu ferðapjónustunnar.

Það er augljóst að mörg tækifæri liggja í stofnun þjóðgarða. Ferðapjónusta á landsbyggðinni er mjög árstíðaskipt, þjóðgarðar geta skipt sköpum við að minnka árstíðarsveiflur með því að laða að ferðamenn allt árið um kring. Fyrir því eru mörg fordæmi, til dæmis nýtur sunnanvert Snæfellsnes góðs af Snæfellsjökulþjóðgarði og Vatnajökulþjóðgarður laðar að gesti allt árið um kring.

Það er algengur misskilningur að náttúruvernd sé andstæða við efnahagsþróun. Oft er því haldið fram að velja þurfi á milli þess að vernda náttúruna eða nýta hana. Náttúruvernd getur verið ein tegund nýtingar og skapað fjölbreytt verðmæti fyrir samfélagið.

Í rannsókn J. Siltanens frá 2018 þar sem skoðuð voru hagræn áhrif þjóðgarða og verndarsvæða hér á landi kemur fram að efnahagsleg áhrif náttúrutengdrar ferðamennsku á friðlýstum svæðum á Íslandi sé umtalsverð. Í sömu rannsókn kemur einnig fram að náttúrutengd ferðamennska hafi mikil áhrif á efnahag og atvinnu á grannsvæðum.

Wall-Reinius & Fredman gerðu rannsókn árið 2007 þar sem borið var saman viðhorf gesta til þjóðgarða og stöðu á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna. Niðurstaðan var sú að þegar svæði urðu þjóðgarðar jókst virði þeirra fyrir ferðamenn og landshlutann verulega. Í báðum tilvikum um 80%, hjá 44% gesta hafði það áhrif á ákvörðun þeirra um að heimsækja staðinn.

Heimurinn er stöðugt að breytast og þar með breytast kröfur ferðamanna til þeirra staða sem þeir heimsækja. Í skýrslu World Travel & Tourism Council sem kom út í september 2020 kemur fram að í kjölfar COVID-19 hefur meðvitund neytenda um áhrif þeirra á umhverfið aukist. Neytendur gera auknar kröfur á fyrirtæki og svæði að sýna fram á samfélagslega ábyrgð. Það er því nauðsynlegt fyrir svæði að huga að verndun umhverfisins til að vera tilbúin að taka á móti ferðamönnum framtíðarinnar. Áfangastaðir sem vernda náttúruna munu verða ákjósanlegri kostur ferðamanna.

Mér finnst við ekki geta annað en staldrað við og kannað málið betur hvað varðar framtíð Breiðafjarðar. Við þurfum að vera framsýn og horfa til þess að umhverfisvitund fólks hefur aukist, það gerir sífellt meiri kröfur um sjálfbærni og umhverfisvernd og ef svæðið ætlar ekki að dragast aftur úr sem vinsæll viðkomustaður ferðamanna þarf að hugsa til framtíðar og standast þær kröfur sem ferðamenn framtíðarinnar gera.

Mín framtíðarsýn er sú að Breiðafjarðarsvæðið geti státað af náttúruvernd, góðri gestaupplifun og blómstrandi efnahag.

Sara Hjörleifsdóttir.

## Samtök selabænda

Breiðafjarðarnefnd breidafjordur@nsv.is  
Hafnargötu 3  
340 Stykkishólmi

### **Efni: Mótæli við óþörfum, kostnaðarsömum og íþyngjandi áformum Breiðafjarðarnefndar.**

Stjórn samtaka selabænda lýsir megnri andstöðu við neðangreindar tillögur og hugmyndir Breiðafjarðarnefndar.


- 1) Um að ríkisstjórnin tilnefni Breiðafjörð á lista yfir Ramsarsvæði.
- 2) Og að hafinn verði undirbúningur að tilnefningu Breiðafjarðar á Heimsminjaskrá UNESCO.
- 3) Að Breiðafjörður verði skilgreindur, að hluta til eða öllu leyti, sem þjóðgarður í sjó.

Vont er að færa ihlutunarvald frá heimamönnum til stofnana á höfuðborgarsvæðinu og enn verra að fara með það vald til alþjóðlegra stofnana sem með tillögum er stefnt að.

*Fyrir hverja er nefndin að vinna, það einver um þetta? Varla bændur sem gætt hafa lífríkis Breiðafjarðar í þúsund ár !!*

Kópavogi 17.12.2020

Fyrir hönd stjórnar Samtaka selabænda

  
Pétur Guðmundsson formaður

Guðjón Gunnarsson

Umsögn



Guðjón Gunnarsson <dalli@snerpa.is>  
To Breiðafjarðarnefnd

You forwarded this message on 30/11/2020 12:30.  
We removed extra line breaks from this message.

Reply Reply All Forward

Wed 25/11/2020 13:42

Heil og sæl.

Undanfarin ár hafa verið uppi áætlanir um aukna sókn í þara í firðinum.

Í nær 50 ár hafa verið gerðar rannsóknir og mælingar á þaranum og reiknað út hversu mikla ásókn stofninn þolir. Aldrei hef ég heyrt eða séð um rannsóknir á því, hver áhrif þaratekjan hefur á annað líf á svæðinu. Þaralóin, sem dregin er eftir botninum kremur allt sem undir henni lendir. Hún tekur svo lítið af þaraskóginum að kafari sér ekki hvar hún hefur farið, því þarf að draga hana hundruð metra til að ná tonni af þara. Auk þess að kremja botndýr, greiðir hún annað líf úr þaranum. Þessi aðferð er óverjandi gagnvart lífríkinu og einnig óhentug og dýr fyrir PV og aðra verðandi notendur. Annað mál er að þaraskógurinn er uppeldisstaður fyrir dýr og jurtir. Stór hluti "kynþroska" sölva vex á þönglum hrossaþarans og sendir þaðan gróin um allan sjó. Meiri nýting þarans krefst mikið meiri og viðtækari rannsókna.

Bestu kveðjur

Guðjón D. Gunnarsson

Magnús Ingi Bæringsson

Athugasemdir v/framtíð breiðafjarðar



Magnús Ingi Bæringsson <mib@simnet.is>  
To Breiðafjarðarnefnd

You replied to this message on 20/12/2020 20:24.

Reply Reply All Forward

Sun 20/12/2020 00

Athugasemdir við samantekt og niðurstöður Breiðafjarðanefndar um framtíð Breiðafjarðar:

Ég vill þakka nefndinni fyrir þeirra vinnu, upplýsingagjöf og samtalið.

Í ljósi COVID og samkomutakmarkana hvet ég nefndina til þess að endurskoða frest til að senda inn athugasemdir og gefa sér lengri tíma til samráðs t.d. eitt ár til viðbótar. Einnig bendi ég á mikilvægi þess að ræða mótaðar tillögur um uppbyggingu, staðsetningu starfsmanna kostnað og fjármögnun. Þegar talað er um samráð er mikilvægt að því fylgi upplýsingar og umræða um kostnað og fjármögnun þannig að íbúum sé gefin kostur á að taki upplýsta ákvörðun. Að öðrum kosti er hætt á að ágreiningur skapist í miðri á.

Virðingarfyllst

Magnús Ingi Bæringsson



Kristinn Már Pálsson

Hugmyndir um þjóðgarð í Breiðafirði



Kristinn már Pálsson <diddipals@gmail.com>

To Breiðafjarðarnefnd

You replied to this message on 18/12/2020 14:05.

Reply Reply All Forward

Fri 18/12/2020 13:06

Ég Kristinn már Pálsson er ættaður úr Breiðafirði og hef alist upp við að veiða mér til matar og það geri ég á hverju ári og nota til þess byssu og færi, einnig er ég að veiða mink og ref bæði við bríðafjörð og í eyjunum. Það eru forréttindi að búa við svona matarkistu og nýta hana. Mér hugnast það mjög illa að breiðaförðurinn verði gerður að þjóðgarði eða settur í einhverjar alþjólegar vottanir og allt verði háð sérstökum leyfum meira en nú þegar er orðið eins og með selveiðar, og ég tala nú ekki um að láta núverandi umhverfisráðerra taka áhvarðanir um framtíð breiðafjarðar það eitt yrði stórslys. miðað við hans verk hingað til. Ég er því alfarið á móti öllum hugmyndum Breiðafjarðarnefndar hvað varðar þessar hugmyndir. kv... Kristinn már Pálsson  
veiðimaður

Arnar Geir Diego Ævarsson

Varðandi tillögur Breiðafjarðarnefndar um verndun Breiðafjarðar

Ég hef haft lifibrauð af auðlindum Breiðafjarðar mest megnis síðustu 25 árin sem bílstjóri, sjómaður (bæði við eigin útgerð og sem starfsmaður annara útgerða, við löndunarþjónustu, fiskvinnslu og annara þjónustustarfa við útgerðir og fiskvinnslur.

Ég hef miklar áhyggjur af því að ef að Breiðafjörður verði gerður að þjóðgarði eða verði settur undir RAMSAR eða á heimsmyndaskrá UNESCO að þá verði nánast ógerlegt að stunda útgerð frá Stykkishólmi þar sem að boð og bönn (stýringar) verði þess eðlis að ógerlegt verði að vinna eftir þeim svo vel verði.

Einnig hef ég og fjölskyldan mín eytt mikið af okkar frítíma á og við Breiðafjörð þar sem að við stundum t.d. kajaksportið og ég persónulega hef engan áhuga á að þurfa að spyrja um leyfi um það hvort að ég geti farið í fjöruna í bakgarðinum hjá mér með kajakinn minn og farið á honum um Breiðafjörðinn.

Einnig höfum við verið í skemmtibátasportinu og það gildir það sama þar.

Sem skotveiðimaður hef ég miklar áhyggjur af því að öll almenn skotveiði verði alveg bönnuð í og við Breiðafjörð og vargur verði friðaður sem mun á endanum fækka öðrum fuglastofnum við fjörðinn.

Ég mótmæli öllum áformum um stofnun þjóðgarðs, RAMSAR eða UNESCO.

Virðingarfyllt,

Arnar Geir Diego Ævarsson

## Stykkishólmur

Stjórn Sjálfstæðisfélagsins Skjalda í Stykkishólmi mótmælir harðlega tillögum og hugmyndum Breiðafjarðarnefndar um að Breiðafjörður verði tilnefndur á lista Ramsarsvæða, að Breiðafjörður verði skilgreindur, að hluta til eða öllu leyti, sem þjóðgarður í sjó og að hafinn verði undirbúningur að tilnefningu Breiðafjarðar á Heimsminjaskrá UNESCO.

Stjórn Sjálfstæðisfélagsins Skjalda telur mun brýnna að opinberu fé verði varið til að gera Hafrannsóknarstofnun kleift í samráði við hagsmunaaðila í heimabyggð, að efla rannsóknir á fjölbreyttu lífríki Breiðafjarðar og þeim möguleikum sem kunna að vera til staðar til að auka sjálfbæra nýtingu sjávarfangs til atvinnu- og verðmætasköpunar.

Varhugavert er að færa íhlutunarvald yfir umgjörð og nýtingu Breiðafjarðar til alþjóðlegra stofnana. Það er ekkert í núverandi aðstæðum sem kallar á alþjóðlega vernd eða skuldbindingar. Íbúar við Breiðafjörð hafa sterk tengsl við fjörðinn og náttúru hans og viðhorf fólks til náttúruverndar eru grundvölluð á þessum tengslum. Heimamenn eru því best til þess fallnir að taka ákvarðanir í tengslum við vernd og umgengni á svæðinu, sem og íslenskum stofnunum sem hafa það hlutverk að veita stjórnvöldum og hagsmunaaðilum ráðgjöf varðandi sjálfbæra nýtingu á lifandi auðlindum Breiðafjarðar á grundvelli nýtingarstefnu stjórnvalda á hverjum tíma.

Breiðafjarðarnefnd skal lögum samkvæmt og í samráði við Náttúrufræðistofnunar Íslands, náttúrustofu Vestfjarða, náttúrustofu á Vesturlandi og sveitarstjórnir á svæðinu, láta gera áætlun um æskilegar rannsóknir á náttúru Breiðafjarðarsvæðisins til að tryggja sem best verndun þess. Sé talin nauðsyn á að endurskoða lög um vernd Breiðafjarðar vill stjórn Sjálfstæðisfélagsins Skjalda leggja áherslu á að mikilvægt sé að sú endurskoðun verði gerð í víðtæku samráði og sátt við íbúa og sveitarfélög við Breiðafjörð.

Fh. Sjálfstæðisfélagsins Skjalda Stykkishólmi

Björn Sverrisson

Fuglavernd

**Fuglavernd** 

Hverfisgötu 105, 2.h. ♦ 101 Reykjavík ♦ (+354)562 0477 ♦ [fuglavernd@fuglavernd.is](mailto:fuglavernd@fuglavernd.is)

Breiðafjarðarnefnd  
Hafnargötu 3  
340 Stykkishólmi

Reykjavík, 15. desember 2020

**Efni: Umsögn um skýrslu Breiðafjarðarnefndar um framtíð Breiðafjarðar.**

Fuglavernd lýsir ánægju með hugmyndir Breiðafjarðarnefndar eins og þær eru kynntar í skýrslu nefndarinnar, *Framtíð Breiðafjarðar* ([http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2020/11/20201123\\_framtid\\_breidafjardar\\_samantekt.pdf](http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2020/11/20201123_framtid_breidafjardar_samantekt.pdf)).

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur metið Breiðafjörð sem eitt af mikilvægustu fuglasvæðum á Íslandi, enda er það nýtt af háu hlutfalli margra íslenskra fuglastofna. Mikill fjöldi fugla verpur í Breiðafjarðareyjum og á meginlandinu umhverfis fjörðinn og gríðarlegur fjöldi fargesta staldrar við á leið sinni til norrænna varpstöðva. Allir þessir fuglar eru háðir svæðinu um fæðu, einkum úr sjó og fjörum. Brýnt að tryggja vernd þessa einstaka svæðis en það verður einkum gert með því að nýta auðlindir fjarðarins, þ.á m. fugla, egg, fiska, hryggleysingja og þörungna, á sjálfbærán hátt og að stýra umferð ferðamanna frá viðkvæmum svæðum.

Fuglavernd tekur undir með nefndinni um að nauðsynlegt sé að endurskoða núgildandi lög um vernd Breiðafjarðar. Þau eru veik og óskýr varðandi það hvað raunverulega nýtur verndar og hvernig skuli útfæra verndaraðgerðir.

Varðandi mögulega tilnefningu svæðisins á Ramsarskrá, þá virðist augljóst að svæðið eigi heima á þeirri skrá og styður Fuglavernd slíka tilnefningu.

Stofnun Þjóðgarðs á svæðinu væri ein leið til að fá betri yfirsýn um svæðið, styrkja innviði þess og stjórnun, auk þess sem það myndi væntanlega skapa atvinnutækifæri á svæðinu. Eitthvað af sömu markmiðum mætti ná með úrbótum á núverandi lögum en svæðið stæði þó væntanlega sterkara varðandi fjármögnun, innviði, fræðslu og ferðaþjónustu ef það yrði gert að þjóðgarði, svo eðlilegt er að skoða þá leið nánar.

Tilnefning Breiðafjarðar á heimsminjaskrá UNESCO er spennandi verkefni en þarfnast mikils undirbúnings. Að mati Fuglaverndar er það verðugt verkefni í framtíðinni en líklega væri skynsamlegra að skoða fyrst nánar hina möguleikana þrjá.

F.h. stjórnar Fuglaverndar,  
Hólmfríður Arnardóttir framkvæmdastjóri.

## Athugasemdir við samantekt um

### Framtíð Breiðafjarðar



Reykholum, 15. desember 2020

Lagt er til hliðsjónar skjalið Framtíð Breiðafjarðar, samantekt Breiðafjarðarnefndar. Þar sem vitnað er til blaðsíðutals þá er átt við þetta rafræna skjal ([www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2020/11/20201123\\_framtid\\_breidafjardar\\_samantekt.pdf](http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2020/11/20201123_framtid_breidafjardar_samantekt.pdf))

Hér koma nokkrar athugasemdir um efni skjalsins.

Auðlindastýring þar sem yfirsýn og þekkingu er beitt til að halda utan um náttúrugæði er einhver mikilvægasta viðbót við nútímalög sem okkur hefur hlotnast og mikilvægur hluti ábyrgðar íslenskra stjórnvalda til að aðlagast sjálfbærri auðlindanýtingu. En íslensk lög um eignarhald, vernd og nýtingu styðjast við hugtök sem geta verið afar óljós og teygjanleg. Þess vegna eru hér sett fram dæmi sem þarf að hreinsa upp ÁÐUR en rammi er settur um framtíð Breiðafjarðar.

1. Breiðafjörður liggur nær alls staðar að landi bænda og annarra einkaeigenda. Þetta á einnig við eyjar, sker og fjörur, nær allt er í einkaeigu. Vegna ákvæða úr Jónsbók sem kveður á um fjörunytjar, umferð og reka á svæði sem er framlengt af landamerkjum út á grunnsævi eru allar nytjar á höndum landeigenda. Þessi skipan mála er þó í uppnámi eftir viðbót í lögum um umgengni við nytjastofna sjávar, sérstaklega um tekju sjávargróðurs. Við þangslátt er ætíð greitt gjald til landeigenda í samræmi við landamerki og þeirra leyfi. En ríkið fer einnig fram á auðlindagjald fyrir slátt á sama beltí sbr. lög Nr.45/2018, sérákvæði. Sama auðlindagjald er á þara. Hann vex þó almennt utar og dýpra og telst almannaeygn. Í skýringum um Ramsar-sáttmálann er nefnt að ramminn geti átt við votlendi og vötn niður á 6 m dýpi. Þessi lýsing getur vel átt við stór svæði í Breiðafirði en liggja þarf fyrir sameiginlegur skilningur um réttindi og skyldur, eignarhald, markalínur og fleira. Þetta er líka mikilvægt fyrir nýja atvinnugrein sem er þörungarækt í sjó. Hver á Breiðafjörð og hvaðan eiga leyfi til svæðanýtingar að koma? Ekki skiptir máli hvaða stjórnunarrammi verður settur, hugmyndir um eignarhald þarf að skýra.
2. Í skjalinu er víða notað orðið vernd. Hvaða merkingu hefur það í reynd? Hér er ekki síst átt við örlög svæða sem falla undir almenna vernd. Leirur sem víða eru í botnum fjarða sem snúa að Breiðafirði eru blanda næringarefna, steinefna og lífrænna leifa sem næra allt lífríki fjarðarins smám saman. Hins vegar hefur leirum ekki verið hlíf þegar vegir eru lagðir (sbr Gilsfjörð, Þorskafjörð, Djúpaþfjörð, Gufufjörð ofl.) Áður en settur er stjórnunarrammi með alþjóðlegum viðmiðunum eins og UNESCO- eða Ramsar-sáttmálinn getur fært okkur, er nauðsynlegt að setja merkingu orða á íslensku alveg skýra. Verndun vistkerfa, verndun vistgerða, verndun búsvæða, - hvað þýðir þetta í raun?

3. Á sama hátt þarf að skoða „sjálfbæra nýtingu“ og setja fram haldgóða almenna skilgreiningu á henni. Náttúrulegar auðlindir hafa verið nýttar í og við Breiðafjörð í meira en árþúsund. Elstu sagnir um byggð eru frá þessu svæði. Á þúsund árum hefur rostungum, selum, erni, geirfugli og hörpudiski í það minnsta fækkað verulega. Um þetta atriði ætti að vera hægt að vísa í niðurstöður vísindarannsókna. – Hvar eru þær? Núna er verið að nýta sjávargróður, æðardún, egg og fisk. Ref, mink og hröfnun er haldið niðri á vegum landeigenda og sveitarfélaga. Árleg uppskera af þangi og þara hefur verið um 20.000 tonn eða um 1% lífmassans. Hafrannsóknastofnun er ráðgjafi ráðuneytis í að setja fram nýtingaráætlun auðlindarinnar. Á tæpum 50 ára starfstíma Þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum er áætlað að lífmassi hafi heldur aukist en hitt. Veiðiráðgjöfin hljómar upp á 4% nýtingu af heildarlífmassa. Þörungaverksmiðjan hefur ítrekað bent á að stór botnsvæði fjarðarins eru óaðgengileg viðurkenndri sláttutækni þar sem hlíft er vaxtarbroddi þangs. Víða í firðinum er ekki hægt að afla þörungna. Ef nýting færi upp í 4% lífmassans en einskorðast samt við nýtanleg svæði, yrði þörungatekjan áfram sjálfbær? Þessari spurningu er eingöngu hægt að svara með rannsóknum og vöktun. Henni hefur verið ábótavant til þessa. Ef ein stjórnunartillagan framfarir tryggir meiri rannsóknir, en aðrar þá væri hún sjálfkrafa vænsta leiðin. .
4. Auðsætt er að hugleiðingarnar að ofan skipta einnig máli ef Breiðafjörður verður gerður að íslenskum þjóðgarði með sérsniðnum stjórnáætlunum, hvort sem er í höndum heimamanna eða ríkisstjórnarmanna. Aðstæðurnar eru einstakar og því þarf að leggja miklu vinnu í friðlýsingu svæðisins. Margt má læra af reynslu annarra, en sameiginlegur skilningur á þeim hugtökum sem notuð verða við stjórnunina er forsenda alls þessa.

Skýringar og svör við ofangreindum álitamálum fást einungis með samtali, samráði og rannsóknum. Öll nýtingarstýring verður að vera reist á faglegum grunni.

Rannsóknir eru aðkallandi, bæði punktrannsóknir og langtímavöktun. Slíkar rannsóknir hafa verið alltof fáar á svæðinu. Það vantar upplýsingar um botndýralíf og þróun þess með núverandi nýtingu, áhrif veiðarfæra og ekki síst hitabreytinga með hamfarahlýnun.

Gera þarf átak í líffræði og vistfræðilegum rannsóknum áður en settar eru reglur um nýtingu og umferð um fjörðinn. Allt of lítið er til af haldbærum vísindalegum niðurstöðum sem fjalla um lífríkið í sjó og þýðingu þess fyrir allt vistkerfi svæðisins í kringum Breiðafjörð.

### **Með vinsemd og virðingu,**

María Maack  
Frankvæmdastjóri Þörungaklausturs,  
Þróunar- og fræðsluseturs um þang og þara.

**Breiðafjarðarnefnd 2020. Framtíð Breiðafjarðar.  
Samantekt og niðurstöður upplýsingaöflunar og samráðs.  
Ritstj. Theódóra Matthíasdóttir.**

Samtök dragnótamanna fyrir hönd útgerða dragnótabáta sem stunda veiðar á Breiðafirði óska eftir því við Breiðafjarðarnefnd eða höfunda skýrslu um framtíð Breiðafjarðar að senda okkur þau gögn sem liggja til grundvallar þess að þeir komast að þeirri niðurstöðu að ekki eigi að veiða með dragnót á ákveðnum svæðum. Einnig hvaða tegundir þeir telji að séu ofveiddar af dragnót í Breiðafirði. Tilvitnun í skýrslu. „*Hvatt er til þess að hafið, ströndin, landið, fuglar og fiskar verði verndað allt í heild. Stækka eigi svæðið eins og nefndin hefur talað um. Áhyggjur af ofveiði á ströndinni meðfram firðinum með dragnót sem ætti ekki að leyfa.*“

Í gegnum rúmlega 100 ára sögu dragnótaveiða hefur það verið allt of algengt að það hafi verið lokað á veiðar vegna þrýstings ákveðinna hópa án fyrirbyggjandi gagna eða að stuðst væri við haldbær rök.

Árið 2015 skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfshóp til að gera faglega heildarendurskoðun á regluverki varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæða og verndunarsvæða á Íslandsmiðum. Í skipunarbréfinu kom fram að ákveðið hafi verið að skipa sérstakan vinnuhóp með aðild Hafrannsóknastofnunar, Fiskistofu og Atvinnuvega- ráðuneytissins. Afrit af þeirri skýrslu fylgir sem viðhengi ásamt grein sem helsti veiðarfærasérfræðingur Hafrannsóknastofnunar skrifaði. Þar kemur fram niðurstaða vinnuhóps Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) um umhverfisáhrif mismunandi veiðarfæra. Niðurstaðan er allstaðar dragnótinni í hag.


Ekki er hægt að skilja skýrsluna um framtíð Breiðafjarðar öðruvísi en svo að með stofnun þjóðgarðs sé ákveðinni eltu fært gerræðisvald til að fella niður atvinnuréttindi og hlunnindi án þess að annað en hugmyndafræði viðkomandi komi fram. Tilvitnun í skýrslu „*Ráðherra hefur valdið og getur friðlýst. Í dag er yfirleitt ekki friðlýst án samráðsferils. Á grundvelli laga getur ráðherra almennt ekki friðlýst svæði án þess að spyrja kóng né prest, enda er það ekki lengur talið vænlegt til árangurs.*“ Í dag fara slíkir hlutir ekki í samráðsferli nema að undangenginni umfjöllun og aðkomu sérfræðinga. í þessu tilfalli varðandi fiskveiða með aðkomu Hafrannsóknastofnunar.

Sé okkar skilningur réttur að með stofnun þjóðgarðs fái fámenn elíta gerræðisvald og geti í gegnum ráðuneyti sem ekki er fagráðuneyti þess sem málið snýst um, farið fram á friðlýsingu svæða án þess að fyrir liggja einhver fagleg úttekt. Þá er illa komið fyrir byggð á svæðinu. Á norðanverðu Snæfellsnesi eru dragnótaveiðar einn af stærri máttarstólpum atvinnulífsins. Ef sveitastjórnir halda ekki vöku sinni gætu þeir þurft að setja skilti við bæjarmörkin þar sem farið er fram á að sá síðasti sem yfirgefur bæinn, muni eftir að slökkva ljósín.

Við viljum mótmæla öllum áformum um að stjórn fiskveiða verði færð úr því faglega umhverfi sem það er í dag yfir í það að því sé stjórnað samkvæmt hugmyndafræði ákveðins hóps sem byggir hugmyndir sínar meira á tilfinningum en vísindum.

F.h. Samtaka dragnótamanna

Friðrik G. Halldórsson.



Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

Breiðafjarðarnefnd  
Hafnargata 3  
340 Stykkishólmur

Breidafjordur@nsv.is



18. desember 2020

### Umsögn um drög vegna verkefnisins „framtið Breiðafjarðar“

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) hafa tekið til umsagnar drög Breiðafjarðarnefndar vegna verkefnisins „framtið Breiðafjarðar“. Í viðauka IV – samantekt frá fræðslufundum með íbúum við fjörðinn kemur eftirfarandi fram: „Áhyggjur af ofveiði á ströndinni meðfram firðinum með dragnót sem ætti ekki að leyfa.“ Vegna þessa vilja samtökin koma að eftirfarandi athugasemdum.

Dragnót er almennt talin hafa afar taknörkuð áhrif á lífríkið. Samtökin telja ómaklegt og ómálefnalegt að amast úti í vistvænar veiðar dragnótamanna. Ennfremur er þarna nokkuð langt seilst með því að grípa til ofveiðihugtaksins og óviðeigandi við þessar aðstæður.

Öðru leyti taka samtökin undir sjónarmið í umsögnum frá Útvegsmannafélagi Breiðafjarðar og Samtökum dragnótamanna.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,  
f.h. SFS

Kristján Þórarinnsson

Illugi Jónasson

Athugasemd vegna skýrslu



Illugi Jens Jónasson <iddi@simnet.is>  
To Breiðafjarðarnefnd

You replied to this message on 18/12/2020 10:07.

Reply Reply All Forward ...

Thu 17/12/2020 13:37

Fyrir hönd dragnótarbátsins Guðmundar Jenssonar SH717 vil ég mótmæla þeirri fullyrðingu um ofveiði og skaðsemi dragnótar sem fullyrt er í skýrslunni. Ég vil einnig óska eftir að sjá þau gögn sem styðja þessa fullyrðingu.

Mannlífið hér á Nesinu hefur snúist um það hve stutt sé á miðin og gjöful þau eru, við sjáum ekki tilganginn í því að stækka verndunarsvæði Breiðafjarðar og færa gerræðisvald til að ákveðins lítils hóps fólks.

Illugi Jens Jónasson  
sjómaður og skipsstjóri

Sigtryggur Þráinsson f.h. útgerðarfélagssins Dvergs

Athugasemd v/ skýrslu.



dvergurehf@simnet.is  
To Breiðafjarðarnefnd

Follow up. Start by 18 December 2020. Due by 18 December 2020.  
You replied to this message on 18/12/2020 12:36.

Reply Reply All Forward

Fri 18/12/2020 12:18

Góðan dag f.h Útg.Fél Dvergs hf Ólafsvík Kt: 461097-2869 sem gerir út dragnótabátinn Sveinbjörn Jakobsson SH-10 mótmælum við eigendur útgerðarinnar því harðlega þeim fullyrðingum um skaðsemi og ofveiði dragnótaveiða, sem fullyrt er um í skýrslu nefndarinnar. Fer ég því þess á leit við nefndina að hún birti mér þau gögn sem styðja þessa fullyrðingu. Og teljum við ekki ástæðu til frekari friðunar en nú er þegar. Hér er búið að stunda dragnóta veiðar í marga áratugi eða bráðum í heila öld, og ekki er til ofveið með henni frekar en öðrum veiðafærum nema síður sé þá vil ég líka nefna í þessu sambandi takmarkaða getu dragnótaveiða sem fara eingöngu fram á sand leir eða malarbotni. Og veiðisvæði hennar er einungis 3-6% af landgrunninu innan íslenskrar lögsögu.

Mbkv. Sigtryggur Þráinsson

Skipstjóri og útgerðarmaður.

Guðbjörn Smári Hauksson f.h. útgerðarfélagssins Hauks  
alvarlegar athugasemdir



haukurhf@simnet.is  
To Breiðafjarðarnefnd

Follow up. Completed on 19 December 2020.

Reply Reply All Forward

Fri 18/12/2020 13:08

F.h. útgerðarfélagssins Haukur hf knt. 461097-2789 í Ólafsvík sem gerir út dragnótabátinn Gunnar Bjarnason SH 122 mótmælum við eigendur bátsins því harðlega að þeim fullyrðingum um skaðsemi og ofveiði dragnótaveiða sem er fullyrt í skýrslu nefndarinnar.

Við viljum tafarlaust fá að sjá þessi gögn sem eiga styðja þessa fullyrðingu.

Héðan frá er búið stunda dragnótaveiðar í marga áratugi má segja bráðum í heila öld og það er ekkert sem bendir til ofveiði að okkar mati.

Svo viljum við benda á takmarkaða getu dragnótaveiða sem eingöngu fara fram á sandi, leir eða malarbotni. Veiðisvæði dragnótar er aðeins 3% til 6% af landgrunni íslenskra lögsögu.

Að stækka verndunarsvæði Breiðafjarðar og færa gerræðisvald til lítils hóps fólks er alveg galin hugmynd.

f.h.  
útgerðarfélagssins Haukur hf  
knt. 461097-2789  
355 Ólafsvík.

Guðbjörn Smári Hauksson



## Viðauki X – Svar Breiðafjarðarnefndar við erindi Samtaka dragnótaveiðimanna (sjá bls. 116-118)



Samtök dragnótamanna  
Friðrik G. Halldórsson

Stykkishólmi, 21. desember 2020

### Efni: Framtíð Breiðafjarðar: Samantekt og niðurstöður upplýsingaöflunar og samráðs Breiðafjarðarnefndar. Vegna dragnótarveiða.

Breiðafjarðarnefnd þakkar innsendar athugasemdir um samantekt nefndarinnar vegna framtíðar Breiðafjarðar. Nefndin biðst velvirðingar á óskýrri framsetningu varðandi afstöðu til dragnótarveiða á Breiðafirði.

Á blaðsíðu 32 í samantektinni stendur „*Hvatt er til þess að hafið, ströndin, landið, fuglar og fiskar verði verndað allt í heild. Stækka eigi svæðið eins og nefndin hefur talað um. Áhyggjur af ofveiði á ströndinni meðfram firðinum með dragnót sem ætti ekki að leyfa*“. Þessi ummæli sem þarna standa eru partur af fundargerð frá íbúafundi sem nefndin hélt í Snæfellsbæ þann 20. janúar 2020. Ummælin um dragnótina komu frá fundargesti og endurspeгла á engan hátt afstöðu nefndarinnar eða einstakra nefndarmanna.

Nefndin hefur, í gegnum allt samráðsferlið, lagt áherslu á að rita nákvæmar fundargerðir frá öllum samráðsfundum nefndarinnar og halda öllum athugasemdum og afstöðu þátttakenda til haga. Láðst hefur að gera greinarmun á afstöðu fundargesta og nefndarmanna í viðaukum skýrslunnar.

Nefndin mun að sjálfsgöðu taka þessar athugasemdir vegna dragnótarveiða til greina þegar lokahönd verður lögð á samantektina og breyta samantektinni þannig að greinarmunur verði gerður á orðum fundargesta og afstöðu nefndarinnar.

Nefndin leggur höfuðáherslu á að standa vörð um það atvinnulíf sem þegar er til staðar á svæðinu, og þá frekar að bæta í hvað varðar sjálfbæra nýtingu á auðlindum svæðisins. Eins og fram kemur í samantektinni þá telur nefndin að stjórn fiskveiða, eins og hún er í dag, byggji á vísindalegri þekkingu og sjónarmiðum um sjálfbærar veiðar, sem fer vel saman við náttúruvernd. Nefndin telur að umsjón fiskveiða á Breiðafirði eigi áfram að vera í höndum Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu.

Nefndinni þykir ákaflega leitt að framsetningin hafi ekki verið nægilega skýr og þakkar enn og aftur fyrir athugasemdirnar. Þær sanna hið margkveðna: „betur sjá augu en auga“.

Virðingarfyllst,  
f.h. Breiðafjarðarnefndar,